

24

Markmiðið að gera býli að öruggari vinnustað



30

Sýklalyfjaónæmar bakteríur alþjóðlegt vandamál



32

Heimsókn á Agritechnica-landbúnaðarsýninguna í Þýskalandi


# Bændablaðið

22. tölublað 2015 • Fimmtudagur 19. nóvember • Blað nr. 455 • 21. árg. • Upplag 32.000




Á Háafelli í Hvítársíðu hefur verið unnið ómetanlegt starf síðustu tvo áratugina við verndun og ræktun á hinum einstaka íslenska geitfjárstofni í umsjá ábúendanna Jóhönnu B. Þorvaldsdóttur og Þorbjörns Oddssonar. Til að styrkja grundvöll ræktunarinnar hefur Jóhanna verið að fikra sig áfram með ýmsar afurðir og hyggur hún nú á úrvinnslu á geitamjólk heima á Háafelli. Mynd / smh

– Sjá nánar á bls. 28–29

### Um 30 þúsund tonn af kjöti voru framleidd á Íslandi síðustu 12 mánuði – sala á svínakjöti vekur sérstaka athygli:

# Spenging í sölu þrátt fyrir illt umtal

## – svínakjötssalan jókst um nær 28% í október, 21% síðustu þrjá mánuði og 8,5% á 12 mánuðum en kindakjötsalan jókst um 4,9%

**Samkvæmt nýjustu yfirlitstölum Búnaðarstofu hjá Bændasamtökum Íslands var heildarkjötframleiðslan síðustu 12 mánuði tæplega 30 þúsund tonn og jókst um 2,1% milli ára.**

Heildarkjötsalan á innlendri framleiðslu jókst þó hlutfallslega meira en framleiðslan á síðustu 12 mánuðum, eða um 3,9%.

*Illt umtal betra en ekkert*

Vekur þar sérstaka athygli hvað svínakjötsframleiðslan kemur vel út þrátt fyrir verkföll dýralækna í sumar sem hægðu verulega á afsetningu og síðan afar neikvæða umræðu um búgreinina á síðustu mánuðum.

Salan á íslensku svínakjöti á innanlandsmarkaði jókst milli ára um 8,5% og er þá miðað við tímabilið frá 14. nóvember 2014 til 15. október 2015. Er samanburðurinn miðaður við sama tímabil 12 mánuði þar á undan.

Mjög athyglisvert er að þegar neikvæða umræðan um aðbúnað á svínabúunum stóð sem hæst í október, jókst svínakjötsalan um hvorki meira né minna en 27,9% miðað við sama mánuð árið á undan.




*Sala á lamba- og kindakjöti miðast við sölu frá afurðastöðvum til kjötvinnslufyrirtækja og verslana.

Á þriggja mánaða tímabili, ágúst, september og október 2015, jókst salan á svínakjöti að meðaltali um 21,6%. Virðist þarna sannast hið fornkveðna að illt umtal er örugglega betra en ekkert.

Í þessum tölum Búnaðarstofu er einungis verið að tala um íslenska framleiðslu og sölu á íslenskum afurðum. Þess má geta að til viðbótar þessari sölu á íslensku svínakjöti voru flutt inn um 200 tonn af erlendu svínakjöti í október sem er að mjatlast inn á markaðinn þessar vikurnar.

*Miklar sveiflur í sölu á kindakjöti*

Ef sala á kindakjöti er skoðuð sérstaklega, þá kemur í ljós að sala á því hefur aukist um 4,9% á milli ára og er kindakjöt með 26,2% af heildarkjötmarkaðnum. Er aukningin athyglisverð í ljósi þess að umtalsverður samdráttur varð í kindakjötsölunni á síðustu þrem mánuðum, ágúst, september og október, eða samtals um -10,8%. Vegur þar þyngst verulegur sölusamdráttur á kindakjöti í október eða sem nam -27,3% miðað við sama mánuð í fyrra. Þó ber að hafa í huga að þarna er um að ræða sölutölur frá afurðastöðvum til kjötvinnsla og verslana sem er ekki endilega í takt við smásölutölur út úr búð. Hugsanleg skýring á heildarsöluaukningu á kindakjöti á síðustu 12 mánuðum kann að vera að söluaukning hafi verið í byrjun sumars þegar framboð af svínakjöti dróst saman vegna verkfalla.

*Mest er framleitt af kindakjöti*

Í sláturtíðinni á þessu hausti var slátrað 528.193 dilkum og 45.058 af fullorðnu sauðfé. Er þetta samtals 573.251 skrokkur og er heildarþyngdin tæplega 10 þúsund tonn (rúmlega 9.676 kg). Þar af vegur lambakjötið rúmlega 8.500 tonn. Er framleiðsla kindakjöts enn hlutfallslega öflugust í kjötframleiðslunni hér á landi, eða sem nemur 33,9%. Þar á eftir kemur kjúklingakjöt með 28,2%, þá svínakjöt með 22,9%, síðan nautakjöt með 11,6% og hrossakjöt með 3,5% af heildarframleiðslunni.

*Mest selt af alifuglakjöti*

Dæmið breytist þó töluvert þegar horft er á sölu á íslenska markaðnum. Þar er innlenda kjúklingakjötið sterkast með rúmlega 8 þúsund tonn eða 32,6% hlutdeild. Kindakjötið er með 26,2% af sölunni. Misvægi í framleiðslu- og sölutölum á kindakjöti markast trúlega af útflutningi og hugsanlega einhverri birgðasöfnun. Síðan kemur svínakjötið með 25% markaðshlutdeild, nautakjöt með 14% og hrossakjöt er með 2,2% hlutdeild. Hafa ber í huga að þarna er verið að tala um markaðshlutdeild innanlands á innlendri framleiðslu.

*Umtalsverður innflutningur*

Töluverður innflutningur var á svínakjöti frá janúar til september á þessu ári, eða tæplega 588 tonn. Af nautakjöti voru flutt inn tæplega 1.019 tonn og tæplega 836 tonn af alifuglakjöti. Þá voru flutt inn tæplega 37 tonn af kjöti af öðrum dýrategundum. Í heild voru flutt inn 2.479 tonn í ár á móti 2.181 tonni á sama tímabili 2014. Eykur þetta trúlega heildarhlutfall í sölu þessara kjöttegunda og þá væntanlega mest á kostnað markaðshlutdeildar dilkakjöts. /HKr

Fréttir

## Mannfjöldaspá:
# Íslendingar verða 437 þúsund 2065

**Hagstofa Íslands hefur birt mannfjöldaspá fyrir árin 2015 til 2065. Samkvæmt spánni má ætla að íbúar landsins verði 437 þúsund árið 2065 bæði vegna fólksflutninga og náttúrulegrar fjölgunar.**

Fæddir verða fleiri en dánir á hverju ári spátímabilsins í mið- og háspá. Samkvæmt lágspánni verða dánir hins vegar fleiri en fæddir á hverju ári frá og með árinu 2045.

*Konur lifa lengur*

Meðalævi karla og kvenna við fæðingu mun halda áfram að lengjast. Nýfæddar stúlkur árið 2015 geta vænst þess að verða 83,5 ára gamlar en nýfæddir drengir 79,5 ára. Stúlkur sem fæðast árið 2065 geta vænst þess að verða 88,5 ára en drengir 84,3 ára.

Samkvæmt spánni verður fjöldi aðfluttra hærri en fjöldi brottfluttra ár hvert, fyrst og fremst vegna erlendra innflytjenda. Íslendingar sem flytja frá landinu verða áfram fleiri en þeir sem flytja til landsins.

*Fleiri konur en karlar*

Frá árinu 2035 verður árlegur heildarfjöldi karla minni en heildarfjöldi kvenna. Þessi áhrif eru vegna lengri meðalævi kvenna en karla, en aukinn fjöldi aðfluttra karla umfram kvenna á árunum 2002 til 2006 seinkaði þessari þróun. Hlutfall karla hækkar aftur fyrir eða um árið 2050 vegna hækkandi meðalævilengdar karla.

*Öldruðum fjölgar*

Hlutfall 65 ára og eldri fer yfir 20% af heildarmannfjölda árið 2035 og yfir 25% árið 2062. /VH



## Hveitiframleiðsla í Írak:
# Isis stjórna 50% markaðarins

**Isis-samtökin, sem lýst hafa sig ábyrg fyrir hroðalegum árásum á borgara í París og fleiri voðaverkum, stjórna um 50% af allri hveitiframleiðslu í Írak.**

Samtökin hafa kerfisbundið verið að söðla undir sig matvælamarkaðinn í landinu og framleiðir meðal annars mikið magn af hveiti. Starfsemi samtakanna er að hluta til fjármögnuð af sölu á hveitinu og öðru korni á svörtum markaði. Stafsemin er þó aðallega fjármögnuð með sölu á olíu og fjárstuðningi erlendra ríkja.

Á síðasta ári komust samtökin yfir 1,1 milljón tonn af hveiti sem voru í geymslu á svæðum sem þau hernumdu. Auk þess að gera framleiðslu bænda á hernumdum svæðum upptæka krefst Isis hárra skatta af bændum vegna framleiðslu þeirra og í sumum tilfellum verndartolla.

Átökin í Sýrlandi hafa gengið gríðarlega á matvælaframleiðslu í landinu og að minnsta kosti helmingur allra kornakra í landinu hafa orðið eldi að bráð. Átök innanlands og loftárásir Rússa, Bandaríkjamanna, Frakka og annarra þjóða hafa valdið íkveikjum á ökrunum sem brenna upp á örskotsstundu vegna þurrs loftslags í landinu. /VH



Sláturtíð gekk vel hjá SAH Afurðum á Blönduósi, fleiri gripum var slátrað nú miðað við í fyrra og meðalþyngd dilka er eilítið hærri líka. Á myndinni er hluti af sláturtíðarfólkinu. Mynd / SAH

## SAH Afurðir á Blönduósi:
# Meiri slátrun en í fyrra

**Sláturtíð gekk vel á liðnu hausti hjá SAH Afurðum á Blönduósi. Heildarfjöldi sauðfjár var að þessu sinni 104.196 gripir sem er nálægt þúsund gripa aukning á milli ára.**

„Þessi fjöldi gripa skapar nær 1.800 tonn af kjöti í frystigeymslum okkar. Meðalþungi dilka hækkar á milli ára og er nú 16,47 kg á móti 16,25 kg haustið 2014. „Við þökkum sláturtíðarstarfsfólki okkar fyrir vel unnin störf og sérstaklega ber að þakka okkar fasta starfsfólki sem er kjarninn í okkar atvinnustarfsemi,“ segir í frétt á vef SAH Afurða.

## Markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings:
# Margar ástæður fyrir stuðningi við sauðfjárrækt í landinu

## — breið sátt um að styrkja landbúnaðinn þrátt fyrir linnulausar deilur um landbúnaðarkerfið

**Mörg ríki, einkum vestræn, kjósa að styrkja landbúnað. Ísland er eitt af þeim ríkjum. Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu árið 2015 eru 4.853 milljónir króna.**

„Á Íslandi hefur verið nokkuð breið sátt um að styrkja landbúnaðinn þrátt fyrir að deilt hafi verið um landbúnaðarkerfið linnulaust áratugum saman. Í skoðanakönnun 2007 sögðu 94% svarenda að frekar eða mjög miklu máli skipti að landbúnaður yrði stundaður á Íslandi til framtíðar. Árið 2010 var hlutfallið 96%.“

*Ekki sett fram með skýrum hætti*

„Ástæður þess að Ísland sem ríki styrkir sinn landbúnað hlutfallslega mikið virðast ekki vera skýrar. Yfirvöld hafa ekki sett það fram með skýrum hætti af hverju íslenskur landbúnaður er styrktur. Í öllu falli er ekki hægt að vísa í samþykktir eða yfirlýsingar frá stjórnvöldum þar sem þessar grunnástæður koma skýrt fram á einum stað og hvaða markmiðum eigi að ná með stuðningnum.“

*Stuðningur ríkisins*

Greiðslur vegna sauðfjárframleiðslu árið 2015 eru 4.853,8 milljónir króna. Af þeim eru 2.498,4 milljónir í formi beingreiðslna eða um 51,7%. Greiðslur vegna gæðastýringar eru 1.306,7 milljónir króna. Styrkir vegna ullar eru 436,3 milljónir en vegna markaðsstarfs og birgðahalds 408,3 milljónir. Í svæðisbundinn stuðning fara 62,5 milljónir og í nýliðunar- og átaksverkefni 116,1 milljón.



Smalað í Húsavíkurrétt. Mynd / Aðalsteinn Á. Baldursson.

*Rök fyrir stuðningi*

Í skýrslunni eru nokkur rök nefnd sem ástæða fyrir stuðningi stjórnvalda fyrir landbúnað. Hægt er að styrkja landbúnað í þeim beina tilgangi að bæta kjör bænda.

Eitt helsta markmið með samningum ríkisins við hagsmunasamtök bænda hefur verið að tryggja bændum ákveðna lágmarks fjárhagslega afkomu.

Einnig er hægt að styrkja landbúnað í þeim tilgangi að lækka matarverð til neytenda. Með öðrum orðum að niðurgreiða landbúnaðarvörur.

Með auknum alþjóðaviðskiptum og alþjóðavæðingu eru þessi rök fyrir landbúnaðarstyrkjum orðin mun veikari en áður.

Ýmsar landbúnaðarvörur eru ódýrari á heimsmarkaði en á íslenskum markaði. Það er því erfitt að nota lækkun verðs til neytenda sem rök fyrir landbúnaðarstyrkjum og koma á sama tíma í veg fyrir innflutning á vöru á lágu verði frá útlöndum.

*Fæðuöryggi*

Fæðuöryggi er oft nefnt sem ástand fyrir landbúnaðarstyrkjum á Íslandi. Fæðuöryggi snýst um aðgang að fæðu og að lágmarka hættu á fæðuskorti og hungri við ófyrirséðar aðstæður. Bent hefur verið á að það þurfi að gera ráð fyrir þeim möguleika að landið lokaðist fyrir innflutningi og þá þyrftu landsmenn að lifa á þeim matvælum sem framleidd væru innanlands. Slíkt ástand gæti verið heimsófriður eða eitthvað sem ekki er fyrirsjáanlegt nú. Í hruninu 2008 munaði þannig ekki miklu að viðskipti við Ísland stöðvuðust og þar með innflutningur á öllum vörum.

*Stuðningur við dreifbýlið*

Hægt er að styrkja sauðfjárrækt í þeim tilgangi að styðja við dreifbýli almennt. Auk þess er hægt að styrkja sauðfjárræktina svæðisbundið til að styðja sérstaklega við byggð sem stendur höllum fæti. Sauðfjárræktin er afar stór hluti atvinnulífs í mörgum dreifbýlustu héruðum landsins. Um og yfir 10% starfa í sumum héruðum eru bein störf í sauðfjárrækt.

*Verndun búfjárkynja og ferðamennska*

Hægt er að styrkja sauðfjárrækt með þeim rökum að með því sé verið að varðveita fornnorrænt búfjárkyn sem ella yrði í hættu. Í þessu kyni felist ótvíræð menningarverðmæti. Er hægt að styrkja sauðfjárrækt í landinu með þeim rökum að greinin hafi menningarlegt gildi, hún sé varðveisla á aldagamalli menningu, sveitamenningu, bændamenningu sem sé sá jarðvegur sem Íslendingar komi úr og hafi mótað Íslendinga sem þjóð. Þessum rökum tengist svo aukin ferðaþjónusta í landinu. Sauðfjárbúskapur sem og annar landbúnaður kann að vera verðmætur til framtíðar frá því sjónarhorni að hann geti spilað hlutverk í því að styrkja ferðaþjónustu í dreifðari byggðum og um leið að jafna álag af völdum ferðamanna. /VH

Vitfoss
Vitfoss er stærsta bætiefnafyrirtæki á norðurlöndum og er í eigu DLG

## Sláturfélag Suðurlands kynnir
# Yea-Mix Iceland
## Steinefnablanda með lifandi geri

**Yea-Mix Iceland** er bætiefnablanda sem er aðlöguð fyrir íslenskar aðstæður. Hún inniheldur lifandi ger sem hefur góð áhrif á örveruflóruna í vömbinni og hjálpar þannig að bæta vambarheilbrigði ásamt því að bæta fóðurnýtingu.

**Ýmsar rannsóknir hafa sýnt fram á gagnsemi þess að gefa ger með fóðri:**
- Sýrustigið í vömbinni verður stöðugra og dregur úr hættu á súrri vömb.
- Nýting á sterkju og meltanleiki trénis (NDF) eykst.
- Eykur myndun örvera og hækkar í raun AAT.
- Hlutfall fitusýra verður hagstæðara.
- Lægra magn ammóníaks og lægri frumutala í mjólkinni.
- Aukið almennt heilbrigði og aukin nyt.

**Yea-Mix Iceland inniheldur lífrænt selen og náttúrulegt E-Vítamín**
- Lífrænt selen bindst próteinum og er því 2x meira selenmagn í broddi, mjólk og kjötafurðum.
- Dregur úr júgurbólgu og föstum hildum. Lækkar frumutölu í mjólk. Eykur frjósemi og styrkir ónæmiskerfið.

**Inniheldur bíótín**
- Bíótín styrkir heilbrigði klaufa og feld gripa.




**Innihald í Yea-Mix Iceland**

| Steinefni | innihald í kg |
|---|---|
| Kalsíum | 154 g |
| Fosfór | 6 g |
| Magnesíum | 120 g |
| Natríum | 77 g |
| Kalí | 0,4 g |
| Brennisteinn | 39 g |
| Klór | 123,4 g |
| **Vítamín** | |
| A - vítamín | 484.000 i.e |
| D3 - vítamín | 70.000 i.e |
| E - vítamín syntetisk | 968 i.e |
| E - vítamín náttúruleg | 968 i.e |
| Alfatokoferol | 881 mg |
| D-alfatokoferol | 648 mg |
| Biotin | 65 mg |
| **Snefilefni** | |
| Mangan | 5.979 mg |
| Zinkoxid | 7.686 mg |
| Kopar | 4.853 mg |
| Kóbolt | 58 mg |
| Joð | 307 mg |
| Selen natríumselenit | 54 mg |
| Selen lífrænt | 2954 mg |
| Yea-Sacc Sacc. cerevisiae | 8 mia |

Nánari upplýsingar fást hjá sölumönnum um allt land og á skrifstofu SS.

Sláturfélag Suðurlands svf. • www.ss.is • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000



Ifor Williams Trailers

# KERRUR Á NÓVEMBERTILBOÐI

*ALLAR KERRUR Á LAGER Á AFSLÆTTI ÚT NÓVEMBER*



*Lokuð kerra*
*stærð 2,4x1,17m*
*1400 kg heildar burður*
*verð áður 1.190.000 m/vsk*
*tilboðsverð 1.090.000 m/vsk*



*4-5 hesta kerra*
*verð áður 1.810.000 m/vsk*
*tilboðsverð 1.690.000 m/vsk*

*Flatvagn*
*stærð 4,23x1,98m*
*3500kg í heildarburður*
*verð áður 1.190.000 m/vsk*
*tilboðsverð 1.090.000 m/vsk*





*GT vagn*
*stærð 3,11x1,58m*
*2700kg í heildarburður*
*verð áður 850.000 m/vsk*
*tilboðsverð 780.000 m/vsk*



*Flatvagn*
*stærð 3,08x1,58m*
*1400kg í heildarburður*
*verð áður 860.000 m/vsk*
*tilboðsverð 790.000 m/vsk*

VÍKURVAGNAR EHF.

*Hyrjarhöfði 8 110 Reykjavík*
*sími: 577-1090*
*netfang: sala@vikurvagnar.is*
*www.vikurvagnar.is*

Fréttir

## Bændafundir vegna búvörusamninga

| Staður | Dags. | Fundarstaður | Fundartími |
|---|---|---|---|
| Hella | 24. nóvember - þriðjudagur | Árhús | 20:30 |
| Eyjafjörður | 25. nóvember - miðvikudagur | Hlíðarbær | 11:00 |
| Borgarnes | 25. nóvember - miðvikudagur | Hótel Borgarnes | 20:30 |
| Egilsstaðir | 26. nóvember - fimmtudagur | Valaskjálf | 11:00 |

# Bændur boða til funda

**Þessa dagana sitja fulltrúar bænda og stjórnvalda á fundum vegna nýrra búvörusamninga. Formlega hófust viðræður 1. september sl. en síðan þá hafa samningamenn fundað stíft.**

Viðræður þokast í rétta átt en mörg útfærsluatriði eru enn í vinnslu. Bændasamtökin hafa af því tilefni boðað til formannafundar í Bændahöllinni í Reykjavík mánudaginn 23. nóvember. Þar koma saman formenn og framkvæmdastjórar aðildarfélaga samtakanna.

Í kjölfarið á formannafundinum verða haldnir fjórir bændafundir til þess að ræða gerð búvörusamninga með almennum félagsmönnum (sjá töflu hér aða ofan). Þar verða forystumenn bænda með framsögu og umræður í kjölfarið.

Almennir bændafundir verða haldnir í héruðum um allt land þegar samningar verða fullgerðir en þær dagsetningar liggja ekki fyrir. Í kjölfar þeirra verður boðað til atkvæðagreiðslu meðal bænda.

Landssamband kúabænda hyggst halda fulltrúafund með sínu félagskjörna fólki þriðjudaginn 24. nóv. kl. 11.00 í Bændahöllinni.

Landssamtök sauðfjárbænda hafa boðað til aukaaðalfundar vegna umræðna um nýja búvörusamninga. Sá fundur verður haldinn í Bændahöllinni föstudaginn 27. nóvember nk. og hefst kl. 11.00. /TB

Kindakjötsneysla í skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar HA:

# Meðalneysla um 20 kíló

**Í nýlegri skýrslu Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri, sem kallast Markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings, þar sem fjallað er um stöðu innanlandsmarkaðar fyrir sauðfjárafurðir, segir að í dag sé meðalneysla landsmanna á kindakjöti um 20 kíló á ári.**

Neysla á kjöti hefur breyst mikið undanfarna áratugi og hefur neysla á kindakjöti dregist saman en neysla á alifugla- og svínakjöti aukist.

### *Kindakjöt hefur hækkað*

„Árið 1993 var lambakjöt ódýrasta kjötið á markaðnum en árið 2014 var það dýrara en svína- og alifuglakjöt og var nær nautakjöti í verði ásamt unninni kjötvöru en svína- og alifuglakjöti."

### *Viðkvæmt fyrir verðbreytingum*

Aukin innflutningur og breyttar matarvenjur hafa minnkað neyslu kindakjöts. Margt bendir til að eftirspurn eftir lambakjöti sé næmari fyrir verðbreytingum annarra kjöttegunda en breytingum á kindakjötinu sjálfu. Samkvæmt því sem segir í skýrslunni hafa auknar tekjur almennings tilhneigingu til að auka eftirspurn eftir kindakjöti.

Niðurstaða kafla skýrslunnar sem fjallar um eftirspurn eftir lambakjöti innanlands er að það sé óverðteygin, jafnvel verulega óverðteygin, vara en á saman tíma að markaðurinn þoli einhverja hækkun á verði lambakjöts.

### *Greiðslur til bænda*

Tekjur af kindakjöti til bænda koma úr tveimur áttum. Annars vegar greiðslur sláturhúsanna fyrir innlegg og hins vegar stuðningur ríkisins. Samkvæmt skýrslunni var skipting skilaverðs til bænda árið 2012 52% beingreiðslur frá ríkinu en 48% frá sláturhúsi. /VH



Jónatan Hermannsson, tilraunastjóri Landbúnaðarháskóla Íslands á Korpu, segir haustið hafa verið með ólíkindum. Ekki hafi komið einn einasti þurr dagur í margar vikur. Mynd / smh

Látlaus bleytutíð í haust hefur leikið kornræktarbændur grátt:

# „Eitt versta kornræktarár sem ég man eftir"

## – segir Jónatan Hermannsson, tilraunastjóri Landbúnaðarháskóla Íslands

**Jónatan Hermannsson, tilraunastjóri Landbúnaðarháskóla Íslands á Korpu, segir að því miður sé útlitið mjög slæmt fyrir þetta kornræktarár.**

„Þetta hangir allt saman; víða á Suður- og Vesturlandi hefur ekki tekist að skera kornið vegna mikillar vætutíðar, og því verður skaðinn af völdum fugla meiri. Í árferði sem maður myndi segja að væri æskilegt þá væri búið að skera kornið að mestu leyti áður en fuglinn kemur í þessum mæli sem nú er. Ég veit til þess að nokkrir ræktendur sem teljast með þeim stærri á Suðurlandi hafa ekkert getað skorið ennþá."

### *Eitt versta kornræktarár*

„Það er eiginlega með ólíkindum að það skuli ekki koma einn einasti þurr dagur núna í margar vikur. Þetta er alveg einstætt haust. Síðan ég byrjaði í þessu hef ég varla upplifað annað eins – að það komi ekki þurr dagur sem hægt væri að nota. Það er ekki bara hvað kornið er blautt sem veldur vandræðum, heldur eru akrarnir margir hverjir ófærir vegna bleytu. Í ljósi þess að svo illa fór í Eyjafirði í haust – og einnig í Þingeyjarsýslum og á Austurlandi – þá er útlitið núna að þetta verði með verstu kornræktarárum sem ég man eftir. Það fór þó betur en á horfðist í Skagafirði og í Húnavatnssýslum," segir Jónatan.

### *Ekkert í hús af 170 hekturum*

Í landi svínabúsins Mela í Melasveit er umfangsmikil kornrækt – líklega sú umfangsmesta á Íslandi í dag – með um 170 hektara undir. Geir Gunnar Geirsson, framkvæmdastjóri hjá Stjörnugrís, sem rekur svínabúið, sagði í annarri viku nóvembermánaðar að ekki hefði tekist að ná neinu í hús.

„Við horfum fram á tækifæri núna á allra næstu dögum og munum nýta það til að skera það sem hægt verður að skera," segir Geir Gunnar. Þetta er þriðja árið okkar og það hefur gengið illa öll árin. Það er gríðarlegur ágangur fugla og er álftin líklega mesti skaðvaldurinn. Við erum í samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í alls kyns veiði, þar á meðal gæsaveiði, og menn hafa verið duglegir að skjóta á gæs og önd – en það dugir skammt til.

Veðráttan er aldrei eins þannig að það gerir okkur mjög erfitt um vik. Við erum lítið fyrir það að gefast upp þannig að við erum í þessu til framtíðar enda eigum við landið, skítinn og einhverjar græjur í kringum þetta. Við þurfum tilfinnanlega hálminn í svínaræktina til undirburðar og því er þetta komið til að vera. Umfangið verður þó kannski ekki miklu meira en þetta," segir Geir Gunnar. /smh

Skýrsla Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri – Markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings:

# Auka þarf nýliðun í greininni

## – brotthvarf úr búskap er meira hjá ungu fólki og það er líklegra til að fá lakari lánskjör en þeir sem eldri eru

**Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri hefur skilað skýrslu sem kallast Markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings.**

Skýrsluhöfundar segja meðal annars að vöxtur og viðgengi sauðfjárræktar í landinu sé háð því að eðlileg nýliðun eigi sér stað.

„Bæði þannig að það komi einhverjir í stað þeirra sem hætta og eins hitt að aðrir rekstraraðilar komi í stað þeirra sem staðnað hafa og dugmeiri einstaklingar komi inn með nýja þekkingu svo framleiðni aukist til samræmis við það sem gerist á þeim svæðum og í löndum sem keppt er við.

Í seinna tilvikinu ætti ársverkum í greininni að fækka ef heildarframleiðslumagn atvinnugreinarinnar er ekki að aukast og því mögulegt að nettónýliðun verði neikvæð, jafnvel þótt heildarframleiðslumagn atvinnugreinarinnar sé ekki að dragast saman og því bara teikn um að um aukna framleiðni sé að ræða."

Skýrslan er unnin fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í tengslum við undirbúning endurnýjunar á samningi um starfsskilyrði sauðfjárframleiðslu.

### *Samlegðaráhrif*

Samhliða er bent á að nábýli við aðra bændur í sömu grein skapi samlegðaráhrif og að ýmis störf eins og smölun og jafnvel heyskap vinnist betur og að minni hætta sé á félagslegri einangrun og að það auki öryggi að búa í nábýli.

„Á vissan hátt má líka segja að ferðaþjónusta á fáförnum landsvæðum þrífist ekki nema að viðkomandi fjölskylda byggi afkomu sína á öðru líka og því mikilvægt að byggðin verði ekki of gisin til þess að hægt sé að bjóða ferðamönnum aðgengi að sem flestum náttúruperlum landsins til þess að dreifa álagi og átroðningi landfræðilega."



Nábýli við aðra bændur skapar samlegðaráhrif við ýmis störf og minni hætta er á félagslegri einangrun.

### *Nýliðun meiri fjær höfuðborginni*

Niðurstaða skýrsluhöfunda varðandi nýliðun í sauðfjárbúskap á landinu er að hún er meiri eftir því sem fjær dregur höfuðborginni. Líkleg ástæða þess er sögð sú að jarðir séu dýrastar í nágrenni höfuðborgarinnar.

### *Brottfall meira hjá ungu fólki*

Á óvart kemur að brotthvarf er meira hjá þeim sem ungir eru en hjá þeim sem eru á miðjum aldri.

„Það getur tengst kynslóðaskiptum í bændastétt og því að bændur sitji lengi á jörðum sínum." Slíkt getur tengst því að nýliðar þurfa að skuldsetja sig mikið og færð eru rök fyrir því seinna í skýrslunni að yngra fólk sé líklegra til að fá lakari lánskjör en þeir sem eldri eru.

„Ungir bændur eru því líklegri til að hrökklast úr greininni vegna of mikillar skuldabyrði en þeir sem eldri eru." /VH

# VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir að leigja vönduð sumarhús eða orlofsíbúðir til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar. Áhugasamir sendi inn upplýsingar á **vr@vr.is** fyrir **1. desember 2015**.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand íbúðar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnplássa og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

Nauðsynlegt er að góðar ljósmyndir og lýsing á umhverfi fylgi með.

**Öllum tilboðum verður svarað.**



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti

VR



# MANITOU MLT 625- 75 H

Nett fjölnotatæki





Lyftigeta: 2.500 kg
Lyftihæð: 5.900 mm
4-hjóladrifinn
4-hjólastýrður
75 hö, Kubota,
Hlaðinn aukabúnaði td.,ökumannshús, skófla, gafflar, útvarp.

**STAÐGREIÐSLUVERÐ KR. 7.700.000 + VSK**

PON Pétur O Nikulásson ehf.
Melabraut 23. P.o. Box 228.220 Hafnarfjörður
Símar: 552 2650 / 552 0110 Fax: 552 1588
E-mail: pon@pon.is



Kubota



KUBOTA M135GX

**Mótor**
- 6L, 4 strokka KUBOTA diesel vél með forþjöppu og millikæli
- Skilar 135 hö og 560 Nm. Sótsía - ekkert AdBlue
- Ótrúlega hljóðlát og þýðgeng vél.

**Ökumannshús**
- Nýtt stórt og glæsilegt 4ra pósta ökumannshús.
- Nægt höfuðrými og vítt til allra átta
- Þægilegt loftpúðasæti með armhvílu og aðgerðastýringum.
- Bólstrað farþegasæti með öryggisbelti
- Útdraganlegt veltistýri
- Sóllúga. Öflug miðstöð með loftkælingu
- Brettabreikkanir út fyrir afturhjól.

**Driflína og annar búnaður**
- Vökvaskiptur kassi, 3 svið með 8 milligírum hvert.
- 24 gírar áfram og 24 gírar afturábak.
- Sjálfskipting á milligírum
- 100% driflæsing að framan og aftan.
- Fjaðrandi framhásing
- Bi-Speed beygjubúnaður fyrir þrengri beygjur

**Vökvabúnaður og beisli**
- 3 tvöföld vökvaúrtök þ.a. 1 með stillanlegu flæði.
- Rafstýrt beisli. Rofar til þess að stýra beisli að utan.
- Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.

KUBOTA M135GX dráttarvélin hefur hlotið einróma lof gangrýnenda út um allan heim og ljóst að með henni er KUBOTA enn og aftur koma með frambærilega og vel búna vél á góðu verði. Vélin er ný og endurbætt hönnun alveg frá grunni og hvergi til sparað.

Með kaupum á KUBOTA fæst einfaldlega meira fyrir peninginn.

Tilboðsverð með TRIMA +4.1 ámoksturstækum og skóflu:

Kr. 11.410.000
án vsk.

ÞÓR HF

| Reykjavík: | Akureyri: | Vefsíða: |
|---|---|---|
| Krókháls 16 | Lónsbakka | |
| 110 Reykjavík | 601 Akureyri | www.thor.is |
| Sími 568-1500 | Sími 568-1555 | |





fein

# SuperCut

FJÖLNOTAVÉL

## Tækið sem alla iðnaðarmenn dreymir um:

Trésmiðinn, píparann, rafvirkjann, bílasmiðinn, flísalagningamanninn, dúkarann, málarann



FM 14-180



RAFVER FAGMENNSKA ALLA LEIÐ
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

# Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

**Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími**: 563 0300– **Fax:** 562 3058 – **Kt**: 631294-2279

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími**: 563 0339

**Rekstur og markaðsmál**: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is

**Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is

**Auglýsingastjóri:** Auður Laila Jónasdóttir audur@bondi.is – **Sími**: 563 0303 – **Frágangur fyrir prentun**: Prentsnið.

Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is** Netfang auglýsinga er **augl@bondi.is** Vefsíða blaðsins er **www.bbl.is**

**Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag**: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621


## LEIÐARINN

# Sameiginleg ábyrgð

**Í næsta mánuði verður í París alþjóðleg loftslagsráðstefna þar sem freista á þess að ná samkomulagi á heimsvísu um aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingu. Þar koma saman fulltrúar nærri allra ríkja heims til að reyna að ljúka samningi sem ætlunin er að leysi Kyoto-samkomulagið af hólmi þegar það rennur sitt skeið árið 2020.**

Viðræðurnar sjálfar hafa staðið mánuðum saman en á fundinum koma leiðtogar ríkjanna saman til að klára málið. Takmarkið er að semja um trúverðugar og raunhæfar aðgerðir til að halda hlýnun jarðar innan við 2 gráður á Celsíus.



Arnarstapi á Snæfellsnesi. Við eigum bara eina jörð og berum öll sameiginlega ábyrgð á henni. Mynd / HKr.

Það er ekki einfalt mál. Hagsmunirnir eru miklir og koma við efnahag allra ríkja heims. Meðal annars eru tillögur um fjárhagslegan stuðning til að auðvelda snauðari ríkjum heims að minnka losun og hjálpa þeim að takast á við þær breytingar sem þegar hafa orðið. Þar er verið að tala um mikla fjármuni – um 100 milljarða dollara á ári frá 2020. Áhrifin eru þegar komin fram víða, í formi veðurfarsöfga, aukinna flóða, þurrka og hækkandi sjávarstöðu. Það sem hefur þó breyst á síðustu árum er að núna eru nær allir orðnir sammála um að aðgerða sé þörf – ef ekki á illa að fara. Sú staða var ekki uppi þegar síðast var reynt að semja um þessi mál í Kaupmannahöfn 2009 og þeim fundi lauk án niðurstöðu.

### *Ekki til neitt plan B og engin pláneta B*

Miklar vonir eru bundnar við að vel takist til. Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur sagt að ekki sé annað í boði en að semja: „Við erum ekki með neitt plan B því við erum ekki að fást við neina plánetu B," sagði hann fyrir skömmu. Parísarfundurinn hefur líka verið kallaður mikilvægasti fundur í sögu mannkyns. Slíkt eru stór orð sem vissulega má deila um en undirstrika eftir sem áður alvarleika málsins.

Norðurlöndin hafa mótað sameiginlega sýn um að beita sér fyrir metnaðarfullum aðgerðum í loftslagsmálum og stefna að því að hagkerfin í samfélögum þeirra verði í stakk búin til að takast á við loftslagsbreytingar, nýti orku á skilvirkan hátt og haldi losun kolefna í lágmarki. Frá því um miðjan 10. áratug 20. aldar hafa Norðurlöndin verið í forystu meðal iðnríkja sem hefur tekist að skilja á milli losunar gróðurhúsalofttegunda og hagvaxtar.

### *Ýmsir nýir möguleikar í landbúnaði*

Hér á landi og víðar á Norðurlöndum hafa orðið breytingar sem veita ýmsa nýja möguleika í landbúnaði m.a. með því að ræktunarskilyrði verða á ýmsan hátt auðveldari. Því geta þó fylgt ókostir á móti, m.a. eiga ýmis sníkjudýr, áður óþekkt, færi á að ná fótfestu hér auk þess sem veðurfarsöfgar hafa neikvæð áhrif hér sem annars staðar. Bráðnun ísbreiðunnar á Grænlandi er hraðari en nokkru sinni fyrr og mun eiga sinn þátt í hækkun sjávarborðs. Breytingar af völdum loftslagsbreytinga munu því fyrr eða síðar hafa áhrif á lífsskilyrði fólks og dýra hér á norðurslóðum eins og annars staðar í veröldinni.

### *Íslenskt atvinnulíf tekur virkan þátt*

Íslensk stjórnvöld eru nú að undirbúa sínar tillögur fyrir Parísarfundinn sem kynnt verða á næstu dögum. Atvinnulífið hefur þar tekið virkan þátt og hafa nú yfir 100 fyrirtæki, þar á meðal mörg stærri fyrirtækja landsins, skrifað undir yfirlýsingu þar sem þau skuldbinda sig til að setja sér markmið og fylgja þeim eftir með aðgerðum sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs. Þau munu einnig mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu mála. Sjávarútvegurinn hefur unnið að stefnumótun á sínu sviði sem m.a. miðar að orkusparnaði og bættri orkunýtingu.

### *Margir möguleikar fyrir íslenskan landbúnað*

Landbúnaðurinn þarf einnig að leggja sitt af mörkum um leið og gerir það nú þegar með því að framleiða matvæli sem ekki þarf að flytja um langan veg hingað.

Á vegum Bændasamtakanna hefur jafnframt verið unnið að hugmyndum sem gætu nýst á þessu sviði og undanfarið hefur Ari Trausti Guðmundsson fjallað um þessi mál í víðu samhengi hér í Bændablaðinu. Vilji er fyrir hendi hjá stjórnvöldum til að vinna með greininni að útfærslu þeirra. Þar eru um marga kosti að ræða – til dæmis aukna skógrækt, uppgræðslu og aðra ræktun sem getur bundið kolefni. Þá eru tækfæri til að draga úr myndun úrgangs, bæta orkunýtingu og auka hlut innlendrar endurnýjanlegrar orku – eins og annars staðar í atvinnulífinu og samfélagi okkar í heild. Þá má hugsa sér aukna endurheimt votlendis og frekari verkefni bænda við landvörslu og náttúruvernd. Margir fleiri möguleikar eru fyrir hendi en miklu skiptir að landbúnaðurinn leggi sitt af mörkum í þessu stóra verkefni – eins og við öll. /SE

## LOKAORÐIN

# Ógnarfréttir

**Þær eru daprar fréttirnar sem berast utan úr heimi af uppgangi öfgasinnaðra brjálæðinga sem virða mannslíf einskis.**

Fréttir af endalausum tilgangslausum manndrápum í fjarlægum löndum í Afríku, Asíu, Mið-Austurlöndum og víðar festast oft minna í kolli okkar Íslendinga en fréttir af óhugnaði í nálægari löndum. Það þýðir þó ekki að þær fréttir séu að lýsa eitthvað ómerkilegri atburðum.

Fréttir af óhugnanlegum fjöldamorðum vitfirrtra öfgamanna í París á dögunum hreyfðu óneitanlega mjög við mörgum Íslendingum, enda ófáir sem þangað hafa ferðast og dvalið. Það sem setur þessi morð í alvarlegri stöðu en ella er að morðin voru framin í nafni ákveðinnar trúar og hótanir eru í loftinu um frekari hryðjuverk í Evrópu. Þá hafa íbúar í Evrópu sem aðhyllast sömu trúarskoðanir verið óspart hvattir af öfgasamtökum á borð við ISIS til að fremja hryðjuverk í sínum heimalöndum. Þetta grefur að sjálfsögðu stórlega undan öryggi íbúa um alla Evrópu. Með sprengjuhótun á flugvellinum í Kaupmannahöfn í gær er málið farið að færast enn nær okkur Íslendingum.

Hvort sem mönnum líkar betur eða verr, þá hafa morðin í Frakklandi verið tengd við umræðuna um gríðarlegan fjölda flóttamanna sem flæðir nú inn í Evrópu. Þannig lýstu Pólverjar því strax yfir að þeir lokuðu sínum landamærum fyrir flóttamönnum frá Sýrlandi. Mörg önnur Evrópuríki hafa einnig verið að herða sitt landamæraeftirlit. Í raun þýðir þetta að frjálst flæði íbúa Evrópu innan Schengen-svæðisins er ekki lengur fyrir hendi á sama hátt og áður.

Annar þáttur í þessu öllu saman er að vaxandi tortryggni milli landa getur á skömmum tíma leitt til takmarkana á viðskiptum. Vegna reynslu liðinna áratuga og alda hafa ríki heims lagt áherslu á að tryggja sitt fæðuöryggi eins og kostur er. Þetta á ekki síður við Íslendinga, þótt margir hafi gert að því grín í ræðu og riti í ofmati sínu á skammvinnu frelsi liðinna áratuga.

Hvað sem öllu líður þá hlýtur íslenskum yfirvöldum að liggja sú ábyrgð á herðum að hafa fæðuöryggi ofarlega í huga þegar rætt er um viðskipti milli landa. Spurningin um stundarlækkun á innfluttum vínarbrauðum eða kjöti sem framleitt er við aðstæður sem ekki þættu boðlegar á Íslandi, hlýtur að orka tvímælis í þessu samhengi. Þarna verða menn að hugsa af skynsemi og í víðu samhengi áður en ákvarðanir eru teknar í fljótræði, sem skaðað geta afkomuöryggi þjóðarinnar. /HKr.

Landbúnaðarsýning Agritechnica í Hanover:

# Ýmislegt fyrir tækjadellumenn





Ef menn þurfa að skutlast í smá skrepp milli húsa í sveitinni eða skella sér í smalamennsku, þá mætti kannski spá í þennan Renault.





Þetta undarlega dráttartæki heitir Green Monster og er merkt Höner, Claas og fleiri framleiðendum, en mun líklega seint sjást á túnum íslenskra bænda. Þetta tryllitæki er svokallaður „fríklassa traktor" og er búið tveim mótorum sem hvor um sig skilar 2.000 hestöflum. Það er eingöngu smíðað til að keppa í drætti á mjög þungum landbúnaðartækjum og keppir það í 2,5 til 3,5 tonna flokki undir merkjum GM. Myndir / HKr.

## Líf og starf




Fjöldi fyrirtækja var með bása á sýningunni á Hvolsvelli. Myndir / Borgar Páll Bragason.

# „Hey bóndi"

## – tæki, vörur og fjöldi fyrirlestra á landbúnaðarsýningu á Hvolsvelli

**Laugardaginn 14. nóvember var haldin landbúnaðarsýningin „Hey bóndi“ í Félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli að undirlagi Fóðurblöndunnar.**

Á sýningunni voru fluttir 11 fyrirlestrar með ýmsum fróðleik tengdum landbúnaði. Fyrirlesarar voru bæði innlendir og erlendir sérfræðingar. Þá útvarpaði Útvarp Suðurlands beint frá sýningunni.

Kynnt var ný sýnatökuvél sem tekur prufur af heyi, korni og fóðri, fjöldi tilboða var einnig á landbúnaðarvörum meðan á sýningu stóð og boðið var upp á reynsluakstur á nýjum bifreiðum og traktorum.

Fjölmörg landbúnaðartengd fyrirtæki auk Fóðurblöndunnar voru þar mætt til að kynna sínar vörur og þjónustu.

Sýningin var vel sótt, en það má gera ráð fyrir að um 500 manns hafi komið í Hvol.

„Já, það var margt um manninn og það myndaðist góð og skemmtileg fjölskyldustemning þar sem óhætt er að segja að allir hafi fengið eitthvað við sitt hæfi,“ sagði Pétur Pétursson, sölustjóri Fóðurblöndunnar.




Útvarp Suðurland sendi út beint af landbúnaðarsýningunni á Hvolsvelli.










Snorri Sigurðsson, ráðunautur í Danmörku, var með fyrirlestur um hönnun velferðarrýmis í fjósum.

## 142 MÆLT AF MUNNI FRAM

Í tengslum við Hrútadaga, sem haldnir voru á Raufarhöfn 3. okt. sl. voru hagyrðingar á palli. Hagyrðingar þetta sinn voru þau **Bergdís L. Jóhannsdóttir**, **Ágúst bóndi, Sauðanesi**, **Jóhannes á Gunnarsstöðum** og **Jónas Friðrik á Raufarhöfn**. Leiðtogi hagyrðinganna var að vanda **Birgir Sveinbjörnsson, Akureyri**.

Í upphafi skyldu menn kynna sig í kveðskap. Bergdís reið fyrst á vísnavaðið:

*Elda mat og skafa skít*
*er skylda mín og vinna.*
*Uppúr þessu aldrei lít*
*því enginn vill því sinna.*

**Ágúst** yrkir svo um sjálfan sig:

*Hrútadegi legg ég lið*
*með lymskuglott á fési.*
*Ágúst heitir helvítið,*
*hokrar í Sauðanesi.*

**Jói** á Gunnarsstöðum vék reyndar ögn frá sannleikanum í sinni kynningu:

*Ber ég eins og allir sjá*
*árin framar vonum.*
*Helst af öllu held mig frá*
*hestum, víni og konum.*

**Jónas Friðrik** sparar ekki lýsingarorðin:

*Feykilega fallegur,*
*fljótkvæður og vitur.*
*Drengskapsmaður djarfmæltur,*
*duglegur ef hann situr.*

Þá bauð **Birgir** hagyrðingum að yrkja til sessunauta sinna. **Bergdís** spyrti þá alla saman í sinni vísu:

*Þessa menn ég þekki ei*
*það verð ég að segja.*
*Þetta eru eflaust gæða grey*
*sem gjarnan lopann teygja.*

**Gústi** í Sauðanesi orti svo til Bergdísar, en hún er ættuð frá Giljum í Skagafirði:

*Um Bergdísi er ég blankur og staur,*
*ber þó hér niður með réttu.*
*Tel ég að hún sé Giljagaur*
*gengin aftur á Sléttu.*

**Jói** á Gunnarsstöðum orti fyrst til **Gústa** vinar síns:

*Ágúst sýnir enga mýkt,*
*afar knár og skarpur.*
*Ég held að báðir hugsi líkt*
*hann og stífi Jarpur.*

Og **Jói** orti svo til **Jónasar Friðriks:**

*Vísur flæða frá'onum*
*fráleitt þó í stressi.*
*Enda er glottið á'onum*
*eins og gömlu fressi.*

Einhver netfangaruglingur hjá stjórnanda varð þess valdandi að **Jói** hélt fram á síðustu stund að Ingibjörg væri í hagyrðingahópnum, en hún er dóttir **Bergdísar**:

*Vandamálin verða mörg*
*og versnar staða mín,*
*ef að þessi Ingibjörg*
*er svo mamma sín.*

**Jónas Friðrik** orti samandregið um sessunauta sína:

*Erfitt finnst mér andagift að virkja*
*og ósköp leitt*
*verkefni, að eiga að fara að yrkja*
*um ekki neitt.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*



Athugasemdir vegna stækkunar Norðuráls:

# Mótmælt að álverið hafi áfram eftirlit á eigin hendi

**Umhverfisstofnun auglýsti í sumar tillögu að nýju starfsleyfi fyrir Norðurál á Grundartanga í Hvalfirði. Gert er ráð fyrir framleiðsluaukningu um 50 þúsund tonn á ári, þannig að heildarframleiðslan geti að hámarki orðið 350 þúsund tonn á ári.**

Samkvæmt niðurstöðu Skipulagsstofnunar frá 26. júní 2014 er fyrirhuguð stækkun ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Rökstuðningurinn er sá, að ekki sé líklegt að hún muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningu hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar – samanber viðmið í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisvaktin við Hvalfjörð hefur sent Umhverfisstofnun athugasemdir við tillöguna. Athugasemdirnar greinast í aðalatriðum í fjóra liði. Því er mótmælt að Norðuráli verði heimilað að auka framleiðslu sína í 350 þúsund tonn, fullyrðingum um skaðleysi framleiðslunnar gagnvart húsdýrum er mótmælt, sömuleiðis að Norðurál hafi sjálft áfram umsjón með vöktun og mælingum – eftirliti á umhverfisáhrifum – ásamt útgáfu skýrslna vegna eigin mengunar. Loks er þess krafist að mælingar á loftmengun utan þynningarsvæðis álversins fari fram allt árið, með fullnægjandi hætti.

***Losunarmörk flúors verði til samræmis við skilyrði Alcoa***

Varðandi losunarheimildir á flúori er það gagnrýnt af hálfu Umhverfisvaktarinnar, að miðað við auglýsingu um nýtt starfsleyfi verða þær rýmri en þær sem Alcoa Fjarðaál býr við. „Það er fullkomlega óskiljanlegt hvaða röksemdir geta mælt með því að heimila meiri mengun í landbúnaðarhéraðinu Hvalfirði en annarsstaðar á landinu," segir í athugasemdum þeirra.

Hvalfjarðarsveit gerir einnig talsverðar athugasemdir við tillögu Umhverfisstofnunar. Gerðar eru sömu athugasemdir og Umhverfisvaktin gerir varðandi fyrirhugaðar losunarheimildir á flúor. Í athugasemdunum kemur fram að „Hvalfjarðarsveit [hafi] áður gefið út að framleiðsluaukningunni geti ekki fylgt meiri losun flúors, þar sem litið sé svo á að þolmörkum flúors á svæðinu sé náð."

Þá telur Hvalfjarðarsveit, eins og Umhverfisvaktin, löngu tímabært að benda á að endurskoða þurfi framkvæmd mælinga; það að rekstraraðili skuli sjálfur eiga að ábyrgjast þær vegna eigin mengunar.

Þá er því mótmælt í athugasemdum Hvalfjarðarsveitar að ekki sé gert ráð fyrir árlegum mælingum á PAH-efnum. Samkvæmt upplýsingum á vef Umhverfisstofnunar er um að ræða efni sem í fjölhringa arómatísk kolvetni og talin vera krabbameinsvaldandi berist þau í lífverur. Þau myndast í tengslum við ýmiss konar iðnaðarferla og tengjast aðallega framleiðslu á áli og járnblendi.

Í byrjun nóvembermánaðar lýsti svo hreppsnefnd Kjósarhrepps yfir stuðningi við bókun Hvalfjarðarsveitar, um að kröfur um mengunarvarnir verði hertar verulega í álverinu á Grundartanga – auk eftirlits. Sömuleiðis er lýst stuðningi við kröfu Hvalfjarðarsveitar um að Norðurál beri ekki sjálft ábyrgð á mengunarmælingum. /smh

Innflutningur á plöntum og plöntuafurðum:

# Álagning plöntueftirlitsgjalds dæmd ólögmæt

**Íslenska ríkið var nýlega dæmt í héraði til að endurgreiða innflutningsfyrirtæki á sviði matvöru tæpar 40 milljónir króna auk vaxta.**

Ástæðan var sú að tilhögun í reglugerð varðandi gjaldtöku til að standa undir kostnaði við eftirlit með innflutningi plantna og plöntuafurða reyndist ekki eiga sér lagastoð að mati dómsins.

Í frétt á heimasíðum Mast segir að málið hafi snúist um eftirlitsgjald af innflutningi plantna og plöntuafurða en umrætt fyrirtæki er umfangsmikill innflytjandi og dreifingaraðili ávaxta og grænmetis á Íslandi. Innflytjandinn stefndi íslenska ríkinu og fór fram á að fá endurgreiddar tæpar 40 milljónir króna auk vaxta vegna ólöglegrar gjaldtöku Matvælastofnunar árin 2011 til 2014. Dómurinn féllst á þessa kröfu að öllu leyti.

Í reglugerðinni segir að innflytjendur skulu greiða 2% eftirlitsgjald af ákveðnum vöruflokkum en 1% af öðrum. Samkvæmt lögum um þetta efni og almennum reglum um þjónustugjöld ríkisins mega tekjur af gjaldi sem þessu ekki vera hærri



en svo að þær standi einungis straum af kostnaði við þá þjónustu eða eftirlitsaðgerð sem gjaldtökuheimildin nær til. Stjórnvaldi er einungis heimilt að taka gjald fyrir beinan kostnað eða kostnað sem stendur í nánum, efnislegum tengslum við þá þjónustu sem gjaldið á að standa straum af kostnaði við samkvæmt gjaldtökuheimildinni.

Gangi gjaldtakan lengra að þessu leyti er hún orðin að skatti eða tolli sem sérstaka lagaheimild þarf fyrir. Engri slíkri heimild var til að dreifa í þessu tilviki. Ekki þóttu vera nægilega bein tengsl á milli þessa plöntueftirlitsgjalds og raunkostnaðar Matvælastofnunar við eftirlitið. Meðal annars af þessum ástæðum var gjaldtakan dæmd ólögmæt.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögmanns hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort málinu verður áfrýjað. /VH

Matarbúrið eykur vöruúrvalið:

# Lambakjöt frá Seglbúðum og velferðarkjúklingur

**Eins og fram hefur komið hér í blaðinu fluttist Matarbúrið fyrir skemmstu búferlum með holdanautakjötsafurðir sínar, frá Hálsi í Kjós á Grandagarðinn í Reykjavík. Fyrst um sinn buðu þau Lisa Boije og Þórarinn Jónsson, bændur á Hálsi, að mestu leyti upp á sitt eigið nautakjöt, en reyndar kanínukjöt líka frá Birgit Kositzke á Hvammstanga – auk þess að vera með eigin chutney, sultur og sinnep.**




Nýlega bættu þau við sig lambakjöti frá Seglbúðum í Landbroti og velferðarkjúlingi frá Litlu gulu hænunni – en um vandaðar afurðir smáframleiðenda er að ræða. „Þetta hefur bara gengið nokkuð vel, reyndar erum við í smá vandræðum stundum með að eiga nóg af nautakjötinu. En það er virkilega gaman að fá þessa viðbót, lambakjötið og kjúklinginn, og fólk kann að meta hana. Kjúklingarnir rokseljast og lambakjötið hefur líka farið vel. Reynda var dálítið gaman að sjá það að skankarnir fóru fyrst; maður er hér með dýrindis fullmeyrnaða vöðva og fólk valdi skankana fyrst. Held að það hljóti að vera einhver tískubylgja í gangi – einhver sjónvarpskokkurinn hefur kannski verið að tala um hvað þetta er gott hráefni," segir Þórarinn.

Hann segir að þrátt fyrir að búvörurnar sem eru í boði í Matarbúrinu séu aðeins dýrari en gengur og gerist með vörur frá stærri framleiðendum, þá séu neytendur að fá mikið fyrir peninginn. Álagningin sé ekki há. „Ég get tekið dæmi með lambakjötið frá Seglbúðum sem er látið hanga í heila þrjá sólarhringa eftir slátrun. Bragðgæði kjúklingsins eru ósvikin. Hann er ekki alveg hvítur – eins og gjarnan er með kjúkling úr stórmörkuðum – og hann er mjög safaríkur. Mest selst ennþá af kanínukjötinu til fólks sem hefur vanist þessu kjöti í útlöndum – en það hljóp fljótlega að koma að því að Íslendingar ætti sig á því hvað þetta er skemmtilegt hráefni."/*SMH*

Skyr í útrás:

# KÚ setur á markað laktósafrítt skyr í Finnlandi

**KÚ hefur í samstarfi við finnska fyrirtækið Maitokolmio sett á markað laktósafrítt skyr í Finnlandi undir alþjóðlega skráðu vörumerki.**




**Laktósafría skyrið frá KÚ vakti mikla athygli við stand KÚ á vörusýningu í Helsinki fyrr í mánuðinum.**

Þetta er í fyrsta skipti sem boðið er upp á slíka vöru í Finnlandi en finnska þjóðin er með mikið mjólkuróþol og því er um kærkomna viðbót á finnska skyrmarkaðinn að ræða.

Viðtökurnar við skyrinu hafa verið góðar og vakti það mikla athygli við stand KÚ á vörusýningu í Helsinki fyrr í mánuðinum.

Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri KÚ, segir fyrirtækið áforma frekari landvinninga í sölu og framleiðslu á skyri á erlendum mörkuðum og hér heima. „Við stefnum á að koma með skyr á íslenskan neytendamarkað fljótlega." /VH

Markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings:

# Bandaríkin og Norðurlöndin eru mikilvægustu markaðslöndin

**Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri hefur skilað skýrslu sem kallast Markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings og er unnin fyrir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Í kafla skýrslunnar um utanlandsmarkað fyrir lambakjöt segir að útflutningur lambakjöts hafi verið 6.800 tonn árið 2014. Norðurlöndin og Norður-Ameríka eru mikilvægustu markaðirnir.**

Árið 2014 nam útflutningur á sauðfjárafurðum um 6.800 tonnum. Kindakjöt, innmatur, svið og annar matur var rúm 4.700 tonn. Mismunurinn er ull og gærur. Athygli vekur hvað vöxtur á útflutningi kindakjöts og annars matar af sauðfé hefur verið mikill frá árinu 2002 þegar útflutningur nam rúmum 1.600 tonnum. Hefur hann því þrefaldast til 2014.

Hlutfallslega hefur vöxturinn samt verið mestur í söltuðu og reyktu kjöti á þessu tímabili. Þar fór magnið úr 9,1 tonni í 76.

***Þróun krónunnar***

Í skýrslunni er ástæða aukins útflutnings rakin til þróunar á gengi krónunnar undanfarin ár. Gengið veiktist mikið í bankahruninu 2008 og við það jókst útflutningur á lambakjöti.

Útflutningsbætur á lambakjöt hafa ekkert með aukinn útflutning á tímabilinu þar sem þær hafa ekki verið greiddar frá árinu 1991.

***Spánn borgar best***

Árið 2013 keyptu 18 lönd frosið kindakjöt frá Íslandi en nýtt kjöt var selt til 11 landa. Sviss er eina landið sem keypti bara ferskt kjöt og eru því viðskiptalöndin 19 í það heila. Hong Kong, Noregur og Rússland eru þrjú stærstu viðskiptalönd okkar. Bretland og Færeyjar fylgja svo fast á eftir í fjórða og fimmta sæti.

Helstu kaupendur af fersku lambakjöti 2013 voru Bandaríkin en síðan komu Rússland og Holland.

Kanada, Bandaríkin, Þýskaland og Norðurlöndin borguðu best þegar meðaltal var tekið fyrir allar frosnar afurðir en Svíþjóð, Grænland og Sviss borguðu best fyrir ferskt kjöt.

Spánn borgar besta verðið fyrir frysta lambahryggi og hryggsneiðar, eða þrefalt hærra en meðalverðið sem aðrar þjóðir greiða. Svíþjóð kemur næst á eftir Spánverjum og greiðir þrefalt hærra verð fyrir annað fryst úrbeinað lamba- og kindakjöt.

Þegar útflutningshlutdeild innan hverrar vörutegundar er skoðuð kemur í ljós að Norðurlöndin og Norður-Ameríka eru mikilvægustu markaðirnir. /VH



CASTGROUP
MINILOADERS

## Pixy liðléttingar



Enginn liðléttingur kemst í hálfkvist
við Pixy þegar borin eru saman verð og gæði
Öflugar 27 og 38 hö Isuzu díselvélar.

Hydróstatískt drif og stórar vökvadælur.
Til afgreiðslu af lager ásamt fylgihlutum.

Mjög stöðugt tæki vegna einstaklega
lágrar þyngdarmiðju.

Kynningarverð
Pixy 25 T kr. 2.700.000 + v.s.k
Pixy 35 T kr. 3.120.000 + v.s.k.
Innif. Skófla, gafflar & universal plata

MERLO

## Skotbómulyftarar

Áratuga reynsla á Íslandi

Bóman liggur lægra en á sambærilegum
tækjum sem gefur betra útsýni yfir gaffla

Merlo er annar af tveimur stærstu
framleiðendum á skotbómulyfturum



Íslyft ehf

STEINBOCK ÞJÓNUSTAN
Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
Sími 564-1600 islyft@islyft.is
www.islyft.is

Fréttir



Tanja Ennigarð, íþrótta- og tómstundafulltrúi Húnaþings vestra, veitti hjartastuðtækinu viðtöku og sagði mikla ánægju vera með gjafmildi Gæranna.

## Gærurnar gáfu hjartastuðtæki

**Íþróttamiðstöð Húnaþings vestra hefur fengið að gjöf hjartastuðtæki frá Gærunum.**

Gjöfin kemur sér einkar vel þar sem hjartastuðtækið sem fyrir var þarfnaðist endurnýjunar. Gærurnar eru félagsskapur kvenna sem standa fyrir nytjamarkaði hvert sumar og var hann á liðnu sumri opinn í ellefu skipti. Hluti af innkomunni var nýttur til að fjárfesta í hjartastuðtækinu að því er fram kemur á vefnum nordanatt.is.

Elín Ása Ólafsdóttir, ein Gæranna, segir í samtali við Norðanátt að fólk sé mjög duglegt að gefa dót á markaðinn, bæði stórt og smátt. Auk þess aukist aðsókn jafnt og þétt frá ári til árs. „Það er alveg augljóst að Nytjamarkaðurinn er orðinn þekktur úti um allt land – hróður okkar hefur borist víða,“ segir hún.

Gjöfin til íþróttamiðstöðvarinnar var aðeins brot af innkomu sumarsins og segir Ása að Gærurnar eigi m.a. eftir að styrkja Jólasjóðinn ríkulega, gefa í safnanir á svæðinu og fleira.

*/MÞÞ*

Djúpivogur:

## Ófremdarástandi linni

**Sveitarstjórn í Djúpavogshreppi gerir í fundargerð enn og aftur alvarlegar athugasemdir við þjónustu N1 á Djúpavogi.**

Fram kemur í fundargerð að eldsneytisdælur hafa ítrekað verið bilaðar undanfarna mánuði og ár og engin salernisaðstaða er til staðar. „Þess má geta að viðbragðsaðilar s.s. lögregla, sjúkra- og slökkvilið reiða sig nær eingöngu á þessa einu bensíndælu í sveitarfélaginu auk heimamanna. Skorti á salernisaðstöðu fylgir svo viðeigandi sóðaskapur,“ segir í fundargerð.

Þolinmæði íbúa og sveitarstjórnar er þrotin gagnvart þessu ástandi og beinir sveitarstjórn því til stjórnenda fyrirtækisins að þeir nú þegar grípi til viðeigandi aðgerða til að tryggja að þessu ófremdarástandi linni.

*/MÞÞ*

Selasetur Íslands á Hvammstanga:

## Sigurður nýr framkvæmdastjóri

**Sigurður Líndal Þórisson hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra Selaseturs Íslands á Hvammstanga.**

Síðastliðin 4 ár vann Sigurður við gæða- og verkefnastjórnun hjá Expedia Inc., einu stærsta ferðaþjónustu- og tæknifyrirtæki heims. Þar á undan starfaði Sigurður m.a. við leikhússtjórnun, sem sjálfstætt starfandi leikstjóri með á sjötta tug leikverka að baki, og sem kennari við marga virtustu leiklistarskóla Lundúna.

Sigurður er með MA-gráðu í listastefnu og -stjórnun frá Birkbeck College, leikarapróf frá Arts Educational London School of Drama og kennarapróf frá Strode's College. Sigurður er nú að flytja á heimaslóðirnar í Húnaþingi vestra eftir 20 ára veru í Lundúnum.



Sigurður Líndal Þórisson.

Selasetur Íslands var stofnað árið 2005 með það að markmiði að standa að eflingu náttúrutengdrar ferðaþjónustu í Húnaþingi vestra, vinna að eflingu selaskoðunar á svæðinu og standa fyrir fjölbreyttum rannsóknum, fræðslu og upplýsingamiðlun um seli við Ísland.

*Öflugt rannsóknastarf*

Við Selasetur Íslands eru starfrækt tvö öflug rannsóknasvið. Annars vegar líffræðirannsóknasvið, sem hefur það meginverkefni að rannsaka selastofninn við Ísland. Meðal annars vöktun á stofnstærðum útsels og landsels við Ísland og ferðum annarra selastofna til Íslands og íslenskra stofna til nágrannalandanna. Fæðuöflun sela, ásamt áhrifum sela á fiskstofna við landið, þar á meðal áhrif á laxa við ósasvæði og á laxveiði. Sviðinu stýrir Sandra Magdalena Granquist, dýraatferlisfræðingur og doktorsnemi. Hins vegar er ferðamálarannsóknasvið. Markmið þess er að rannsaka náttúrutengda ferðaþjónustu á Íslandi í sem víðustum skilningi, með sjálfbæra þróun greinarinnar að leiðarljósi. Sviðinu er stýrt af Leah Burns, doktor í ferðamálafræðum.

Selasetur Íslands rekur safn sem hefur það að markmiði að miðla upplýsingum um lífshætti sela, líkamsbyggingu, kæpingu, fæðuöflun o.fl. Auk sögulegs yfirlits um hlunnindi, selveiðar og nýtingu sels á Íslandi. Á safninu er einnig upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn sem gegnir veigamiklu hlutverki í þjónustu við ferðamenn á Norðurlandi vestra. Undanfarin ár hefur fjöldi gesta í Selasetrinu aukist hratt. Á þessu ári hafa komið yfir 27 þúsund manns í upplýsingamiðstöðina, miðað við rúmlega 19 þúsund gesti í fyrra.

*/MÞÞ*

Fjárdauðinn dularfulli enn óupplýstur að fullu:

# Óskað eftir fjármagni til frekari rannsókna

**Í byrjun nóvembermánaðar greindi Matvælastofnun frá því að óskað hefði verið eftir fjármagni úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu til að halda áfram rannsóknum á þeim óeðlilega fjölda tilfella sauðfjárdauða sem varð síðasta vetur og vor.**



Sigrún Bjarnadóttir, dýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma hjá Matvælastofnun, segir ekki enn hægt að útiloka undirliggjandi orsakir, sumsé aðrar en þær að hreinlega um horfelli hafi verið að ræða. „Þar sem vandamálið var ekki tilkynnt fyrr en í júní voru margir bændur búnir að sleppa fénu á fjall og þá gafst ekki tækifæri til þess að rannsaka málið jafn ítarlega og við teljum nauðsynlegt. Eins og segir í tilkynningunni sem við sendum frá okkur 5. nóvember síðastliðinn, þá benda þessar frumrannsóknir, sem gerðar voru, til þess að orsök fjárdauðans sé fóðurtengd. En vegna aðstæðna og umfangs vandamálsins þá teljum við frekari rannsóknir nauðsynlegar til að komast að rót vandans, það er að greina orsökina. Aðeins þannig er hægt að beita fyrirbyggjandi aðgerðum og þannig stuðla að góðu heilsufari.“

Hún segir að þær rannsóknir sem stefnt sé á að ráðast í verði ítarlegri, skipulegri og fleiri þættir teknir inn í heildarrannsóknina. „Til dæmis verða fleiri bú tekin inn í þessa rannsókn og þeim fylgt náið eftir í vetur og fram á vor. Áætlað er að taka blóðsýni, féð yrði vigtað og holdastigað, gögn úr skýrsluhaldskerfinu – þar með talin sláturgögn frá afurðastöðvum – yrðu skoðuð sem og gögn úr Búfjárheilsu. Einnig myndu heysýni verða tekin og áburðarnotkun skoðuð.“

*Samspil margra þátta*

Í tilkynningunni sem Sigrún vísar til kom fram að orkulítill heyforði hafi verið afleiðing sumars sem var sérlega vætusamt. Hún segir að í kjölfarið hafi tekið við afar kaldur vetur og kalt vor sem kallaði enn frekar á orku sem fóðrið innihélt ekki. „Þess vegna var sagt að vandamálið væri samspil margra þátta. En ýmsar aðrar tilgátur hafa verið settar fram varðandi fjárdauðann, t.d. breytingar í búskaparháttum, svo sem breytt gjafafyrirkomulag og breyttar áherslur varðandi ræktun og kynbætur, þar sem fituleysi og vöðvafylling er eitt af þeim atriðum sem valið er eftir. Allir þessir þættir spila saman í því að viðhalda viðkvæmu jafnvægi varðandi forðabú og orkunýtingu hjá fénu.

Þó svo að þetta sé óstaðfest má ekki útiloka að þessir þættir kunni að hafa haft áhrif á vandamálið. Einnig verður skoðað betur hvort efnaskiptasjúkdómar hafi eitthvað komið frekar við sögu,“ segir Sigrún og væntir þess að það skýrist á allra næstu dögum hvort fjármagn fáist til frekari rannsókna.

*/smh*

Áhrif vaxtar á vistkerfi höfuðborgarsvæðisins:

# Af jörðu ertu kominn

**Nýtt svæðisskipulag – Höfuðborgarsvæðið 2040 var samþykkt í sumar. Það er stefna allra sjö sveitarfélaganna innan höfuðborgarsvæðisins sem nær frá Kjósarhreppi í norðri til Hafnarfjarðar í suðri.**

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, flutti erindi um skipulagið á örfyrirlestraröð Árs jarðvegs fyrir skömmu.

Hrafnkell segir að þótt fókusinn sé að miklu leyti á borgarsvæðið þá sé einnig skýr stefna um að vernda verðmætt ræktarland utan þéttbýlis og nýta græn svæði innan borgarsvæðisins á fjölbreyttari máta en nú er gert.



Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins.

*Aukinn vöxtur stærsta áskorunin*

„Á höfuðborgarsvæðinu er eina borgarsvæði landsins og þar búa ríflega 200 þúsund manns á samhangandi byggð frá Hafnarfirði í suðri til Mosfellsbæjar í norðri og er ein stærsta áskorun sem höfuðborgarsvæðið stendur fyrir aukinn vöxtur.

Samkvæmt mannfjöldaspám svæðisskipulagsins má gera ráð fyrir að á næstu 25 árum muni íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölga um 70.000. Það eru jafn margir íbúar og búa samanlagt í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi, eða á öllu suðursvæðinu.

Vöxtur eins og þessi kallar á breytingar og höfuðborgarsvæðið mun líta allt öðruvísi út árið 2040 en við þekkjum í dag. Þetta ætti í sjálfu sér ekki að vera nein tíðindi en engu að síður góð áminning.“

*Sagan ekki endurtekin*

Hrafnkell segir að höfuðborgarsvæðið hafi áður gengið í gegnum ámóta vaxtarskeið. „Frá 1985 til 2012 fjölgaði íbúum þar um ríflega 70 þúsund. Þegar rýnt er í þann vöxt er ljóst að sagan verður ekki endurtekin svo auðveldlega og að það er alls ekki æskilegt.

Árið 1985 þakti borgarbyggðin 2.450 hektara og þéttleikinn var 54 íbúar á hektara. Til að byggja fyrir þau 70 þúsund sem bættust við til ársins 2012 voru teknir 3.340 hektarar undir byggð. Í dag fara um 5.800 hektarar undir borgarlandið og þéttleikinn kominn niður í 36 íbúa á hektara.

Til samanburðar má benda á að ef við hefðum haldið sama þéttleika og var árið 1985 þá færu um 3.800 hektarar undir sama íbúafjölda. Það má því segja að við höfum tekið um 2.000 hektara undir byggðina sem auðveldlega hefði verið hægt að sleppa, 2.000 hektarar sem hefðu getað verið náttúrulegir og haft óbreyttan jarðveg og vistkerfi.

Þetta dreifða byggðamynstur hefur þau áhrif á ferðavenjur að bíllinn er helsti valkosturinn. Aukin bílaeign kallar svo á að ennþá meira svæði sé tekið undir bílastæði og önnur samgöngumannvirki. Þetta er vítahringur sem átak þarf til að losa sig úr.“

*Sáttmáli um byggðaþróun*

„Í nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er sáttmáli sveitarfélaganna um að þróun næsta aldafjórðunginn leiði af sér þéttari byggð og eflingu vistvænna ferðamáta,“ segir Hrafnkell. */VH*

> Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 70.000 á milli áranna 1985 og 2012, sem er jafnmikil fjölgun og gert er ráð fyrir á skipulagstímabilinu. Sá vöxtur var óhagkvæmur, tók undir sig mjög mikið landsvæði með tilheyrandi þynningu byggðar og nær tvöföldun á bílaeign.

### Markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings – ljóst að tækifæri eru fyrir hendi í greininni:

# Möguleikar á framtíðarstuðningi við sauðfjárrækt skoðaðir

**Í síðasta kafla skýrslunnar Markmið og forsendur sauðfjárræktarsamnings er fjallað um framtíð sauðfjárræktar í landinu og segir ljóst að tækifæri eru fyrir hendi í atvinnugreininni, meðal annars hvað varðar aukinn útflutning og til að nýta aukna ferðaþjónustu.**

Jafnframt eru áskoranir og ógnanir hér innanlands sem tengjast sauðfjárbúskapnum og þeim sem hann stunda. Nefna má skort á nýliðun í bændastétt, samkeppni um land og ýmsar áskoranir í dreifbýli, svo sem nettengingar, vegakerfi, fækkun íbúa og samdrátt í þjónustu opinberra aðila og einkaaðila.

Almenn ábending skýrsluhöfunda er að mikilvægt sé að hafa markmið í nýjum samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar einföld og mælanleg. Þá þarf að auka gegnsæi greiðslna samkvæmt samningnum í ríkisbókhaldi.

### *Utanaðkomandi áhrif*

„Þróun mála í heiminum, svo sem mannfjölgun, vaxandi kaupmáttur á fjölmennum svæðum á borð við Kína, loftslagsbreytingar og aukið frelsi í milliríkjaviðskiptum munu hafa áhrif hérlendis, bæði til góðs og hins verra.

Rétt er að hafa í huga að utanaðkomandi áhrif geta valdið miklu um þróun sauðfjárbúskapar, burtséð frá því hvað íslensk stjórnvöld eða atvinnugreinin sjálf áforma.“

### *Fjórir möguleikar*

Í skýrslunni voru fjórir möguleikar á framtíðarstuðningi við sauðfjárrækt skoðaðir. 1) Stuðla að aukinni og arðbærri framleiðslu sauðfjárafurða með aukinn útflutning í huga, 2) efla sauðfjárræktina sem atvinnugrein í dreifðum byggðum, 3) bæta afkomu sauðfjárbænda og 4) auðvelda endurnýjun í stétt sauðfjárbænda.

„Ef megin markmiðið með stuðningi ríkisins væri að stuðla að aukinni framleiðslu og arðbærni sauðfjárafurða með aukinn útflutning í huga þá væri réttast að leggja beingreiðslur niður og taka í stað þeirra upp framleiðslutengdan stuðning.

Ef megin markmiðið með stuðningi ríkisins væri að efla sauðfjárrækt sem atvinnugrein í dreifðum byggðum (almennt) þá myndi stuðningur vera ámóta alls staðar í dreifbýli. Ef það væri aukalegt markmið að styðja jaðarbyggðir sérstaklega, sem standa höllum fæti, færi stuðningur eftir staðsetningu viðkomandi sauðfjárbænda.

Ef megin markmiðið með stuðningi ríkisins væri að bæta afkomu sauðfjárbænda eru beingreiðslurnar ekki endilega rétta tækið til þess því slíkur stuðningur fer ekki að fullu til starfandi bænda heldur einnig til þeirra sem eru að fara úr greininni. Réttara væri þá í staðinn að taka upp stuðning sem bætti afkomu þeirra sem eru beinlínis starfandi í greininni svo sem gripagreiðslur.

Ef megin markmiðið með stuðningi ríkisins væri að auðvelda endurnýjun í stétt sauðfjárbænda þá mætti taka í staðinn upp stuðning sem tryggir að nýir bændur fái sjálfkrafa sama stuðning og aðrir bændur svo sem gripagreiðslur.“ /VH

### Djúpavogshreppur:

# Verndarsvæði í byggð

**Sveitarstjórn Djúpavogshrepps hefur samþykkt að tillaga að verndarsvæði í byggð samkvæmt lögum númer 87/2015 verði útbúin samhliða gerð deiliskipulags fyrir miðbæjarsvæði á Djúpavogi.**

Er það innan þess svæðis sem nú þegar nýtur hverfisverndar skv. Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008–2020.

Með þessu stefnir Djúpavogshreppur á að verða fyrsta sveitarfélagið á landinu til að útbúa tillögu af þessu tagi. Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita og formanni SFU að vinna að framgangi málsins. /MÞÞ




**Laxasetur Íslands á Blönduósi hefur hætt rekstri.** Mynd / huni.is

# Laxasetri Íslands lokað

**Laxasetur Íslands, sem opnað var að Efstubraut 1 á Blönduósi í júní 2010, hefur hætt rekstri. Ákvörðun um það var tekin á aðalfundi félagsins í síðasta mánuði.**

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, formaður Laxaseturs Íslands ehf., hefur sent frá sér fréttatilkynningu fyrir hönd stjórnar Laxasetursins þar sem fram kemur að ákveðið hafi verið að hætta rekstri sýningarinnar að Efstubraut 1.

„Reksturinn hefur ekki gengið sem skyldi þrátt fyrir ýmsar tilraunir til að renna styrkari stoðum undir hann,“ segir í tilkynningu og jafnframt er þeim einstaklingum og félögum sem lögðu málinu lið í uppbyggingu og rekstri þakkað þeirra framlag. /MÞÞ


Mjaltaþjónninn sem vex með þér

MI one

Þvottur og mjaltir í sama þrepinu



Hljóðlátur og hraðvirkur



Hagkvæmur kostur



Nýjar lausnir



MI*one*



Við hjá Líflandi óskum Elínu og Ævari í Fellshlíð í Eyjafirði innilega til hamingju með kaupin á fyrsta **MI*one*** mjaltaþjóninum frá **GEA** sem fer á íslenskan markað.



GEA

Sala og ráðgjöf s. 540 1100 | lifland@lifland.is | www.lifland.is

LÍFLAND

Fréttir




Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra:

# Ég trúi, en trú mína ber ég ekki á torg

**Þegar aðventan, eftirvæntingartími kristinna manna, er á næsta leiti er ekki fráleitt að velta fyrir sér hver þessi trú sé og boðskapur kristinna manna.**

Hvers vegna hefur boðskapur frelsarans öll þessi áhrif og er enn kærkominn til að bæta og milda mannlífið? Og ekki síður hinu hvers vegna þjóðþekktir menn ganga fram og niðurlægja trúna og vanvirða þá hugsun margra að guð eða eitthvert afl sé til ofar mannlegum skilningi.

Í Reykjavík ku jólasveinar eiga greiðan aðgang að grunnskólunum en prestar þjóðkirkjunnar ekki. Hvað þá að megi gefa Nýja testamentið til barnanna, það er víst hættulegur áróður í þeirri helgu bók. Ég minnist þess frá minni bernsku að við jólasveinana var ég smeykur, og óttaðist Grýlu gömlu og var hún óspart notuð til að hræða börn, í þá daga. Hins vegar fannst mér presturinn minn, hann séra Sigurður Pálsson í Hraungerði, eins og heilagur maður. Hann sagði okkur eitthvað gott um kærleikann og hvað bæri að varast í lífinu og við krakkarnir fórum með betra hugarfari af hans fundi.

### *„Eilífðin sjálf hún er alein til“*

Hver er meining nútímans og þeirra „tískumanna,“ að ófrægja kristna trú? Þeir mega eiga sitt trúleysi sjálfir fyrir mér, alveg eins og vantrú á sína trú eða trúleysi eða ásatrúarmenn halda enn í forna trú forfeðranna og byggja sér hof.

Það ríkir trúfrelsi á Íslandi og vonandi er kærleikur innan allra trúfélaga, hverjir sem þeir eru og hvað þeir heita. Vonandi eru ekki mannréttindabrot framin innan þeirra, en gegn þeim ber að berjast, oftast fara konur og börn verst út úr slíkum brotum.

Sá er þetta ritar, telur að barnstrúin og það að geta falið líf sitt einhverjum æðri mætti hafi hjálpað mörgum á erfiðum stundum. Ekki síður hitt að eiga kirkjuna að og geta glaðst og huggast á öllum þeim hátíðum í athöfnum hennar með fjölskyldu og nánustu vinum. Hún amma mín signdi yfir vöggu litla barnsins og fór með bæn fyrir svefninn. Faðir minn gekk út á morgnana og signdi sig móti sólinni og austri. Ég er ekkert frá því nema þessar litlu bænir hafi haft góð áhrif, allavega skemmdu þær ekki fyrir deginum eða nóttinni.

Sjálfum finnst mér það oft hjálpa að grípa til bænarinnar þegar mikið liggur við eða gengið er til náða. Vísindin vita ekki allt og mannshugurinn er enn undrunarefni og margt sem fólk upplifir eða sér eða finnur er ekki hægt að hrekja eða útskýra. ,I einræðum Starkaðar segir Einar Benediktsson:

„Hver ævi og saga, hvert aldabil/fer eina samleið sem hrapandi straumur/-Eilífðin sjálf hún er alein til./Vor eiginn tími er villa og draumur.“

Kannski erum við sjálf ekki einu sinni til, nema þá eins og ljós á skari sem slokknar skjótt.

### *Guð kom við í fangelsinu í Bandaríkjunum*

Ég sá viðtal við íslenskan mann, Geir Gunnarsson, sem hafði setið í fangelsi í Bandaríkjunum í 18 ár fyrir glæpsamlegt atferli. Guð sjálfur lagði leið sína í þetta fangelsi og örugglega kemur hann við á Litla-Hrauni. Hans vettvangur er alls staðar og ekki síður þar sem þeir hrjáðu eru fyrir. Við hinir gleymum honum kannski dögum og árum saman, svo gerist eitthvað og hann er mættur. Kannski ekki áþreifanlegur, en hann hefur tekið til við að efla hugsunina og góðvildina í viðkomandi manni svo hann „skynji ljósið“. Það sem mér fannst merkilegast var það að Geir þessi taldi að trúin og einhver vissa um að einhver guð vekti yfir sér, hefðu gert hann að betri manni og ekki síður hitt að honum bárust bréf og hugrenningar fólks sem vildi hjálpa honum.

„Trú þín hefur bjargað þér,“ sagði Jesús forðum. Mörg dæmi eru um afl sem bænin hefur gefið mönnum í lífsháska, hver getur fordæmt slíkar sögur og sagt þær uppspuna frá rótum? Ég trúi en trú mína ber ég ekki á torg, eða sit öllum stundum í kirkjum, en ég undrast samt yfirlæti og hroka manna sem ráðast að kristinni trú og þjóðkirkjunni. Hins vegar geta hinir mannlegu þjónar hennar gert margt með öðrum hætti og sumir þeirra, sem hafa ekki staðist prófið, og skaðað kirkjuna, eiga að skila kjól og kalli. „Því guð metur aldrei annað í heim/en auðmýkt og hjartans trúnað.“

Stundum þarf að velta um borðum víxlaranna og hreinsa til í kirkjunni, ekki síður en pólitíkinni.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út
3. desember




Nýsköpunarverkefnið Speni byggir í raun á því að taka venjulegt mjólkursamlag og minnka það niður þannig að það passi í dráttarvagn sem hægt er að ferðast með um sveitir landsins. Hyggst hugmyndasmiðurinn síðan bjóða bændum að framleiða úr þeirra hráefni jógúrt, skyr og osta.

Speni ferðamjólkursamlag að verða að veruleika:

# Mjólkurvörur framleiddar að óskum bænda

**Speni er nýsköpunarverkefni og felst í því að ferðamjólkursamlag er útbúið í vagni á hjólum sem síðan fer á milli bænda og framleiðir mjólkurvörur að þeirra óskum.**

Margir kannast við verkefnið úr þáttunum Toppstöðin í Ríkissjónvarpinu, þar sem frumkvöðlar hafa keppst um hylli þriggja dómara í þeirri von að hugmynd þeirra fái framgöngu og verði að lokum kosin vinningshugmyndin í símakosningu áhorfenda.

### *Eitt átta verkefna á Toppstöðinni*

Speni var eitt átta verkefna sem var valið inn í sjónvarpsþættina, en féll úr keppni áður en kom að úrslitum. Halldór Karlsson er frumkvöðullinn í þessu verkefni og er ekki af baki dottinn þótt verkefnið hefði ekki fengið frekari framgöngu í sjónvarpi.



Halldór Karlsson.

### *Fjármögnun að ljúka*

„Ég ákvað að prófa að fara söfnunarleiðina í gegnum Karolina Fund, en líklega setti ég mér markið þar of hátt þannig að sú leið skilaði ekki árangri hvað söfnun varðar.

Ég hef þó ákveðið að halda áfram af fullum krafti og held að mér sé þrátt fyrir allt að takast að loka fjármögnuninni sem er frábært.

### *30 milljóna króna fjárfesting*

Næstu skref þar á eftir er þá að setja allt á fulla ferð með að hefja smíði á vagninum og fara út og kaupa tól og tæki sem setja á í vagninn, þannig að ég sé fyrir mér að það verði tilbúið í febrúar næstkomandi, í síðasta lagi, og þar með hægt að hefja vinnslu,“ segir Halldór, sem segir að fjárfestingin sé upp á 30 milljónir króna – til að koma þessu af stað.

„Á næstu tveimur vikum ætti það að liggja ljóst fyrir hvort af þessu verður. Áhuginn er alveg fyrir hendi meðal bænda og ég var búinn að fá vilyrði nokkurra bænda, sem höfðu áhuga á því að nýta sér vagninn þegar hann væri kominn af stað. Þeir eru allir staddir í Eyjafirði, enda ákvað ég að takmarka mig bara við það svæði til að byrja með þar sem vagninn myndi ekki komast yfir meira í bili. En áætlanir mínar gera ráð fyrir að einu ári eftir að starfsemin fer af stað, upp úr áramótunum 2017, geti ég fari að reka einn eða tvo vagna á Suðurlandinu líka.“

### *Verið að brjóta blað*

„Ég er auðvitað að brjóta blað í þessum efnum; með því að bjóða bændum upp á þennan valkost til að prófa sig áfram. Ef vel tekst til er ekkert því til fyrirstöðu að þeir haldi svo áfram sjálfir á sínum búum og komi sér upp aðstöðu.

En mörg ljón eru í veginum og eitt þeirra er Matvælastofnun, þar sem þetta er öðruvísi og passar ekki alveg inn í regluverkið eins og það er, en ég er þó sannfærður um að við munum í sameiningu finna réttu lausnirnar þannig að allt sé gert rétt og eftir þeim reglum sem við eiga.“

### *Margir áhugasamir*

„Þeir sem hafa skrifað undir vilyrði hjá mér eru allir áhugasamir um að hefja framleiðslu á ýmsum afurðum; bæði jógurt og skyr ásamt ostaframleiðslu,“ segir Halldór.

### *Er mjólkurtæknifræðingur og búfræðingur að mennt*

Halldór hefur víðtæka reynslu og góða menntun, sem kemur sér vel í verkefni sem þessu.

„Ég er mjólkurtæknifræðingur og búfræðingur að mennt. Byrjaði hjá Mjólkursamlagi KEA fyrir mörgum árum. Þá hef ég verið í ostagerð í Danmörku hjá Arla og eftir að ég kom heim eftir 12 ár í útlöndum kom ég við hjá Mjólkurbúi Flóamanna á Selfossi í smá tíma, síðan var ég hjá Norðurmjólk sem breyttist svo í Mjólkursamsöluna.“

### *Hefur víða komið að uppsetningu mjólkurbúa*

„Ég var með í því að koma Vesturmjólk af stað og sá um vöruþróun og tækjauppsetningu þar að hluta. Ég hjálpaði líka við að koma Örnu af stað í Bolungarvík og verið í svipuðum verkefnum í Bretlandi. Þar vann ég verkefni með rússneskri stúlku við að framleiða fyrir hana Kefir, sem er svipað og AB mjólk og þekkt í Austur-Evrópu, og við að taka vinnslu í gegn fyrir gyðinga, mjólkurvörur merktar kosher.“

### *Smækkuð útfærsla af mjólkurbúi*

Halldór segir að tækjabúnaðurinn í vagninum verði ekki flókinn, í raun væri verkefnið bara að taka venjulegt mjólkursamlag og minnka það niður í þessa stærð.

„Öll tól og tæki eru til því menn hafa gert svipað hluti en bara staðbundið á ýmsum stöðum.“

Hann hvetur bændur úti um allt land sem hafa áhuga á að heyra meira og hafa kannski áhuga á að fjárfesta í þessu eða notfæra sér þjónustu sem þessa, að hafa samband við sig. Hann segir að það eigi líka við þá sem hefðu áhuga á að skoða vinnslu á sauðamjólk eða geitamjólk. Halldór er með netfangið halldor@forever.is. /smh

# PÖTTINGER

## Frábær áramótatilboð á Pöttinger

Diskasláttuvélar, heyþyrlur, jarðvinnslutæki, vendiplógar, pinnatætarar, sáðvélar og stjörnumúgavélar á allt að **12% afslætti** fram að áramótum!

Nýttu þér þetta einstaka tilboð!




**Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400**

# McHale

## Frábært áramótatilboð á McHale

Bjóðum **8% afslátt** af öllum rúllubindivélum, samstæðum og pökkunarvélum frá McHale.

Nýttu þér þetta einstaka tilboð!




| Gerð | Vinnslubr. | Búnaður | Verð án vsk | Tilboðsverð án vsk | Tilboðsverð með vsk |
|---|---|---|---|---|---|
| McHale F 5400 | 2,00m | Lauskjarna rúlluvél án hnífa, 18 kefli, net, dekk 380/55-17 | 4.753.000 | 4.372.760 | 5.422.222 |
| McHale F 5500 | 2,00m | Lauskjarna rúlluvél 15 hnífa, 18 kefli, net, dekk 550/50-17 drop floor | 5.368.000 | 4.938.560 | 6.123.814 |
| McHale F 5500 23hn | 2,00m | Lauskjarna rúlluvél 23 hnífa, 18 kefli, net, dekk 550/50-17 drop floor | 5.990.000 | 5.510.800 | 6.833.392 |
| McHale F 5600 | 2,00m | Lauskjarna rúlluvél 23 hnífa, 18 kefli, net, dekk 550/50-22,5 drop floor | 6.256.000 | 5.755.520 | 7.136.845 |
| McHale V 660 | 2,00m | Fastkjarnarúlluvél, 15 hnífar, 3 belti, net, dekk 500/50-22,5, drop floor | 6.689.000 | 6.153.880 | 7.630.811 |
| McHale Fusion | 2,00m | Lauskjarna samstæða 23 hnífa, 18 kefli, net, dekk 560/60-22,5 drop floor | 10.980.000 | 10.101.600 | 12.525.984 |
| McHale Fusion+ | 2,00m | Lauskjarna samstæða 23 hnífa, 18 kefli, net, dekk 560/60-22,5 drop floor | 12.190.000 | 11.214.800 | 13.906.352 |
| McHale Fusion Vario | 2,00m | Fastkjarnasamstæða með breytilegri baggastærð. 15 hnífar. 650/50-22,5 dekk | 12.580.000 | 11.573.600 | 14.351.264 |
| McHale Fusion Vario | 2,00m | Fastkjarnasamstæða með breytilegri baggastærð. 23 hnífar. 650/50-22,5 dekk | 12.990.000 | 11.950.800 | 14.818.992 |
| McHale C 460 | | McHale C 460 rúllutætari | 2.459.000 | 2.262.280 | 2.805.227 |
| McHale 991 BC | | Pökkunarvél stýrð á ventlakistu | 2.164.000 | 1.990.880 | 2.468.691 |
| McHale 991 BJS | | Pökkunarvél stýrð með stýripinna (joystick) | 2.369.000 | 2.179.480 | 2.702.555 |
| McHale 991 BE | | Pökkunarvél tölvustýrð alsjálfvirk | 2.589.000 | 2.381.880 | 2.953.531 |
| McHale 991 Hi-Spd | | Pökkunarvél tölvustýrð alsjálfvirk sem pakkar með 2 plastkeflum í einu | 2.979.000 | 2.740.680 | 3.398.443 |
| McHale 998 | | Stórbaggapökkunarvél | 7.035.000 | 6.472.200 | 8.025.528 |

*Verð og búnaður getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um innsláttarvillur.*

**Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400**

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss / Lónsbakki - 601 Akureyri / Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir / Sími 480 0400 / jotunn@jotunn.is / www.jotunn.is










## SYÐRI REYKIR II | BLÁSKÓGABYGGÐ

# JARÐHITI OG MIKIL TÆKIFÆRI

**Um er að ræða 180 fm² íbúðarhús sem staðsett er á u.þ.b. 15,5 hektara landi, ásamt hluta af jarðhitaréttindum í Syðri Reykjahver.**

Á jörðinni er mikið endurnýjað íbúðarhús ásamt bílskúr. Landið er framræst land sem liggur sunnan við bæinn. Jarðhitaréttindin eru í Syðri Reykjahver og eru réttindi Syðri Reykja II talin vera rúmlega 12 sekúndulítrar af 100 gráðu heitu vatni.

**Jarðhiti og staðsetning býður upp á áhugaverða möguleika t.d. fyrir ferðaþjónustu og/eða gróðurræktun**

Verið er að vinna að skipulagi fyrir frístundabyggð fyrir ferðaþjónustuna

55 ÁRA 2013
Stofnsett 1958
Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

Magnús Leópoldsson
lögg. fasteignasali
sími: 892 6000
magnus@fasteignamidstodin.is








# KORNAX

- hveitið í jólabaksturinn -

Veljum íslenskt ...og allir vinna

Fréttir

## Landgræðsluverðlaunin:

# Mikilvægt að sem flestir leggi hönd á plóg

**Landgræðslan veitir í tuttugasta og fimmta sinn viðurkenningar fyrir störf sem unnin hafa verið á sviði landgræðslu. Alls hafa 88 aðilar hlotið þessa viðurkenningu síðan árið 1992.**



Hópurinn sem fékk landgræðsluverðlaun ásamt Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra og Sveini Runólfssyni landgræðslustjóra. Myndi / Áskell Þórisson.

Þeir sem hlutu verðlaunin að þessu sinni eru Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur, Valdimar Leifsson kvikmyndagerðarmaður, Uppgræðslufélag Fljótshlíðar, Hvolsskóli og Grunnskólinn á Hellu sem eru þátttakendur í Grænfánaverkefni Landverndar.

Við afhendingu verðlaunanna sagði Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri meðal annars að við séum stöðugt minnt á að þrátt fyrir árangursríka baráttu við eyðingaröflin í 100 ár, eigum við enn mikið starf fyrir höndum við að endurheimta landkosti og fyrirbyggja frekari spjöll á gróður- og jarðvegsauðlindum landsins.

„Eyðingin sem við höfum séð á síðastliðnum árum, bara frá 2010, af völdum náttúruhamfara sýnir okkur hve brýnt það er að gera landið okkar miklu betur í stakk búið til að taka á móti gjósku og öðrum áföllum af náttúrunnar völdum. Náttúruöflin minntu svo sannarlega á sig í byrjun október síðastliðinn þegar þúsundir hektara fóru undir jökulaur og sand.

Mikilvægt er að sem allra flestir leggi þar hönd á plóg og með veitingu landgræðsluverðlaunanna sinnum við einu helsta verkefni Landgræðslunnar og hornsteini starfsins, það er ræktun lýðs og lands.“

Verðlaunagripirnir Fjöregg Landgræðslunnar eru unnir af Eiklistiðju, Miðhúsum við Egilsstaði.

*/VH*

# Landbúnaðarklasi á Íslandi

**Á ráðstefnunni Þjóðarspegillinn 2015, sem haldinn var 30. október í Háskóla Íslands á vegum Félagsvísindastofnunar, fluttu þau Sigríður Hyldahl Björnsdóttir og Runólfur Smári Steinþórsson fróðlegt erindi um fyrirbærið landbúnaðarklasi.**

Erindið var unnið upp úr meistararitgerð Sigríðar í náminu Stjórnun og stefnumótun, við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands – en Runólfur var henni til aðstoðar í þeim skrifum. Sigríður segir að hún hafi í mörg ár starfað í matvælageiranum og þaðan sé áhuginn á málinu sprottinn. „Það má eiginlega segja að ég starfi sem kjötkaupmaður. Fjölskyldan hefur í um 70 ár rekið fyrirtækið Kjöthöllina sem afi minn, Christian Christensen, stofnaði árið 1944 og var fyrstu árin rekin á Klambratúni í Reykjavík.

Alla tíð höfum við lagt áherslu á að gera íslenskum landbúnaðarvörum hátt undir höfði og við höfum verið mjög ánægð með þær afurðir sem bændur framleiða hér á landi. Eftir að ég sat námskeiðið Samkeppnishæfni, sem er kennt í meistaranáminu við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands í samstarfi við stofnun Michaels Porter við Harvard Business School, langaði mig að skoða landbúnaðinn í ljósi fræða um klasa og samkeppnishæfni. Á sama tíma og ég var að leggja línurnar fyrir verkefnið frétti ég af því að til stæði að stofna samstarfsvettvang um landbúnaðarklasa sem vakti áhuga minn enn frekar á þessu viðfangsefni,“ segir Sigríður. Landbúnaðarklasinn var svo formlega stofnaður þann 6. júní á síðasta ári, en lítil starfsemi hefur farið fram á þeim vettvangi frá stofnfundi.

### *Landfræðilega afmarkaðar þyrpingar fyrirtækja og stofnana*

„Samkvæmt skilgreiningu Porters eru klasar „landfræðilega afmarkaðar þyrpingar fyrirtækja, birgja, þjónustuaðila, fyrirtækja í tengdum atvinnugreinum og stofnana sem tengjast innbyrðis en eru einnig í samstarfi,“ útskýrir Sigríður. „Hugmyndin um klasa byggir meðal annars á því að fyrirtæki njóti ákveðins ávinnings af því að staðsetja sig nálægt öðrum fyrirtækjum í tengdri starfsemi. Nálægðin skapar möguleika á sérhæfðari birgjum og kunnáttu auk þess sem það á sér stað svonefnt þekkingarflakk á milli aðila. Klasinn myndast í kringum ákveðna kjarnastarfsemi og allir aðilar í klasanum tengjast með einum eða öðrum hætti. Klasinn samanstendur ekki eingöngu af fyrirtækjum, heldur einnig opinberum yfirvöldum, menntastofnunum, aðilum úr fjármálageiranum og öðrum sem að atvinnugreininni koma. Bæði samkeppni og samvinna einkennir samband milli aðila innan klasa.



Sigríður Hyldahl Björnsdóttir.

Þegar talað er um klasaframtak er átt við samstarfsverkefni fyrirtækja, rannsókna- og menntastofnana, opinberra stofnana og annarra aðila með það að markmiði að auka vöxt og samkeppnishæfni tiltekins klasa. Verkefni klasaframtaks geta verið af ýmsum toga og þar má nefna tengslamyndun milli aðila innan klasans, að ýta undir stækkun klasans, hvatningu um samstarf milli aðila, stuðning við nýsköpun og vöruþróun og vinna að umbótum í viðskiptaumhverfinu.

Sem dæmi um erlent klasaframtak sem tengist matvælageiranum get ég nefnt Danish Food Cluster sem var stofnað árið 2013. Markmið þess framtaks er að hámarka möguleika innan greinarinnar til að vaxa á alþjóðlega vísu með því að skapa grundvöll fyrir nýsköpunarstarf og þekkingarmiðlun og laða að alþjóðleg fyrirtæki, sérfræðiþekkingu og fjárfesta,“ segir Sigríður.

### *Halda þarf áfram með landbúnaðarklasann íslenska*

Sigríður telur að miklir möguleikar séu fyrir hendi varðandi Landbúnaðarklasann íslenska. „Miðað við þann áhuga sem ég varð vör við bæði á stofnfundi Landbúnaðarklasans og í samtali við viðmælendur mína um þær væntingar sem þeir gerðu til slíks samstarfsvettvangs eru möguleikarnir miklir á slíkum vettvangi. Að mínu mati þyrfti að halda áfram því starfi. Öflugur klasastjóri gegnir lykilhlutverki við að koma starfinu af stað, miðla upplýsingum til þeirra sem teljast hluti af klasanum og byggja upp tengslanet milli þessara aðila. Leggja þarf áherslu á að samstarfið skapi annan vettvang en hefðbundin samtök innan landbúnaðarins hafa gert hingað til. Klasaframtakið hefur það hlutverk að starfa fyrir og í samstarfi við fyrirtæki sem vilja taka þátt í klasaverkefnum í samvinnu við önnur fyrirtæki í klasanum. Mikilvæg verkefni eru meðal annars að: efla samstarf milli klasaaðila, setja framtakinu markmið og vinna að stefnumörkun, örva vöruþróun og nýsköpunarstarf innan klasans, skapa tengsl við opinberar stofnanir sem koma að reglusetningu í atvinnugreininni og síðast en ekki síst að vinna að því að skapa klasanum sterka ímynd.

Að sögn Sigríðar gæti Landbúnaðarklasinn haft margvísleg jákvæð áhrif á landbúnaðinn og tengdar greinar. „Miðað við þær erlendu rannsóknir sem gerðar hafa verið á klösum þá hafa komið í ljós augljós og jákvæð tengsl á milli klasaþróunar og meðal annars nýsköpunar, framleiðni, atvinnusköpunar, vaxtar lítilla og meðalstórra fyrirtækja og útflutnings svo eitthvað sé nefnt,“ segir hún og bætir við að jákvæð áhrif innan klasans geti smitað út frá sér og haft jákvæð þjóðhagsleg áhrif. „Ef við lítum til dæmis á þau jákvæðu áhrif sem klasasamstarf getur haft á framleiðni. Ef klasastarfið er öflugt þá eiga fyrirtæki auðveldara aðgengi að sérhæfðu og reyndu starfsfólki. Nálægð við sérhæfða birgja getur haft jákvæð áhrif á viðskiptakostnað fyrirtækja. Staðbundin samkeppni getur virkað sem hvatning fyrir fyrirtæki til að standa sig vel og drífur metnaðarfull fyrirtæki áfram til að ná betri árangri en samkeppnisaðilar þess. Í þessu umhverfi verður til ákveðið hreyfiafl sem getur ýtt undir nýsköpun og þróun.“

Í rannsókninni í tengslum við ritgerðarsmíðina ræddi Sigríður við nokkra aðila innan klasans og þar kom fram að ýmsar væntingar hefðu verið gerðar til klasaframtaksins. „Viðmælendur voru allir sammála því að mjög brýnt væri að efla rannsóknar- og þróunarstarf og til lengri tíma litið væri það eitt brýnasta verkefnið til eflingar landbúnaðarins.

Viðmælendur sáu fyrir sér samstarf aðila innan klasans á fjölmörgum sviðum. Meðal annars var nefnd samvinna í almannatengslum og kynningarstarfi, í að byggja upp traust erlendra birgja á Íslandi, í samningum um flutninga og um stefnumótun í landbúnaðarmálum.

Allir viðmælendurnir sögðu að mikilvægt væri fyrir greinina að efla ásjónu og ímynd hennar og gera hana sýnilegri. Almennt töldu viðmælendurnir mikinn grundvöll vera fyrir starfsemi klasaframtaks og bundu vonir við að starfseminni myndi vaxa ásmegin.“

Í erindi Sigríðar kom fram að nú þegar megi greina ákveðnar klasamyndanir í landbúnaði – eða klasastarf. „Sem dæmi um það má nefna Ferðaþjónustu bænda, Beint frá býli og Matarkistu Skagafjarðar,“ segir hún. „Í meistaraverkefninu var landbúnaðurinn sem klasi kortlagður og svokallað klasakort teiknað upp. Klasakort er notað til að skilgreina kjarnastarfsemi klasans, greina aðkomu opinberra stofnana, meginþjónustuaðila, rannsókna- og menntastofnanir stuðningsaðila og fyrirtækja í tengdum klösum. Ég setti kortið upp eins og ég sá það fyrir mér en ég veit ekki til þess að það hafi verið teiknað upp áður. Við uppsetningu á kortinu hafði ég greiningar Porters til viðmiðunar. Kortið sýnir að kjarnastarfsemi og uppspretta verðmætasköpunar í landbúnaðarklasanum liggur í framleiðslu á landbúnaðarvörum, bæði hjá bændunum sjálfum og í afurðavinnslu mjólkur, kjöts og annarri framleiðslu.

Staðsetning skiptir miklu máli varðandi klasamyndun en hugmyndafræðin um klasa bendir til að mikill hluti af samkeppnisforskotinu liggi í ytra umhverfi fyrirtækja og þar er litið til staðsetningar sem meginuppsprettu forskotsins.“

Sigríður segir að þegar hún hafi skrifað ritgerðina hafi hún haft það í huga að starfsemi framtaksins Landbúnaðarklasinn var í upphafsskrefunum. Hún hafi séð það fyrir sér að það væri hægt að styðja við þau skref með því að kafa aðeins ofan í efnið, gera greiningu á klasanum og gefa yfirsýn yfir þessi fræði. */smh*

STRÚKTÚR
Byggðu þinn STRÚKTÚR á traustum grunni
Stálgrindarhús - Yleiningar - Límtré


Við finnum lausn sem hentar Þér!
| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Hraðastöðum IV | 271 Mosfellsbæ | Sími: 696 0008 & 860 0264 |










Ellefu dægurlög er fyrsta sólóplata **Grétars Örvarssonar** og hefur fengið frábærar viðtökur. Hér flytur hann ásamt landsþekktum tónlistarmönnum og söngkonum þekkt dægurlög í nýjum og skemmtilegum útsetningum.
Grétar sýnir hér á sér nýja hlið sem söngvari og útkoman er sérlega vönduð og ljúf geislaplata sem unnendur fallegra dægurlaga ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

Sölustaðir: **Nettó, Samkaup, Hagkaup, Penninn-Eymundsson**

Einnig er hægt að panta diskinn áritaðan með því að senda email á **baxehf@gmail.com**

australian tea tree

# Bakteríu-drepandi krem og sápa

Bakteríudrepandi, græðandi og mýkjandi Tea Tree krem og sápa fyrir þurrar og sárar hendur.

Frábært "bænda" krem og sápa fyrir húð sem er undir miklu álagi.

Fæst í **Lyfju** og **Apótekinu** um allt land.




Kynning verður í **Lyfju Blöndósi** fimmtudaginn **9. Júlí** frá kl. **12-17** og **Lyfju Sauðárkróki** föstudaginn **10. Júlí** frá kl. **14-17**. **20% afsláttur** er veittur á meðan kynningu stendur á **Tea Tree** og **Dr. Organic**.

**Bændablaðið**
**Næsta blað kemur út 3. desember**




Snjómokstur er erfitt og tímafrekt verk. Það er þess vegna sem Honda hefur eytt yfir 30 árum í að hanna og þróa hágæða snjóblásara sem standast mikið álag. Með afkastagetu allt frá 29 - 140 tonnum af snjó á klukkustund, þá finnur þú hágæða Honda snjóblásara sem hæfir þínu verki. Í fjölbreyttri vörulínu Honda er að finna margar nýjar og framúrskarandi eiginleika auk einkaleyfisbundna tækni, sem gerir þér kleyft að hreinsa snjó á eins einfaldan, hagkvæman og skilvirkan máta og mögulegt er.

Rétt eins og allar vörur frá Honda eru snjóblásararnir hannaðir á mjög umhverfisvænan máta og þar af leyðandi eru þeir eyðslugrannir, lág útblástursgildi og hljóðlátir. Honda snjóblásrara eru gerðir til að hreinsa mikið magn af snjó á sem léttastan máta.

**HONDA SNJÓBLÁSARAR**
**VERÐ FRÁ KR. 199.870**

HONDA BERNHARD
www.honda.is Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is







Kerruvarahlutir og efni nýsmíði



**Topplausnir**
www.Topplausnir.is - S: 5177718

# STEKKUR

## Reykjavíkurdraugar

**Í Reykjavík eru nokkur hús sem þekkt eru fyrir draugagang og mörg** önnur þar sem menn telja sig hafa orðið vara við eitthvað skrýtið og óútskýranlegt.

Sagt er að Arndal, fyrsti húsvörðurinn í húsi Kennaraháskólans við Stakkahlíð, gangi þar aftur. Almennt er hann talinn góðviljaður og gangi hægt um, það er einna helst að menn heyri frá honum kamelhósta annað slagið.

Á meðan menntamálaráðuneytið var til húsa við Hverfisgötu er sagt að ritvélar ráðuneytisins hafi stundum farið að pikka sjálfar eftir að rökkva tók og fámennt var í húsinu.

Höfði er líklega frægasta draugahús í Reykjavík. Húsið var reist 1909 sem íbúðarhús fyrir franska konsúlinn á Íslandi. Einar Benediktsson, skáld og framkvæmdamaður, bjó í húsinu um tíma og vilja margir tengja reimleikana við fylgju hans. En það er ekki fyrir en um 1950 að verulega fer að bera á draugagangi í Höfða og gekk svo mikið á um tíma að sendiherra Breta sem bjó þar flutti út og seldi húsið. Síðan hafa ýmsir þóst verða varir við eitthvað á sveimi í Höfða. Höfðadraugurinn er líklega frægastur íslenskra drauga þar sem hann var mikið í erlendum fjölmiðlum meðan á fundi þeirra Reagans og Gorbatsjof stóð.

Líkhús franska spítalans í Reykjavík stóð við Lindargötu þar sem Tónmenntaskólinn er nú til húsa. Sagan segir að utanbæjarmaður sem nýkominn var í bæinn hafi verið á ferð um Lindargötu í leit að gistingu. Mætir hann konu sem gefur í skyn að hann eigi að fylgja sér og gerir hann það. Konan vísar honum inn í lítið hús og bendir honum á rúm, eða öllu heldur borð, sem hann geti lagt sig á. Síðan fer hún. Maðurinn telur sig lánsaman að fá svefnstað en heldur þótti honum kalt í húsinu. Skömmu eftir að hann leggst til hvílu finnst honum eins og konan komi aftur inn í húsið og skiptir engum sköpum að hún ræðst á hann og reynir að hafa hann undir. Takast þau á alla nóttina og seinna sagði maðurinn að hann hafi verið dauðhræddur um að hún myndi drepa sig. Undir morgun tekst þó manninum að losa sig undan taki konunnar og sleppa út. Hann fór strax til lögreglunnar og sagði sögu sína og var honum fylgt að húsinu. Þegar þangað var komið og saga hans athuguð nánar fannst lík konu, sem látist hafði daginn áður, liggjandi á gólfinu og greinileg merki um átök.

Í febrúar árið 1953 áttu sér stað hörmulegir atburðir í húsinu að Suðurgötu 2 í Reykjavík. Húsbóndinn á heimilinu, sem var 35 ára gamall lyfjafræðingur, eitraði fyrir konu sinni, sjálfum sér og þremur börnum sem voru á aldrinum þriggja til sex ára. Á náttborði húsbóndans fannst glas merkt Eitur og bréf frá honum. Í bréfinu stóð að hann væri dauðvona vegna veikinda og að hann gæti ekki hugsað sér að skilja konuna og börnin eftir. Dillonshús var á sínum tíma flutt upp á Árbæjarsafn og hafa starfsmenn safnsins oft orðið varir við umgang og óróleika í því. /VH

UMHVERFISMÁL & LANDBÚNAÐUR



Ari Trausti Guðmundsson
Jarðfræðingur og rithöfundur



Hve mikið af t.d. olíu, vatni og náttúrugæðum fer í að framleiða, neyta og farga þessari vöru? Mynd / BBL

# 300 lítrar af olíu fyrir eitt kíló kjöts – 6. grein

I Í verksmiðjukenndum stórbúum Bandaríkjanna segja fjölmiðlar að 300 lítra af olíu og nokkur tonn af vatni þurfi til að koma einu kílógrammi af „prime beef"-nautalund til neytanda í New York. Ég hef engar forsendur eða leiðir til að sannreyna upplýsingarnar. Ef þær eru nærri lagi, jafnvel aðeins til hálfs, verður að telja litla glóru í svona búháttum. En hvað þá með okkur hér heima á Fróni? Vitum við hvað þarf mikið af olíu eða vatni til þess að framleiða eitt kílógramm af vinsælustu íslensku kjöttegundunum? Eða af agúrkum og byggi? Nei. Til þess er þá kominn tími. Ein leiðanna er sú að greina hvern þátt framleiðslunnar og meta fjölþætt umhverfisáhrifin sem hlutlægast. Í umhverfisverkfræði og meðal þeirra sem sinna hönnun eða framleiðslu eru til hugtök eins og vistspor, kolefnisspor og vistferilsgreining – life cycle assessment (LCA) á ensku.

II Ef gerð er vistferilsgreining (LCA) á þorskveiðum með botnvörpu og handfærum er fyrirfram augljóst hvor aðferðin hefur stærra vistspor. Engu að síður er gagnlegt að sjá stærðina/muninn, eða öllu heldur umhverfisafleiðingar veiðanna, hvað sem nokkurri og eðlilegri óvissu í mati og útreikningum líður. Visferilsgreiningar eru sem sé notaðar til að meta umhverfisáhrif vöru, framleiðsluferils eða þjónustu „frá vöggu til grafar". Markmiðið er m.a. að meta hvar í ferli hverrar vöru, ferils eða þjónustu mestu neikvæðu umhverfisáhrifin verða og hvernig megi haga hönnun vörunnar og framleiðslu þannig að þau séu lágmörkuð. Svona greiningu má t.d. nota til þess að bera saman mismunandi valkosti; segjum framleiðslu á repju eða annarri jurt til að framleiða lífdísil. Aðferðafræðin felur í sér skilgreiningu á markmiði, aðgerðareiningu og svokölluðum kerfismörkum. Hún felst í útreikningum á notkun auðlinda og losun efna til andrúmslofts, vatns og jarðvegs og að endingu túlkun niðurstaðna og næmnigreininga. Aðferðir geta verið nokkuð ólíkar og til er hugbúnaður til að vinna með. Að greiningu lokinni eru niðurstöður túlkaðar og settar fram eftir skilgreindum reglum svo ljóst sé öllum hverjar niðurstöður eru. Langi einhvern að skoða nokkuð stutta skýrslu um LCA á plasti má benda á þessa: http://www.urvinnslusjodur.is/media/skyrslur/Visferilsgreining_fyrir_umbudir_-_lokaskyrsla_18_04_2006.pdf

III Heildræn hugsun eins og sú sem liggur að baki vistferilsgreiningu er fremur ný af nálinni. Þegar mengun lofts í þéttbýli, svo eitthvað sé nefnt, skortur á hreinu vatni og eyðing efna með urðun í stað endurvinnslu tók að valda mönnum bæði áhyggjum og fjártapi, var LCA þróuð. Við gerð lífsferilsgreiningar eru ýmis álitamál og erfitt getur verið að meta hlutlægt einhvern greiningarþátt eða mörk sem einhverju matskerfi eru sett, einfaldlega vegna vafa eða tvímælis. Vistspor eða kolefnisspor eru aftur á móti metin/ákvörðuð eftir því hversu mikið af náttúrugæðum eru notuð við að búa til og nota tiltekna vöru og hversu miklum úrgangi eða mengun skilað er út í umhverfið við notkun hennar eða neyslu. Vistspor geta varðað bara einn þátt, t.d. vatnsnotkun, líkt og kolefnisspor, en vistspor er einnig hægt að ákvarða með fleiri breytum.

IV Ef ætti að kanna vistferil landbúnaðarvöru, t.d. íslensks camembert-osts, er að mörgu að hyggja. Hvar byrjum við? Reynum að ímynda okkur langan lista: Ferill mjólkurkýr frá kálfi til mjólkandi dýrs, framleiðsla og flutningur fóðurs, fóðrunin sjálf, mjaltir, fjósaðvöl, umsýsla með kúnni, vatnsöflun og hversu mjaltir, geymsla mjólkur, mjólkurflutningar, mjólkurvinnsla við ostagerð, ostagerðin sjálf, pökkun, flutningur vörunnar o.s.frv. Svo mætti vinna það sama fyrir sambærilegan franskan ost, bæði heima fyrir og hingað kominn. Hvor ætti sér umhverfisvænni vistferil? Ef íslensk agúrka og hollensk væri tekin svona „í bakaríið", hvað ætli þá kæmi út? Í sumum tilvikum er vistferilsgreining mun flóknari en ella. Til dæmis væri því eflaust þannig varið þar sem frjáls afréttarbeit sauðfjár og umhverfisáhrif hennar, auk smölunar væri tekin með í reikninginn.

V Væntanlega myndu vistferilsgreiningar fyrir margar af lykilvörum íslensks landbúnaðar ekki aðeins vera forvitnilegar heldur og mikilvægar til samanburðar á þeim og innfluttum vörum. Þar koma oft langar flutningsleiðir og orkufrekur flutningur til sögu. Framlögð slík greining eða upplýsingar um vistspor eða kolefnisspor nokkurra vara hefðu skýr áhrif á umræðu um innflutning landbúnaðarvara í einn stað og heimafenginn bagga í annan. Útilokað er að skella skollaeyrum við umhverfistengda gagnrýni á innflutning landbúnaðarvöru. Ástæðan er einföld: Það er í hag almennings að vinna gegn umhverfisvá af völdum kolefnislosunar, ekki síður en það er honum hagfellt að geta keypt erlenda og innflutta matvöru á hagstæðu verði. Þá er einmitt meira falið í orðinu „hagstæðu" en allsberar krónur og jafn berstrípaðir aurar. Í orðinu leynist ávinningur af því að reiða ekki fram nautakjötið sem nefnt var hér að ofan með ókjörum af dísilolíu, og losun gróðurhúsagasa, misgrænni raforku, korni, vatni, metanlosun og plastförgun, heldur nærtækari og umhverfisvænni vöru. Allt leiðir þetta hugann að svokölluðu grænu bókhaldi helstu fyrirtækja í framleiðslu, innflutningi og sölu landbúnaðarafurða á Íslandi. Best að auglýsa eftir því.

## Ný náttúruverndarlög taka gildi:

# Talin skýra leikreglur um framkvæmdir

**Ný náttúruverndarlög tóku gildi 15. nóvember. Gildistakan er á grundvelli frumvarps umhverfis- og auðlindaráðherra, sem samþykkt var á Alþingi.**

Í lögunum er Almannaréttur festur í sessi, en jafnframt eru ítarlegri ákvæði um heimildir til að takmarka umferð á grundvelli nýtingar landeigenda og í verndarskyni.

Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, mælti í upphafi haustþings fyrir frumvarpi um breytingar á náttúruverndarlögunum eftir samráð við hagsmunaaðila og umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Markmiðið var að efla náttúruvernd í landinu og framkvæmd hennar, skýra betur leikreglur um hvers konar framkvæmdir og nýtingu sem áhrif hafa á náttúruna og ná um þær víðtækri samstöðu.



**Námafjall.** Mynd / HKr.

***Ýmsar umbætur frá fyrri lögum***

Með samþykkt frumvarps ráðherra og gildistöku nýrra náttúruverndarlaga er því tekið stórt skref við að styrkja náttúruvernd í landinu og skilgreina betur þær reglur sem lúta að nýtingu hennar til framtíðar.

Lögin sem tóku gildi 15. nóvember síðastliðinn eru afrakstur vinnu sem staðið hefur í langan tíma við að endurskoða núgildandi lög frá 1999. Með nýjum náttúruverndarlögum verða fjöldamargar umbætur. Þar má nefna að sett eru fram skýr verndarmarkmið, ýmsar meginreglur umhverfisréttar eru lögfestar, þar með talin varúðarreglan og það útfært hvernig henni skuli beitt.

Almannaréttur er festur í sessi, en jafnframt eru ítarlegri ákvæði um heimildir til að takmarka umferð á grundvelli nýtingar landeigenda og í verndarskyni.

Bráðarbirgðaákvæði er við lögin um að vinna skuli frekar að ákvæðum er taki á stýringu ferðaþjónustunnar með hliðsjón af reglum almannaréttar á grundvelli náttúruverndar og nauðsynlegrar auðlindastýringar sem nýting ferðaþjónustunnar á náttúrunni hefur óhjákvæmilega í för með sér. /VH

Flutningskerfi raforku:

# Áætlun um uppbyggingu 2015–2024

**Í framhaldi af umfangsmiklu kynningar- og samráðsferli við hagsmunaaðila og almenning hefur Landsnet nú lokið vinnu við kerfisáætlun 2015–2024 og umhverfisskýrslu kerfisáætlunar. Hefur áætlunin verið send Orkustofnun til samþykktar, í samræmi við þær breytingar sem Alþingi gerði á raforkulögum í vor.**

Tveir meginvalkostir, þ.e. tenging yfir miðhálendið eða aðgerðir við núverandi byggðalínu, eru settir fram í kerfisáætluninni um uppbyggingu raforkukerfisins. Á grundvelli þessara tveggja aðalvalkosta eru svo lagðar til níu mismunandi útfærslur með blöndu af nýjum línum og spennuhækkun á eldri línum þar sem nýjar línur geta ýmist verið loftlínur eða jarðstrengir, allt eftir aðstæðum samkvæmt nýlega samþykktri stefnu stjórnvalda í þeim efnum.

Mikil vinna hefur verið lögð í kerfisáætlun Landsnets, sem er annars vegar langtímaáætlun til 10 ára um framtíðaruppbyggingu flutningskerfis raforku og hins vegar framkvæmdaáætlun til næstu þriggja ára. Hefur ferlið einkennst af umfangsmiklu samráði við bæði sveitarfélög, raforkuframleiðendur og -kaupendur, fagstofnanir og félagasamtök og bárust 59 ábendingar og erindi frá hagsmunaaðilum og almenningi þegar leitað var eftir athugasemdum við tillögu að kerfisáætlun og drögum að umhverfisskýrslu frá 7. maí til 18. september 2015.






**Til sölu úr landnámsjörðinni Skeggjastöðum í Mosfellsdal, við Leirvogsána undir Esjurótum, tvær íbúðir í mikið endurnýjuðu steinsteyptu húsi.**

Annars vegar **231 fm 5 herbergja hæð með bílskúr** og hins vegar **73 fm tveggja herbergja íbúð með sér inngangi.** Að auki fylgja **tvær skemmur 588 fm hvor** og sökkull undir þá þriðju. Draumastaðsetning hvort sem er sem einkaheimili eða undir rekstur ferða- eða frístundaþjónustu.

**Laus til afnota við samning.**

Húsið stendur á þriggja hektara landi sem skiptist til helminga milli tveggja eigenda en að auki er möguleiki á að kaupa fimmtíu hektara aðliggjandi landsvæði.

Nánari upplýsingar :

Sími **841-6622** og á **skeggi@simnet.is**
Facebook síða : **Skeggjastaðir ehf**



## Til sölu

**Tilboð óskast í ríkisjörðina Litla Kamb í Snæfellsbæ**



**20092 – Litli Kambur í Snæfellsbæ**

Um er að ræða ríkisjörðina Litla Kamb í Snæfellsbæ í hinni fögru sveit Breiðuvík. Jörðin er talin vera u.þ.b. 190 ha að stærð, þar af u.þ.b. 80 ha neðan við þjóðveginn. Gömul tún eru skráð 16,2 ha.

Fasteignir jarðarinnar eru gamlar, byggðar á árunum 1940 – 1979. Um er að ræða íbúðarhús sem þarfnast endurbóta og fimm nýtanleg útihús. Ástand tveggja útihúsa telst þokkalegt og ástand þriggja útihúsa lélegt. Auk þess er eitt ónýtt útihús.

Samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá Íslands – fasteignaskrá er brunabótamat samtals kr. 60.917.000,- og fasteignamat fasteigna er kr. 16.910.000,-

Réttur til efnistöku umfram búsþarfir, sem og öll vatns- og jarðhitaréttindi eru undanskilin við söluna, sbr. 40. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Jörðin er til sýnis í samráði við Hjört Sigurðsson, Stóra Kambi, í síma 894 7028 virka daga milli kl. 15 og 18.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík í síma 530 1400.

Tilboðseyðublöð liggja frammi á sama stað ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði. Sjá einnig nánari upplýsingar á heimasíðu Ríkiskaupa **www.rikiskaup.is**

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík fyrir kl. 10.00 þann 1. desember 2015 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



## JEPPADEKK Á BETRA VERÐI

*Nú þurfa dekk ekki lengur að vera fyrirstaða þess að ævintýrin rætist...*
*Við erum að tala um gæði á verði sem þú hefur aldrei séð áður!*
*Leggðu Gripmax á minnið.*

GRIPMAX
FREEDOM FOR ADVENTURE




**MT** GRIP MAX MUD RAGE

| STÆRÐ | VERÐ KR. |
|---|---|
| 15" 31 / 10,5 | 99.900,- |
| 15" 32 / 11,5 | 119.900,- |
| 15" 33 / 12,5 | 139.900,- |
| 15" 35 / 12,5 | 179.900,- |
| 16" 265 / 75 | 129.900.- |
| 16" 305 / 70 | 169.900,- |
| 16" 315 / 75 | 169.900,- |
| 17" 285 / 70 | 169.900,- |

**AT** GRIP MAX ALL TERRAIN

| STÆRÐ | VERÐ KR. |
|---|---|
| 15" 235 / 75 | 79.900,- |
| 16" 225 / 70 | 79.900,- |
| 16" 265 / 70 | 99.900,- |
| 16" 265 / 75 | 109.900.- |
| 17" 245 / 65 | 99.900,- |
| 17" 265/ 70 | 119.900,- |
| 17" 275 / 65 | 124.900,- |
| 18" 265 / 60 | 129.900,- |

**AS** GRIP MAX ALL SEASON

| STÆRÐ | VERÐ KR. |
|---|---|
| 16" 225 / 70 | 74.900,- |
| 16" 235 / 70 | 79.900,- |
| 16" 265 / 75 | 99.900.- |
| 17" 265 / 70 | 99.900,- |

**MS** GRIP MAX MUD & SNOW

| STÆRÐ | VERÐ KR. |
|---|---|
| 18" 235 / 60 | 89.900,- |
| 19" 255 / 50 | 114.900,- |
| 19" 265 / 50 | 119.900,- |
| 20" 275 / 40 | 129.900,- |

Dalbrekku 17
200 Kópavogi
Sími: 55 33 100

Dekkjahúsið

*ÞETTA ER AÐEINS BROT AF VÖRUÚRVALI OKKAR - NÁNAR Á WWW.DEKKJAHUSID.IS*

HROSS & HESTAMENNSKA

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com






Aðstandendur tíu hrossaræktarbúa tóku við viðurkenningum fyrir góðan árangur í ár. Bændablaðið birti yfirlit yfir árangur búanna í síðasta tölublaði. Myndir / GHP

## Hrossaræktarárið 2015 gert upp á ráðstefnu Fagráðs í hrossarækt:

# Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar ræktunarbú ársins 2015

**Árleg hrossaræktarráðstefna Fagráðs í hrossarækt fór fram í Samskiptahöllinni, reiðhöll hestamannafélagsins Spretts í Kópavogi, laugardaginn 7. nóvember sl. Hrossaræktarárið 2015 var gert upp, framúrskarandi ræktunarbú voru heiðruð, ásamt afkvæmahryssu og hæst dæmdu einstaklingum ársins. Þá var flutt áhugavert erindi um markaðssetningu íslenska hestsins.**

Þorvaldur Kristjánsson, ábyrgðarmaður hrossaræktar hjá RML, fór yfir hrossaræktarárið 2015 í máli, tölum og myndum. Fram kom að hross sem koma til dóms fer fækkandi, í ár komu 937 hross fram í ár en 1.152 dómar voru kveðnir upp. Á meðan fjölgar knöpum sem sýna hross en þeir voru 194 í ár og þykir það ánægjuleg þróun hve margir ungir knapar sjá sér fært að sýna hross í kynbótadómi. Um 40% dæmdra hrossa voru 4 og 5 vetra, en meðalaldur hrossa í dómi var 6,03 ár. Alls hlutu 47% dæmdra hrossa aðaleinkunnina 8,00 eða hærra en hlutfallið hefur farið hækkandi á undanförnum árum. Alls voru 25% dæmdra hrossa klárhross og er hlutfallið svipað og fyrri ár.

Þá kom fram í máli Þorvaldar að fjöldi fæddra folalda hefur fækkað jafnt og þétt frá árinu 2010. Árið 2014 fæddust um 5.400 folöld samkvæmt WorldFeng, upprunaættbók íslenska hestsins, miðað við yfir 8.000 folöld árið 2010. Einnig kom fram í máli Þorvaldar að fjöldi afkvæmafeðra sé að fækka og mikil notkun á ósýndum hrossum sé varhugaverð.

### *Tvöfaldur ræktunarsigur*

Tíu hrossaræktarbú voru tilnefnd til árlegrar heiðursviðurkenningar Bændasamtaka Íslands, ræktunarbú ársins, og veittu aðstandendur þeirra viðurkenningunum viðtökur. Þessi bú eru Brautarholt, Flagbjarnarholt, Hof I, Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar, Miðás, Stóra-Vatnsskarð, Torfunes, Ytra-Vallholt, Þóroddsstaðir og Þúfur. Grein um árangur ræktunarbúanna má nálgast í 20. tölublaði Bændablaðsins.

Það var svo ræktunarbú Olil Amble og Bergs Jónssonar, Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar, sem hlutu titilinn Ræktunarbú ársins 2015. Þetta er í þriðja sinn sem ræktunarbúið hlýtur titilinn en í ár hlutu 14 hross frá búinu fullnaðardóm. Meðalaldur hrossanna er 4,86 ár og meðaleinkunn hrossa með fullnaðardóm 8,05. Ræktunarbúið hlaut einnig viðurkenningu Landssambands hestamannafélaga fyrir ræktun keppnishesta á Uppskeruhátíð hestamanna, en þetta er í fyrsta sinn sem sama búið hlýtur þessa tvo titla.



Þorvaldur Kristjánsson hélt áhugavert erindi um hrossaræktarárið 2015.



Aðstandendur heiðursverðlaunahryssunnar Stjörnu frá Kjarri tóku á móti verðlaunum. Frá vinstri Helgi Eggertsson, Helga Ragna Pálsdóttir, hrossaræktendur í Kjarri og eigendur Stjörnu, Garðar Einarsson, ræktandi hennar og Sveinn Steinarsson, formaður Félags hrossabænda, sem afhenti þeim verðlaunin.



Daníel Jónsson hlaut verðlaun fyrir sýningu á því hrossi sem hlaut hæstu hæfileikaeinkunn ársins. Glóðafeykir frá Halakoti hlaut 9,04 fyrir kosti í vor sem var hæsta hæfileikaeinkunn heims í ár. Þetta er þriðja árið í röð sem Daníel hlýtur þessi verðlaun.



Stóðhesturinn Andvari frá Auðsholtshjáleigu er hæst dæmda hross ársins eftir aldursleiðréttingu. Hér er hann á Heimsmeistaramótinu í Herning í sumar. Knapi er Árni Björn Pálsson.



Páll Imsland hélt erindi um litförótt hross um leið og hann afhenti aðstandendum Maju frá Búðardal, hæst dæmdu litföróttu hryssu ársins, veglegan farandgrip.



Góður rómur var gerður að erindi Guðnýjar Káradóttur frá Íslandsstofu um markaðssetningu íslenska hestsins.

### *Andvari hæst dæmda hross ársins*

Aðstandendur heiðursverðlaunahryssunnar Stjörnu frá Kjarri tóku við Glettubikarnum. Stjarna er eina hryssan sem uppfyllti lágmörk til heiðursverðlauna eftir uppfærslu kynbótamats í ár en hún er með 117 stig í aðaleinkunn kynbótamats og á 5 dæmd afkvæmi. Grein um Stjörnu má nálgast í 21. tölublaði Bændablaðsins.

Stóðhesturinn Andvari frá Auðsholtshjáleigu er hæst dæmda hross ársins eftir aldurs-eiðréttingu og tóku ræktendur hans, Gunnar Arnarson og Kristbjörg Eyvindsdóttir, við verðlaunum. Andvari er undan Gára frá Auðsholtshjáleigu og Fold frá Auðsholtshjáleigu. Hann hlaut 8,61 í aðaleinkunn kynbótadóms í vor og var fulltrúi Íslands á Heimsmeistaramótinu í Danmörku síðsumars þar sem hann stóð efstur 5 vetra stóðhesta. Hann hlaut 8,74 fyrir byggingu og 8,52 fyrir kosti, þar af einkunnina 9 fyrir háls/herðar/bóga, samræmi, fótagerð, prúðleika, stökk og vilja og geðslag. Eftir aldursleiðréttingu stendur Andvari með aðaleinkunnina 8,76.

Daníel Jónsson hlaut verðlaun fyrir sýningu á því hrossi sem hlaut hæstu hæfileikaeinkunn ársins. Glóðafeykir frá Halakoti hlaut 9,04 fyrir kosti í vor sem var hæsta hæfileikaeinkunn heims í ár en Glóðafeykir var einnig fulltrúi Íslands á Heimsmeistaramótinu í Danmörku þar sem hann sigraði flokk elstu stóðhesta. Glóðafeykir hlaut 8,75 í aðaleinkunn, þar af einkunnina 9,5 fyrir tölt, brokk og vilja og geðslag. Þetta er þriðja árið í röð sem Daníel hlýtur þessi verðlaun.

### *Marka stefnu til styrktar ímynd hestsins*

Páll Imsland hélt áhugaverða tölu um stöðu og horfur í ræktun á litföróttu litmynstri í íslenskum hrossum. Þá afhenti hann aðstandendum Maju frá Búðardal sérstakan farandgrip, sem komið var á fót árið 2013. Maja er jarplitförótt undan Smyrli frá Hamraendum og litföróttri hryssu, Lukku frá Búðardal. Maja hlaut 8,27 í aðaleinkunn þegar hún var sýnd í vor, 8,08 fyrir byggingu og 8,39 fyrir kosti. Eigendur Maju eru frá Finnlandi en þjálfari hennar og knapi, Reynir Örn Pálmason, veitti farandgripnum viðtöku. Þetta er annað árið í röð sem Maja hlýtur þessi verðlaun.

Góður rómur var gerður að kynningu Guðnýjar Káradóttur frá Íslandsstofu, um markaðssetningu íslenska hestsins. Þar kynnti hún niðurstöður úr sameiginlegu markaðsverkefni Félags hrossabænda, Landssambands hestamannafélaga og annarra hagsmunaaðila. Tilgangur verkefnisins var að marka stefnu og gera aðgerðaáætlun sem hefur það að markmiði að styrkja ímynd íslenska hestsins með samhæfðum skilaboðum og kynningarstarfi. Fram kom í máli Guðnýjar að vilyrði sé fyrir 25 milljóna króna opinberum styrk á móti mótframlagi frá hagsmunaaðilum verkefnisins og sköpuðust nokkrar umræður um fjármögnun verkefnisins.



# Lumar þú á mynd innan úr baðstofu?

**Það er ekki nema rúmlega mannsaldur síðan þorri Íslendinga bjó í baðstofum. Þessi húsakynni voru aðal íveruhús torfbæjanna og meginumgjörðin fyrir daglegt líf íbúanna. Baðstofan var löngum vagga íslenskrar menningar og hún sjálf, sem hjarta gömlu torfbæjanna, eitt merkasta menningarframlag Íslendinga og norðurhjarans. Allmargir núlifandi Íslendingar hafa haft beina reynslu af baðstofulífinu og muna enn þessar einstöku og fallegu stofur.**

Íslenski bærinn að Austur-Meðalholtum í Flóahreppi, ( www.islenskibaerinn.is) er stofnun sem hefur það að meginmarkmiði að rannsaka og sýna margvíslegar hliðar á torfbæjararfinum. Þessi stofnun hefur verið í uppbyggingu áratugum saman og á síðasta ári var opnuð í nýjum sýningarsal all yfirgripsmikil sýning um íslenska torfbæjararfinn, sýning sem er mikilvægur áfangi frekari uppbyggingar, rannsókna og sýningarhalds.

Um þessar mundir er að hefjast undirbúningur að yfirlitssýningu og bókarútgáfu þar sem sjónum verður sérstaklega beint að baðstofunni. Markmið þessa verkefnis er að safna saman öllum þekktum og tiltækum myndum sem til eru innan úr baðstofum. Til þessara mynda teljast allar myndir; teikningar, málverk og sérstaklega ljósmyndir sem sýna baðstofurýmið eða einhvern hluta þess.

Mjög fáar myndir eru til innan úr íslensku baðstofunni. Á blómatíma þeirra voru ljósmyndavélar tiltölulega fágætar og birtuskilyrði óhagstæð þáverandi ljósmyndatækni. Nokkrar þekktar myndir eru þó til af íslensku baðstofunni. En mjög líklega gætu enn leynst góðar myndir hjá einstaklingum víðs vegar um land sem ástæða væri til að skoða og koma á framfæri í réttu samhengi. Hér með leitum við hjálpar almennings. Fólk sem sér þennan pistil, á eða veit um mynd eða lýsingu af baðstofu er vinsamlega beðið að hafa samband við Hannes Lárusson: islenskibaerinn@islenskibaerinn.is síma 694-8108 eða Guðmundu Ólafsdóttur: guo22@hi.is síma 846-9775.

Öll úrvinnsla myndefnis og upplýsinga verður í samræmi við bestu hefðir.

Verkefni þetta er samstarfsverkefni Íslenska bæjarins og Guðmundu Ólafsdóttur, nemanda í safnafræði, og er þessi myndasöfnun jafnframt hluti af lokaritgerð hennar í safnafræði.

# Gaumur með heiðursverðlaun

***Í grein í 21. tölublaði Bændablaðsins var sagt að enginn stóðhestur uppfyllti lágmörk til heiðursverðlauna eftir að kynbótamat var uppfært í haust. Það er rangt og er hér með leiðrétt.***

Gaumur frá Auðsholtshjáleigu uppfyllir lágmörkin, en hann er með 118 stig í aðaleinkunn kynbótamats og á 62 dæmd afkvæmi. Gaumur er 14 vetra undan Orra frá Þúfu og Hildi frá Garðabæ. Ræktandi hans og eigandi er Gunnar Arnarson. Gaumur hlaut 1. verðlaun fyrir afkvæmi á Landsmótinu 2012 en mun hljóta heiðursverðlaun sín á Landsmótinu á Hólum næsta sumar.

Beðist er velvirðingar á mistökunum.





www.n1.is facebook.com/enneinn



ÍSLENSKA/SIA.IS ENN 76795 11/15

# Hugsaðu um búnaðinn í vetur



**Skjólgóður kuldagalli**
Vnr. 9616 K2 2001
Vatteraður með cordura-efni á álagsflötum. Rennilásar á skálmum og hægt að leysa frá hettuna.
**Verð 23.900 kr.**



**K2 kuldajakkinn**
Vnr. 9616 K2 2005
Vatteraður með hettu sem hægt er að smella af. Litir: Grár/Svartur. Stærðir: S–4XL
**Verð 12.900 kr.**



**Banner Power Bull**
Vnr. 581 P9504
Power Bull 95Ah 720A H+. Þessi rafgeymir er með nútíma kalsíum tækni og býr yfir extra krafti og öryggi.
**Verð 33.446 kr.**



**Banner Bull Charger 5**
Vnr. 581 1240005030
Algjörlega sjálfvirkt 12 volta 5 ampera hleðslutæki/vaktari sem mælir, viðheldur og vaktar rafgeyminn.
**Verð 22.340 kr.**



**Scangrip Sensor ennisljós**
Vnr. 893 03.5025
Öflugt og sterkt ennisljós með snertilausum rofa. 90 lumen, IP54 vottað.
**Verð 5.879 kr.**



**K2 kuldabuxur**
Vnr. 9616 K2 BX6023
Vatteraðar kuldabuxur með smekk og axlaböndum. Litir: Gulur og svartur eða appelsínugulur og svartur. Stærðir: XS–5XL
**Verð 13.900 kr.**



**Mobil Delvac MX 15W40**
Vnr. 706 4382820
Mínerölsk olía fyrir flutningabíla og vinnuvélar. Fæst í 4, 20, og 208 lítra umbúðum.
**Verð 19.529 kr.**



**Dunlop Purofort**
Vnr. 9655 D460933
DUNLOP vinnustígvél, létt með höggdeyfi í sóla, auðvelt að þrífa og endast lengur. Litur: Grænn. Stærðir: 37–48
**Verð 9.900 kr.**



**Jalas öryggisskór**
Vnr. 9615 4748
Gripsterkir sólar sem ná vel upp á ökkla og hrinda frá vatni. Höggvörn í sóla og með áltá.
**Verð 27.171 kr.**



**Mobilfluid 426 20 l**
Vnr. 706 472120
Drif- og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar.
**Verð 20.991 kr.**



**Þykkir vinnuvettlingar**
Vnr. A108 VV101
Hlýir og sterkir vettlingar, þéttofnir úr ull og teygjanlegu nælonefni. Handhægir til allra verka.
**Verð 849 kr.**



**FLEXYNIT hanskar**
Vnr. 7151 G007 K100
Vandaðir bómullarhanskar með sterkri NITRA-X húð. Olíuþolnir og henta í allan iðnað. Litur: Grænn með svörtum lófa. Stærðir: 9, 10 og 11
**Verð 890 kr.**

**Verslanir N1 um land allt**
**Akureyri** s. 440 1420 • **Grindavík** s. 426 8290 • **Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574
**Klettagarðar** s. 440 1330 • **Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245
**Reyðarfjörður** s. 474 1293 • **Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

Hluti af vetrarverkunum N1

**Fréttaskýring**

## TPP-tollasamningurinn milli 12 Kyrrahafslanda veldur uppnámi og ótta:

# „Versta martröð“

### – sagður verri en nokkuð sem við hefðum getað ímyndað okkur og Obama Bandaríkjaforseti sé að reyna að selja fólki svikna vöru

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



**Nýlega voru kynntir samningar um afnám tolla milli 12 Kyrrahafslanda þ.e. Trans-Pacific Partnership (TPP). Greint var frá þessu í Bændablaðinu en mjög alvarlegar athugasemdir hafa síðan verið gerðar við þennan samning.**

Er TPP-samingurinn sagður flytja rétt sjálfstæðra ríkja í veigamiklum þáttum yfir til fjölþjóðlegra fyrirtækja. Svipað virðist vera að eiga sér stað við tollasamningagerð milli Bandaríkjanna og ESB.

Sagt er að TPP-tollasamningurinn sé í raun eins og NAFTA-samningur Ameríkuríkja á sterum. Hefur honum víða verið harðlega mótmælt, meðal annars af bændum í Bandaríkjunum, Kanada, Japan og víðar. Er TPP-samningurinn kallaður hin fullkomna fyrirtækjastýrða landhremming (Land grabbing). Það er samningurinn sagður muni valda uppsögnum á fólki, launalækkunum, gjaldþroti bænda víða um lönd og hækkun lyfjaverðs.

*Sömu áróðursrökunum víða beitt*

Í þessu samhengi er fróðlegt að skoða viðbrögðin á Íslandi við nýgerðum tollasamningi sem gerður hefur verið milli Íslands og Evrópusambandsins en enn á eftir að samþykkja. Hér á landi hafa heyrst húrrahróp úr ranni innflutningsverslunarinnar sem beitir einkum fyrir sig ástúð fyrir hag neytenda. Það eru nákvæmlega sömu rök og kollegar þeirra og fyrirtækjasamsteypur sem standa að baki TPP nota í umræðunni. Einnig er fróðlegt að sjá viðbrögð við þeim samningi sem nú er unnið að á milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins (TTIP) sem er gerður á svipuðum forsendum. Vegna hans hafa hundruð þúsunda haldið uppi mótmælum á götum úti í Þýskalandi.

*Til hagsbóta fyrir stórfyrirtækin og almenningur skilinn eftir í myrkri*

Viðbrögðin við TPP-samningnum eru gríðarlega hörð, ekki síst í Bandaríkjunum. Fjölmiðlasamsteypur risafyrirtækjanna virðast þó lítinn áhuga hafa á að flagga slíku.

Lori Wallach, stjórnandi viðskiptavaktarinnar Public Citizen's Global Trade Watch, segir að í hverjum kaflanum á fætur öðrum í samningnum komi skelfingin í ljós. Hún segir að ráðgjafar sem kynnt hafa hagsmuni fyrirtækja varðandi samninginn séu yfir sig ánægðir og segi þetta allt gert í þágu almennings.



**Lori Wallach hjá Public Citizen's Global Trade Watch, segir að stórfyrirtækin segi í sínum áróðri fyrir TPP-samningnum að allt sé þetta gert til hagsbóta fyrir almenning.**

Athyglisvert er að þessi orð Wallach eru nákvæmlega eins og sagt hefur verið varðandi samninginn á milli Íslands og ESB.

Lori Wallach segir að það sé staðreynd að með TPP-samningnum sé verið að troða á rétti almennings í viðleitni við að búa til nýtt viðskiptamódel sem fellur að kröfum stórfyrirtækjanna.

„Á meðan hafa ráðgjafarnir sem stýrt hafi þessari samningavinnu skilið almenning eftir í myrkrinu.“




**TTP-tollasamningnum mótmælt í Bandaríkjunum.** Mynd / nationofchange.org




**Japanskir bændur mótmæla TPP-samningnum.** Mynd / japandalypress.com



**Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, er sakaður um að draga taum stórfyrirtækjanna á kostnað almennings í Bandaríkjunum.**



**Nick Dearden hjá Global Justice, segir TPP-samninginn vera algjöra hörmung.**

Nick Dearden hjá Global Justice Now er líka ómyrkur í máli.

„Í málum er varðar allt frá hlýnun jarðar, fæðuöryggi, Internetið til lyfja, þá er TPP algjör hörmung.“

Charles Chamberlain, yfirmaður samtakanna lýðræði fyrir Ameríku, Democracy for America, talar á svipuðum nótum:

*Óörugg matvæli munu flæða inn í landið*

„Nú þegar við höfum séð allan texta samningsins kemur í ljós að hann mun eyðileggja störf og er verri en við hefðum nokkurn tíma getað ímyndað okkur. Þessi samningur mun keyra niður laun, óörugg matvæli munu flæða inn í landið, hann mun valda verðhækkunum lífsnauðsynlegra lyfja með óheftum viðskiptum við lönd þar sem samkynhneigt fólk og einstæðar mæður eru grýttar til dauða.“



**Jason Kowalski, hjá 350 policy-samtökunum, segir að með TPP-samningnum auðveldi það stórfyrirtækjunum að lögsækja ríkisstjórnir.**

*Afneitun á hlýnun jarðar*

„TPP-samningurinn er afneitun á hlýnun jarðar,“ segir Jason Kowalski, stjórnandi aðgerðasamtakanna 350 policy. (350.org).

„Á meðan samningurinn er uppfullur af tilslökunum fyrir olíuiðnaðinn er ekki minnst einu orði á hlýnun jarðar. Það sem samningurinn gerir aftur á móti er að gefa olíufyrirtækjunum sérstaka möguleika á að lögsækja þær ríkisstjórnir sem voga sér að koma í veg fyrir vinnslu á olíu. Ef eitthvert hérað vill koma í veg fyrir að verið sé að nota aðferðir (fracking) við að pressa olíu upp úr sandsteini, þá geta olíufyrirtækin farið í mál. Ef samfélög reyna að stöðva kolavinnslu, geta fyrirtækin valtað yfir fólkið. Til skamms tíma grefur þessi samningur undan ríkjum og möguleikum þeirra til að fara að ráðgjöf vísindamanna sem telja að best sé að láta olíuna óhreyfða í jarðlögunum.“



**Erich Pica, forseti Vina jarðar, segir Bandaríkjaforseta vera að selja svikna vöru með TPP-samningnum.**

Samtökin Vinir jarðar, Friends of the Earth (FOE), gerðu einnig athugasemdir við samninginn.

„Hann er hannaður til að verja frjáls viðskipti með óhreinar vörur á borð við tjörusand, kol úr kvikum jarðvegi (Powder River Basin) og fljótandi gas frá höfnum á vesturströnd Bandaríkjanna. Afraksturinn verður aukin hlýnun jarðar vegna aukinnar kolefnislosunar allt í kringum Kyrrahafið.“

*Bandaríkjaforseti sagður selja þegnum sínum svikna vöru*

Erich Pica, forseti Vina jarðar (Friends of the earth), segir að með samningnum hafi Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, mistekist að gera þetta að viðskiptasamningi sem taki mið af umhverfisvernd. „Obama forseti hefur selt Bandaríkjamönnum svikna vöru.“

Fjöldi sérfræðinga utan Bandaríkjanna hefur einnig sagt álit sitt á samningnum. Þannig segir dr. Matthew Rimmer, prófessor í hugverkasmíð og lagasetningu, að samningurinn taki illa á umhverfismálum og eftirlitsþáttunum í samningnum sé mjög veikur. Þá sé aðeins lítillega komið inn á fiskveiðar, líffræðilegt jafnvægi og umhverfisþjónustu.

*Auðveldar líftæknirisum að beita lögsókn vegna viðskiptahindrana*

Frú Wenonah Hauter, stjórnandi Fæðu- og vatnsvaktarinnar „Food & Water Watch“, segir:

„TPP-samningurinn er eftirgjöf til stórfyrirtækja í landbúnaði og matvælaiðnaði. Slík fyrirtæki hafa viðleitni til að sækja gegn reglum um skynsamlegt matvælaöryggi, veikja eftirlitskerfi með innflutningi á mat-




**Tólf ríki við Kyrrahafið eru stofnaðilar að tollasamningi TPP, en búist er við að fleiri ríki eins og Perú bætist í hópinn.**




Hin nýja TPP-veröld séð með augum Wikileaks þar sem stórfyrirtækin ráða löndunum en ekki löglega kjörnar ríkisstjórnir.




Samningagerð TPP mótmælt á Nýja-Sjálandi.



TPP-samningnum mótmælt í Mexíkó meðan enn var unnið að smíði hans.



Wenonah Hauter, stjórnandi Fæðu- og vatnsvaktarinnar, „Food & Water Watch“, segir TPP-samninginn vera eftirgjöf til stórfyrirtækja í landbúnaði og matvælaiðnaði.




Evan Greer, baráttustjóri hjá samtökunum Fight for the Future (FFTF), hefur áhyggjur af því að með TPP-samningnum sé verið að fótum troða frelsi almennings til að nota internetið.



Justin Pierre James Trudeau, formaður Frjálslynda flokksins, sem nýlega varð 23. forsætisráðherra Kanada, er undir mikilli pressu um að skrifa undir samninginn.



Shinto Abe, forseti Japans, er ásamt Barack Obama Bandaríkjaforseta sagður hafa lagt hart að Justin Trudeau að skrifa undir TPP-samninginn.

vælum og koma í veg fyrir tilraunir til að styrkja fæðuöryggi.“

Þessi samtök segja einnig að í skjóli TPP-samningsins geti stórfyrirtæki í landbúnaði og líftæknifyrirtæki sem framleiða fræ auðveldlega lögsótt ríki sem banna innflutning á erfðabreyttum (GMO) vörum. Einnig auðveldi samningurinn þeim að hefja lögsókn gegn eftirliti og sýnatöku vegna mögulegrar mengunar frá erfðabreyttum jurtum. Þá geri samningurinn engar eiginlegar kröfur um að líftæknifyrirtækin þurfi að leita heimilda fyrir sölu á nýjum erfðabreyttum afbrigðum eða svo mikið sem að merkja vörur sem erfðabreyttar.

*Varúðarmerkingar flokkaðar sem ólöglegar viðskiptahindranir*

CENTER FOR FOOD SAFETY

Samtökin Center for Food Safety, (Miðstöð matvælaöryggis), segja að það séu fimm ástæður fyrir því að neytendur eigi að hafa verulegar áhyggjur af þessum nýja samningi Obama.

Efst á listanum sé heimild í samningnum til að sniðganga merkingar á erfðabreyttum (GMO) matvælum. Þá sendi Food Safety frá sér í síðasta mánuði eftirfarandi athugasemd varðandi samninginn:

„Sérhverjar matvælaöryggisreglur sem settar eru af bandarískum stjórnvöldum og varða merkingar eða skorður við illgresiseyði, skordýraeitur eða önnur slík efni, sem ganga lengra en alþjóðlegar samþykktir, má í samningnum líta á sem ólöglegar viðskiptahindranir.“

*Aftökuskipun á opið internet*

Varðandi netnotkun er TPP-samningurinn sagður sérlega hættulegur. Evan Greer, baráttustjóri hjá samtökunum Fight for the Future (FFTF), sagði í ræðu fyrir skömmu:

„Á meðal fjölmargra kafla sem valda FFTF miklum áhyggjum eru þeir sem taka á vörumerkjum, einkaleyfum á lyfjum, höfundarrétti og viðskiptaleyndarmálum. Kafli J sem tekur á netþjónustufyrirtækjum er einna verstur. Hann tekur á opnu frelsi internetsins. Þessi kafli gerir kröfur um að netþjónustufyrirtækin verði eins konar höfundarréttarlögg-ur og aðstoði við að taka á þeim sem stunda niðurhal á höfundarréttarvörðu efni. Samningurinn gerir hins vegar ekki ráð fyrir því að hægt sé að koma með mótrök gegn því að bandarísk fyrirtæki geti krafist þess að vefsíður í öðrum löndum séu teknar niður. Því væri enginn möguleiki á því að einstaklingar sem reka slíkar síður geti gert gagnkröfu ef t.d. er um að ræða pólitískt gagnrýna vefsíðu þar sem einkaleyfisvarið efni kemur fyrir í umfjöllun.

Kafli J í samningnum gerir netþjónustufyrirtækin ekki ábyrg fyrir því ef þau gera mistök við að taka úr umferð efni á vefnum að kröfu einkaréttarhafa sem eru þvert á rétt manna vegna málfrelsis.“

Samtök, sem nýlega studdu að kosningu Justin Pierre James Trudeau í sæti nýs forsætisráðherra í Kanada, tala á svipaðan veg. Þau lýsa áhyggjum yfir að samningurinn kunni að ganga gegn efnahag þjóða, mannréttindum, heilsu manna, möguleikum fólks til atvinnu, gegn umhverfi og lýðræðinu. Krefjast þau þess að fullt samráð verði haft við almenning áður en samningurinn verði samþykktur. Samtökin lýsa sérstökum áhyggjum vegna ákvæða í TPP-samningnum sem gefa fyrirtækjasamsteypum heimild til að lögsækja ríki vegna meints tapaðs gróða sem þau telja sig hafa orðið fyrir í samningum.

Mikil pressa er á nýjum forsætisráðherra Kanada um að skrifa undir samninginn sem fyrst. Hefur hann þegar fengið meldingar um að flýta málinu frá Barack Obama Bandaríkjaforseta og Shinto Abe, forseta Japans.









# Ómetanlegt safn korta tengt landbúnaðarsögu

**Ásgeir L. Jónsson, fyrrverandi vatnsvirkjafræðingur Búnaðarfélags Íslands, skildi eftir sig kortasafn, um 300 kort, 296 hafa verið skráð eftir leit á Þjóðskjalasafni Íslands. Kortin eru byggð á landmælingum Ásgeirs á árunum frá 1924 til 1967.**

Elín Erlingsdóttir landfræðingur hefur undanfarið rannsakað kortasafn Búnaðarfélags Íslands og skilað áfangaskýrslu um niðurstöður sínar úr fyrsta áfanga rannsóknar sem hún kallar Íslensk kortagerð til sérstakra eða persónulegra nota. Rannsóknin hlaut styrk úr Rannsóknarsjóði Sigrúnar Ástrósar og Haraldar Sigurðssonar. Hún vinnur nú við annan áfanga verksins.

Elín hefur í gegnum tíðina, í tengslum við starf sitt sem landfræðingur, rekist á stöku kort frá Ásgeiri sem vakið hafa forvitni hennar og það var kveikjan að rannsókninni sem hún vinnur að. Hún segir að kortin séu ómetanleg heimild um tímabil þar sem er eyða í samfelldri sögu kortagerðar á Íslands.

„Kort Ásgeirs eru af byggðum láglendissvæðum landsins, aðallega á Suður- og Suðausturlandi, allnokkur frá Vesturlandi og Suðvesturlandi en örfá úr öðrum landshlutum,“ segir Elín.

*Skýr framsetning og fallegt handbragð*

„Aðaleinkenni kortanna er faglegt handbragð, nákvæm, skýr framsetning upplýsinga og texta og formfast útlit. Þau eru öll í stórum mælikvarða, flest með þéttum hæðarlínum og miklum upplýsingum um vatnafar og yfirborð lands.

Mörg hafa að geyma upplýsingar um áætlaða framræslu eða áveitur, nokkur um flatarmál og landskipti eða afstöðu vegna áætlaðra framkvæmda. Þarna er á ferðinni safn korta sem geyma mikilvægar upplýsingar um landnýtingu og land, til dæmis það sem tekið var til ræktunar og nytja þegar jarðabætur hófust fyrir alvöru í landbúnaði á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar.“



Ásgeir L. Jónsson, vatnsvirkjafræðingur og fyrrverandi ráðunautur Búnaðarfélags Íslands.

Árbær í Ölfusi 1942.



Elín Erlingsdóttir landfræðingur.

| Almennar upplýsingar: | Efnislegt innihald: | Athugasemdir: |
|---|---|---|
| tiltill | yfirborð | (líklegur) tilgangur |
| sveitarfélag | vatnafar | aths. kortahöfundar |
| sýsla | byggð | dags. skráningar EE* |
| mælikvarði (mkv.) | mannvirki | aths. skráningaraðila (EE*) |
| áttun | girðingar | innfelld kort |
| blaðstærð | símalínur | fylgigögn |
| efni/pappír | hlaðnir garðar | skúffa á Þjskjs** |
| fjöldi eintaka í geymslu | skurðir | örk skv. skrá Þjskjs** |
| tími mælingar | vegir | skjalanúmer Þjskjs.** |
| dags. á korti | landamerki | |
| tími teikningar | markaþúfur | |
| landfræðilegt afmörkun N-S-A-V * | hæðarlínur | |
| | hæðartölur | |
| | fastmerki | |
| | annað | |
| | örnefni | * EE = í rannsókn Elínar E. |
| * N-S-A-V = höfuðáttir | lýsandi texti | ** Þjskjs = Þjóðskjalasafn |

Skráð atriði í gagnagrunni Elínar um kort Búnaðarfélags Íslands.

Elín segir að auk Ásgeirs hafi nokkrir kollegar hans hjá Búnaðarfélagi Íslands verið afkastamiklir kortagerðarmenn. Frá þeim hafa verið skráð 154 kort, enn eru 150 til 200 óskráð og er skoðun og skráning þeirra fyrirhuguð í vetur í öðrum áfanga rannsóknarinnar. Höfundar þessara korta eru meðal annarra Valtýr Stefánsson, Steinarr Stefánsson, Pálmi Einarsson, Björn Bjarnarsson, Friðjón Júlíusson, og Sveinbjörn Gíslason. Mörg kortanna eru hvorki merkt höfundi né tíma svo hugsanlega eiga þarna fleiri höfundar hlut að máli. Hvert kort hefur sitt handbragð og mismunandi framsetningarstíl, höfundareinkenni sem koma að gagni við að greina ómerkt kort.

*Mikill fjársjóður*

„Ljóst er að kortasafn Búnaðarfélags Íslands er mikill fjársjóður fyrir alla sem áhuga hafa á kortasögu Íslands, eða sögu framræslu, áveitna og annarra framkvæmda. Auk þess sem kortin eru áhugaverð fyrir þá sem vinna að rannsóknum á náttúrufari og sögu landsins.“

Rannsókn Elínar fór að mestu fram á Þjóðskjalasafninu þar sem kortaverk og meirihluti annarra gagna Ásgeirs eru geymd, mælibækur og eitthvað af sendibréfum. Vasabækur Ásgeirs eru í vörslu Héraðsskjalasafns Árnesinga og ljósmyndasafn hans sömuleiðis.

*Flest kort úr sýslum Suðurlands*

„Auk þess að vera afkastamikill landmælinga- og kortagerðarmaður, hannaði Ásgeir fjölda vatnsveitna um allt land, bæði fyrir þéttbýli og bæi í sveitum. Hann hannaði einnig áveitumannvirki og fyrirhleðslugarða eins og fjöldi mannvirkjateikninga hans vitna um.

Skráð hafa verið öll kort Ásgeirs í safni Búnaðarfélagsins, 296 talsins. Kortin eru mismunandi að stærð. Sum þeirra, sem ná yfir stór landsvæði, hafa verið teiknuð á margar samliggjandi og stórar arkir.“

*Byggingar, rústir mannvirkja og eyðibýla*

„Að baki hverju korti liggja nákvæmar landmælingar eins og frumrit og feltbækur Ásgeirs sýna. Fljótt á litið virðast mælingarnar, ásamt nákvæmri og fínlegri teiknivinnu vera aðalsmerki kortagerðar Ásgeirs,“ segir Elín. „Þéttar hæðartölur þekja frumgerðir kortanna og jafnvel afritin líka og mælistöðvar eru merktar inn. Vatnafari eru gerð góð skil og mismunandi yfirborð lands sýnt með munstri, litum og lýsandi texta.

Eftir aðstæðum og markmiði kortagerðarinnar teiknar hann inn byggð eða byggingar, rústir mannvirkja eða eyðibýla, girðingar, hlaðna garða, vegi, oft og tíðum landamerki eða spildumörk með innmerktum markaþúfum. Á nokkrum kortum eru símalínur, hverir eða laugar, vatnsuppsprettur, mógrafir, siglingavitar, og stórstraumsfjörumörk.

Örnefni eru oftast nokkur á flestum kortum, sérstaklega þeim sem spanna stór landsvæði. Dæmi eru um örnefni sem ekki er að finna í örnefnaskrám frá sömu svæðum.

Á fullgerðum afritum hluta umræddra korta er algengt að sjá upplýsingar sem tengjast áætlunargerð sem leiddu til landmælinga og síðan gerð korts. Þar er um að ræða fyrirhugaða skurði og áveitugarða, lokræsi, fyrirhleðslur, vatnslagnir eða nýbyggingar. Á hluta kortanna er gerð grein fyrir nýjum landamerkjum, eignarhaldi á spildum, flatarmáli svæða og spildna og öðrum þáttum varðandi landskipti.“

*Frekari rannsóknir*

Elín segir mikla möguleika til frekari rannsókna sem byggja má á kortunum. Einnig er til mikið af rituðum heimildum, bréfum, dagbókum og feltbókum sem eflaust geyma upplýsingar sem skýra tilurð korta og aðferðafræði og hlutverk þeirra í þróun landbúnaðar á landinu.

„Ég hef ekki fundið mikið af rituðum heimildum um Ásgeir L. Jónsson fyrir utan það sem eftir hann sjálfan liggur á Þjóðskjalasafninu. Mestar upplýsingar hef ég fengið munnlega frá fyrrum starfsmönnum hans hjá Búnaðarfélaginu.“

Í öðrum áfanga rannsóknarinnar stendur til að hafa samband við fleiri samferðamenn Ásgeirs, eftirlifandi samstarfsmenn, ættingja og afkomendur og leita nánari upplýsinga hjá þeim og fá þannig gleggri mynd af þessum merka kortagerðarmanni,“ segir Elín Erlingsdóttir landfræðingur.

Allar ábendingar um heimildir eða heimildamenn sem varða Ásgeir eða aðra mælinga- og kortagerðarmenn á vegum Búnaðarfélagsins á fyrri hluta 20. aldar eru vel þegnar. Hægt er að hafa samband við Elínu í gegnum tölvupóst elin@landnot.is

/VH






DEKKJASALA AKUREYRAR

Úrval hjólbarða á betra verði

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.

Milwaukee Handverkfæri

15%
afsláttur af öllum dekkjum
til 15. desember 2015

Beinn innflutningur til Akureyrar
Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4126

MOTUL Smurþjónusta

DEKKJASALA AKUREYRAR (Jason ehf.)
Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta -
Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
Njarðarnesi 1 sími 460 4350

Jólagjöfina færðu hjá okkur

praxis ...Þegar þú vilt þægindi

Vatteraðir jakkar fyrir dömu og herra í 5 litum
Verð 15.900

Þriggja laga softshell í mörgum litum fyrir dömur og herra
Verð 21.900

Teg. 25090
Litir: Svart/Hvítt/Grátt
Str. 36-42
Verð 14.990

ATH. Lokað 19.-20. nóv.

Gjafakort

Bonito ehf. • Friendtex • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is • www.praxis.is
Opið mán., mið. og fös. 11:00-17:00, þri. og fim. 11:00-15:00, lokað laugardaga.

Otovent



Meðferð við eyrnabólgu og vökva í miðeyra
– lagar og fyrirbyggir

- Um 70 % fá bót við fyrstu notkun.
- Vel rannsökuð meðferð sem leiðréttir undirþrýsting í miðeyra, opnar kokklustina svo að vökvi eigi greiða leið.
- Getur dregið úr notkun sýklalyfja, ástungum og rörum í eyrum.
- Góður árangur tengt flugi, köfun, sundi og kinnholustíflum. Fyrir börn og fullorðna.
- CE merkt – Meðmæli lækna.



Undirþrýstingur í miðeyra með vökva.



Eftir þrýstingsjöfnun með Otoventblöðru, miðeyrað opið og engin vökvi.

Fæst í apótekum

www.celsus.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230
Bordýpt 15 sm

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

Guðmundur Hallgrímsson hugar að öryggismálum eyfirskra bænda:

# Markmiðið að gera býlið að öruggari vinnustað

## – öryggis- og vinnuverndarmál eiga ágætan hljómgrunn meðal bænda

**„Það kom mér ánægjulega á óvart hversu margir vildu fá mig í heimsókn, fyrirvarinn var nokkuð skammur, en greinilegt að bændur vilja almennt hafa hlutina í lagi hjá sér,“ segir Guðmundur Hallgrímsson, starfsmaður Búnaðarsambands Vesturlands.**



Guðmundur með ábúendum á Svertingsstöðum, Hákoni og Sólveigu Önnu Haraldsdóttur, en þarna ræða þau málin í fjósinu.
Myndir / MÞÞ

Hann, í samvinnu við starfsmenn hjá Bændasamtökum Íslands, hefur unnið að bættu öryggi og vinnuvernd í landbúnaði. Guðmundur var á ferðinni í Eyjafirði í liðinni viku þar sem hann kom við á 18 bæjum, ræddi við ábúendur og fór yfir stöðu mála á hverju búi. Um er að ræða verkefni sem ber yfirskriftina Búum vel – öryggi – heilsa – umhverfi og beinir sjónum að öryggis- og vinnuverndarmálum bænda.

Öryggis- og vinnuverndarmál hafa verið ofarlega á baugi á bændafundum víða um land undanfarin misseri og kveðst Guðmundur finna ákveðinn meðbyr innan stéttarinnar þegar að þeim málaflokki kemur. „Mér finnst bændur jákvæðari en áður fyrr að gefa þessum málum gaum, ef til vill má rekja það til þess að slys heima á býlum eru því miður of mörg og nú þykir mönnum tími til kominn að spyrna við fótum,“ segir hann. Bændur hafa sjálfir frumkvæði að því að fá Guðmund í heimsókn til sín, hann fer á milli landshluta og kveðst reyna að safna saman nokkrum bæjum í hverju héraði og gera úr eina ferð.

### *Loftræsting, rafmagn og drifsköft*

Guðmundur segir ferð sína um Eyjafjörð hafa gengið ágætlega og víðast hvar hafi ástand mála verið gott, „en það er alltaf eitthvað sem þarf að laga, það má alltaf gera betur,“ segir hann. Það sem helst var ábótavant tengist drifsköftum, eitthvað var um að hlífar um þau væru skemmd, stundum voru þau notuð á gömlum tækjum sem eru í litilli notkun og þá ekki ofarlega á forgangslista bænda að bregðast við. „En það er auðvitað brýnt að hafa þessa hluti í lagi og bændur mættu gjarnan huga að ástandinu á sínum drifsköftum.“ Þá segir Guðmundur að sums staðar hafi loftræstingu verið ábótavant og eins sé í heimsókn hans farið gaumgæfilega yfir rafmagnsmálin og ljóst að í þeim efnum megi gera betur. Hann er með þar til gerða hitamyndavél og kannar með henni ástand á raftækjum og lögnum og komi eitthvað upp sem betur má fara kemur hann með tillögur til úrbóta sem ræddar eru við ábúendur.



Guðmundur brýnir fyrir bændum að huga vel að drifsköftum í sinni eigu, en á stundum er pottur brotinn þegar að þeim kemur. Hér skoðar hann drifsköftin á Svertingsstöðum með Hákoni bónda.

### *Farið yfir fjölmörg atriði*

Í heimsókn sinni fer hann yfir öryggismál á hverju búi fyrir sig, farið er í útihús og þá spjallar hann um vinnuaðstæður og aðbúnað þar, skoðar vélar og ástand þeirra og einnig er sjónum beint að því hvort hindranir geti verið á þeim leiðum sem farið er um daglega sem og einnig fallhætta. Þá fer Guðmundur yfir loftræstingu í húsunum, lýsingu, kannar brunavarnir og hvort útgangar séu greiðir bæði fyrir menn og skepnur. Eins skoðar hann og ræðir um ásýnd bæja, hvernig er umhorfs heima á hlaði og í hvaða ástandi girðingar eru.

„Það er farið yfir fjölmörg atriði og allt skráð niður. Það jákvæða er að ég finn ekki fyrir öðru en bændur vilji hafa þetta allt í eins góðu lagi og framast er unnt. Víðast hvar er ástandið gott og þarf lítið að gera til að það sé eins og best verður á kosið,“ segir Guðmundur.



Guðmundur er með þar til gerða hitamyndavél og kannar með henni ástand á raftækjum og lögnum.

### *Að vinnustaðurinn verði öruggari*

„Tilgangur þessara heimsókna er ekki eftirlit, alls ekki, heldur vakir fyrir okkur að aðstoða bændur við að gera betur þegar að öryggis- og vinnuverndarmálum kemur heima á þeirra búi með það að markmiði að gera býlið öruggara sem vinnustað. Við erum ánægð með að viðtökur bænda eru jákvæðar og góðar, þessi mál eiga greinilega hljómgrunn í þeirra hópi og það er vel,“ segir Guðmundur. „Eftir heimsóknina förum við yfir listann, komum með tillögur að aðgerðum þar sem það á við þannig að bændur hafa þá færi á að bæta úr ef þörf er á og gera vinnustað sinn þar með öruggari, þeir geta lágmarkað hugsanlega hættu heima á sínu býli.“

### *Vinnuumhverfið oft erfitt og hættulegt*

Hann segir að vinnuumhverfið sé fjölbreytt, oft erfitt og á stundum hættulegt. Vinnuálag sé mikið, mörg störf sem sinna þarf eru hrein og klár erfiðisvinna, loftmengun geti komið upp og þá starfi bændur mikið á vélum sem vissulega geti skapað hættu. „Bændur þurfa að ganga til verka hvernig sem viðrar og hvernig svo sem þeir eru upplagðir, þeir þurfa að ljúka sínum verkum á ákveðnum tíma. Það er mikilvægt að hafa varann á, hættulegar aðstæður, vanafesta og kæruleysi geta haft neikvæð áhrif á öryggi bændanna, aukið slysahættu við landbúnaðarstörf. Vel unnið áhættumat og að hafa þær hættur sem leynst geta við hvert fótmál í huga getur komið í veg fyrir slys,“ segir Guðmundur.

/MÞÞ



Guðmundur skoðar aðstæður í fjósinu á Svertingsstöðum II. Með honum eru ábúendur, Hákon Bjarki og Sólveig Anna.

Hákon Bjarki Harðarson á Svertingsstöðum II:

## Gagnlegt að fá Guðmund í heimsókn

**„Við óskuðum eftir því að fá Guðmund til okkar til að skoða og fara yfir öryggismálin á búinu.**

Einkum og sér í lagi svo hann gæti bent okkur á hvað betur mætti fara, hvað við gætum gert til að gera okkar vinnustað öruggari fyrir okkur sem á búinu vinnum en ekki síður fyrir börnin okkar og þá sem hingað koma í heimsókn,“ segir Hákon Bjarki Harðarson, bóndi á Svertingsstöðum II í Eyjafjarðarsveit.

Guðmundur Hallgrímsson heimsótti hann og eiginkonuna, Sólveigu Önnu Haraldsdóttur, í liðinni viku og fór yfir fjölmarga þætti er varða öryggi og vinnuvernd í landbúnaðarstörfum.

Hákon segir að líkt og tíðkist til sveita sé töluvert um gestagang á búinu, gjarnan séu börn með í för og langoftast sé farið út að skoða dýrin. „Það skiptir okkur miklu að allir fari heilir heim. Við viljum hafa hlutina í lagi.“

Hákon segir að heimsókn Guðmundar á Svertingsstaði hafi verið mjög gagnleg. „Það er nú þannig að maður venst því að hlutirnir séu eins og þeir eru og hugsar oft ekki út í að stundum þarf sáralitlu að breyta til að bæta öryggi, einfalda hlutina og gera eitthvað á auðveldari hátt. Guðmundur er líka þannig gerður að hann er alls óhræddur við að segja manni til, ef eitthvað er ekki alveg rétt þá upplýsir hann um það á skilmerkilegan máta,“ segir Hákon.

/MÞÞ



Guðlaugur Magnússon, framkvæmdastjóri Bergrisans, og Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, við undirritun samningsins.

## Gjaldtaka á Þingvöllum:
# Stöðumælar settir upp

**Þingvallanefnd og Bergrisinn ehf. hafa gert með sér samning um uppsetningu á stöðumælum í Þingvallaþjóðgarði, en hingað til hefur ekki verið tekið gjald fyrir þá þjónustu.**

Búnaðurinn sem um ræðir byggist á íslensku hugviti og áætlað er að hann fari í notkun um næstkomandi áramót.

Hönnun búnaðarins er þannig að hann mun falla vel að landslaginu og líkist stuðlabergi auk þess sem hann mun þola veðurskilyrði sem eru við Þingvelli. Mögulegt verður að greiða með kredit- og debetkortum sem og með QR-kóða lestri á forseldum bílastæðamiðum og bílastæðakortum.

Guðlaugur Magnússon, framkvæmdastjóri Bergrisans, segir samninginn marka það skref sem þurfti að taka í tengslum við þjónustu við ferðamannaiðnaðinn sem og við bætta þjónustu við ferðamenn sem koma til landsins almennt.

,,Markmiðið er að auðvelda framkvæmda- og þjónustuaðilum í ferðamannageiranum sem og öðrum að innheimta fyrir þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru eins og bílastæði og salernisaðstöðu til að mynda. Gjaldtaka er nauðsynleg svo að uppbygging á ferðamannastöðum verði að veruleika." /VH

## Umhverfisstofnun:
# Aðeins 6% þekkja nýju hættumerkin

**Í nýlegri könnun Umhverfisstofnunar kemur í ljós að aðeins 6% aðspurðra þekktu ný hættumerki á neytendavörum. Hins vegar þekkja rúmlega 91% eldri merkingar sem brátt heyra sögunni til og eiga að vera að fullu horfnar af vörum í hillum verslana sumarið 2017.**



Konur fara frekar en karlar eftir leiðbeiningum um notkun á vörum sem bera hættumerkingar og eru ólíklegri til að kaupa slíkar vörur.

Á heimasíðu Umhverfisstofnunar segir að á undanförnum árum hafa verið innleiddar nýjar merkingar á hættulegar efnavörur, þar með taldar ýmsar neytendavörur svo sem hreinsiefni, stíflueyðar og duft fyrir uppþvottavélar. Um er að ræða alþjóðlegt merkjakerfi, en eldri merkingar voru einungis notaðar í Evrópu.

Mikilvægt er að notendur hafi vitneskju um áhættu sem getur stafað af efnavörum, lesi leiðbeiningar og umgangist vörurnar á réttan hátt. /VH





**Til leigu**

**Tilboð óskast í leigu í Laxá í Hrútafirði.**

Um er að ræða laxveiðiá í vestanverðum Hrútafirði. Leyfilegt agn er fluga og maðkur. Veiðitími er frá 20. júlí til 20. september ár hvert. Leyfðar eru tvær stangir á dag. Gott veiðihús fylgir.

**Óskað er eftir tilboðum til 3-5 ára.**

Nánari upplýsingar gefa stjórnarmenn í veiðifélaginu:
**Ingimar Sigurðsson, sími 824-8041**
**Jóhann Ragnarsson, sími 847-0764**

Tilboð, merkt **„tilboð í veiði í Laxá"** sendist á Ingimar Sigurðsson, Kjörseyri, 500 Staður, fyrir **20. desember 2015**, eða í tölvupósti á immisig@gmail.com
Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

**Stjórn veiðifélags Laxár í Hrútafirði.**

MÝKJANDI HÚÐSMYRSL
ÚR MINKAOLÍU OG ÍSLENSKUM JURTUM

HÚÐSMYRSL
Gott á múkk í hestum
Flýtir fyrir að sár gói
t.d. spena- eða slysasár
Kláðastillandi og mýkjandi

LEÐURFEITI
Mýkjandi leðurfeiti
sem gengur sérlega
vel inn í leðrið.
Gott á reiðtygi og
gönguskó.

FÆST Í BÚVÖRU-VERSLUNUM UM LAND ALLT

HÆGT AÐ PANTA Á:
gandur@gandur.is
gandur.is




Bændablaðið
Næsta blað kemur út 3. desember




ÁRAMÓTATILBOÐ




ÞIÐ STANDIÐ STERKARI MEÐ KUHN

Minnum á áramótatilboð okkar!

**15%** *afsláttur* af verðlistaverði á Kuhn hey- og jarðvinnutækjum til 5. janúar 2016.

**5%** *afsláttur* af Kuhn rúllusamstæðum, stökum rúlluvélum og taðdreifurum til 05. janúar 2016.

FRUM - www.frum.is

VÉLFANG VERKIN TALA
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is
Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is

AKURShús
– við allra hæfi –

Einbýlishús
Frístundahús

Íslensk hönnun og framleiðsla

Einingahús sem gefa marga möguleika, m.a. getur þú fengið þau ósamansett í einingum og sett upp sjálfur. Kannaðu málið á **www.akur.is** og fáðu bækling sendan þér að kostnaðarlausu.

55 ára 1959 2014

Trésmiðjan AKUR ehf.
Smiðjuvöllum 9 • 300 Akranes • Sími: 430 6600
Netfang: akur@akur.is • Veffang: www.akur.is












# Stuðningskerfi landbúnaðarins

**Íslenskur landbúnaður stendur um þessar mundir á áhugaverðum tímamótum. Ekki einungis vegna nýs fríverslunarsamnings við Evrópusambandið (sem mun fá töluverð áhrif þegar til lengdar lætur) og væntanlegra búvörusamninga (sem einnig munu hafa mikil áhrif). Greinin stendur á tímamótum vegna þess að við erum komin út úr löngu tímabili samdráttar og aðlögunar að innanlandsmarkaði, sem hefur stýrt allri umræðu um landbúnað og öllum aðgerðum hins opinbera síðustu áratugi. Við blasir nýr veruleiki þar sem íslenskur landbúnaður verður mun meira tengdur erlendum mörkuðum en áður; bæði í gegnum aukinn innflutning og aukinn útflutning**

Ef við óskum að tengja landbúnaðarframleiðsluna meir við erlenda markaði, er mikilvægt að stuðningskerfið fylgi með og verði aðlagað að breyttum áherslum. Erlendir markaðir eru óstöðugir – spyrjið bara loðdýrabændur – en ef við náum inn á þá eru möguleikarnir nær ótakmarkaðir. Þannig að það er eftir miklu að slægjast en áhættan er nokkur. Einmitt þess vegna eru sveifludempandi aðgerðir áberandi í stuðningskerfi USA og hafa lengi verið hluti af stuðningskerfi Evrópusambandsins.

Nú þegar líður að endurnýjun búvörusamninga er mikilvægt að bæði bændur og ríkið velti fyrir sér hvert við viljum þróa framleiðsluna. Breytingar á stuðningskerfi taka tíma og þurfa að gefa rými fyrir aðlögun en í síbreytilegu og krefjandi umhverfi verðum við að gæta þess að staðna ekki. Annars getum við lent í að það sem einu sinni var hlý peysa verði að spennitreyju sem hamlar aðlögun að breyttum tímum.

Í grófum dráttum má skipta öllum stuðningskerfum í þrennt: 1) Beinn stuðningur, 2) markaðsaðgerðir og 3) tollar. Nánast öll þróuð lönd nota alla þessa þrjá flokka en í mismiklum mæli. Í þessari grein verður fjallað um beinan stuðning og markaðsaðgerðir í mjólkurframleiðslu, en síðar verður fjallað um tolla og stuðning í öðrum greinum.



Torfi Jóhannesson.

### *Mjólkurframleiðsla – beinn stuðningur*

Beinn stuðningur í mjólkurframleiðslu er um 6,5 milljarðar árið 2015 eða tæpar 47 kr. á framleiddan lítra. Lágmarksverð til bænda er 84,4 kr/l svo stuðningurinn er um það bil 55% af brúttóframleiðsluverðmæti ef við tökum eingöngu tillit til mjólkurframleiðslunnar en 45% ef nautakjötið er tekið með

Sambærilegar tölur eru ekki fáanlegar frá nágrannalöndum okkar því þar er mjög erfitt að sundurgreina stuðning á búgreinar. Tölur um heildarstuðning eru hins vegar fáanlegar í Eurostat landbúnaðarskýrslum. Í síðustu Eurostat skýrslu er yfirlit um framleiðsluverðmæti annars vegar og niðurgreiðslur til landbúnaðar hins vegar. Af Norðurlöndunum er stuðningshlutfallið lægst í Danmörku, eða um 30% en hæst í Finnlandi þar sem stuðningurinn er nokkru hærri en heildarframleiðsluverðmætið. Ef mjólkurframleiðsla á Íslandi er borin saman við þessar tölur þá liggur hún á pari með meðaltöl fyrir landbúnaðarframleiðsluna í Noregi og Svíþjóð en töluvert undir Finnlandi. Það er því ekki hægt að halda því fram með góðu móti að stuðningur við íslenska mjólkurframleiðslu sé sérstaklega hár í norrænu samhengi, þó að sjálfsögðu þurfi að hafa fyrirvara á samanburði af þessu tagi.

### *Beingreiðslur*

Í mjólkurframleiðslunni er langstærsti hluti beina stuðningsins (85%) greiddur með beingreiðslum, tengdum greiðslumarki. Þeir bændur sem ekki voru svo heppnir að hafa verið við framleiðslu á árunum í kringum 1980 síðustu aldar hafa þurft að kaupa þennan rétt af kollegum sínum. Sú kvöð fylgir beingreiðslum að bændur þurfa að framleiða að minnsta kosti jafn mikla mjólk (um það bil) og greiðslumark þeirra segir til um en þeim er frjálst að framleiða meira.

Í nágrannalöndum okkar þekkist ekki að stuðningur sé svo tengdur við einstakar framleiðslugreinar sem hér er. Algengara er að stuðningurinn dreifist á fleiri og smærri kerfi, þannig að fleiri búgreinar og þar með fleiri bændur geti átt kost á stuðningi. Mynd 2 sýnir þannig yfirlit yfir helstu stuðningskerfi í Noregi. Eins og sjá má, er stærsta stuðningsfyrirkomulagið landgreiðslur en í gegnum það renna um 35% greiðslnanna. Innan Evrópusambandsins er nær allur beinn stuðningur greiddur út á land óháð því hvað bændur velja að rækta á landinu.

Kostir íslenska beingreiðslukerfisins eru að það er mjög gegnsætt, ódýrt í framkvæmd og enginn vafi leikur á að þeir sem fá greiðslur eru að gera það sem þeir eiga að gera; nefnilega að framleiða mjólk fyrir innlendan markað.

En beingreiðslukerfið er ekki gallalaust. Einn stærsti ókosturinn við þessa aðferðafræði er að markaðsverð greiðslumarks hefur tilhneigingu til að endurspegla framtíðarverðmæti þess. Ungir bændur þurfa því að fjármagna kaup á greiðslumarki og stór hluti ríkisstuðningsins fer í að greiða vexti til bankakerfisins og miklir fjármunir tapast úr kerfinu.

Til að bæta gráu ofan á svart er beingreiðslukerfið tengt við kvóta á sölu á innanlandsmarkað þar sem mjólkurverðið er að jafnaði mun hærra en útflutningsverð. Tekið saman er munurinn á framleiðslu innan kerfis og utan svo mikill að það má segja með öllu útilokað að framleiða mjólk alfarið utan beingreiðslukerfisins. Þessi staða stuðlar einnig að mjög háu verði á greiðslumarki.

Óvenjuleg neysluaukning síðustu ár hefur breytt myndinni nokkuð, þannig að nú er greitt fullt verð fyrir alla mjólk og verð á greiðslumarki er frekar lágt. Þessi staða, sem ólíklegt er að vari mjög lengi, gefur einstakt tækifæri til að breyta beingreiðslukerfinu – eða í það minnsta minnka vægi þess í heildarstuðningi til greinarinnar.






**Mynd 1. Hlutfall landbúnaðarstuðnings af framleiðsluverðmæti (framleiðendaverð) í landbúnaði á Norðurlöndunum borið saman við stuðningshlutfall í mjólkurframleiðslu á Íslandi (tölur fyrir 2013 en 2015 fyrir Ísland).**

### *Gripagreiðslur*

Næststærsta stuðningskerfi nautgriparæktarinnar er gripagreiðslur. Um er að ræða tiltekna upphæð sem er greidd árlega fyrir hverja kvígu/kú sem náð hefur 12 mánaða aldri. Ef um er að ræða kýr af holdanautakyni, sem ekki eru haldnar til mjólkurframleiðslu er upphæðin tvöfalt hærri.

Gripagreiðslur eru í eðli sínu óframleiðslutengdar og að mörgu leyti ágætis stuðningsaðferð. Þar sem ríkið skyldar bændur til að einstaklingsmerkja alla nautgripi er kerfið auðvelt í framkvæmd og felur í sér beinan hvata til að setja gripi á skrá. Kerfið er eina íslenska stuðningskerfið sem er tengt bústærð. Þannig trappast stuðningurinn niður eftir 40 gripi og lækkar síðan þegar 170 gripum er náð þannig að bú með yfir 200 gripi njóta ekki gripagreiðslna. Tenging við bústærð er mjög algeng í öllum löndunum í kringum okkur – annaðhvort í formi niðurtröppunar eða að þak er sett á hversu mikinn stuðning hvert bú getur fengið. Þetta er líklega nauðsynlegt að taka upp innan beingreiðslukerfisins hérlendis því samhliða því að búum fækkar, þá stækka stærstu búin og geta því fengið mjög háar greiðslur í ríkisstuðning.

Það sem vekur athygli við beingreiðslukerfið er að það skuli ekki ná til nauta, sérstaklega þar sem nautakjötsframleiðslan nær ekki að anna eftirspurn innanlands. Hér eru tækifæri til að auka heildarlandbúnaðarframleiðsluna og væri eðlilegt að huga að beinum stuðningi við nautakjötsframleiðslu til að örva þá framleiðslugrein.

Geta gripagreiðslur eigngerst með svipuðum hætti og greiðslumark? Nei, munurinn felst annars vegar í að gripagreiðslur eru frekar lágar í hlutfalli við verðmæti gripanna og hins vegar að hver bóndi getur framleitt sína eigin gripi en bændur geta ekki búið til greiðslumark. Hins vegar eru takmörk fyrir því hversu háar gripagreiðslur geta orðið og því getur þetta kerfi ekki tekið við af beingreiðslukerfinu nema að mjög takmörkuðu leyti.

### *Annar stuðningur*

Að lokum má minnast á gæðastýringargreiðslur nautgriparæktar og nýliðastuðning. Þessi kerfi eru mjög lítil og eiga sér samsvörun í flestum nágrannalöndum okkar. Í Evrópusambandinu hefur verið lögð sífellt aukin áhersla á að styðja við nýliða, bæði með fjárfestingarstuðningi og álagi ofan á beingreiðslur. Hér væri athugandi fyrir Ísland að skoða hvort ekki væri rétt að auka við sérstakan stuðning við nýliða.

### *Mjólkurframleiðsla – markaðsaðgerðir*

Tvær helstu markaðsaðgerðir til stuðnings landbúnaði eru kvóti og opinber verðlagning, sem eru nátengdar. Það kann að hljóma þversagnakennt að kvóti sé flokkaður sem stuðningur en höfum í huga að án kvóta eykst framleiðsla og verð lækkar uns nýju jafnvægi er náð svo í raun getur kvótinn virkað sem stuðningur. Í raun er ekki eiginlegur kvóti á mjólkurframleiðslu því hver sem er getur framleitt eins mikið og hann vill. Kvótinn er eingöngu bundinn því hversu mikið bændur geta framleitt inn á innanlandsmarkað og þessum takmörkunum er stýrt í gegnum áðurnefnt beingreiðslukerfi.

Til viðbótar við þessa stýringu á framboði inn á innlenda markaðinn (sem ætti að öllu jöfnu að tryggja stöðugleika í verði), þá stýrir ríkisvaldið verðlagningu á mjólk til bænda. Þannig er bændum tryggt tiltekið verð fyrir þann hluta mjólkurinnar sem fellur innan greiðslumarksins, ásamt því að þeir fá beingreiðslur fyrir það magn. Bændum er frjálst að framleiða umfram greiðslumark eins og þeir vilja en þá mjólk má ekki selja á innlendum markaði, heldur er hún flutt út og nýtur ekki beingreiðslna.

Það er ljóst að þetta fyrirkomulag felur í sér töluverða mismunun milli þeirra sem hafa greiðslumark og þeirra sem ekki hafa greiðslumark, því þeim síðarnefndu er í raun meinað að selja sína vöru innanlands. Sambærilegt fyrirkomulag er ekki að finna í neinni annarri búgrein og sennilega ekki í neinni annarri atvinnugrein hérlendis (þótt ég vilji nú ekki hengja mig upp á það).

Opinbera verðlagningin á heildsölustigi er allt annars eðlis. Ríkið fastsetur heildsöluverð á nokkrum mjólkurvörum (mjólk, léttmjólk, undanrennu og rjóma í tilteknum pakkningum, brauðosti, smjöri og örfáum öðrum vöruflokkum). Markmiðið er að tryggja lágt verð á þessum vöruflokkum til neytenda og samanburður við verð í nágrannalöndunum sýnir að þetta virkar nokkuð vel.

Ýmsir talsmenn verslunarinnar í landinu hafa viljað fella burt þessi afskipti ríkisins en hér þarf að hafa í huga að aðstæður á þessum markaði eru um margt sérstakar. Í fyrsta lagi er einn aðili algerlega ráðandi í vinnslu og framleiðslu á mjólkurvörum. Ef opinber afskipti væru afnumin væri þessum aðila í lófa lagið að hækka verð á mjólkurvörum að því marki að neysla drægist ekki verulega saman. Til að mæta því væri að sjálfsögðu hægt að lækka tolla á innflutning en sú aðgerð myndi ekki skipta miklu máli fyrir stóran hluta mjólkurvara þar sem geymsluþol er stutt og því er innflutningur ekki mjög raunhæfur kostur. Þessar sérstöku aðstæður gera það að verkum að það er erfitt að sjá fyrir sér algert afnám opinberrar verðlagningar á mjólk. Með því er ekki sjálfgefið að fyrirkomulag opinberrar verðlagningar skuli vera nákvæmlega eins og það er í dag en í meginatriðum er þetta kerfi sem nauðsynlegt er að viðhalda.

### *Lokaorð*

Stuðningskerfið í mjólkurframleiðslu er mjög miðað að því að styðja við framleiðslu á mjólk fyrir innlendan markað. Hvorki meira né minna. Þetta er kerfi sem er ódýrt í framkvæmd en kostar bændur hins vegar mikið í formi vaxta af því fé sem er bundið í greiðslumarki. Tækifæri til umbóta eru töluverð, fyrst og fremst við að draga úr eða afnema opinbera verðlagningu til bænda og færa stuðning frá greiðslumarki í mjólk til annarra þátta. Þar mætti helst horfa til jarðræktar, kjötframleiðslu, fjárfestinga í nýsköpun á bújörðum og nýliðunarstuðnings. Fyrirmyndir má sækja til að mynda til Noregs, Svíþjóðar og Finnlands, þar sem aðstæður eru að mörgu leyti svipaðar og hér.

*Höfundur starfar sem ráðgjafi í landbúnaði og skógrækt hjá Norræna ráðherraráðinu. Greinin endurspeglar ekki endilega viðhorf ráðherraráðsins.*




**Mynd 2. Skipting landbúnaðarstuðnings í Noregi á stuðningskerfi.**


GLUGGAVINIR
ALLAR TEGUNDIR AF GLUGGUM OG HURÐUM
S:571-0888 • GLUGGAVINIR.IS


B&B Guesthouse
Á leiðinni til útlanda?
Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu
2 manna herbergi
9.900 kr
Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is


Smíðum bíllykla
Smíðum og forritum
flestar gerðir bíllykla
Tímapantanir óþarfar
Stofnað 1988
Neyðarþjónustan
Lásasmiðurinn
Skútuvogur 11 • s: 510-8888


Vatnsdælur, háþrýstidælur og rafstöðvar
Hjá Dynjanda færðu öflugar rafstöðvar, vatns- og háþrýstidælur í mismunandi stærðum og gerðum.
Við veitum þér faglega aðstoð.
Hafðu samband.
DYNJANDI
allt fyrir öryggið
Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is


MICKEY THOMPSON
JEPPADEKK
STZ
ATZp3
DEEGAN
MTZ
BAJA CLAW
MICKEY THOMPSON
jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi
M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.
Stærðir 32" - 54"
Icetrack ehf. Sími 773 4334
netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is


TRYGG
Nøsted Kjetting as
SNJÓKEÐJUR
Vertu viðbúinn vetrinum
Mest seldu snjókeðjur á Íslandi
LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR
Ísnet Húsavík s. 5 200 555
Ísnet Akureyri s. 5 200 550
Kristbjörg Ólafsfjörður s. 5 200 565
Ísnet Sauðárkrókur s. 5 200 560
Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna
ÍSFELL
www.isfell.is
Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is


IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR
• Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
• Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
• Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
• Hágæða hráefni.
• Þolir íslenskt veðurfar.
• Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
• Stuttur afgreiðslutími.
IS HURÐIR
IS Hurðir | Sími 564 0013 | www.ishurdir.is | ishurdir@ishurdir.is



Jóhanna B. Þorvaldsdóttir á geitfjársetri sínu þar sem hún rekur snotra verslun. Myndir / smh

# Jóhanna á Háafelli hyggur á ostaframleiðslu beint frá býli

**Á Háafelli í Hvítársíðu hefur verið unnið ómetanlegt starf síðustu tvo áratugina við verndun og ræktun á hinum einstaka íslenska geitfjárstofni og þar eru langflestir gripir landsins – í umsjá ábúendanna Jóhönnu B. Þorvaldsdóttur og Þorbjörns Oddssonar.**

Jóhanna er fædd á Háafelli og uppalin þar og var fyrst eingöngu með geitur sem gæludýr. Ræktun hófst hins vegar markvisst frá 1999, en helsta verkefnið hefur verið að draga úr skyldleikaræktun. Stofninn er enn í útrýmingarhættu og hefur alþjóðlega Slow Food-hreyfingin af þeim sökum tekið þetta merka geitfjárkyn undir sinn verndarvæng með því að skrá það í verkefni sem það hefur á sínum snærum og heitir *Presidia*.

Eitt af því sem hefur verið nefnt sem liður í því að bæta stöðu geitfjárræktar á Íslandi – og á endanum tryggja tilveru greinarinnar – er að styrkja grundvöllinn fyrir geitfjárafurðum sem markaðsvörum.

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að tilraunum með geitfjárafurðir á Háafelli; mjólk, kjöt og ull – en að sögn Jóhönnu hafa þær tilraunir að mestu farið fram utan bús þar sem aðstaða þar hefur ekki verið ákjósanleg fram að þessu.

„Þau á mjólkurbúinu á Erpsstöðum hafa búið til fyrir mig osta í nokkur ár. Annars vegar hef ég verið með geitafetaost, nokkrar tegundir af honum, og svo hvítmygluost sem er kallaður Geitagalti. Svo hefur Sigurður í Kjötpól unnið fyrir mig geitapylsur í nokkur ár. Ostinn fæ ég svo heim til mín og legg í kryddlög sem er heimagerður – að mestu úr ýmsum jurtum úr garðinum mínum



Draumur Jóhönnu er að geta gert sína eigin geitajógúrt – sem ku vera algjört sælgæti.

eins og rósum,“ en garður Jóhönnu er stór og þar er hátt í tvö hundruð tegundir af rósum að finna.

„Fetaosturinn hefur verið til í nokkrum útgáfum; alveg hreinn og svo fimm tegundum af kryddlegi; til dæmist piparmyntu og lavender, rósalaufum og rósapipar. Ég mjólka núna um 30 geitur – þegar mjólkað er bara annað málið. Það eru svona 12 lítrar á dag. Það er mun meiri mjólk þegar mjólkað er bæði málin. Stefnan er að við getum næsta vor farið að mjólka allt, því við erum nýkomin með leyfi til að byggja hjá okkur ostagerð – og við erum



Forvitnir félagar. Ein landnámshæna nýtur samvista við geiturnar.



Þessi kiðlingur er að sögn Jóhönnu eins og hundur í háttum.



Jóhanna mjólkar nú einungis annað málið; um 30 geitur sem færa henni 12 lítra á dag.

afskaplega ánægð með það. Þegar hún verður tilbúin, vonandi þegar sumar nálgast á næsta ári, þá getum við farið að gera sjálf okkar osta og þá verður líka svigrúm fyrir meiri tilraunastarfsemi. Mig langar til dæmis afskaplega mikið til að gera jógúrt, því hún er algjört sælgæti. Einnig sé ég fyrir mér að við getum verið með fjölbreyttari osta og ferskosta ýmiss konar.

Það er unnið að burðarþolsteikningum um þessar mundir og vonandi verður hægt að grafa fljótlega fyrir grunni. Þetta er auðvitað dýrt og kostnaðurinn setur auðvitað strik í reikninginn um það hvað tekst að vinna þetta hratt.“

### *Líka með krem og sápur*

Jóhanna segir að vörurnar hennar séu vinsælar og því eigi þessi grein heilmikið inni á íslenskum markaði.

„Ég er með krem og sápur sem eru alltaf sérstaklega vinsælar. Svo verð ég að segja að pylsurnar njóta mikilla vinsælda líka, en það eru eins konar snakkpylsur. Í þeim er bara hreint geitakjöt og engin aukaefni. Ég hef mest selt þetta heima og heiman frá – þá í gegnum netið. Svo hef ég látið sjá mig mikið á mörkuðum, til dæmis Ljúfmetismarkaði Búrsins sem er haldinn nokkrum sinnum á ári.“

### *Geiturnar vinsælar*

„Við fáum mikið af heimsóknum til geitanna, erum með fastan opnunartíma yfir sumarið og svo opið eftir samkomulagi yfir vetrartímann, við reynum að fræða fólk um geiturnar og erum líka með gestamóttöku og verslun.

Dóttir mín og tengdasonur búa hér hjá okkur og stefnum við að því að vera með opna daga og einhverjar uppákomur tengt jólunum,“ segir Jóhanna og bætir við að hún, eins og margir aðrir, finni fyrir auknum fjölda erlendra ferðamanna.

Jóhanna segir að útlitið fyrir geitfjárrækt á Íslandi sé mun betra í dag en fyrir fáeinum árum. „Við njótum betri stuðnings eftir að ráðherra beitti sér fyrir því að það yrði greitt með öllum skýrslufærðum geitum, í stað þess að styðja einungis við 20 að hámarki. Svo eigum við von á því þegar nýr búvörusamningur verður gerður að geitfjárræktin verði tekin með inn í dæmið og styrkt með beingreiðslum til jafns við sauðfjárræktina.“

/smh

REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is

LELY MJÓLKURTANKAR TIL SÖLU

Tveir notaðir LELY Nautilus mjólkurtankar og einn nýr en útlitsgallaður

- 4000 lítra með áfastri kælivél - árgerð 2006
- 12000 lítra með lausri kælivél - árgerð 2007
- 5000 lítra með áfastri kælivél - árgerð 2015









Allar nánari upplýsingar hjá Sverri í síma 896 2866 eða í tölvupósti á netfangið sverrir@vbl.is

LELY

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá.

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 / 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg

## Lýðheilsa og sýklalyfjaónæmi:

# Sýklalyfjaónæmar bakteríur alþjóðlegt vandamál

## – veruleg hætta á faraldri af þeirra völdum á Indlandi

**Undralyfið penisilín var uppgötvað fyrir tilviljun árið 1928 og breytti gangi læknavísindanna. Vegna ofnotkunar á sýklalyfjum í lækningaskyni og í landbúnaði hafa komið fram stofnar sýklalyfjaónæmra baktería sem samkvæmt spám geta valdið dauða tugmilljóna fólks í framtíðinni. Samkvæmt grein í Huffington Post er ástandið verst á Indlandi og líkur á faraldri þar vegna ofurbaktería einungis tímaspursmál.**

Umfjöllun um sýklalyfjanotkun í landbúnaði hefur verið áberandi á síðum Bændablaðsins undanfarin misseri og meðal annars haft eftir Karli G. Kristinssyni, prófessor í sýklafræði við læknadeild Háskóla Íslands, að notkun sýklalyfja í landbúnaði tengist einu alvarlegasta lýðheilsuvandamáli samtímans.

Bent hefur verið á að Alþjóða heilbrigðisstofnunin, Evrópusambandið og Smitvarnamiðstöð Bandaríkjanna hafi lýst því yfir að sýklalyfjaónæmi sé ein mesta ógnin við lýðheilsu í heiminum í dag. Þrátt fyrir það eru sýklalyf víða ofnotuð í baráttunni við sýkingar í fólki og sem vaxtarhvati fyrir búfé í landbúnaði. Fram eru komnar ofurbakteríur sem geta borist í fólk og eru ónæmar fyrir öllum sýklalyfjum sem eru á markaði í dag.

Umræða um sýklalyfjanotkun almennt er ekki bundin við síður Bændablaðsins því nánast á hverjum degi má finna umfjöllun um málið í erlendum fjölmiðlum. Fyrir stuttu birti vefútgáfa Huffington Post áhugaverða grein um stöðu þessa máls á Indlandi. Textinn sem hér fer á eftir er lausleg þýðing á þeirri grein, millifyrirsagnir eru Bændablaðsins.

### *Bakteríur fljótar að mynda ónæmi*

Greinin á vefútgáfu Huffington Post hefst á tilvitnun í skoska lyfja- og grasafræðinginn Alexander Fleming sem uppgötvaði penisilín fyrir tilviljun árið 1928 og hlaut Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1945. Fleming sagði við afhendingu verðlaunanna að sá tími gæti runnið upp að hver sem er gæti keypt penisilín í verslunum. „Því mun fylgja sú hætta að illa upplýstir einstaklingar taki inn ranga og eða of litla skammta. Bakteríur sem ekki fá réttar skammtastærðir til að drepa þær eru fljótar að mynda ónæmi fyrir lyfinu.“

### *Legusár og sýking í þvagrás*

Árið 2009 fór 59 ára gamall Svíi af indverskum uppruna í skoðun á spítala í Örebro sem er skammt frá Stokkhólmi. Maðurinn var sykursjúkur og nýkominn úr ferðalagi til Indlands. Hann var með sár á líkamanum sem líktust legusárum og með sýkingu í þvagrásinni. Á ferðalaginu til Indlands hafði hann þurft að leggjast inn á spítala vegna bólgumyndunar í annarri rasskinninni. Eftir minni háttar skurðaðgerð á sjúkrahúsi í Nýju-Delí sneri hann aftur til Svíþjóðar.



Sýklalyfjaónæmar bakteríur hafa greinst í drykkjarvatni í Nýju-Delí og í Ganges-fljóti.



Skoski lyfja- og grasafræðingurinn Alexander Fleming uppgötvaði penisilín árið 1928 og hlaut Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1945.

Í fyrstu leit allt sakleysislega út og læknar í Svíþjóð töldu sárin og þvagfærasýkinguna smávægilega bakteríusýkingu sem maðurinn hefði sýkst af á sjúkrahúsinu á Indlandi og lítið mál að lækna hana.

Honum voru gefin sýklalyf sem vanalega slá á slíkar sýkingar á nokkrum dögum en fljótlega kom í ljós að lyfin höfðu engin áhrif og að ástand hann breyttist ekkert þrátt fyrir að sterkustu sýklalyfjum sem völ var á væri beitt.

Endurteknar þvagsýnatökur staðfestu grun lækna um að ekki væri allt með felldu. Seinna rituðu læknar í Örebro grein í læknablaðið Journal Antimicrobial Agents and Chemotherapy þar sem þeir greindu frá því að sýkingin stafaði af algengri bakteríu sem kallast á latínu Klebsiella pneumonia. Bakterían er meðal annars þekktur orsakavaldur lungnabólgu og sýkingar í blóði og algeng á sjúkrahúsum. Það sem olli læknunum heilabrotum var að í genamengi bakteríunnar var áður óþekkt gen sem seinna fékk heitið NDM-1 eða New Delhi Metallo-beta-lactamase-1.

Við nánari rannsóknir kom í ljós að genið olli því að bakterían var ónæm fyrir nánast öllum þekktum sýklalyfjum sem gerði lækningu nánast ómögulega. Verra og alvarlegra þótti þó að genið gat hæglega flust á milli ólíkra baktería og gert þær sýklalyfjaónæmar.

### *Aukin tíðni sýkinga á Indlandi*

Framvinda rannsókna næstu ára bentu til að genið væri að öllum líkindum upprunnið á Indlandi og sýkingar af völdum NDM-1 greindust á nokkrum öðrum stöðum þar í landi.

Sérfræðisjúkrahúsið Hinduja í Mumbai fær reglulega til sín sjúklinga frá minni spítölum víðs vegar um Indland sem þeir hafa ekki aðstöðu til að sinna. Árið 2010 tók Hinduja-sjúkrahúsið við 22 sjúklingum á þriggja mánaða tímabili sem greindust með bakteríu með NDM-1 genið. Auk þess sem fleiri slík tilfelli greindust víðar í landinu og í nágrannaríkinu Pakistan.



*Klebsiella pneumonia.* Bakterían er meðal annars þekktur orsakavaldur lungnabólgu og sýkingar í blóði.



Inntaka sýklalyfja í heiminum er mest á Indlandi.

Um svipað leyti greindist genið í bakteríum í drykkjarvatni í Nýju-Delí og í Ganges-fljóti. Bakteríur með NDM-1 genið eru taldar hafa borist í Ganges með frárennslisvatni frá sjúkrahúsum og fljótlega aðlagast umhverfinu utan spítalanna. Þaðan hafa þær líklega borist í drykkjarvatnið.

### *Greinst í tugum landa*

Þegar hér var komið sögu töldu sérfræðingar í sýklavörnum að mikil notkun á sýklalyfjum á Indlandi hafi leitt til stökkbreytinga í bakteríum sem aftur leiddu til sýklalyfjaónæmis.

Ári eftir að sýklalyfjaónæmar bakteríur greindust í drykkjarvatni í Nýju-Delí greindust slíkar bakteríur í sjúklingum í Bandaríkjunum, á Bretlandseyjum, Kanada, Japan og Kína. Í dag hafa bakteríurnar greinst í fólki í yfir 70 löndum og margir hinna sýktu höfðu heimsótt Indland og þurft að leita sér lækningar á sjúkrahúsum þar. Aðrir höfðu ekki farið út fyrir landsteinana og því sýkst í heimalandi sínu.

Stjórnvöld á Indlandi brugðust ókvæða við ásökunum um að sýklalyfjaónæmar bakteríur ættu upptök sín í landinu og segja það að nefna genið sem veldur ónæminu eftir Nýju-Delí aðför að vinsælum og ábótasömum heilsu- og lækningartúrisma sem rekinn er í landinu.



Lyfjaiðnaður á Indlandi er umfangsmikill, íbúafjöldi gríðarlegur og fátækt mikil. Milljónir fólks hefur ekki ráð á að leita til læknis og útbreiðsla sýklalyfjaónæmra baktería talsverð. Í landi þar sem allt þetta er til staðar á sama stað og sama tíma geta sýklalyfjaónæmar bakteríur breiðst út með ógnarhraða.



Ofnotkun sýklalyfja er alþjóðlegt vandamál.

Í framhaldinu voru reglur um leyfi til að taka lífsýni úr landi hertar verulega og breskum og skandinavískum rannsakendum gert sérlega erfitt fyrir hvað slíkt varðar. Ástæðan er sú að bresku og skandinavísku vísindamennirnir sem gáfu geninu nafn höfðu smyglað sýktum vatnssýnum frá landinu og vakið alþjóðlega athygli á hættunni sem af geninu stafaði.

Haft er eftir indverskum sérfræðingi í sýklalyfjaónæmi að í stað þess að beina athyglinni að heilsufarsvandamálinu sem af geninu stafaði hafi bresku og skandinavísku vísindamennirnir sökkt sér í að gefa því nafn. „Þetta var eins og að sparka í magann á okkur.“

### *Genið greinist í kornabörnum*

Árið 2009 fór að bera á óvenjulegum sýkingum í ungum börnum á einka-



Á árunum 2009 til 2011 voru fjórtán fyrirburar lagðir inn á sama einkasjúkrahúsið á Indlandi. Allir áttu þeir sameiginlegt að hafa verið lagðir inn á spítala skömmu eftir fæðingu og sýndu eftir það einkenni sýklalyfjaónæmis.

reknu dagheimili í borginni Bijnor sem er í um 160 kílómetra fjarlægð frá Nýju-Delí.

„Ég hafði ekki hugmynd um hvað var að gerast og engin lyf skiluðu árangri,“ er haft eftir barnalækninum Vipin Vashishtha sem skoðaði börnin reglulega.

Á árunum 2009 til 2011 voru fjórtán fyrirburar lagðir inn á einkasjúkrahús sem Vashishtha rekur. Allir áttu fyrirburarnir það sameiginlegt að hafa verið lagðir inn á spítala skömmu eftir fæðingu og sýndu eftir það einkenni sýklalyfjaónæmis. „Í fyrstu taldi ég að börnin yrðu hjá okkur í mesta lagi í nokkrar vikur en raunin varð önnur og þau dvöldu á spítalanum í marga mánuði og sum létust þar.“

Vashishtha reyndi að lækna sýkinguna í börnunum með öllum þeim sýklalyfjum sem hann hafði aðgang að eða blöndum af þeim en ekkert hafði tilætluð áhrif. Hann leitaði til sérfræðinga víðs vegar um Indland og sendi blóð- og þvagsýni til rannsókna á fjölda rannsóknarstofa.

Að lokum skiluðu tvö sýklalyf, sem kallast colistin og polymyxinB, árangri. Að öllu jöfnu er reynt að komast hjá því að nota þessi lyf þar sem þau eru mjög sterk og geta valdið alvarlegum nýrnaskemmdum.

Af þeim fjórtán börnum sem lögð voru inn létust sex vegna sýkinga en af þeim átta sem lifðu fengu fjögur alvarlega heilahimnubólgu og þjást af slæmri liðagigt í dag.

Niðurstöður rannsókna á sýnunum sem Vashishtha sendi sýndu svo ekki varð um villst að börnin voru öll sýkt af bakteríu sem bar hið nýuppgötvaða NDM-1 gen. Vashishtha skrifaða grein um reynslu sína í tímarit indverskra barnalækna og segir þar að tímabilið sem börnin voru í hans umsjón hafi verið skelfilegt og börn hafi látist með reglulegu millibili án þess að hann gæti nokkuð að gert. Í greininni segir hann að innst inni hafi hann verið viss um að hann var að fást við eitthvað nýtt og áður óþekkt.

„Ég sannfærðist um að um væri að ræða banvænan faraldur og að fæst okkar gera sér grein fyrir því. Bakteríurnar eru í vatninu, skolpræsunum og jarðvegi og jafnvel í okkur sjálfum og þær eru ónæmar fyrir nánast öllum sýklalyfjum.“

### *Undramáttur sýklalyfja*

Árið 1928, þegar Alexander Fleming uppgötvaði penisilín, breyttist gangur læknavísindanna. Fyrir daga penisilíns létust þúsundir manna á hverju ári í kjölfar minni háttar sýkinga. Smávægilegir skurðir af grasstrái gátu leitt til þess að fjarlægja þurfti lim eða valdið kvalarfullum dauða. Með tilkomu penisilíns var hægt að halda niðri sýkingum eftir erfiðar skurðaðgerðir. Nýju sýklalyfin ollu byltingu í lækningum, bættu líðan fólks og björguðu milljónum mannslífa.

### *Ótæpileg notkun*

Tæpri öld síðar bendir margt til að of mikið hafi og sé enn notað af sýklalyfjum. Þeim hefur meðal annars verið beitt í baráttunni við kvefpestir sem stafa af vírusum en ekki bakteríum og gera því lítið gagn í slíkum tilfellum.

Sýklalyfjanotkun í landbúnaði er gríðarleg víða í heiminum til að auka vaxtarhraða húsdýra og halda niðri bakteríusýkingum hjá nytjaplöntum.



Stjórnvöld á Indlandi brugðust ókvæða við ásökunum um að sýklalyfjaónæmar bakteríur ættu upptök sín í landinu. Þau segja það að nefna genið sem veldur ónæminu eftir Nýju-Delí aðför að vinsælum og ábótasömum heilsu- og lækningartúrisma í landinu.

Staðreyndin er sú að notkun á sýklalyfjum fór úr böndunum vegna þeirrar trúar að við myndum njóta kosta þeirra um ókomna framtíð og að ef upp kæmu vandamál myndi lyfjaiðnaðurinn leysa hann eins og hendi væri veifað. Staðreyndin er aftur á móti sú að í dag eru jafnvel allra sterkustu sýklalyf hætt að virka gegn ákveðnum bakteríum.

Þróun og náttúruval hefur valdið því að komið hafa fram bakteríur sem eru ónæmar fyrir öllum þekktum sýklalyfjum. Sérfræðingar segja að við lifum í póstmóderniskum sýklalyfjaheimi eða heimi þar sem gagnsemi sýklalyfja hefur runnið sitt skeið.

Í dag er talið að rekja megi um 700 þúsund dauðsföll á ári í heiminum til sýkinga vegna sýklalyfjaónæmra baktería. Talið er að sú tala geti hækkað í 10 milljónir ári 2050.

### *Ofnotkun sýklalyfja alþjóðlegt vandamál*

Þrátt fyrir að sýklalyfjaónæmi sé alþjóðlegt vandamál er Indland þungamiðja þess. Reglur í landinu veita almenningi ótakmarkaðan aðgang að sýklalyfjum í öllum styrktarflokkum án sjúkdómsgreiningar eða tilvísunar frá læknum.

Ofnotkun sýklalyfja á sjúkrahúsum og í landbúnaði er landlæg á Indlandi sem hefur leitt til þróunar á svokölluðum ofurbakteríum. Skortur á hreinlætisaðstöðu og almennu hreinlæti víða eru kjöraðstæður fyrir bakteríurnar til að fjölga sér.

### *68% aukning í neyslu sýklalyfja*

Úttekt Princeton-háskóla í Bandaríkjunum á sýklalyfjanotkun í heiminum árin 2000 til 2010 sýndi að hún var mest á hvern íbúa á Indlandi. Árið 2010 var inntaka sýklalyfja þar áætluð 12,9 milljarðar pillna. Til samanburðar var inntakan í Kína 10 milljarðar pillna og 6,8 milljarðar í Bandaríkjunum.

Samantekt Princeton sýndi 36% aukningu á heimsvísu í notkun sýklalyfjanna í lækningaskyni fyrir fólk frá síðustu aldamótum. Mest var aukningin á Indlandi, um 68%. Árið 2001 tóku Indverjar inn 8 milljarða sýklalyfjapillna en 12,9 milljarða árið 2010.

Fyrir nokkrum vikum birti rannsóknateymi frá Washington og Nýju-Delí sameiginlegar niðurstöður um notkun sýklalyfja og sýklalyfjaónæmi í heiminum.

Í skýrslunni segir að nú sé svo komið að bakterían Klebsiella pneumonia sé farinn að sýna ónæmi gegn sýklalyfinu carpapenem sem hingað til hefur verið talið virka gegn henni. Alls 57% Klebsiella pneumonia baktería, sem lyfið var reynt á í Indlandi, reyndust ónæmar fyrir því en 5% í Evrópu enn sem komið er. Sýklalyfjamótstaða annarra baktería eins og E Coli, MRSA og ESBL reyndist vera svipuð.

### *Börn í mestri hættu*

Nýfædd börn eru í mestri hættu þegar kemur að sýkingum og að sögn greinar í læknatímaritinu Lancet létust 58 þúsund hvítvoðungar í Indlandi árið 2013 vegna sýkinga af völdum sýklalyfjaónæmra baktería.

Haft er eftir einum indverskum höfundi Washington/Nýju-Delí skýrslunnar að Indland sé kjörsvæði fyrir þróun og útbreiðslu ofurbaktería. „Lyfjaiðnaðurinn í landinu er umfangsmikill, íbúafjöldinn gríðarlegur og fátækt mikil. Milljónir fólks hefur ekki ráð á að leita til læknis og útbreiðsla sýklalyfjaónæmra baktería talsverð. Þegar allt þetta er til staðar á sama stað og sama tíma geta sýklalyfjaónæmar bakteríur breiðst út með ógnarhraða.“

### *Lítil þróun í gerð sýklalyfja*

Í framhaldi af grein Huffington Post er vert að benda á að ein af þeim lausnum sem nefndar hafa verið í baráttunni við sýklalyfjaónæmar bakteríur er að framleiða ný enn sterkari sýklalyf.

Þróun nýrra sýklalyfja hefur nánast legið niðri undanfarin ár þar sem lyfjafyrirtæki sjá sér ekki hag í að þróa slík lyf. Í eðli sínu eru sýklalyf einnota, það er að segja þegar þau gera það gagn sem þeim er ætlað, því eftir að þau hafa unnið á viðkomandi bakteríu hætta sjúklingar að nota þau. Andstætt til dæmis blóðþrýstingslækkandi lyfjum sem þeir sem eru með of háan blóðþrýsting þurfa að taka inn alla ævi og því gulltryggð söluvara.

Galli við að setja sterkari sýklalyf á markað er sá að bakteríur eru fljótar að mynda þol gegn þeim og því vítahring að ræða. /VH









Á Agritechnica-landbúnaðarsýningunni í Hanover í Þýskalandi, mátti sjá ýmis lítt kunnugleg vörumerki hér á landi eins og þessar Solis-dráttarvélar. Þessar vélar eru framleiddar af Sonalika Group á Indlandi. Það fyrirtæki hefur framleitt dráttarvélar síðan 1969 og hafa þær átt vaxandi velgengni að fagna og uppfylla EEC-gæðastaðla. Myndir /HKr.

## Agritechnica í Hanover í Þýskalandi – stærsta tæknisýning í heimi á sviði landbúnaðar:

# Hátt í þrjú þúsund framleiðendur sýndu í 27 sýningarhöllum

## – um hálf milljón gesta skoðaði nýjustu tækni og bjartsýni gætir þrátt fyrir frekar neikvæða efnahagslega stöðu víða um lönd

**Átján manna hópur íslenskra bænda, fulltrúa Kraftvéla og fjármögnunarfyrirtækisins Ergo fóru á landbúnaðarsýninguna Agritechnica sem haldin var í Hanover í Þýskalandi dagana 8. til 14. nóvember.**

Þar er um að ræða stærstu tæknisýningu í heimi á sviði landbúnaðar sem haldin er á tveggja ára fresti og hefur hún vaxið við hverja sýningu. Þá var meira um risavaxin tæki á sýningunni nú en oft áður, stærri og kraftmeiri dráttarvélar og annan búnað.

### *Viðamikil sýning í 27 sýningarhöllum*

Sýningin var gríðarlega viðamikil og þúsundir tækja og tóla voru þar til sýnis fyrir áhugasama bændur víða að úr heiminum. Fulltrúi Bændablaðsins fékk að slást í för með íslenska hópnum, en vitað var um tvo aðra hópa íslenskra bænda og vinnuvélasala sem fóru á sýninguna. Sýningarsvæðið var allt innan dyra í 27 sýningarhöllum sem eru í hnapp á sama svæði og eru flestar stærri en Laugardalshöllin í Reykjavík. Skipulagningin var í höndum DLG (Deutsche Landwirtschafts-Gesellschaft e.V. – German Agricultural Society). Þetta fyrirtæki hefur mikla reynslu og hefur séð um sýningarhald af margvíslegum toga í meira en 120 ár.

Áætlað var að yfir hálf milljón gesta kæmu á sýninguna að þessu sinni en á síðustu sýningu, sem haldin var 2013, komu rétt tæplega 450 þúsund gestir frá 88 löndum. Á fyrstu þrem dögum sýningarinnar 2015 höfðu þegar komið yfir 200 þúsund gestir, en búist var við mun meira fjölmenni eftir þá helgi sem fyrrgreindur íslenski hópur var þarna.




ArmaTrac er tegund sem ekki hefur enn sést á íslenskum túnum. Þessi tegund hefur verið framleidd af Erkunt Tractor Industries, Inc. í Tyrklandi frá árinu 2004. Til eru 46 mismunandi gerðir með allt frá 50 til 110 hestafla mótorum og eru nú seldir víða um heim.




Geir Gíslasyni á Stóru-Reykjum í fyrrum Hraungerðishreppi þótti ekki dónalegt að stilla sér upp við austur-evrópska „draumagripinn“ Belarus 3525,6 frá Hvíta-Rússlandi.

### *Nærri 3000 framleiðendur*

Nærri 3.000 fyrirtæki frá um 50 löndum sýndu margvíslegan vélbúnað og tæki að þessu sinni. Gat þar að líta allt frá einföldustu handverkfærum og tannhjólum upp í tölvubúnað, dróna, mjaltaþjóna og risastórar vinnuvélar. Um helmingur framleiðenda kom frá Þýskalandi en hinn helmingurinn kom víða að úr heiminum, en flestir þó frá öðrum Evrópulöndum. Rússar létu sig t.d. ekki vanta á sýninguna, þrátt fyrir viðskiptabann sem í gangi er milli Rússlands og ESB varðandi landbúnaðarafurðir.

### *Stórauknar mengunarkröfur*

Íslensku bændurnir skoðuðu ekki síst það nýjasta sem var að gerast í hönnun dráttarvéla og heyvinnutækja. Þar er það sama upp á ten-



Fjölmargir framleiðendur sýndu mjög öflug tæki til úðunar á skordýraeitri og illgresiseyði.



Pólski dráttarvélaframleiðandinn Ursus gefur risunum í bransanum ekkert eftir í útlitshönnun og sýndi margar gerðir dráttarvéla.



John Deere mætti á svæðið með þessa risavöxnu liðstýrðu belta-dráttarvél.




Auk flaggskipsins T7.315 sýndi New Holland þennan fjallmyndarlega T8 með belti að aftan sem eykur flothæfni dráttarvélarinnar á gljúpu landi.



Viktor Ævarsson framkvæmdastjóri og Eiður Steingrímsson, sölustjóri Kraftvéla, ræða málin í veglegum bás New Holland á sýningunni.



Case IH er vel þekkt merki á Íslandi og mætti með öflugan flota á sýninguna. Líkt og New Holland leggja þeir mikið upp úr nýrri stiglausri sjálfskiptingu sem vakið hefur athygli.




Valtra sýndi sínar nýjustu dráttarvélar og þar við hliðina voru Steyr-vélar.



Massey Ferguson var með öflugan bás á svæðinu og þarf vart að kynna þessa tegund fyrir íslenskum bændum.

ingnum og við hönnun vörubíla og fólksbíla og miðar að aukinni skilvirkni búnaðarins og að minni mengun dísilvéla. Á síðastliðnum 15 árum hefur verið dregið gríðarlega úr mengun dráttarvéla og annarra tækja sem venjulega aka ekki á þjóðvegum. Það á þó sérstaklega við um vélar sem notaðar eru í Vestur-Evrópu. Verða framleiðendur þá að undirgangast stöðugt strangari mengunarkröfur sem hefur farið úr staðli 1 (Tier 1) í staðal 4. Samkvæmt þessum staðli var gerð krafa um að dregið yrði úr útblæstri köfnunarefnisoxíðs eða nituroxíðs (nitrogen oxides (NOX) og útblástursagnastærðir um 95% í stærðarflokkum véla frá 130 til 560 kílówött. Þegar er búið að setja upp enn strangara regluverk, eða staðal 5, sem ganga á í gildi 2019.

Sérfræðingar reikna með að útblástur frá dráttarvélum og öðrum utanvegatækjum muni í framtíðinni verða í samræmi við kröfur sem gerðar verða til vörubíla og trukka undir Euro 6-staðlinum. Er mengunarvarnabúnaðurinn í vörubílum og dráttarvélum reyndar orðinn mjög áþekkur í dag.

### *Endurbætt þyngdarjöfnun*

Dráttarvélaframleiðendur virðast fara svipaðar leiðir varðandi endurbætur á þyngdarjafnvægi. Í stað þyngdarklossa sem hengdir hafa verið á tækin, að framan og aftan, hafa hönnuðir sett vigtina meira í grindarrammana sjálfa. Þetta hefur m.a. verið gert í John Deer 7R seríunni og Fendt, sem og í Claas 800 Axions seríunni, Case-IH og líka í nýjustu gerðum New Holland, þ.e. Optum og T7 Hd seríunum.

Vakti sérstaka athygli blaðamanns afar stórar vinnuvélar sem ætlaðar eru til úðunar eiturefna á akra. Fjöldi framleiðenda bauð upp á slíkar vélar og ekkert bendir því til þess að draga eigi úr úðun skordýraeiturs og illgresiseyðis í heiminum. Það virðist líka benda til þess að notkun erfðabreyttra afbrigða í ræktun á korni fari vaxandi. Sem betur hafa slík ferlíki þó ekki verið notuð hér á landi enn sem komið er.

### *Áberandi bjartsýni tækjaframleiðenda þrátt fyrir dapurt efnahagsástand*

Dr. Bernd Scherer, framkvæmdastjóri VDMA Agricultural Machinery Association, sagði í kynningu á sýningunni að furðu mikil drift væri í hönnun og framleiðslu landbúnaðartækja, þrátt fyrir hökt í efnahagslífinu í Evrópu. Sagði hann að langtímaþættir í þróun landbúnaðar réttlættu þá bjartsýni sem virtist ríkja meðal tækjaframleiðenda. Þá hafi staðall framleiðenda um gæði og búnað aldrei verið hærri en í dag.

„Eigi að síður erum við nú að upplifa neikvæða hluti á nær öllum mörkuðum. Það er hægagangur í efnahagslífinu, sem ræðst þó aðallega af pólitískum þáttum,“ sagði Scherer. Benti hann á að staðan væri ekkert sérlega glæsileg um þessar mundir með lækkandi verðlagi á landbúnaðarvörum.

### *Líkur á 7% samdrætti í veltu á yfirstandandi ári*

Spáð var 10% samdrætti í veltu hjá landbúnaðartækjaframleiðendum á árinu 2015. Betri sala á fyrri helmingi ársins kann þó að draga úr samdrættinum, þannig að hann verði ekki nema 7%. Spáir Scherer því að samdráttur verði í veltu í þessum geira næstu árin sem nemi árlega um 5%. Það er samt verulega skárri staða en spáð var fyrir þetta ár og samkvæmt viðskiptavakt CEMA meðal stærstu aðilanna á markaði í október bendir það í fyrsta sinn til einhverrar uppsveiflu frá ársbyrjun 2014.

### *Stóri vandinn liggur í pólitískum deilum*

Scherer benti á þann mikla vanda sem felst í pólitískum deilum sem hafa veruleg áhrif á framleiðslu og sölu landbúnaðartækja. Mikill vandi væri nú við fjármögnun nýrra tækja innan þeirra ríkja sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum. Þar á meðal í Úkraínu sem og í ríkjum Suður-Ameríku eins og Brasilíu.

Þá sagði Scherer að viðskiptabann ESB og fleiri ríkja gagnvart Rússum vegna Úkraínudeilunnar væri að hafa verulega slæm áhrif á viðskipti með landbúnaðartengdar vörur.

„Þetta veldur miklum takmörkunum og í sumum tilvikum kemur viðskiptabannið algjörlega í veg fyrir að viðskipti geti átt sér stað. Til lengri tíma litið valda viðskiptaog tollahindranir einungis tapi. Þetta á bæði við um iðnfyrirtæki og viðskiptavini þeirra.

Staðan í Rússlandi, sem er eitt af mikilvægustu viðskiptalöndum okkar iðnaðar, helst enn óbreytt. Varðandi uppskerutæki hafa verið settar strangar kvótareglur. Takmarkaður kvóti á slíkan búnað heimilar aðeins kaup þeirra á 420 vélum.“ Scherer telur að til lengri tíma litið muni Austur-Evrópulöndin vera langmikilvægustu sölulöndin fyrir tækjaframleiðendur. Þá séu einhver teikn á lofti um að það sé að birta til hvað Rússland varðar. Stórframleiðsla í landbúnaðarvörum kalli á stórvirk landbúnaðartæki. Þrátt fyrir þá erfiðleika sem nú eru verði framleiðendur að reyna að halda sig inni í leiknum.

### *Evrópa og Norður-Ameríka halda framleiðendum á floti*

Sagði Scherer að staðan í heiminum í heild væri svo sem ekki mikið betri. Í dag héldi Evrópumarkaður og Norður-Ameríkumarkaður uppi tæknilegri framþróun í þessum geira, á meðan illa horfði hvað varðar Suður-Ameríku. Þá séu blikur á lofti í Kína og víðar í Asíu sem verið hafi öflug markaðssvæði fyrir landbúnaðartæki. Þá sé allt að fara til verri vegar í Tyrklandi af pólitískum ástæðum en það hafi lengi verið öflugt ríki á sviði landbúnaðar.

/HKr.

Gamli traktorinn



# Samson – hrakfallasaga frá upphafi



**Ford og General Motors áttu í harðri samkeppni á bifreiðamarkaði þegar Ford setti Fordson dráttarvélar á markað árið 1917 sem voru mun ódýrari traktorar en áður höfðu þekkst. GM ákvað strax að fara í samkeppni við Ford og hóf fljótlega framleiðslu á traktorum sem þeir kölluðu Samson.**

Fyrsta skrefið í samkeppninni var kaup vélaframleiðanda sem hét the Samson Sieve-Grip Tractor Company og framleiddi traktora. Fyrirtækið var stofnsett sem stálsmiðja aldamótaárið 1900 en hóf framleiðslu á dráttarvélum nokkrum árum seinna. Um svipað leyti yfirtók GM annað fyrirtæki, Janesville Machine Co., sem sérhæfði sig í framleiðslu á landbúnaðartækjum.

Framleiðsla fyrirtækjanna var sameinuð undir sama þaki og nafninu Samson Tractor Company og gert að sérdeild innan GM.



*Stór áform*

Hugmyndin var að nýja fyrirtækið framleiddi allt í senn fjölskyldu- og vöruflutningabíla, dráttarvélar og landbúnaðartæki sem hægt væri að knýja með traktor eða hesti.

Árið 1919 hannaði GM níu manna fjölskyldubíl með aftursætum sem hægt var að fjarlægja á einfaldan hátt og breyta í yfirbyggðan pallbíl. Hugmyndin var að markaðssetja bílinn fyrir bændur sem sæju sér hag í því að geta notað eina og sama bílinn sem fjölskyldubíl og flytja með aðföng



og vörur. Markaðssetningin mistókst gersamlega og einungis einn slíkur sá dagsins ljós og aldrei seldur.

Sömu hörmungarsögu er að segja af framleiðslu fyrirtækisins á vöruflutningabílum. Hugmyndin var góð en misheppnuð frá upphafi.

*Samson Model 4*

Þrátt fyrir misheppnaðar tilraunir Samson til að framleiða bíla var aðalmarkmið fyrirtækisins að framleiða dráttarvélar. Fyrir yfirtöku GM hafði Samson framleitt traktor sem kallaðist Sieve-Grip og var þungur og á þremur stálhjólum. Hjólin voru með götum til að ná betra gripi og það festist ekki drulla undir þeim heldur kreistist í gegn væri vélin að vinna í leðju.

Eitt fyrsta verk nýrra eigenda var að hætta framleiðslu Sieve-Grip og hanna nýja og minni fjögurra hjóla dráttarvélar sem átti að keppa við Fordson um hylli bænda. Nýja vélin fékk nafnið Samson Model 4 og kostaði 650.000 bandaríkjadali. Fljótlega kom í ljós að framleiðslan stóð ekki undir sér og verðið hækkaði í 840.000 dali sem var engan veginn samkeppnishæft verð við Fordsoninn frá Ford.

*Járnhesturinn*

Næsta tilraun GM til dráttarvélaframleiðslu kallaðist Model D Iron Horse. Framleiðslan hófst 1919. Vélin var af gerðinni Chevrolet og fjögurra strokka. Galdurinn við Járnhestinn fólst í því að hægt var að tengja við hann flest eldri landbúnaðartæki sem áður höfðu verið hestknúin og átti hann þannig að spara bændum vélakaup þrátt fyrir að þeir fengju sér dráttarvél.

Eins og önnur góð áform Samson dráttarvélaframleiðandans undir stjórn General Motors misheppnaðist hönnunin og markaðssetning Járnhestsins gersamlega og fyrirtækið var lagt niður árið 1923. Tap GM á ævintýrinu nam 33 milljónum Bandaríkjadala sem hefur eflaust glatt samkeppnisaðilann, Henry Ford, afskaplega. /VH

## Utan úr heimi



Tækin sem fæla burt skordýr eru fáanleg talsvert minni en þetta. Í stórræktun er samt allur varinn góður.

Varnir gegn skordýrum:

# Hljóðbylgjur sem tæla til sín pöddur

**Tæki sem gefur frá sér hljóð sem líkist mökunarkalli skordýrs sem leggst á appelsínulundi í Flórída lofar góðu í baráttunni við kvikindið sem veldur talsverðum skaða í ræktuninni á hverju ári.**

Kvikindið sem um ræðir er upprunnið í Asíu og nærist á stönglum og laufi sítrustrjáa og dregur þannig verulega úr vexti trjánna og uppskerunnar sem þær gefa. Á sama tíma bera pöddurnar í sér bakteríu sem smitast í trén og getur sýking af þeirra völdum valdið dauða trjánna.

Tilraunir með að nota hljóðbylgjur sem líkjast mökunarkalli kvenkvikindanna í stað skordýraeiturs til að halda pöddunni í skefjum lofa góðu. Hljóðin trufla þannig að mökunarferli pöddunnar riðlast og það dregur úr fjölgun hennar.

Tæknin virkar þannig að tæki sem greinir þegar karldýr koma fljúgandi sendir boð í aðra græju sem gefur frá sér hljóð sem líkist mökunarkalli kvenpöddunnar með þeim afleiðingum að karldýrin breyta um stefnu. Við hljóðgjafann eru vonbiðlarnir svo veiddir í gildru þar sem þeir drepast.

Tilraunir með hljóðbylgjutæknina lofa góðu að ákveðið hefur verið að reyna hana sem vörn gegn fleiri tegundum skordýra sem valda skaða á uppskeru, í vöruhúsum eða mannabústöðum. /VH



Schwarzenegger kann til verka þegar kemur að sprengingum.

Dýravernd:

# Schwarzenegger sprengir fílatönn í loft upp

**Leikarinn, sprengjusérfræðingurinn og fyrrverandi ríkisstjóri Kaliforníu, Arnold Schwarzenegger, lagði nýlega sitt af mörkum til verndunar fíla í heiminum þegar hann sprengdi fílatönn í loft upp á myndbandi.**

Myndbandið sýnir Arnold þar sem hann stendur fyrir framan skriðdreka með fílatönn í höndunum. Því næst segir hann með tortímandi röddu veiðiþjófum að hætta að drepa 96 fíla á dag vegna tannanna. Í kjölfarið sést hann tengja við tönnina sprengiefni og sprengja hana í loft upp á heybagga.

Uppátækið er hluti af herferð sem kallast 96 fílar og er ætlað að vekja athygli á þeim fjölda fíla sem að meðaltali eru drepnir af veiðiþjófum á dag vegna tannanna. Ríflega 42 tonn af fílabeini hafa verið gerð upptæk og brennd það sem af er þessu ári þegar reynt hefur verið að smygla því milli landa.

Mest af fílabeini er smyglað frá Kongó, Eþíópíu, Kenía og Mósambík en inn til Kína, Sameinuðu arabísku furstadæmanna og Bandaríkjanna. /VH

# Skógareldar í Brasilíu

**Ekkert lát er á skógareldum sem geisað hafa í Brasilíu síðustu tvo mánuði. Eldarnir eru þeir stærstu í marga áratugi og ógna ekki bara skógum og villtum dýrum heldur líka búsvæði innfæddra indíána í landinu.**

Landverðir, slökkvilið og innfæddir, sem barist hafa við eldana á þriðja mánuð, ráða lítið sem ekkert við útbreiðslu þeirra. Talið er að upptök eldanna tengist aðgerðum til að ryðja skóglendi og hefja á landinu



ræktun. Aðferðin er að fella fyrst bestu harðviðartrén og selja viðinn til Evrópu eða Bandaríkjanna til parket- og húsgagnagerðar. Síðan er allur annar gróður brenndur áður en sáð er olíupálmum. Pálmaolía er unnin úr pálmunum sem er gríðarlega mikið notuð í matvælaiðnaði.

Talið er að skógur á 413 þúsund hekturum af landi hafi þegar brunnið og að um tólf þúsund innfæddir indíánar séu á vergangi vegna eldanna. /VH

Vínrækt:

# Frakkar nota mest af skordýraeitri við vínrækt

**Vínræktendur í Frakklandi hafa undanfarið fengið yfir sig holskeflu af málaferlum sem tengjast heilsubresti og veikindum starfsmanna sem talið er að tengist ofnotkun á skordýraeitri við ræktunina.**

Aukin veikindi eru bundin við ræktendur sem nota mikið af skordýraeitri en ekki lífræna ræktendur. Frakkar nota eitur allra þjóða mest í Evrópu til að halda niðri skordýrum sem herja á vínvið og einungis 8% af vínekrum Frakklands vottast með lífræna ræktun.

Í vínræktarhéraði einu í Suður-Frakklandi, sem kennt er við Languedoc-þrúguna, er meira en 60 þúsund tonnum af fjölbreyttum kokteil skordýraeiturs úðað yfir vínakrana á ári.



Eituraustur vínræktenda í Frakklandi er farinn að koma í bakið á þeim vegna heilsufarslegra álitamála.

Í héraðinu eru milljónir af vínviðarplöntum, merlot, cabernet sauvignon og chardonnay, og framleiddar milljónir lítra af víni sem selt er um allan heim.

Allur þessi eituraustur er farinn að koma í bakið á ræktendum vegna heilsufarslegra álitamála. Fjöldi skaðabótamála hefur verið lagður fram af verkafólki sem unnið hefur áratugi á ökrunum og notað skordýraeitrið í góðri trú um skaðleysi gagnvart mönnum. Málaferlin eru meðal annars vegna fjölda krabbameinstilfella sem rakin eru til notkunar á efnunum og eru eigendur vínakranna meðal annars sakaðir um manndráp af gáleysi. Fjöldi sams konar málaferla eru í undirbúningi víðs vegar um Frakkland.

Stjórnvöld í Frakklandi hafa heitið því að draga úr notkun á skordýraeitri í landinu fyrir 2025. /VH

Sturlaugur Jónsson & Co
TÚRBÍNUR
Útvegum túrbínur frá IHI, Garrett, KKK, Schwitzer, Holset og Mitsubishi í flestar gerðir farartækja. Hagstætt verð.
www. sturlaugur.is - Sími 412 3000 - Selhellu 13 Hafnarfirði

Notaleg gisting fyrir jólainnkaupin í hjarta Akureyar.
Bjóðum sérverð frá **6.390 - 8.990** kr. nóttin fyrir 2ja manna herb. Penthouseíbúð fyrir 5-7 á **14.900** kr. nóttin.
Allt endurnýjað 2015. Eldhús, sjónvarp, setustofa. Frítt wi-fi. Pantanir í síma **469 4104** eða **info@apotekguesthouse.is**
A P O T E K
Hafnarstræti 104, 600 Akureyri

www.volundarhus.is
RÝMINGARSALA-ÚTSALA
Á GARÐHÚSUM
Allt á að seljast · Fyrstur kemur fyrstur fær
Tilboðin gilda 13. - 30. nóvember
Allt að 20% afsláttur líka af öðrum garðhúsum sem til eru á lager
34 mm bjálki / Tvöföld nótun
VERÐTILBOÐ - GARÐHÚS 4,4 m²
Verð nú kr. 135.900 - áður kr. 169.900
34 mm bjálki / Tvöföld nótun
GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður
34 mm bjálki / Tvöföld nótun
VERÐTILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs
Verð nú kr. 234.900 - áður kr. 299.900
VERÐTILBOÐ
GARÐHÚS 9,7 m²
28 mm bjálki / Einföld nótun
Verð nú kr. 215.900
Verð áður kr. 269.900
GARÐHÚS 9,7 m²
34 mm bjálki / Einföld nótun
Verð nú kr. 239.900
Verð áður kr. 299.900
Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is
völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is · Sími 864-2400
34 mm bjálki / Tvöföld nótun
VERÐTILBOÐ - GARÐHÚS 4,7 m²
Verð nú kr. 149.900 - áður kr. 189.900

Höfum tekið við umboði Topa sem bjóða meðal annars **glussafleyga og fleiri góð verkfæri sem** hafa áunnið sér gott orðspor hér á Íslandi á undan förnum árum.
Topa býður uppá **úrval verkfæra** og aukahluta, t.d. Klippum, Kröbbum og hinn þekkta Vibro-Ripper.
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • 221 Hafnarfjordur • Sími: 555 6670 • velanaust@velanaust.is

Láttu þér ekki vera kalt
Honeywell hitarar og ofnar
Olíufylltir ofnar 7 og 9 þilja 1500W og 2000 W
Keramik hitarar með hringdreifingu á hita
Hitablásarar í úrvali
Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: donna ehf
Donna
Sími 555 3100 www.donna.is

LSB Lífeyrissjóður bænda
TILKYNNING
Lífeyrissjóður bænda flytur að Stórhöfða 23
Lífeyrissjóður bænda þarf að rýma skrifstofur sínar fyrir nýjum hótelherbergjum á Hótel Sögu eftir að hafa verið yfir 20 ár í Bændahöllinni.
Nýtt aðsetur sjóðsins frá og með 30. nóvember næstkomandi verður að Stórhöfða 23, 110 Reykjavík. Nýtt símanúmer sjóðsins verður 563 1300.
Vegna flutninganna verða skrifstofur sjóðsins lokaðar 26. og 27. nóvember nk.
LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA
Bændahöllinni v/ Hagatorg, 107 Reykjavík - sími 563-0300
Stórhöfða 23, 110 Reykjavík - sími 563-1300



Söfnun á laufi plöntunnar er víða vélvædd en einnig er unnið með höndum.

# Tóbak – heilagt eitur




Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is


**Plöntur hafa verið brenndar í aldaraðir og reykurinn af þeim notaður við helgiathafnir sem reykelsi og til að fæla burt illa anda. Reykurinn hefur einnig verið notaður til reykja matvæli og auka geymsluþol þeirra. Engin reykingarplanta hefur þó náð viðlíka útbreiðslu og tóbak.**

Heildarframleiðsla á tóbaki í heiminum árið 2013 var tæp 8 milljón tonn og hafði þá dregist lítillega saman frá árinu áður. Áætlanir gera þó ráð fyrir að framleiðslan muni aukast aftur á næstu árum.



Heildarframleiðsla á tóbaki í heiminum árið 2013 var tæp 8 milljón tonn.

### *Kínverjar rækta mest*

Kínverjar ræktuðu hátt í helming af öllu tóbaki í heiminum árið 2013, um 3,2 milljón tonn, Indverjar eru í öðru sæti með 875 þúsund tonn og Brasilía er í þriðja sæti með 810 þúsund tonn. Bandaríki Norður-Ameríku eru fjórði mesti ræktandi tóbaks í heiminum með tæp 346 þúsund tonn og Indónesía í því fimmta og framleiðir 227 þúsund tonn. Löndin í sjötta til tíunda sæti eru Malaví, Argentína, Tansanía, Simbabve og Pakistan og er framleiðslan í þeim löndum á bilinu 150 þúsund og niður í 98 þúsund tonn á ári.

Áætluð landnýting undir tóbaksrækt eru rúmir 41 þúsund ferkílómetrar og er tóbaksjurtin sú löglega ræktunarplanta í heiminum sem gefur mest af sér á hektara. Talið er að framleiddar séu um 5.000.000.000.000, eða fimm þúsund billjónir af sígarettum, í heiminum á ári.

Ásakanir um barnaþrælkun í tengslum við tóbaksræktun eru talsverðar í flestum stærstu framleiðslulöndunum. Dæmi eru um að börn og unglingar hafi hlotið varanlegan tauga- og heilaskaða við að vinna á tóbaksökrum.

Á heimasíðu Hagstofu Íslands segir að flutt hafi verið inn til Íslands 310 tonn af unnum tóbaksvörum árið 2014. Tekjur íslenska ríkisins af innflutningi á tóbaki árið 2013 voru 9,1 milljarðar króna.




### *Grasafræði og ræktun*

Tóbaksplantan, Nicotiana tabakum, er af náttskuggaætt og náfrænka tómata, kartöflunnar og eggaldins. Hún tilheyrir ættkvíslinni Nicotiana en tegundin finnst ekki villt í náttúrunni og er talin vera ræktunarblendingur af N. sylvestris, N. tomentosiformis og hugsanlega N. otophora. Auk N. tabakum er N. rustica ræktuð til nikótínframleiðslu. Allar þessar plöntur eru upprunnar í Suður-Ameríku.

Hraðvaxta jurtkennd planta með trefjarót. Skammlífur fjölæringur en ræktuð sem einær. Nær rúmlega tveggja og hálfs metra hæð við góð skilyrði. Blöðin stór, ílöng eða egglaga, með stuttum stilk, heilrennd. Allt að 80 sentímetrar að lengd og 30 sentímetra breið, smáhærð og klístruð viðkomu. Hver planta getur borið um 50 blöð. Blómin tvíkynja, lúðurlaga, 5 til 6 sentímetra löng og hálfs sentímetra breið. Frjóvgast með býflugum. Ljósbleik að lit og blómstra við fjórtán klukkustunda daglengd. Fræin smá, brún að lit og nýrnalaga.

Tóbak dafnar best í birtu við háan loftraka í rökum en vel framræstum og köfnunarefnisríkum jarðvegi við 20 til 30 gráður á Celsíus. Kjör sýrustig pH 6 til 7. Í hitabeltinu vex tóbak upp í 1800 metra hæð yfir sjávarmáli en plantan getur þrifist milli 60° norðlægrar og 40° suðlægrar breiddar. Hún þolir talsverðan vind, rigningu og jafnvel haglél á meðan hún er ung og blaðlítil. Eldri og blaðmeiri tóbaksplöntur eru viðkvæmari fyrir slíkum barningi og þola ekki frost.

Í stórræktun er fræjunum sáð í gróðurhúsum eða beint í beð og tekur spírun þeirra 10 til 20 daga við 20° hita. Vaxtartími frá útplöntun til uppskeru er 70 til 120 dagar eftir hitastigi á ræktunarstað. Þurrkur síðustu vaxtardagana auðveldar uppskeru og þurrkun á blöðunum í vinnslu.

Eins og í annarri einræktun er gríðarlegt magn af ólíku skordýraeitri notað til að halda niðri skordýrum sem herja á tóbaksjurtina frá sáningu til uppskeru.

Unnið er skordýraeitur úr nikótíni sem notað er við garðyrkju.

### *Uppskera og vinnsla*

Söfnun á laufi plöntunnar er víða vélvædd en einnig er unnið með höndum. Eftir uppskeru er laufið þurrkað undir sólinni, í hjöllum, yfir eldi eða þurrkofnum. Hver aðferð gefur tóbaki sérstakan ilm og keim og er hvoru tveggja sagt batna því lengur sem laufið er að þorna.

Tóbak sem er vindþurrkað undir berum himni er ríkt af nikótíni og milt og mest notað í vindla. Pípu- og neftóbak er aftur á móti þurrkað yfir vægum eldi í hjöllum. Sú aðferð að þurrka blöðin í sólinni er upprunnin í Tyrklandi og það tóbak aðallega notað í sígarettur.

### *Erfðabreytt tóbak*

Tóbak er fyrsta erfðabreytta plantan sem tilraunir voru gerðar með utandyra. Tilraunin var gerð samtímis í Bandaríkjunum og Frakklandi 1986. Kína var fyrsta landið í heiminum sem leyfði framleiðslu á erfðabreyttum plöntum þegar það hóf stórræktun á erfðabreyttu tóbaki árið 1993.

### *Öll eitruð nema fræin*

Plantan öll, að fræjunum undanskildum, inniheldur nikótín en magnið sem er mest í blöðunum fer eftir jarðvegsgerð, veðri og ræktunaraðferðum. Að öllu jöfnu eykst magnið af nikótíni í plöntunni eftir því sem hún verður eldri. Auk nikótíns er að finna í tóbaksplöntunni margs konar önnur efnasambönd sem heita áhugaverðum nöfnum eins og anatabin, anabasin, glukosid, 2,3,6-trimethyl-1,4-naphthoquinon, 2-methylquinon, 2-napthylamin, propionik-sýru, anatallin, anthalin, anethol, acrolei, anatabin, cembren, cholin, nicotellin, nicotianin, og pyren og eru eflaust öll til margs konar gagns. Sé plantan borðuð hrá eins og salat getur hún valdið ógleði, uppköstum, svitakófi, meðvitundarleysi og jafnvel dauða.

### *Innfæddir reyktu þurrkuð blöð*

Kólumbus og samferðamenn hans kynntust tóbaki í fyrstu siglingunni til nýja heimsins, 1492, þegar þeir sáu innfædda reykja þurrkað lauf plöntunnar.

Fornleifar benda til að tóbak hafi verið ræktað í Mið- og Suður-Ameríku í að minnsta kosti 6.000 ár fyrir upphaf okkar tímatals. Plantan var sögð vera gjöf guða til manna og heilög. Auk þess að vera reykt var hún notuð til lækninga, til að lina burðarverki kvenna og við helgiathafnir. Sagt er að töframenn hafi keðjureykt allt að rúmlega tólf metra langa vindla í röð til að komast í vímuástand og heimsækja andaheiminn. Sá siður að taka í nefið og tyggja tóbak mun einnig kominn frá innfæddum í Ameríku. Auk þess sem þeir smurðu tóbaksolíu á húðina til lækninga þrátt fyrir að slíkt geti verið lífshættulegt. Í dag er nikótín notað í húðkrem sem ætlað er að fæla burt skordýr.

### *Innreið tóbaks í Evrópu*

Áhöld eru uppi um hvort Frakkar, Portúgalar eða Spánverjar hafi fyrstir flutt með sér fræ tóbaksplöntunnar til Evrópu í kringum 1560. Fyrstu árin var plantan aðallega ræktuð sem skrautjurt en ekki leið á löngu þar til að sögur um lækningamátt hennar mögnuðust og hún sögð bæta algeng mein eins og mígreni, þvagsýrugigt, tannpínu og gyllinæð svo fátt eitt sé nefnt.

Talið er að Rodrigo de Jerez, sem var í áhöfn Santa María með Kólumbusi, sé fyrsti Evrópumaðurinn til að taka upp á því að reykja pípu og þótti slíkt mikið nýnæmi. Ísabella drottning af Portúgal er að öllum líkindum fyrsta Evrópukonan sem reykti. Kólumbus færði henni vindil þegar hann kom heim úr fyrstu siglingu sinni.

Spánverjar hófu fyrstir nýlenduherra ræktun á tóbaki á Kúbu og Haítí árið 1531 og hófu verslun með það í Evrópu um miðja sextándu öld. Jaen Nicot, sendiherra Frakka í Portúgal, sá sér leik á borði og hóf innflutning á tóbaki til Frakklands og græddi stórfé. Ættkvíslun Nicotiana er nefnd í höfuðið á hönum.

Bretinn Walter Raleigh flutti manna fyrstur tóbak til Bretlands og var ötull talsmaður þess þar. Neysla á tóbaki barst síðan hratt út um Evrópu og annarra landa eftir það.

Raleigh kynnti Elísabetu I. Englandsdrottningu fyrir tóbaki og þótti henni það gott til hátíðabrigða. Jakobi I., arftaka hennar, var aftur á móti meinilla við tóbak og reyndi að banna það. Jakob dæmdi Raleigh reyndar til dauða og segir sagan að hann hafi gengið sallarógur með pípuna sína í munninum að aftökustaðnum.

Napóleon I. reykti ekki en hann tók í nefið og eru neftóbaksdósir hans frægar. Napóleon III. reykti aftur á móti mikið og allt að 50 sígarettur á dag. Goethe var mótfallinn tóbaksneyslu og sagði að hún gerði menn heimska, Tolstoy sagði hins vegar að hún gerði menn vitlausa. Schiller var aftur á móti viðþolslaus hefði hann ekkert að reykja.

Kirkjuyfirvöld hömuðust einnig gegn tóbaki um tíma og mun ástæðan einkum vera sú að prestar voru farnir að tyggja munntóbak í svo miklum mæli við messu að varla heyrðist lengur hvað þeir sögðu. Urban páfi VIII. gaf út boð, 1650, þess efnis að prestum væri bannað að neyta tóbaks þegar þeir voru komnir í skrúða. Hann sá þó fljótlega hversu tóbaksverslun var ábátasöm og fyrirskipaði ræktun þess á kirkjujörðum.



Eftir uppskeru er laufið þurrkað undir sólinni, í hjöllum, yfir eldi eða þurrkofnum.



Tóbaksneysla er sögð vera helsti orsakavaldur ótímabærs dauða í heiminum.



TO BE SOLD on board the Ship *Bance-Island*, on tuesday the 6th of *May* next, at *Ashley-Ferry*; a choice cargo of about 250 fine healthy

NEGROES,

just arrived from the Windward & Rice Coast. —The utmost care has already been taken, and shall be continued, to keep them free from the least danger of being infected with the SMALL-POX, no boat having been on board, and all other communication with people from *Charles-Town* prevented.

*Austin, Laurens, & Appleby.*

N. B. Full one Half of the above Negroes have had the SMALL-POX in their own Country.

Þrælaverslun frá Afríku til Bandaríkjanna, aðallega Suðurríkjanna, jókst gríðarlega með aukinni tóbaksræktun.

Konungur Frakklands tók um tíma toll af allri tóbaksverslun í landinu en hún var gefin frjáls skömmu eftir að Napóleon komst til valda. Sagan segir að Napóleon hafi haldið stórveislu í höll sinni veturinn 1810 og boðið öllum stórmennum landsins. Meðal gestanna var kona sem keisarinn veitti sérstaka athygli vegna þess hversu mikið hún bar af gimsteinum. Þegar hann forvitnaðist um hver konan væri fékk hann það svar að hún væri eiginkona vellauðugs tóbakskaupmanns.

Hálfu ári seinna tók keisarinn sér einkarétt á verslun, framleiðslu og sölu á tóbaki í landinu og nýlendum þess. Stundum er sagt að þessi skrautgjarna kona sé ástæða þess að sala á tóbaki hefur lengi verið einkaréttur ríkisvaldsins.

### *Tóbak og þrælaverslun*

Þrælaverslun frá Afríku til Bandaríkjanna, aðallega Suðurríkjanna, jókst gríðarlega með aukinni tóbaksræktun. Tóbak varð snemma, ásamt sykri og bómull, ein af þeim vörum sem voru hluti af Trafalgarþríhyrningnum sem lá frá Evrópu til Afríku og þaðan til nýja heimsins og aftur til Evrópu.

Tóbak, sykur og bómull var flutt frá Mið- og Suður-Ameríku til Evrópu og selt þar. Gróðinn var notaður til að kaupa, byssur, salt, vefnaðarvöru í Evrópu og skreið frá Íslandi. Allt eftirsóttar vörur í Vestur-Afríku og seldar þar. Í Vestur-Afríku voru keyptir þrælar sem fluttir voru vestur um haf og seldir plantekrueigendum. Og tóbak, bómull og sykur flutt til Evrópu.

### *Aukin tóbaksneysla*

Neysla á tóbaki, sérstaklega sígarettum, jókst gríðarlega á árum seinni heimsstyrjaldarinnar enda sígarettum dreift ókeypis meðal bandarískra og breskra hermanna. Nasistar í Þýskalandi voru aftur mótfallnir reykingum og lögðust gegn þeim meðal hermanna sinna.

### *Marlboro-maðurinn*

Ein best heppnaða auglýsingaherferð síðustu áratuga var frá framleiðanda Marlboro-sígarettna og sýndi kúreka í villta vestrinu reykja. Auglýsingin var notuð í mismunandi útfærslum í fjörutíu og fimm ár eða frá 1954 til 1999. Fjórir af þeim sem komu fram sem Marlboro-maðurinn í auglýsingunum létust úr lungnakrabbameini.



Óreykt og vel reykt lungu.

### *Tóbak á Íslandi*

Fyrstu skráðu kynni Íslendings af tóbaki er að finna í Reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara. Jón var vestfirskur bóndasonur sem tók sér far með ensku skipi frá Vestfjörðum til Englands árið 1615 til að skoða heiminn. Í ferðasögu sinni segir hann frá skipverja sem tók í nefið og kenndi hann Jóni siðinn.

Minnst er á munntóbak í bréfi sem Arngrímur lærði skrifaði Ole Worm árið 1631. Bréfið er á latínu en í þýðingu Ólafs Davíðssonar, náttúrufræðings og þjóðsagnasafnara, í Eimreiðinni 1898 segir á einum stað: „Mig fýsir að fræðast sem fyrst um hver áhrif tóbakið hefur, þegar menn draga það að sjér gegnum pípu, svo reykurinn kemur út um munn og nef, hve skammturinn á að vera mikill og hve opt á að taka það; hvort menn eiga að neita þess á fastandi maga, eins og sjómenn hafa sagt mér, eða á annan hátt.“ Arngrímur spyr einnig hvort neyslan sé holl fyrir höfuð og brjóst og hvort það sé satt að sumir menn tyggi það til að hreinsa magann.

Í svarbréfi Worm segir að: „Jurtin sé kaldrar náttúru og einkum holl fyrir þá sem eru vots eðlis ef þeir neyta hennar í hófi.“ Hann segir einnig að reykur úr pípu hreinsi slím úr heilanum og skilningarvitunum. Worm segir að sé tóbak látið standa í víni yfir nótt og drekki svo vínið auðveldi það uppsölur en að öðru leyti viti hann ekki hvort óhætt sé að neyta jurtarinnar.

Útbreiðsla tóbaks, hvort sem það var munn-, reyk- eða neftóbak, á Íslandi var hröð hjá báðum kynjum og tóku konur ekki síður í nefið en karlar og var það kallað að drekka tóbak þegar tekið var í nefið.

Hallgrímur Pétursson samdi nokkrar vísur um tóbak:

*Tóbakið hreint,*
*fæ gjörla ég greint,*
*gjörir höfðinu létta,*
*skerpir vel sýn,*
*svefnbót er fín,*
*sorg hugarins dvín.*
*Sannprófað hefi ég þetta.*

*Tóbak nef neyðir,*
*náttúru eyðir,*
*upp augun breiðir,*
*út hrákann leiðir,*
*minnisafl meiðir,*
*máttleysi greiðir*
*og yfirlit eyðir.*

Séra Páli Björnssyni í Selárdal (d. 1706) var meinilla við tóbak og sagði í stólræðu:

„Aldrei verður evangellíum svo kiprað saman í prédikunarstólnum, að það sje ekki oflangt, þótt tóbakið sje ennþá millum tannanna á þeim, sem sitja á kirkjubekknum.“

Í frétt á heimasíðu Landlæknisembættisins segir að verulega hafi dregið úr tíðni daglegra reykinga undanfarin ár og að sama skapi hafi hlutfall þeirra sem reykja sjaldnar en daglega hækkað frá árinu 2012.

### *Orsakavaldur ótímabærs dauða*

Í dag er tóbaksplantan ræktuð í stórum stíl og úr henni aðallega unnið tóbak. Árið 2008 gaf Alþjóðaheilbrigðiseftirlitið út yfirlýsingu þar sem tóbaksneysla er sögð vera helsti orsakavaldur ótímabærs dauða í heiminum.

Talsvert hefur dregið úr tóbaksneyslu á Vesturlöndum síðustu ár en neysla þess hefur á móti aukist jafnt og þétt í Asíu og í dag eru það ungir kínverskir karlmenn sem reykja hlutfallslega mest allra.

Tengsl tóbaksneyslu og krabbameins, lungna- og æðasjúkdóma eru löngu þekkt og full ástæða til að vara við henni. Eða eins og gömul frænka sagði einu sinni: „Þeir sem reykja lykta eins og svín, þeir sem taka í nefið líta úr eins og svín en þeir sem taka í vörina eru svín.“




Íslenski hópurinn á Kempenshof-tilraunabúgarðinum. Myndir / JB

## Íslenskir kúabændur í fræðsluferð með Líflandsmönnum til Hollands:

# Skoðuðu hollenskan búskap, áburðarframleiðslu og mjaltatækni

**Á dögunum hélt 37 manna hópur íslenskra kúabænda í fræðsluferð til Hollands á vegum Líflands, ásamt þremur starfsmönnum frá Líflandi.**

Ferðalagið hófst þriðjudaginn 27. október og haldið var heim laugardagsmorguninn 31. október. Meginmarkmið ferðarinnar var að kynna bændur fyrir hollenskum búskap, samstarfsfyrirtækinu Trouw Nutrition og GEA mjaltatækni.

Eftir flug var haldið beint til Utrecht, þar sem hópurinn hélt til þessa daga. Utrecht er nokkuð miðsvæðis í landinu og gert var út í dagsferðir frá Utrecht. Eftir komu, á síðdegi þriðjudags, var farið í stutt borgarrölt um miðaldaborgina Utrecht, sem endaði með kvöldverði á vegum samstarfsfyrirtækis Líflands í Hollandi, Trouw Nutrition. Gerton Huisman, sem er íslenskum bændum að góðu kunnur eftir fjölda bændafunda hérlendis, fræddi hópinn um landið og búskap Hollendinga.

Miðvikudeginum var annars vegar varið í heimsókn í mjólkurduftsverksmiðju Trouw Nutrition í Deventer, sem framleiðir m.a. Sprayfo mjólkurduft, auk þess sem hópnum voru kynntar ýmsar þær vörur sem Trouw markaðssetur fyrir kúabændur. Hins vegar var seinni hluta dagsins varið á landbúnaðarsýningu í Hardenberg í austurhluta Hollands, þar sem margt forvitnilegt bar fyrir augu, en þar mátti finna allt það helsta sem tengist búskap. Hópurinn fékk meðal annars góða kynningu á vöruúrvali GEA, þar með talið MIone mjaltaþjóninum sem nú býðst íslenskum bændum í fyrsta skipti.

Fimmtudagurinn hófst með heimsókn á tilraunabúgarð Trouw Nutrition, Kempenshof, rétt utan við Boxmeer í suðausturhluta landsins. Þar fer fram viðamikið tilraunastarf með mjólkurkýr og kálfa og eru niðurstöður tilrauna nýttar við þróun á ráðgjöf og vöruþróun fyrirtækisins, en Trouw heldur úti viðamiklu tilrauna- og þróunarstarfi og rekur alls 10 tilraunabú í 7 löndum. Mikil áhersla er nú lögð á þróun ráðgjafar og lausna fyrir smákálfa undir slagorðinu „Life start sets life performance“ sem yfirfæra má sem „lengi býr að fyrstu gerð“. Eftir hádegi var haldið í heimsóknir á tvö kúabú, Weenink-búið í næsta nágrenni við Lievelde í austurhluta landsins, og Van Klooster-búið í nágrenni Amersfoort, nærri Utrecht. Á fyrra búinu hittu fulltrúar GEA hópinn og kynntu fyrirtækið og vöruúrvalið. Um var að ræða kúabú með GEA mjaltaþjóna og fékk hópurinn góða leiðsögn um búin, GEA þjónar skoðaðir á vettvangi. Ostagerð er stunduð á báðum búum, ásamt rekstri sérverslana með osta og aðrar mjólkurafurðir. Þar fengu gestir að skoða og versla eftir föngum. Deginum lauk með kvöldverði á hótelinu í Utrecht í boði GEA.

Síðasta daginn var haldið á búgarð Wim Bonestroo í Doornspijk en þar er rekið 300 kúa bú þar sem mjólkað er í mjaltahringekju. Kúahjörðin á búinu er aðgreind í 7 fóðrunarhópa, fóðrað er með fullkomnu heilfóðurkerfi og allur aðbúnaður til fyrirmyndar. Þar sem markaðsaðstæður fyrir mjólk eru ekki sem skyldi tapar bóndinn 2,7 evrusenti á hvern framleiddan lítra þessi misserin. Hann bar sig engu að síður ágætlega í trausti þess að bráðum birti í geiranum. Endað var á kvöldverði í miðbæ Utrecht og á góðu pöbbarölti í kjölfarið. Að morgni laugardags var haldið af stað heim og ekki annað að heyra á þátttakendum en að ferðin hafi verið fróðleg og ánægjuleg. /JB














# Sauðfjár- og ullarráðstefna í Færeyjum

**Veturinn 2010 hafði samband við mig Helga Tulloch (nú Scot) frá Orkneyjum og óskaði eftir stuðningi mínum við að undirbúa ráðstefnu um sauðfé og ullarnýtingu í löndunum við norðanvert Atlantshaf.**

Frumkvæðið hafði Karin Flatöy Svarstad í Noregi. Var ég m.a. beðinn að flytja erindi um íslenska sauðféð og nýtingu sauðfjárafurða hér á landi en ráðstefnan var haldin vorið 2011 á North Ronaldsay sem er nyrsta byggða eyjan í Orkneyjaklasanum. Á eftir fylgdu svipaðar en fjölmennari ráðstefnur á Hörðalandi í Noregi 2012, í Leirvík á Hjaltlandseyjum 2013, á Blönduósi 2014 og sú 5. í Þórshöfn í Færeyjum nú í september. Ég var eini Íslendingurinn á þeirri fyrstu en síðan hefur þátttaka héðan verið töluverð og í Færeyjum vorum við átta frá Íslandi.



Árni Brattaberg frá Suðurey í Færeyjum hefur verið að safna ull allt frá árinu 2006. Jóhanna á Akri mátar efnismikla ullarkápu frá Sirri, fyrirtæki Árna. Myndir / ÓRD



Fjárhús í Eyðisskarði, norðarlega á Færeyjum. Féð er látið liggja við opið.



Við Landbúnaðarsetrið í Kollafirði. Túnspildurnar eru litlar, nýlega hirt í smárúllur. Færeysk hross af landnámskyni fremst á myndinni.

### *Rík fjárbúskaparhefð í Færeyjum*

Um 70.000 fjár er sett á vetur í Færeyjum ár hvert og er mest af því af gamla norræna stuttrófustofninum líkt og okkar fé. Víða er beitarálag mikið enda gengur mest af fénu úti með nokkurri fóðrun á vetrum, mest með votheyi, því að mjög torvelt er að þurrka hey á eyjunum. Þarna minna því búskaparhættir enn á þá sem tíðkuðust hér á landi fyrr á tímum.

Helsta afurðin er kjöt sem þurrkað er í hjöllum, skerpikjöt, en ullin hefur alltaf verið mikils metin í Færeyjum þótt þar hafi hallað nokkuð undan fæti á seinni árum.

### *Erfitt að safna ullinni*

Enn er mikið prjónað og unnið úr ull í Færeyjum en helsta vandamálið er söfnun ullarinnar frá bændum og öðrum fjáreigendum. Ull nýtur ekki neinna stuðningsgreiðslna og verð til bænda er mjög lágt. Því kemur hún illa til skila og er jafnvel brennd.

Árni Brattaberg frá Suðurey hefur t.d. verið að safna ull allt frá 2006, um 10 tonnum á ári, strax eftir rúning í júlí. Hann og kona hans hafa nú aðstöðu í Landbúnaðarsetrinu (Búnaðarstóvan) í Kollafirði á Straumey, skammt norðan Þórshafnar, þar sem þau flokka ullina, senda síðan til þvottar í Bradford í Englandi og þaðan til vinnslu í Litháen.

Bændur fá ekki greitt í peningum heldur í ullarflíkum af ýmsu tagi, allt frá vettlingum og sokkum upp í peysur, sjöl og jakka. En bændurnir vilja frekar fá peninga og urðu miklar og gagnlegar umræður á ráðstefnunni um leiðir til að safna ullinni frá þeim. Þar lýstu þau Gunnar R. Kristjánsson og Jóhanna E. Pálmadóttir frá Akri í Húnaþingi með glöggum hætti frá því söfnunarkerfi sem komið hefur verið upp hér á landi og gæti hugsanlega orðið að einhverju leyti til fyrirmyndar í Færeyjum.

### *Margt fróðlegt að heyra og sjá*

Á ráðstefnunni, sem bar heitið „The 5th North Atlantic Native Sheep and Wool Conference 2015“, voru flutt mörg fróðleg erindi frá ýmsum löndum og samhliða voru vel upp settar sýningar með fjölbreyttum munum úr ull, gærum, horni og beini, auk bóka og bæklinga, allt undir sama þaki í Hótel Föroyar þar sem margir hinna 77 þátttakenda bjuggu.

Að mínum dómi var framlag félaga minna prýðilegt og Daníel P. Hansen frá Fræðasetri um forystufé á Svalbarði í Þistilfirði kom vel á framfæri haldgóðum upplýsingum um hið sérstæða íslenska forystufé. Á sýningunum var greinilega töluvert selt.

### *Ull líka notuð í einangrun*

Á kynnisferðum um Þórshöfn og nokkrar eyjar vorum við heppin með veður, sluppum að mestu við rigningu.

Minnisstæð var heimsókn í hinn fornfræga Kirkjubæ. Við sáum víða fé, áberandi margt mislitt og kynntumst búskap á nokkrum stöðum, einkum á Straumey og Austurey. Þar komumst við lengst til norðurs í þorpið Gjá, um Eiðisskarð, sem nú er orðið fámennt.

Þá komum við í tvær ullarvinnslur á Austurey, Navia á Tóftum og Snælduna á Ströndum sem er gamalgróið fyrirtæki, stofnað 1949. Töluvert er um blöndun innfluttrar fínullar í þá tiltölulega grófu færeysku, fólk í fjarlægum löndum, svo sem Jórdaníu og Perú, er jafnvel að prjóna fyrir þessi færeysku fyrirtæki, en athygli vakti mikil fjölbreytni varanna. Þarna sáum við m.a. húsaeinangrunarefni úr úrgangsull sem reynist vel en er töluvert dýrara en steinull.

### *Samgöngubætur með fleiri jarðgöngum*

Færeyjar eru m.a. þekktar fyrir mikla jarðgangagerð sem hafa stytt vegalengdir verulega og stuðlað að viðhaldi byggðar. Hafa ber í huga að hinir 50.000 íbúar eyjanna búa fremur dreift og því er nú áformað nýtt átak í jarðgangagerð, m.a. vegna uppgangs í fiskeldi á ýmsum stöðum. Þá fer ferðaþjónusta vaxandi enda er margt að sjá í Færeyjum, 18 að tölu, með sína stórbrotnu náttúru.

Árið 2019 á að ljúka við 7,6 km jarðgöng, að mestu neðansjávar, frá Þórshöfn norður til Skálafjarðar, og síðan 2021 frá Kirkjubæ, sunnan Þórshafnar, yfir til Sandeyjar, 10,5 km, líka að mestu neðansjávar.

### *Næst fundað í Norður-Noregi*

Ráðstefnan í Þórshöfn tókst vel og Færeyingar tóku prýðilega á móti okkur.

Rætt hafði verið um að halda næstu ráðstefnu á Grænlandi eða Suðureyjum (Hebrides). Það getur þó ekki orðið að ári. Frumkvöðullinn Karen greindi því frá þeirri ákvörðun við ráðstefnuslit að stefnt væri að 6. sauðfjár- og ullarráðstefnunni á Lófóteneyju í Norður-Noregi sumarið eða haustið 2016.

***Dr. Ólafur R. Dýrmundsson***
*(oldyrm@gmail.com)*

MAST Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

# Um garnaveiki

**Garnaveiki er ólæknandi smitsjúkdómur, sem leggst á öll jórturdýr: sauðfé, geitur, nautgripi og hreindýr.**

Orsökin er lífseig baktería af berklaflokki (Mycobacterium paratuberculosis). Hún veldur bólgum í mjógörn og oft einnig í langa, ristli og lifur. Sýklarnir berast út með saurnum og geta lifað í umhverfinu mánuðum saman. Bakterían er mjög harðger, þolir t.d. mörg sótthreinsiefni. Sýking verður um munn með saurmenguðu fóðri og vatni. Meðgöngutími í fé er 1–2 ár eða lengri. Meðgöngutími í kúm er 2½ ár eða lengri.

### *Einkenni garnaveiki*

Einkenni garnaveiki eru hægfara vanþrif, skitaköst og deyfð þrátt fyrir sæmilega lyst. Í bólusettu fé, sem gengur með smit, ber minna á skitaköstum. Best er að fylgjast með þrifum (vigta) til að finna smitbera. Þar sem veikin kemur upp í óbólusettu fé getur verið margt um „heilbrigða“ smitbera. Garnaveiki er ólæknandi og dregur sýkt dýr óhjákvæmilega til dauða. Það getur hins vegar tekið langan tíma, oftast mánuði, eftir að fyrstu einkenni koma fram. Skilyrðislaust ætti að taka sýni úr öllum gripum sem lógað er vegna sjúkdóma eða vanþrifa, eða drepast af óþekktum orsökum.

### *Smitdreifing*

Smitdreifing milli bæja verður fyrst og fremst við flutning á sýktum gripum frá garnaveikismitaðri hjörð. Einnig getur smit borist milli bæja með óhreinum skófatnaði. Ekki er hægt að útiloka smitdreifingu með heyi eða samnýtingu landbúnaðartækja. Nagdýr og vissar fuglategundir geta hýst bakteríuna og verið smitberar án þess að sýna sjúkdómseinkenni.

Innan hjarðar verður smitdreifing frá fullorðnum dýrum í ungviði og frá umhverfinu, einkum á húsi með saurmengun í drykkjarvatni og jötum, síður úti í haga nema smitmagn í umhverfinu sé þeim mun meira.

Næmi gagnvart smiti minnkar með aldrinum. Fóstur og ungdýr upp að fjögurra mánaða aldri eru móttækilegust. Eldri dýr smitast síður þó svo að þau geti sýkst ef smitálagið er mikið.

### *Greining*

Greining sjúkdómsins í einstökum dýrum er miklum vandkvæðum bundin vegna þess að sjúkdómurinn þróast mismunandi í hverjum einstaklingi og svörun greiningarprófa er háð því á hvaða stigi sjúkdómurinn er. Ekkert greiningarpróf í lifandi dýrum gefur hundrað prósent tryggingu fyrir því að einstaklingur sé ekki smitaður þrátt fyrir að útkoman sé neikvæð.

Á vissu stigi sjúkdómsins má finna bakteríuna í saurnum. Þó í mjög litlum mæli í upphafi sýkingar og síðar meir er útskilnaður mjög sveiflukenndur. Bakterían sést þá í smásjá eftir sérstaka sýklalitun á slími úr saur eða slímhúð. Það afbrigði sýkilsins sem veldur sjúkdómnum hér á landi hefur reynst óræktanlegt í rannsóknarstofu. Blóðpróf, sem mæla mótefni gegn sýklunum er önnur greiningaraðferð. Prófið er ónákvæmt, hentar betur sem hjarðpróf en einstaklingspróf. Blóðpróf er ónothæft á bólusett fé nema til að kanna bólusetningarárangur. Það greinir ekki á milli mótefna, sem myndast við bólusetningu, og mótefna frá sýkingu með bakteríunni.

Eftirlitsdýralæknar í sláturhúsum skoða mjógörnina við langann og garnaeitlana í fullorðnum kindum og nautgripum. Sjái þeir einhverjar breytingar senda þeir sýni til Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum til nánari rannsóknar.

### *Bólusetning*

Mikilvægt er að huga að því hvort allar kindur hafa verið bólusettar. Ef einhvers staðar leynist smit eða smitberi í fénu er mikilvægt að velja ásetningslömb snemma hausts. ***Bólusetja skal ásetningslömbin sem allra fyrst og merkja þau jafnharðan,*** taka þau frá fullorðna fénu, setja þau á tún, sem jórturdýrum hefur ekki verið beitt á að vorinu, taka þau svo í hreinar stíur án snertingar við óhreinindi frá fullorðnu fé og tryggja þrifalega umgengni um hey og vatn.

Því miður er vönduð bólusetning ekki trygging fyrir því að garnaveiki hverfi úr bústofni. Bólusett dýr geta skilið út bakteríuna. Einnig virðist vera að ein og ein kind svari ekki bólusetningu. Í ljós hefur komið að 2–5% af hrútum sem hafa verið rannsakaðir vegna mögulegrar töku inn á sæðingastöð eru ekki með mótefni þó að þeir hafi verið bólusettir og greinileg merki finnist eftir bólusetninguna. Þessir gripir geta hæglega veikst í hjörðum þar sem bólusetning er í lagi og þá er mikilvægt að restin af hjörðinni sé bólusett svo ekki verði hjarðsmit.

Rétt er að minna á að samkvæmt reglugerð nr 933/2007 um bólusetningu sauðfjár og geitfjár til varnar garnaveiki er eigendum/umráðamönnum sauðfjár og/eða geita á garnaveikisvæðum skylt að láta bólusetja öll ásetningslömb/kið til varnar garnaveiki á tímabilinu frá 15. september til 31. desember ár hvert. Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að útrýmingu garnaveiki í jórturdýrum með samstilltu átaki búfjáreigenda, Matvælastofnunar, dýralækna og sveitarfélaga.

***Sigrún Bjarnadóttir***
*Dýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma*

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufræðingur



# Negull

**Negull er upprunninn á Mólúkkaeyjum, eða Múlúkeyjum á máli innfæddra, í austanverðu Indlandshafi milli Indónesíu og Papúa-Nýjugíneu. Þaðan barst hann yfir Austur-Indíur upp til meginlands Austur-Asíu og síðan Kryddleiðina vestur til Indlands og Persíu.**

Myndir af negulnöglum skreyttu sýrlenskar leirkrúsir frá því um 1720 árum fyrir okkar tímatal og tilmæli voru gefin út á kínverska Hankeisaratímabilinu tólf öldum síðar um að embættismenn ættu að tyggja negulnagla áður en þeir ávörpuðu keisarann og ráðunauta hans til að þeir hrelldu ekki slíkt hefðarfólk með andremmu sinni. En þrátt fyrir langa sögu austan Miðjarðarhafs, er ekki talið að Rómverjar hafi þekkt negulkryddið fyrr en á að giska einni öld fyrir Krists burð.



Negulblómhnappar.



Negultré.

### *Nellíkunaglar*

Rómverjum þótti þetta nýja kryddog ilmefni dálítið skrýtið útlits og kölluðu það, sennilega í hálfgerðu gríni, „clovus caryophyllatus“, sem útleggst léttilega „nellíkunaglar“. Og víst er um það að lögun negulnaglanna minnir töluvert á blómhnappa nellíkunnar, en eru mjóslegnari, ryðbrúnir og grjótharðir eins og naglar. Síðar, þegar kryddið barst til Norður-Evrópumanna, einkum fyrir tilstilli Hollendinga á sautjándu öld, héldu þeir nagla-heitinu sem Rómverjar höfðu gefið þessu kryddi. En nú var búið að snúa latínunni yfir á germönsku. Fystu ritaðar heimildir um það eru í lágþýsku frá því um 1600. Orðmyndin „negull“ er sérstæð og séríslensk, þótt uppruni hennar sé fenginn úr öðru tungumáli, þ.e. hinu þýska „Nägelein“ eða hinu hollenska „nagel“.

Það sýnir ef til vill vel hversu mikið þanþol íslenska hefur til að aðlaga erlend orð og taka þau upp sem sín eigin. En í Norðurlandamálunum er heitið ritað á ýmsan hátt. Á dönsku er skrifað „nellike“ en sænsku „nejlika“. Merkilegt nokk, þá fylgdi það heiti líka yfir á hinar blómstrandi nellíkur, þ.e. ættkvíslina Dianthus, í norrænum görðum. Líka á Íslandi þótt einhverjir viðkvæmir málteprumenn hafi reynt að klína á þær heitinu „drottningarblóm“. En þetta drottningarblómaheiti er í engum tengslum við menningar- og málfarssögu Norðurlandaþjóðanna og fellur því í sama flokk og heitin „bjúgaldin“ og „glóaldin“, eða jafnvel „rauðaldin“ sem einhver stakk upp á fyrir tómata.



Negulnaglar í þurrkun.



Þurrir negulnaglar.

### *Negultréð*

En hvorki Rómverjar né Evrópubúar yfirleitt höfðu nokkra hugmynd um af hvaða plöntu negullinn væri kominn eða hvernig sú planta leit út. Það var ekki fyrr en Hollendingar, fyrstir Evrópumanna, tóku land á Mólúkkaeyjum skömmu eftir árið 1600 að þeim varð uppruninn ljós. Negultréð, Syzygium aromaticum, er af Myrtuætt. Við náttúrulegar aðstæður getur það orðið um 15 metra hátt. En í ræktun er því haldið sem runna og þá blómgast það í seilingarhæð. Blöðin eru aflöng, leðurkennd, fagurgræn og glansandi. Af þeim leggur þægilegan ilm ef þau eru núin eða snert. Blómin eru 12–30 saman í kvíslóttum skúfum, þrjú saman í hverri kvísl. Þau eru sjálf fremur lítilfjörleg, krónublöðin smá og fölleit.

Frjóhnapparnir eru meira áberandi. Það eru ekki blómin sjálf sem skipta máli, það er að segja eftir að þau opnast. Af þeim er bara mildur sætukeimur af hunangi og engu. En það eru aftur á móti blómhnapparnir áður en blómin slá út sem eru aðalatriðið. Þeim er safnað handvirkt og síðan þurrkaðir á mottum úr bambus eða pálmablöðum úti í sólinni. Blómhnapparnir og blómstilkurinn eru fagurrauðir þegar þeir eru slitnir af runnunum en við þurrkunina verða þeir ljósbrúnir. Stundum má sjá alveg svarta negulnagla til sölu, en það er svikin vara, því þá er búið að vinna negulolíuna úr nöglunum svo að lítið bragð er eftir.

### *Einokun*

Hollendingar voru fljótir til að stofna negulplantekrur á Mólúkkaeyjum og öðrum eyjum sem þeir höfðu lagt undir sig í Indónesíu og ætluðu að verða einir um hituna og forríkir á því að flytja negulinn til Evrópu. Þar var negullinn framan af framandi, fágætur, eftirsóttur og seldur gegn okurverði á mörkuðunum. En Hollendingunum tókst ekki að halda þessari einokun lengur en tæpa öld. Frakkar, Bretar og Portúgalir voru nefnilega skæðir með að stela græðlingum af negultrjánum og voru fyrr en varði líka búnir að koma sér upp negulplantekrum í nýlendum sínum í Vestur-Indíum, Afríku og Brasilíu. Við það hríðféll heimsmarkaðsverðið og hefur haldist nokkuð jafnt síðan og negullinn varð að hátíðakryddi fyrir fátæka jafnt sem ríka um allan hinn vestræna heim. Nú kemur mestallur negull frá Austur-Afríku, einkum eyjunum Madagaskar og Zansibar.

### *Kryddið*

Í verslunum er oftast boðið upp á heila negulnagla, en líka er hægt að fá malaðan negul. Sá malaði er oftast unninn úr negulnöglum sem ekki hafa staðist fyllstu flokkunarkröfur en gefa samt ekkert eftir í bragðgæðunum, þótt bragðið dofni nokkuð við mölunina. Malaður negull er hjá okkur fyrst og fremst notaður í kökubakstur, s.s. brúnköku og piparkökur. En í matargerð er hann einkum hafður í ýmiss konar asíska matreiðslu og pottrétti. Malaður negull er oft í karríblöndum og eitt af kryddunum sem notuð eru í hinn indónesíska hrísgrjónarétt „nasi-goreng“ sem algengt er að boðinn sé úr söluvögnum á torgum stórborga heimsins.

Heilir negulnaglar eru hér hafðir í alls kyns ediksinnlagnir og maríneringar, s.s. fyrir „kyddsíld“ og „pikklis-grænmeti“. Í Bretlandi tíðkast að nota negulnagla í nautagúllas. Einnig er það jólahefð í nágrannalöndum okkar að stinga negulnöglum í jólasteikina, hvort sem það er svínsbógur eða pörusteik. Og nokkrir negulnaglar í rabarbaragraut og jafnvel rabarbarasultu er nokkuð sem við þekkjum flest. Í dönsku jólablöðunum má oft sjá negulnöglum stungið í appelsínur sem hengdar eru upp til að fá sérstaka jólalykt í húsið. Í hina hefðbundnu skandinavísku jólaglögg tilheyrir að skella nokkrum negulnöglum í rauðvínið auk kanilstanganna og rúsínanna.

### *Lækningamátturinn*

Negull er samt ekki bara krydd einvörðungu. Frá ómunatíð hefur hann verið notaður sem lyf gegn ýmsum kvillum sem herja á menn. Úr negulnöglunum, hálfþurrum, er unnin negulolía, öðru nafni „eugenol“, sem er afar sterk, bæði í lykt og bragði. Negulolían er sótthreinsandi og veiruhamlandi. Að setja nokkra dropa í volgt vatn og skola með því munn og háls slær á byrjandi kvef. Ef negulolíu er smurt á áblástur hverfur hann fljótt. En negulolía hefur líka þann eiginleika að virka staðdeyfandi. Þeir sem muna svo langt aftur að hægt var að kaupa tannpínudropa í apótekum vita að einn eða tveir dropar í skemmda tönn sló á tannpínuna. Alveg fram á níunda áratug síðustu aldar var það negulolían sem olli hinni sérstöku lykt sem var á tannlæknastofum. Tannlæknar notuðu hana sem sótthreinsun í tannfyllingar og um leið deyfði hún þá taugaenda sem tengdust viðkomandi tönnum.

Á rannsóknarstofum var negulolía notuð til að fá fram „glær og hrein“ vefjasýni til að bregða undir smásjárnar. Um leið var negulolían varðveitandi. Negull kemur fyrir í mörgum ilmefnablöndum, reykelsi og sem undirstaða í ýmis afleidd efni sem notuð eru í snyrtivörur. Í nokkrum víntegundum og líkjörum hefur negull komið við sögu. Í austur-asískum lækningafræðum, bæði í hinni indversku Ajurveda-iðkun og af kínverskum grasalæknum, er negull álitinn vermandi og þetandi fyrir jafnvægi líkamans. Mildir, heitir negulbakstrar á kvið áttu að lina fyrirtíðarspennu og draga úr meðgönguógleði kvenna. En hjá körlum að koma í veg fyrir truflanir í tímgunarathöfnum og ótímabært sáðlát. Þvottur á viðkvæmum svæðum beggja kynja með volgu negulvatni fyrir væntanlegan kynjasamgang var talinn bæta og auka ánægju þátttakenda í samspilinu og tryggja að allir yrðu sáttir við sitt. Til að auka ánægju og árangur enn meir mátti byrja á því að taka inn eitt staup af ginsengseyði, ögn sættu með drottningarhunangi, og steinka sængurumbúnaðinn með patsjúlolíu.

### *Nautnalyfið*

Í sjálfu sér er negulolía sterkt nautnalyf sem getur valdið sæluvímu og ofskynjunum, sé hún tekin innvortis. En engum er ráðlegt að gera það nema undir handleiðslu þaulæfðs Ajurveda-meistara, því tiltölulega lítill skammtur getur valdið hjartastoppi og andnauð. Mun skynsamlegra er að fara bara snemma í háttinn og dreyma ljúfa og sumarlega drauma við opinn glugga. En negull sem krydd, notaður með aðgát og í hófi, veldur líka hlýjum vellíðunartilfinningum og dregur úr þungum hugsunum. Það þarf varla meira af honum en er í tveim piparkökum til að blása á bláa bolann, ef menn eru að berjast við hann. Við þriðju piparkökuna komast bölsýnir í himnaríki – án þess að fara neitt svosem. Helst á að borða þær hægt og rólega í félagsskap annarra. Drekka gjarna svellkalda mjólk með.

## *Skánskar piparkökur*

**Þess ber að geta að í piparkökum er enginn pipar. Aftur á móti engifer, kanill, kardímómur og negull. Og piparkökur eru ekki allar harðar og stökkar.**

Mitt uppáhald eru þykkar, mjúkar og hlemmistórar piparkökur eins og húsmæður á Skáni bökuðu þegar ég var þar unglingur rétt upp úr miðbiki síðustu aldar. Skánskar piparkökur eru gjarna borðaðar með smjöri og osti. Uppskriftin er svona:

**Efni:**

- 1 dl strásykur
- 1,5 dl ljóst sýróp
- 1 tsk. negulduft
- 1 tsk. engiferduft
- 1 tsk. kanilduft
- 50 g smjör
- 1 egg
- ½ dl mjólk
- ½ tsk. hjartasalt
- 1 tsk. lyftiduft
- 6–7 dl hvítt hveiti

**Aðferð:**

A) Hitið sýrópið og sykurinn í skaftpotti við vægan hita þar til sykurinn er alveg uppleystur. Setjið þá smjörið og kryddið út í.

B) Þeytið saman eggið og mjólkina. Blandið því svo út í sýrópsblönduna.

C) Blandið saman þurrefnunum, þ.e. hveiti, hjartasalti og lyftidufti í skál. Þegar sýrópsblandan hefur kólnað svo að hægt er að halda í henni fingri er henni hellt hægt yfir þurrefnið og hrært allt saman í deig. Síðan hnoðað á mjöluðu bretti eða borði.

D) Setjið svo deigið í skál með loki og látið standa í kæli í eitt eða tvö dægur.

E) Skiptið þá deiginu í um það bil 30 kökur sem hnoðaðar eru í dálitlar kúlur og síðan flattar ögn út þegar þær eru settar á bökunarplötuna. Hafið gott bil á milli þeirra því þær renna út við baksturinn.

F) Bakið við 200 °C í 15 mínútur. Raðið bökuðum kökum á bretti eða borð og látið kólna vel áður en þær eru bornar fram.

Ef útlit er fyrir að geyma þurfi afganginn af kökunum er best að hafa þær í lokuðu kökuboxi eða plastpoka. Þá eiga þær að haldast mjúkar.

# Rannsókn ærdauða vorið 2015 – stoppum ruglið

Jón Viðar Jónmundsson
jvj@bondi.is





**Á vef Matvælastofnunar (eftirleiðis nefnd MAST á sama hátt og LS, RML og BÍ verður notað um þær stofnanir sem flestir lesendur þekkja í klausunni hér á eftir) gefur að lesa eftirfarandi í útsendri frétt á vefnum: „Matvælastofnun, í samvinnu við Landssamtök sauðfjárbænda, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Bændasamtökin og Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum undirbýr áframhaldandi rannsókn á sauðfjárdauðanum sem olli miklu tjóni hjá bændum veturinn 2014/2015.“**

Þessi frétt vekur hjá mér viðbrögð um vissa hluti í tengslum við þetta mál sem ég tel að full þörf sé til að upplýsa hinn almenna borgara um. Við lifum á þeim tímum að við krefjumst opinnar stjórnsýslu og eðlilegrar meðferðar á opinberu fé. Í þessu máli eru því miður of margir þættir sem mér virðist hafa verið farið þægilega á snið við slík vinnubrögð. Einu bið ég lesendur að veita athygli, ein stofnun, LBHÍ, er ekki kölluð til verka, líklega sú eina sem býr yfir þeirri faglegu þekkingu sem þarna þurfti. Eðli hlutanna samkvæmt get ég ekki fjallað um málið nema frá mínum sjónarhóli.

Rétt er að taka það fram að sambandi við BÍ hefur verið ákaflega takmarkað í þessu máli eftir þeim upplýsingum, sem ég hef þaðan, og um hlut Keldna hef ég ekki aflað mér upplýsinga nema það sem birtist í sjónvarpi landsmanna og síðar verður vikið að.

Þetta mál varð mér fyrst ljóst um miðjan maí í vor þegar ég fór að heimsækja bændur til að fylgjast með sauðburði. Ég skýrði strax fyrir Sigurði Eyþórssyni, framkvæmdastjóra BÍ, hvers ég hefði orðið var, hverjar augljósar ástæður væru og hvað mundi gerast á næstu vikum miðað við mismunandi sviðsmyndir. Því miður þróaðist veður eins og versta sviðsmyndin setti upp með óveðri víða um land um 10. júní, sem því miður olli alltof mörgum bændum dreift um land en mest á Vestjörðum og Vesturlandi umtalsverðu tjóni. Á þessum tímapunkti var í raun liðið það langt á sauðburð að einhverjar stærri aðgerðir þá hefðu að mínu viti verið gagns- og tilgangslausar. Aftur á móti er augljóst að það eftirlitsstarf sem MAST er falið samkvæmt lögum hafði fullkomlega brugðist. Það kemur þessu máli þó tæpast við en verður þeim vonandi til einhvers lærdóms.

Síðari hluta maí fara hjólin að snúast. Formaður LS greinir frá óeðlilegum ærdauða í sjónvarpi og stjórn LS ákveður að snúa sér til MAST um frekari rannsóknir. Öll umræða í fjölmiðlum og annars staðar í þjóðfélaginu litaðist mjög af þessum atburðum og snerist mikið um það að hér væri kominn upp í landinu einhver óþekktur sauðfjársjúkdómur sem farinn væri að valda fjárbændum umtalsverðu tjóni. Þarna held ég að fyrsta og mesta vegvillan í þessu máli hafi orðið.

Hér er nauðsynlegt að fram komi að samkvæmt minni vitneskju var, áður en þetta gerist, formaður LS búinn að ræða út frá því sem ég veit við nokkra aðila um málið. Fyrirmyndarbændur höfðu bent höndum á að líklegt væri að fóðuröflunin sumarið 2014 væri nokkur sökudólgur þess ástands sem upp var komið. Einnig hafði formaður LS leitað upplýsinga hjá Jóhannesi Sveinbjörnssyni, fóðurfræðingi hjá LBHÍ, í sambandi við þessi mál og hann lýst þeirri skoðun sinni að hér gæti orsaka verið að leita í ýmsum vandamálum sem tengdust lélegum heyjum frá sumrinu 2014. Ég hef ekki minnstu efasemdir um að Jóhannes er færasti maður í öllum fræðum um fóðrun sauðfjár, hið minnsta á Norðurlöndunum. Sjálfur hitti ég formann LS fyrir tilviljun hér á göngunum í Bændahöllinni á þessum tíma. Greindi ég honum frá því sem ég hafði sjálfur séð í fjárhúsum og hvað ég taldi að væri að gerast. Ég gef mig að vísu ekki út fyrir að vera lærður fóðurfræðingur þó að ég viti að nám mitt á því sviði er talsvert umfram það sem flestir dýralæknar hafa. Hins vegar tel ég af áratuga starfi að ég þekki ögn til á fjárbúum og hafi meðal dómgreind um suma hluti þar. Með þessar upplýsingar velur stjórn LS þá leið að hunsa alveg okkar ábendingar en treysta þess í stað að öllu leyti á að um sé að ræða útbreiðslu þekkts eða áður óþekkts sjúkdóms. Mín skoðun er að með þessu sé troðið rækilegar á faglegri þekkingu hér á landi en ég tel mig áður þekkja og vitna ég þar til viðvörunarorða félaga minna sem að framan er getið. Eðlilegt að mín þekking sé lítils metin, þó sárnaði mér að dómgreind mín var líka að engu höfð. Hugmyndirnar um sjúkdómaútbreiðslu finnst mér hins vegar svo stórkostlegar að þær ættu skilið stórt ritverk. Ljóst var samkvæmt þeim að upp var komið smitefni sem hugsaði sjálft. Þegar það gerist þá held ég að menn verði einfaldlega hreint ráðalausir.

Fyrstu viðbrögð MAST í málinu voru að senda rafrænan spurningalista til bænda til upplýsingaöflunar og safna dauðum kindum til krufningar.

Víkjum fyrst að spurningalistanum. Þar tel ég mig vera faglega á heimavelli þar sem ég hef líklega meira komið að slíkum spurningalistarannsóknum og athugunum en flestir starfsmenn landbúnaðarstofnana í dag og kunna nokkuð meira um tölfræðilega meðferð slíkra gagna en sumir. Ég kom þeim skilaboðum til LS að ég væri tilbúinn til að aðstoða við tölfræðilega úrvinnslu gagnanna vegna þess að mér var fullljóst strax og ég sá spurningalistann á Netinu hve illa hann var unninn og gaf tilefni til að menn lentu á tölfræðilegum blindgötum sem oft gerist þegar farið er t.d. að vinna úr hlutfallslegum niðurstöðum eins og þarna þurfti mikið að gera.Lesendum er bent á að skýrslu um úrvinnsluna er að finna á vef MAST með frétt 9. júlí. Efnið geta menn lesið sér til skemmtunar en ætli þeir að leita þar einhverra svara varðandi ástæður ærdauðans fara þeir í geitarhús að leita ullar. Heldur vart að spurningalistinn gæfi heldur möguleika til slíks. Að sjálfsögðu var aldrei rætt við mig einu orði í sambandi við úrvinnslu. Ég var hér að störfum í Bændahöllinni þegar spurningalistinn mun hafa verið saminn en aldrei leitað til mín um að leggja þar hönd að verki. Fljótt eftir að fyrstu svör við spurningalistunum fóru að koma fór yfirdýralæknir að birtast með yfirlýsingar í kvöldfréttum sjónvarpsins sem margar hverjar voru þannig að unglingar með barnaskólakunnáttu úr tölfræði hefðu ekki vogað sér að bera slíkt á borð.

Um líkt leyti birtist einnig krufningadýralæknir á Keldum í fyrrnefndum kvöldfréttum og sagði þau tíðindi að mögulega væri kominn upp í landinu smitandi sauðfjársjúkdómur. Ákaflega nærgætin, kurteisleg og hughreystandi yfirlýsing við þessar aðstæður til sauðfjárbænda. Sigurður Sigurðarson, fyrrverandi dýralæknir sauðfjársjúkdóma, sem flestir bændur bera ákaflega mikið traust til, kom um þetta leyti til mín og skýrði mér frá því að margir bændur hefðu á þeim tíma leitað til sín um krufningu gripa. Sjúkdómsástæðan sagði hann að hefði verið skýr og augljós við fyrsta grip og aldrei sést minnstu merki smitsjúkdóma. Sagðist hann hafa skýrt fyrrum félögum sínum á Keldum frá þessu öllu. Þeir munu hins vegar, öfugt við flesta aðra sem að málinu koma, hafa lært af reynslunni og hafa heiður fyrir.

Varla væri ástæða til að nefna nema vegna þess að ég er að rekja málið af mínum sjónarhóli að um þetta leyti birti Bændablaðið eftir mig grein sem nefndist „Að liðnu löngu vori“. Greinin fór til yfirlestrar hjá mínum yfirmönnum og samstarfsmönnum nokkrum og fékk ég ströng fyrirmæli um að þetta bull yrði ég að birta í eigin nafni en ekki undir nafni nokkurrar stofnunar sem ég tengdist. Það kom mér að óvart, þó að ég hefði skynjað frá bændum að bull fjölmiðla og MAST hvíldi verulega orðið á ýmsum bændum, að við þessari grein fékk ég meiri viðbrögð en við nokkru sem ég fyrr eða síðar hef skrifað. Öll eru þau á einn veg nema eitt. Ég hef í viðtölum, símtölum og tölvupóstum fengið þakkir svo hundruðum skipta og það meira segja frá dýralæknum sem mögulega eiga að geta einir manna tekið eitthvað til sín í þessum skrifum og þótti mér sérstaklega vænt um það og þakka þeim aðilum sérstaklega. Eini aðilinn sem hefur í mín eyru látið í ljós óþægindi af völdum þessa er framkvæmdastjóri RML. Verð ég hér með opinberlega að biðja hann afsökunar vegna þessara óþæginda.

Hefst þá gamanþáttur þessarar umfjöllunar. Það voru „rannsóknir“ sem fóru fram með blóðsýnatöku úr ám sem hlaupnar voru upp um fjöll og firnindi til sýnatöku. Var þá mikill kappakstur dýralækna um sveitir landsins. Rannsóknaráætlun sem að baki lá hef ég ekki séð (þrátt fyrir loforð þar um) en hún hlýtur að hafa átt að byggja á góðu sambandi við þá himinbjargafeðga. Líklega hefur sambandið verið slæmt því að samkvæmt fréttinni sem vikið er að í upphafi fengust engar niðurstöður úr þessari rannsókn. Viðbrögð bænda voru þau að nokkrir hringdu í mig og lýstu aðgerðum og spurðu hvort þetta væri það sem kallaðist vísindi fyrir sunnan. Víst er það mjög jákvætt að starfsmenn MAST séu farnir að vekja ánægju bænda vegna þess að manni hefur aðeins þótt á slíkt skorta.

Fjármögnun þessar „rannsókna“ virðist mér vera mál sem ástæða væri til að upplýsa betur um. Ég hef leitað upplýsinga. Svör forstjóra MAST veit ég voru rétt en hann hafði ekki komið að málinu þannig að hann gæti gert grein fyrir þessu nákvæmlega. Frá öðrum hef ég fengið ákaflega misvísandi upplýsingar en samt ljóst að fjármagn kemur að einhverju leyti frá landbúnaðarráðuneyti, en mér hefur þar bæði verið vísað á nefndir, sem enginn möguleiki virðist að finna á nefndarlista ráðuneytisins er mér fannst samt það langur að þeir gætu verið stoltir af. Aðrir aðilar hafa verið að nefna ráðherra sjálfan, sem að vísu er dýralæknismenntaður, en sýnist fráleitt að úthluti fé á þennan hátt.

Ég þekki það að um langt árabil hefur það verið virt vinnulag í sambandi við útdeilingu á fé til rannsókna af opinberu fé á þessum vettvangi að rannsóknaráætlanir kæmu til umsagnar hjá Fagráði í sauðfjárrækt þar sem t.d. væri hægt að stöðva fjárveitingar til andafunda. Formaður þess hefur tjáð mér að um þetta mál hafi Fagráðinu aldrei borist svo mikið sem einn stafur.

Stofnanir í landbúnaði hafa eins og flestar aðrar opinberar stofnanir í landinu búið við ákaflega skertar fjárveitingar á síðari árum og búi við hreina sveltistefnu, ekki síst flaggskipið LBHÍ. Við slíkar aðstæður verða stofnanir eins og MAST ekki ásakaðar fyrir að sækja opinbert fé hafi því verið haldið að þeim, þó að verkefnunum hefði getað fylgt heldur meiri faglegur metnaður en að framan er fjallað um. Öllum væri fyrir bestu að þessi fjármál væru opinberuð.

Ekki síst í ljósi þeirra aðstæðna lít ég á það sem algerlega siðlausa framkomu að deila áfram opinberu rannsóknarfé í þá endaleysu sem að framan er lýst. Ég tel að dýralæknayfirvöld innan MAST þurfi ekki langt út fyrir túnagarðinn hjá sér til að sjá margfalt brýnni verkefni, sem ekki hafa verið ofhlaðin fé síðustu misserin. Bendi ég þar á rannsóknir lungnasjúkdóma hjá sauðfé sem illu heilli eru of mikið og vaxandi vandamál. Þá hefur vofa garnaveikinnar verið of nærgöngul síðustu misserin og sýnist veruleg þörf fyrir fé til úrbóta í þeim efnum. Þannig má lengja listann mikið. Að verja peningum í kukl eins og rætt er að framan er því í mínum huga fullkomið siðleysi og ögrun við heilbrigða skynsemi.

Vonandi er ljóst að í þessu máli hafa orðið ýmis hörmuleg mistök. Sumir lærðu strax af reynslunni og eiga heiður skilið vegna þess. Aðrir læra vonandi af mistökunum. Fyrir þá sem ekki geta horfst í augu við þau og viðurkennt á ég því miður engin ráð.

Ég tel mig vita að nær allir bændur óska þess af heilum huga að umræðu um vandræði síðasta vetrar og vors linni og kukli í þeim málum um leið. Þessi mál hef ég rætt við hundruð bænda um allt land síðastliðið sumar og í haust. Í öllum tilvikum virðast menn sammála um hvað gerðist síðasta vetur og vor, nema í örfáum tilvikum þar sem ljósar voru beinar sjúkdómsástæður sem skýrðu málin. Slík tilvik koma alltaf fyrir á einu og einu búi um allt land á hverju ári. Meginástæðan var hins vegar alltof slæmt fóður eftir erfitt heyskaparsumar og ýmsar afleiðingar þess víða um land sumarið 2014.

(Ástæðulaust virðist að taka fram að þessi pistill lýsir að öllu leyti eigin skoðunum en að engu leyti þeirra stofnana sem ég tengist enda kemur þar fram að þeirra hlutur er lítið til að miklast af í þessu máli.)

## Lesendabás

# Búvörusamningar í nýju ljósi

**Vinna er hafin við nýja búvörusamninga til langs tíma, sem ætlað er að verði mun víðtækari en fyrri samningar og ná til flestra greina landbúnaðarins.**

Slíkir samningar hljóta að taka mið að breyttum þörfum og hagsmunum í þjóðfélaginu og því virðist þurfa að endurskilgreina þarfir og markmið búvöruframleiðslu í ljósi breytinga á tekjustreymi og atvinnuháttum vegna fjölgunar ferðamanna.

Ferðaþjónusta er nú talin sú atvinnugrein sem mestu skilar þjóðarbúinu og líkur taldar á að margfalda megi tekjur af henni. Því hlýtur sífellt að þurfa að meta þarfir greinarinnar og styrkja undirstöður hennar eftir föngum.



Ari Teitsson.

Í athyglisverðri grein sem Þóroddur Þóroddsson jarðfræðingur ritar í Mýfluguna, staðarblað Mývetninga, segir hann m.a:

*„Gestur frá Bandaríkjunum hafði á orði hvað það væri notalegt að fara um og sjá að búskapur er enn til staðar við hlið þjónustusvæða fyrir ferðamenn, Vogar og Skútustaðir og sagði það vera grundvallar atriði í sínum huga að svo yrði áfram. Upplifun í ferð um sveitina snérist ekki aðeins um að skoða náttúruperlur heldur einnig um að þar væri eðlilegt mannlíf og óheft búfé á beit sem hægt væri að nálgast, amk. með myndavélinni. „Gætið þess að sveitin verði ekki undirlögð af hótelum, hún á að vera notalegur viðkomustaður gesta.“*

Greinina í heild má finna á slóðinni *http://www.641.is/wp-content/uploads/2012/08/M%C3%BDflugan-34-tbl-9-sept-2015.pdf.*

Augljóst virðist að hluti af þeirri norrænu ásýnd sem laða mun ferðamenn hingað á komandi árum er lífið í landinu, ekki síst sjáanlegur landbúnaður hringinn í kringum landið og holl og hrein íslensk matvæli, gjarnan upprunamerkt sem næst neyslustað.

Gangi spár um mögulegar framtíðartekjur af ferðaþjónustu eftir má nokkru kosta til að landið verði áfram eftirsóknarvert fyrir ferðamenn og þá er ef til vill ekki nóg að horfa til aðstöðu á fjölsóttum ferðamannastöðum og umbóta á vegakerfi. Huga þarf að fleiru, jafnvel þróun landbúnaðar.

Gæti ekki verið hagkvæmt og skynsamlegt að vernda sem flest íslensk fjölskyldubú og tryggja með því lifand ásýnd landsins og fjölbreytt matvælaframboð?

***Ari Teitsson***



Kakó er unnið úr fræbelgjum kakótrjáa. Mynd / VH

Undraheimurinn græni:

# Kakótré eldri en áður var talið

**Nýlegar rannsóknir á þróun kakótrés benda til að það eigi sér enn lengri sögu en áður var talið og það getur komið sér vel fyrir kakóræktendur og súkkulaðiframleiðendur.**

Eitt af þeim vandamálum sem fylgja ræktun nytjaplantna er að erfðamengi ræktunarplantanna vill verða einsleitt og því hætta á að sjúkdómar, plágur og loftslagsbreytingar geti lagt heilu ræktunarsvæðin að velli. Ræktendur eru því sífellt á höttunum eftir nýjum afbrigðum sem geta bætt uppskeruna og öryggi hennar.

*Tíu milljón ára þróunarsaga*

Ræktendur kakótrjáa og framleiðendur súkkulaðis eru engin undantekning á þessu. Kakótré í ræktun eru öll keimlík erfðafræðilegar og því viðkvæm fyrir sömu kvillunum. Komið hefur í ljós að kakótré eiga sér mun lengri þróunarsögu en áður er talið og það þýðir að genamengi villtra kakótrjáa er fjölbreyttara en talið hefur verið.

Í dag er ætlað að fyrstu forfeður kakótrjáa hafi komið fram á sjónarsviðið fyrir um tíu milljónum ára og því áður en Andesfjöll höfðu náð fullri hæð. Slíkt gæti skýrt af hverju villt kakótré hafa þróast og finnast hvort sínum megin fjallanna.

*Nýtt bragð af súkkulaði*

Vonir eru bundnar við að í villtum kakótrjám finnist gen sem gætu aukið þol ræktaðra kakótrjáa við sjúkdómum og loftslagsbreytingum. Ekki er óhugsandi að í villtum kakótrjám leynist gen sem geta gefið kakódufti og súkkulaði annan keim en við þekkjum í dag. /VH



Í mörgum tilfellum eru krókódílar betri fangaverðir en menn þar sem ekki er hægt að múta þeim.

Indónesía:

# Krókódílar í stað fangavarða

**Yfirmaður fíkniefnalögreglunnar í Indónesíu hefur sett fram hugmynd um að láta krókódíla í stað fangavarða vakta fangelsi sem hýsir dauðadæmda fanga í landinu.**

Rökin fyrir þessu eru að í mörgum tilfellum eru krókódílar betri fangaverðir en menn þar sem ekki er hægt að múta þeim. Ströngustu fíkniefnalög í heimi eru í gildi í Indónesíu og stór hluti fanga, sem dæmdir eru til dauða í landinu, er sakfelldur fyrir glæpi sem tengjast fíkniefnum.

Að sögn yfirmanns fíkniefnalögreglunnar stendur yfir leit að heppilegum stað til að setja upp fangelsi þar sem hægt er að loka það af með síki umhverfis sem fyllt verður með krókódílum sem koma í veg fyrir að fangar geti strokið eða keypt sér leið úr fangelsi. /VH

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

## Hreinleiki á löppum




## Hreinleiki á júgri




1: Engin sjáanleg óhreinindi.

2: Minni háttar óhreinindi/slettur í námd við spenana.




3: Töluverð óhreinindi/slettur á neðri hluta júgursins en spenar all hreinir.

4: Mikil og samfelld óhreinindi á neðri hluta júgursins og spenar einnig óhreinir.

# Lægri frumutala með hreinni kúm

**Það umhverfi sem við búum kúnum okkar hefur mikil áhrif á það hvernig okkur tekst til með að halda góðum mjólkurgæðum, sér í lagi þegar horft er til tíðni júgurbólgu.**

Vissulega er það svo að margir samverkandi þættir geta haft áhrif á það hvort kýr fái júgurbólgu eða ekki en einn af þessum þáttum eru óhreinindi í nánasta umhverfi kúnna. Margar rannsóknir hafa t.a.m. sýnt fram á að því hreinni sem kýrnar eru, því minni líkur eru á því að kýrnar fái júgurbólgu af völdum umhverfissmits.

*Smitefnin leynast víða*

Í fjósum nú til dags geta smitefnin leynst víða í nærumhverfi kúnna s.s. á gangsvæðum, legusvæðum kúnna, í drykkjarkerum eða á fóðrunarsvæði.

Þetta eru svo sem engin tíðindi en mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvar kýrnar geta „náð“ í smitefnið og að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að draga úr líkunum á því að slíkt geti gerst. Reynslan sýnir að þetta er best gert með því að búa svo um kýrnar að þær séu í eins hreinu umhverfi og hægt er, allan sólarhringinn. Það er eitt og sér ekki einfalt verkefni og krefst töluverðrar vinnu eins og að skafa básana oft á dag, láta sköfukerfi fjarlægja skít af rimlum eða sléttum flórum reglulega, þrífa drykkjarker a.m.k. þrisvar í viku og þar fram eftir götunum.

*Hreinleikadæma kýrnar*

Oft biðja kúabændur ráðunauta sína um aðstoð ef tíðni umhverfisjúgurbólgu er of há og eitt af því sem þá er oft gert, við slíkar ráðgjafaheimsóknir, er einmitt að meta það umhverfi sem kúnum er búið og jafnframt að hreinleikadæma kýrnar. Þó svo að hreinleikamat á kúm hafi ekki verið gert hér á landi, með reglubundnum hætti a.m.k., þá er það afar einfalt í framkvæmd og getur í raun hver og einn bóndi gert það í sinni hjörð og lagt þannig hlutlægt mat á það hvort kýrnar séu nógu hreinar.

*Einfalt kerfi*

Það matskerfi sem líklega er notað oftast í heiminum í dag er í raun afar einfalt í notkun. Það byggir á því að hverri kú er gefin einkunn á bilinu einn til fjórir eða fimm, eftir því hve mikið af óhreinindum eru á afturfótum og júgri. Kýrin fær því tvær aðskildar einkunnir og því lægri sem einkunnirnar eru, því minni líkur eru taldar á því að hún sé líkleg til þess að fá háa frumutölu og öfugt.

Ástæðan fyrir því að þessi svæði eru valin, byggja á rannsókn á samhengi hreinleikamats á kúm og frumutölu en tilraunin var framkvæmd við háskólann í Minnesota í Bandaríkjunum. Í rannsókninni voru 1.093 kýr í 9 hjörðum hreinleikametnar á skalanum einn til fimm og matið svo borið saman við frumutölu mjólkursýnanna sem tekin voru á sama tíma. Vísindamennirnir fundu að eftir því sem kýrnar fengu hærri einkunn, þ.e. voru óhreinni, á afturfótum (neðanverðum) og júgri, þá jókst frumutalan að jafnaði einnig. Niðurstaða þeirra var sú að í fjósum, þar sem umhverfissmit er vandamál, mætti lækka frumutöluna um 40–50 þúsund með því að ná að lækka einkunn fyrir hreinleika um eitt stig.

*Meta út frá myndum*

Þegar mat á hreinleika er framkvæmt, er líklega einna einfaldast að gera það út frá myndum til samanburðar. Ágætt slíkt myndakerfi (sjá meðfylgjandi myndir og skýringatexta) hefur verið útfært af háskólanum í Wisconsin-Madison og fer hér stutt samantekt þess kerfis, en markmið hönnuða kerfisins var að útbúa einfalt matskerfi sem auðvelt væri fyrir hvern sem er að nota í þeim tilgangi að meta hreinleika kúa. Þetta kerfi er notað víða um heim, m.a. í Danmörku. Þegar búið er að meta allar mjólkurkýrnar í samræmi við kerfið, eru einkunnirnar þrír og fjórir taldar saman en því oftar sem kýrnar fá þær einkunnir, því meiri líkur eru á því að þær geti fengið júgurbólgu.

*Krefjandi verkefni*

Það dylst engum að það er töluvert mikið verk að halda kúm hreinum í nútíma fjósum. Jafnframt má sérhverjum vera ljóst að það, að gera það ekki, getur kostað mikið og dregið úr arðsemi búrekstursins vegna tapaðra afurða vegna júgurbólgu, styttri endingar kúnna, dýralæknakostnaðar og minna innleggs mjólkur svo dæmi séu tekin. Þess utan er ætíð töluverð vinna fólgin í því að meðhöndla og vinna með frumuháar kýr. Þegar allt framansagt er tekið með í reikninginn ætti því að vera auðvelt að reikna út arðsemi þess að vera með fyrirbyggjandi aðgerðir í fjósum eins og að halda kúnum hreinni en ella.

Benda má áhugasömum um áþekkt efni í grein í 10. tölublaði Bændablaðsins í ár, þar sem fjallað er um þrif á spenaendum og einkunnagjöf hreinleika spenaendanna.

**Snorri Sigurðsson**
*sns@seges.dk*
*Ráðgjafi hjá SEGES P/S Danmörku*

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Örlítil skoðun á íslenska nautgriparæktarkerfinu

**Um miðjan október heimsótti Bill VerBoort, framkvæmdastjóri AgriTech í Kaliforníu, Ísland.**

AgriTech er staðsett í San Joaquin-dalnum, rétt sunnan Fresno, þar sem mjólkurframleiðsla og landbúnaður er gríðarlega mikill. AgriTech er í eigu Holstein Association í BNA og er rekið á samvinnufélagsgrunni að segja má, þ.e. fyrirtækinu er ekki ætlað að skila eigendum sínum hagnaði heldur þjónusta þá. Fyrirtækið er næststærsta skýrsluhaldsfyrirtæki Bandaríkjanna og í hverjum mánuði eru gerðar upp skýrslur fyrir um 900 þús. kýr. Meðalbúið telur 1.600 kýr og það stærsta er með 44 þús. kýr.

Bill heimsótti RML á Selfossi og fékk að skoða nautgriparæktarkerfið Huppu ásamt því að heimsækja tilraunabúið á Stóra-Ármóti. Hann setti á blað nokkur orð um hvernig honum hefði komið íslenskur kúabúskapur og skýrsluhaldið fyrir sjónir. Pistill hans, í þýðingu Guðmundar Jóhannessonar, fer hér á eftir en auðvitað verðum við að hafa í huga að heimsóknin var mjög stutt og því ekki hægt að fara djúpt í hlutina.



Bill VerBoort.

### *Íslenska nautgriparæktarkerfið*

„Fyrir skömmu fékk ég tækifæri til þess að skoða veflæga íslenska nautgriparæktarkerfið sem Guðmundur Jóhannesson hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sýndi mér. Við eyddum um tveimur klukkustundum í að skoða forritið og heimsóttum svo tilraunabúið á Stóra-Ármóti þar sem við gátum rætt kerfið og nautgriparæktarstarfið enn frekar.

Ég vil taka það fram strax í upphafi að það er gríðarlegur munur á mjólkurframleiðslu á Íslandi og í Bandaríkjunum. Íslendingar eru um 330 þús. talsins sem þýðir nokkurn veginn að fyrir hvern Íslending eru til eitt þúsund Bandaríkjamenn. Það er einnig nokkuð ljóst í mínum huga að við búum við mjög ólík stjórnkerfi sem leiðir til þess að við gerum hlutina á mjög ólíkan hátt. Með þessu er ég ekki að leggja neitt mat á hlutina – annað er ekki betra en hitt.

Ísland kom mér fyrir sjónir sem frekar einangrunarsinnað land og það virðist hluti af einhvers konar arfleifð. Bandaríkin eru aftur á móti mjög opið land gagnvart t.d. innflutningi o.s.frv. Það er ákaflega mikið einstaklingsstolt í Bandaríkjunum og ríkin 50 eru að segja má hinn pólitíski drifkraftur.

Þegar þetta er yfirfært á mjólkurframleiðsluna sá ég glöggt að verndunarstefna takmarkar mjög möguleika Íslands varðandi kynbætur með innfluttu erfðaefni. Meðalnyt á kú á Íslandi er um 5.800 kg en í Bandaríkjunum liggur hún nærri 10 þús. kg á kú. Liggur þessi munur í erfðaefninu (gripunum) eða því hvernig við gerum hlutina, bústjórn o.fl.? Ég hugsa að það sé sitt lítið af hvoru.

Þið eruð með réttu stolt af íslensku kúnni. Í fyrstu hugsaði ég, af hverju ekki flytja inn nýtt kúakyn eða erfðaefni? Holstein-kýr myndu áreiðanlega mjólka miklu meira, Jersey-kýr myndu skila miklu meiri verðefnum og rauðu skandinavísku kynin myndu gera hvort tveggja, þ.e. mjólka meira með hærri verðefnum. Eins og ég skildi það er innflutningur bannaður vegna sjúkdómavarna en svo varð mér ljóst að það hafið flutt inn erfðaefni úr Galloway-, Angus- og Limousine-gripum til að bæta kjötframleiðslueiginleika með blendingsrækt.

Hins vegar sýnist mér að einhver stærsta áskorunin sem þið standið frammi fyrir sé ræktun og framleiðsla hágæðafóðurs við ykkar veðurfars- og loftslagsaðstæður. Mér var t.d. gerð grein fyrir því að „alfalfa“ er ekki valkostur á Íslandi þar sem það þolir ekki veturinn. Þá virtist mér sem að möguleikar Íslands til ræktunar á maís væru vægast sagt takmarkaðir. Maís þarf mikinn hita og raka, vex vel við 30–40°C.

Auðvitað er hægt að framleiða mjólk með öðru fóðri en möguleikar íslenskra bænda á þessu sviði eru greinilega takmarkaðir, framboð á fóðri samanborið við önnur vestræn er vægast sagt ákaflega lítið. Því velti ég fyrir mér ef þið getið ekki framleitt eða flutt inn hágæðafóður fyrir mjólkurkýr, gæti þá ekki borgað sig að flytja inn betra erfðaefni? Auðvitað er sjúkdómahætta til staðar og íslenski kúastofninn hefur áreiðanlega ekki sömu mótstöðu gagnvart sjúkdómum eins og kýr í öðrum löndum. Ég vil samt trúa því að það séu möguleikar og tækifæri í innflutningi erfðaefnis þar sem sæði og fósturvísar væru öruggasta leiðin. Að auki er erfðahópur íslenska kúakynsins lítill og hætta á skyldleikarækt umtalsverð.

Aftur á móti, ef þið viljið ná betri árangri og auka framleiðslu mjólkur gerandi ráð fyrir að lögmálið um framboð og eftirspurn taki gildi, mun mjólkurverð lækka. Þá má spyrja hvort þið eruð betur sett með meiri vinnu og jafnvel minni hagnað? Þetta er sú áhætta sem við tökum í Bandaríkjunum þar sem hinn frjálsi markaður og einkaframtakið ræður ríkjum. Trúið mér, ég hef reynt þetta, það er ekki gaman að vinna langan vinnudag og tapa peningum daglega vegna þess að markaðurinn hefur snúist gegn þér.

Ef við snúum okkur að skýrsluhaldinu þá skilst mér að kostnaðurinn við það sé greiddur úr sameiginlegum sjóðum eða framlögum frá ríkinu. Í Bandaríkjunum er þátttaka í skýrsluhaldi algjörlega valkvæð, eins og hjá ykkur, en hver og einn kúabóndi greiðir fyrir þessa þjónustu úr eigin vasa. Mér fannst aðdáunarvert hversu mikil þátttakan í skýrsluhaldinu er hjá ykkur enda er algjörlega nauðsynlegt að hafa tiltæk gögn um einstakar kýr ef ætlunin er að ná betri árangri og reka búið almennilega.

Mér sýndist skýrsluhaldskerfið hjá ykkur gott. Í fyrsta lagi er það veflægt. Frábær ákvörðun að því tilskildu að netsamband sé aðgengilegt og gott. Með veflægu kerfi þurfið þið engar áhyggjur að hafa af uppfærslum og þjónustu við mismunandi útgáfur forrita í notkun, breytingar á kerfinu eiga sér stað á sama tíma hjá öllum.

Í Bandaríkjunum ræður hið frjálsa einkaframtak í þessu sem öðru. Það eru eins mörg forrit í notkun og markaðurinn þolir. Í skýrsluhaldsmiðstöðinni hjá okkur (þær eru fjórar í BNA) þurfum við að vinna með a.m.k. sex mismunandi forrit. Það er auðvitað ekki nærri eins auðvelt og skilvirkt að samræma okkar gagnagrunn við sex mismunandi forrit eins og það væri ef við værum einungis með eitt. Okkar viðhorfi gagnvart þessu var kannski best lýst í einu af tímaritum kúabænda fyrir stuttu: „Þegar enginn tapar reyna allir að vera fyrstir.“ Þarna takast á mismunandi viðhorf. Annað er ekki endilega betra en hitt, bara öðruvísi.

Varðandi kerfið sjálft var mjög áhugavert að sjá samtengingu gagna frá mjólkuriðnaðinum við skýrsluhaldsgögnin. Þetta er nokkuð sem við gerum líka í Bandaríkjunum og nú eru blikur á lofti með að einkafyrirtæki ætli að bjóða upp á það sama. Spurning hversu þeim verður ágengt.

Aðgangur og innsláttur gagna þeirra sem nota kerfið hvar sem er skilar miklum ávinningi fyrir bændur. Þar á ég við að t.d. frjótæknir skráir sæðingu sem samstundis er komin inn í kerfið getur verið bændum til mikils gagns. Allt uppfærist samstundis, gögn og listar eru nánast á rauntíma. Fleira mætti tína til. Varðandi gæðastýringu á skýrsluhaldinu er ég ekki viss, við förum ekki nákvæmlega yfir þann þátt, en öll gæðastýring er af hinu góða sé hún vel og rétt unnin. Höfum í huga að gæði gagnanna ráða miklu um notagildið, RUSL INN -> RUSL ÚT!

Ég hafði ekki nægan tíma til þess að skoða kerfið mjög ítarlega en af því sem ég sá sýndist mér það vinna hratt og vel þótt vel megi vera að slakar nettengingar geti dregið úr virkni og hraða. Ég velti líka fyrir mér möguleikum eins og runuskráningu gagna; er hægt að nota handtölvur eða snjallsíma, er hægt að sækja skrár, breyta og senda inn aftur eða er hægt að senda gögn inn með rafrænum hætti? Þetta eru atriði sem ég hafði ekki tíma til að skoða og ef til vill eiga sum þeirra ekki við.

Mér skildist að mestu að gögnunum sé safnað af bændum sjálfum, þ.e. bændur vigta, taka sýni og skrá sjálfir. Í Bandaríkjunum er meirihluta gagnanna safnað af okkur, þ.e. við sendum okkar starfsfólk heim á búin til þess að mæla og taka sýni. Kosturinn við það er samræmdari vinnubrögð við mælingar og sýnatöku og bændur þurfa ekki sjálfir að eiga mælitækin (mjólkurmælana).

Eitt af því sem við Guðmundur ræddum var hvernig hægt væri að leiðrétta mælingar að innvigtaðri mjólk, þ.e. að skýrslufærð mjólk væri sem réttust. Í Bandaríkjunum fylgjumst við grannt með og stillum mjólkurmælana reglulega auk þess sem við leiðréttum mælingar að innvigtun með reglubundnum hætti. Oftast þýðir það minni nyt á hverja kú en það er mikilvægt fyrir bóndann að vita hvað kýrnar mjólka í reynd en ekki fá út einhverja tölu sem bætir líðan hans og eykur stolt yfir að vera ofarlega á listum yfir afurðahá bú. Við höfum líka unnið töluvert í leiðréttingum á verðefnum, nokkuð sem mér skilst að þið séuð að íhuga.

Að lokum, ég dvaldi í viku á Íslandi og varði einum degi með Guðmundi. Þessi vika var frábær og ég þakka fyrir mig. Ég bý í Kaliforníu og eftir að hafa upplifað fjögurra ára þurrk núna verð ég að segja að það er langt síðan ég hef séð jafnmikið vatn eins og ég sá á Íslandi í þessari stuttu heimsókn.“

*Kærar þakkir fyrir gestrisnina.*
***Bill VerBoort***


**Blúndugler.is**

Fallegir diskar við öll tækifæri. Tertudiskar, brauðtertudiskar, sushidiskar, skálar og ýmislegt fleira. Hægt að koma með eigin dúk.

**Blundugler.is einnig á Facebook**
**Sími 896-2129**



**Ráðgjafafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir ráðunaut í Austur Skaftafellssýslu.**

**Ábyrgðarsvið, menntun og hæfniskröfur:**

- Skal hafa lokið háskólaprófi í búvísindum eða annari sambærilegri menntun. Menntun eða reynsla af verkefnastjórnun eða skipulagningu verkefna æskileg.
- Meginstarf viðkomandi er að vinna samkvæmt samkomulagi sem Búnaðarsamband Austur Skaftafellssýslu hefur gert við sveitarfélagið Hornafjörð um viðhald og uppbyggingu landbúnaðar á svæðinu.
- Viðkomandi starfsmanni RML er ætlað að vera tengiliður bænda á starfssvæðinu við RML ásamt því að koma beint að þeirri vinnu sem ekki krefst sérfræðiþekkingar ákveðinna starfsmanna RML. Hann leitist jafnframt við að veita eða miðla ráðgjöf vegna verkefna sem tilgreind eru i samkomulaginu og fylgja og verkstýra þeirri aðgerðaráætlun sem mótuð yrði á grundvelli þess. Við leitum að einstaklingum með brennandi áhuga á landbúnaði í sínum víðasta skilningi og hefur metnað og frumkvæði sem nýtist til að styðja við landbúnað á svæðinu
- Áhersla er lögð á skipulögð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum auk þess sem að viðkomandi þarf að halda utan um og stýra verkefnum innan fyrirtækisins samkvæmt vinnuferlum verkefnastjórnunar
- Kemur að öðrum verkefnum á einstökum fagsviðum innan RML sem starfsmaður hefur sérþekkingu til að gegna eftir því sem starfsaðstæður leyfa á hverjum tíma
- Skilyrði er að viðkomandi búi á svæðinu sjá lýsingu á staðháttum hér fyrir neðan.

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins** er framsækið ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda og leggur metnað sinn í að viðhalda faglegri og óháðri ráðgjöf til aðila innan landbúnaðarins. Fyrirtækið er með starfstöðvar víðsvegar um landið en nánari upplýsingar um starfsemina má finna á vef þess www.rml.is .

**Rauðaberg**

Jörðin Rauðaberg er um 25 km frá Höfn. Þar er 150 fermetra starfsmannahús og 80 fermetra skrifstofuhúsnæði, bæði húsin eru steinsteypt. Íbúðarhúsið hefur nýlega verið endurnýjað að innan, það var málað, skipt um gólfefni og hurðir. Félagssvæði hestamannafélagsins Hornfirðings er í 20 km fjarlægð og þar eru hesthús og reiðhöll. Gott atvinnuástand er á svæðinu þannig það ætti ekki að vera vandamál fyrir maka að fá vinnu, jafnvel stutt frá Rauðabergi. Gert er ráð fyrir að mjög hófleg leiga verði á íbúðarhúsnæðinu. Um er að ræða mjög spennandi verkefni fyrir réttan aðila.

**Upplýsingar um starfið** eru veittar með tölvupósti í gegnum netföng Karvels L. Karvelssonar (klk@rml.is) eða Berglindar Ósk Óðinsdóttur (boo@rml.is ). Umsóknarfrestur er til 7. desember Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á vef RML. www.rml.is. Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og starfsferil umsækjanda ásamt upplýsingum um umsagnaraðila.

RML RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins**
**Sími 516 5000**
**www.rml.is**

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Þess skal getið sem vel er gert



Jón Viðar Jónmundsson
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is

**Dreifing á fagefni í landbúnaði hefur tekið miklum stakkaskiptum á síðustu árum.**

Sú var tíðin að þarna var um verulega fjölbreytta flóru að ræða.

*Freyr*

Freyr var þarna mesti öldungurinn, náði að lifa í rúma öld og ekki hvað síst á síðasta fjórðungi síðustu aldar var efnið oft á tíðum mjög fjölbreytt og umfangsmikið áður en hann geispaði golunni. Handbók bænda var komin vel til ára sinna þegar hún gafst upp á rólunum, að vísu komið allmikið af leið undir lokin að vera almanak bænda. Ársrit Ræktunarfélags Norðurlands var einnig merkilegt og virðulegt rit komið vel til ára sinna þegar félagið dó og ritið þar með.

Í tvígang var utan félagasamtaka bænda gefið út Búnaðarblaðið í rúman áratug í hvort skiptið og þekki ég talsvert til þess starfs í síðara skiptið. Þó að útgáfan væri að öllu leyti sjálfboðavinna þá voru þetta skemmtilegir tímar og tel ég mig vita að það hafði jákvæð áhrif á faglega landbúnaðarumræðu og miðlaði ýmsum bitastæðum hlutum til bænda.

*Fagrit Búnaðarfélagsins*

Á tímabili stóð Búnaðarfélag Íslands að útgáfu fagrita; Nautgriparæktin og Sauðfjárræktin. Líka þar held ég ýmislegt lífvænlegt efni hafi komist á framfæri. Þessi útgáfa lagðist af og hjá fagfélögum þessara greina sem á þeim tíma voru á bernskuskeiði örlaði ekkert á áhuga til að gera þetta að fagritum viðkomandi greina eins og er vel þekkt á öðrum Norðurlandanna.

*Fagefni í hrossarækt*

Í hrossaræktinni hefur aftur á móti tekist að halda uppi útgáfu fagefnis og er staða þeirra mála í allt öðru og betra formi þar en hjá öðrum greinum. Enda miðlun fagefnis þar af þessum ástæðum mun öflugri.

*Margt varð skammlíft*

Fjölmargt fleira mætti hér telja upp sem margt varð skammlíft. Þær skýringar voru gefnar á þessum mikla dauða í útgáfu ritaðs fagefnis í landbúnaði voru á þeim tíma að ekki væri rekstrarlegur grundvöllur fyrir neinni slíkri útgáfu. Þetta held ég að hafi verið nokkur hálfsannleikur. Á þeim árum barðist útgáfa á Hrútaskrá og Nautaskrá nokkuð í bökkum og talin starfseminni í þessum greinum íþyngjandi. Ég og ýmsir fleiri sem komum að útgáfu þessari þá, færðum það í tal að þessa útgáfu mætti áreiðanlega auðveldlega fjármagna með auglýsingasölu. Þeir sem þá stjórnuðu þeim málum hér höfðu aldrei heyrt fáránlegri fréttir. Við ákváðum því að kalla til aðra aðila að sinna þeim málum og síðan hefur þessi útgáfa siglt sinn sjó og virðist njóta talsverðra vinsælda. Þess vegna er mín bjargfasta skoðun að ekki minni hlut í áðurnefndum dauða ritaðs fagefnis í landbúnaði megi rekja til alleinarðs ásetnings nýrra stjórnenda BÍ snemma á þessari öld að geta gengið að mestu dauðri allri viðleitni til miðlunar á faglegu efni í landbúnaði.

*Íslenskar landbúnaðarrannsóknir*

Íslenskar landbúnaðarrannsóknir voru fyrst gefnar út um 1970 og hafa haldið sinni útgáfu með fjölbreyttum nafnbreytingaferli allt til þessa dags. Í árdaga birti það eina þekktustu vísindaritgerð á sviði landbúnaðar sem hér á landi hefur verið skrifuð, doktorsritgerð Stefáns Aðalsteinssonar um litaerfðir sauðfjár. Síðan held ég segja megi að þetta rit hafi haldið vel faglegri stöðu sinni og reisn þó að það eins og allt annað sem snýr að rannsóknarstarfi í greininni hafi liðið fyrir tveggja áratuga sveltistefnu stjórnvalda. Þó að faglegur styrkur sé góður held ég að leið efnis þess út til hins almenna bónda sé þyrnum stráð. Frekast mun það skreyta bókahillur á skrifstofum nokkurra aðila sem enn telja sig geta sinnt einhverju rannsóknarstarfi.

*Útgáfa á pappír ekki dauð*

Margir segja að útgáfa lesefnis á pappír heyri til liðinni tíð. Þetta held ég sé hin argasta bábilja. Þessir aðilar segja að fagmiðlun í netheimum sé orð dagsins. Ungt og dugmikið fólk hóf fyrir allnokkrum árum útgáfu á rafrænum faglegum miðli sem kallaðist Freyja og gerði það með miklum sóma en því miður virðist það hafa dáið drottni sínum.

*FJARVÍS af hreinni snilld*

Ég tel mig einnig í ár hafa fylgst mjög vel með viðbrögðum notenda við nýrri útgáfu af FJARVÍS sem Eyjólfur Ingvi Bjarnason hefur leitt af hreinni snilld. Ég þekki það líka að faglegan áhuga ótrúlega stórs hóps í greininni skortir síst. Þrátt fyrir það verð ég að segja að viðbrögð notenda við notkun kerfisins sem leiðbeininga- og hjálpartækis hefur valdið vonbrigðum í ljósi þess hve notkun þess er þjál. Þetta veit ég að færist allt til betri vegar þegar Eyjólfur fer að heimsækja ykkur úti um sveitir landsins. En um leið er þetta meðenn ein ábending um að notkun hinna rafrænu miðla er verulega ofmetin af þeim sem hæst gala í þeim efnum.

*Bændablaðið*

Bændablaðið hóf útkomu sína undir lok síðustu aldar. Útgáfa þess hefur tekist með einstökum ágætum. Það er allt að þakka frábærum ritstjórum og blaðamönnum allt frá upphafi. Blaðið hefur mikið þróast í þá átt að verða sterkt málgagn dreifbýlisins. Faglegir blaðamenn með verulega landbúnaðarþekkingu hafa ekki verið margir. Hins vegar tel ég mig þekkja það mikið til blaðsins og vita að þar standa allar dyr opnar til birtingar á slíku efni. Þess vegna stendur það upp á okkur sem teljum okkur hafa einhverju faglegu efni að miðla að standa í stykkinu. Þar höfum við starfsmenn RML, LBHÍ og annarra fagstofnanna landbúnaðarins því miður ekki efni á sjálfshóli. Þetta er okkar eini virki faglegi vettvangur sem er virkur í dag og okkur ber að nota.

*Margar dyr stóðu opnar*

Þegar ég var að hasla mér völl innan íslensks landbúnaðar fyrir mörgum áratugum fann ég mér að mestu vettvang innan rannsókna. Þar sem mér stóðu góðu heilli margar dyr opnar á þessum árum fann ég fljótt að leiðin frá stól rannsóknarmannsins yfir á fjósgólfið eða fjárhúskróna var of löng þannig að ég færði störf mín á annan vettvang til að geta betur miðlað minni faglegu þekkingu þangað sem hún gat nýst. Hvort það hafi borið nokkurn árangur er annarra að meta.

Þar sem störf mín voru fjármögnuð af talsverðum hluta af opinberu fé leit ég á það sem skyldu mína að reyna að miðla nýrri faglegri þekkingu á þeim sviðum sem ég taldi mig færan til til bænda.

Á þessum árum naut ég þeirra forréttinda að starfa með mörgum ungum nemendum við Framhaldsdeildina á Hvanneyri. Leit þá á það sem hluta af starfi að miðla með nemendum niðurstöðum slíkra rannsókna teldi ég þær það verðmætar.

*Íslenskar landbúnaðarrannsóknir hafa búið við alvarlegt fjársvelti*

Íslenskar landbúnaðarrannsóknir hafa búið við alvarlegt fjársvelti um langt árabil. Þessu hefur fylgt að hlutur námsverkefna í rannsóknarstarfi fer hlutfallslega vaxandi með hverju ári. Því miður held ég að brestur á miðlun niðurstaðna þessara verkefna frá hendi LBHÍ hafi orðið of mikill ef hrossaræktin er undanskilin. Þetta gerist því miður á sama tíma og þörfin fyrir slíkri miðlun hefur eðli hlutanna vegna aukist.

*Tengsl kjötmats og ómmælinga*

Þetta er orðin óþarflega langur formáli að efni greinarinnar. Á síðasta ári birtist BS-ritgerð við LBHÍ sem ég tel að verði að greina nánar frá. Ritgerð þessa skrifaði Jón Hjalti Eiríksson frá Gýgjarhólskoti og nefnist hún Tengsl kjötmats og ómmælinga, bætt kynbótamat og erfðaframfarir. Jón vann þetta verk undir leiðsögn Ágústs Sigurðssonar og Elsu Albertsdóttur.

*Í flokki allra bestu ritsmíða*

Ég vil vera fáorður um gæði ritgerðarinnar. Að mínu viti er hún í flokki allra bestu ritsmíða í íslenskum landbúnaðarrannsóknum frá upphafi vega. Ég hef engar efasemdir að gæði hennar eru slík að hún hefði staðið til mun æðri prófgráðu við flesta erlenda háskóla. Ekki er mögulegt annað en hvetja Jón og leiðbeinendur hans til að koma þessu efni sem allra fyrst fyrir augu vísindamanna um allan heim því að þangað á það fullt erindi.

Efni ritgerðarinnar er hins vegar það sem ég vil fara um nokkrum orðum. Fyrst að gera stutta grein fyrir efninu sem unnið var með en það eru gögn bænda úr skýrsluhaldsgrunni sauðfjárræktarinnar um þunga, kjötmat og ómmælingar lamba frá árunum 2000–2013 með tilheyrandi upplýsingum. Það eina sem ég sakna aðeins er að lærastig lambanna komust ekki einnig með vegna þess þau fylgja nánast öllum ómmælingum en hefðu veitt mikilvægar viðbótarupplýsingar til að meta þær miklu framfarir í vöðvavexti sem fjallað er um hér á eftir. Gögnin eru að umfangi farin nokkuð að nálgast fyrsta milljónatuginn. Mögulega er þetta umfangsmesta slík rannsókn sem gerð hefur verið um heimsbyggð alla í sauðfjárrækt. Þarna fást því nákvæmari niðurstöður um fjölda erfðastuðla en dæmi eru um áður.

Niðurstöðurnar sem slíkar koma mér ekki að óvart þar sem ég líklega þekki gögnin meira en nokkur annar. Hins vegar fást þarna staðfestar margar af þeim hugmyndum sem ég á undanförnum áratug hef verið að ræða við bændur um allt land á fundum. Góðu heilli fá þær allar sína staðfestingu þarna.

Í sambandi við umhverfisáhrif er helst að benda á það að staðfest er að kynjamunur er í fitumatinu og má bæta kynbótamat með því. Þetta tel ég mig hafa vitað lengi þó að það kæmi ekki fram í frumrannsókn Sigurbjarnar Óla sem við Ágúst notuðum á sínum tíma við myndum BLUP matsins. Eðli þessara áhrifa eru hins vegar þannig að seinagangur minn með breytingar hefur tæpast valdið nokkrum skaða í ræktunarstarfinu.

Arfgengi eiginleikanna er metið 0,31 fyrir fitumatið, 0,40 fyrir gerðarmatið, 0,36 fyrir ómfituþykkt og 0,39 fyrir bakvöðvaþykkt. Þetta eru heldur hærri tölur en við höfum unnið með til þessa. Það er í raun ekkert nema jákvætt um að segja vegna þess að það leiðir til að framfarir í ræktunarstarfinu eru í raun enn meiri en við höfum verið að ætla áður.

Þegar nýtt kjötmat var tekið upp kom skýrt fram að samhengi eiginleika í kjötmatinu væri óhagstætt, þ.e. að almennt fór saman lítil fita og lágt gerðarmat eða öfugt. Þá var okkur hins vegar ljóst út frá ræktunarstarfinu á Hesti og norður á Ströndum að hér mundi fremur vera um ræktunarsöguleg áhrif að ræða en lífræðileg. Þess vegna var ákveðið gengið til verks að breyta þessu sambandi með markvissu ræktunarstarfi. Jón sannreynir að þetta hefur tekist að talsverðu leyti. Ef til vill er þetta ein merkasta niðurstaða ritgerðarinnar vegna þess að mér er til efa að nokkru sinni hafi áður verið jafnskýrt sýnt fram á breytingar á erfðafylgni eiginleika. Þetta er enn staðfesting á því hve íslenska sauðféð er einstakt til ræktunar.

Jón sýnir fram á að breytingarnar í öllum eiginleikunum eru verulegar, jafnvel meiri en áður hefur verið áætlað. Þær gríðarlegu framfarir sem orðið hafa í bakvöðvaþykkt er miklu meiri og samfelldari en dæmi eru um í eldri úrvalstilraunum erlendis án þess að sjá megi nokkra lækkun í breytileika eiginleikans.

Hann staðfestir einnig það sem við Ágúst höfum áður alloft bent á að breytingar til minni fitu eru að nær öllu leyti tilkomin vegna áhrifa frá vali sæðingahrútanna. Val heima á búum bænda hefur alla tíð beinst að auknum vöðvavexti og gerð lambanna og skilað miklu. Vonandi gefst mér bráðlega tækifæri til að velta aðeins fyrir mér hve miklu þetta markvissa ræktunarstarf hafi skilað fjárbændum í aðra hönd á síðustu árum.

Nú er sauðfjárrækt í landinu í raun í þeirri stöðu að val til minni fitu fer að verða óþarft. Það er því verulegt verkefni nú í vetur að gera sér sem gleggsta grein hvernig það svigrúm sem þetta gefur í ræktunarstarfinu verði best notað á næstu árum.

Í ritgerðinni sýnir Jón fram á að talsvert er að sækja í að nýta niðurstöður ómmælinganna til að bæta kjötgæðamatið. Þetta sé ég öðru fremur gerast á tvo vegu. Í fyrsta lagi með öruggara mati fyrir ásetningshrútána þannig að bæði verði mögulegt að velja þá allra bestu öruggar og fyrr til notkunar á stöðvunum. Jón bendir líka á að hlutfallsleg aukning verður samt mest í mati ánna vegna þess að beinar afkvæmaupplýsingar sem bætast við hjá þeim eru miklu minni en hjá hrútunum.

Þá staðfestir hann vel að hrútar sem óvanalega hátt hlutfall lamba undan lendir í ásetningi eru vanmetnir fyrir kjötgæði í núverandi mati. Ég er fyllilega sammála honum um að leiðrétting vegna þessa skiptir ekki meginmáli. Þetta eru bestu hrútarnir á hverjum tíma og smávægilegt vanmat þeirra leiðir fyrst og fremst af sér til meiri framfara en áætlað er. Hins vegar er brýnt að nýta niðurstöðurnar sem fyrst til að bæta BLUP matið fyrir kjötgæði. Jafnframt þarf að skoða hvort ekki eigi einnig að bæta lærastigum við sem óbeinum eiginleika í gæðamatinu.

Fjölmarga fleiri áhugaverða hluti úr þessari frábæru ritgerð mætti tína til þó að hér verði staðar numið.

Ritgerð Jóns er ómetanlegt framlag til íslenskrar sauðfjárræktar.

**Bændablaðið**
**á bbl.is og líka á Facebook**

## Til sölu

**Tilboð óskast í fasteignina Kríunes II, Hrísey, Akureyrarkaupstað**



20192 - Kríunes II í Hrísey, landnr. 222439, fastanr. 215-6367. Húsið er talið 749,6 m2 að stærð. Húsið var byggt árið 1974 undir nautgripaeldi og rannsóknir. Þarna er miðrými (180m² rannsóknarstofa), fjós fyrir 55-60 gripi (316,6 m²), hlaða (207,1 m²) og sláturaðstaða (45,9 m²). Landið er allt í eigu Akureyrarkaupstaðar og fylgir lóðarleigusamningur um 3.507 m² lóð við sveitarfélagið. Brunabótamat eignarinnar er kr. 61.610.000,- og fasteignamat kr. 14.789.000,-.

**Eignin er til sýnis í samráði við Ólaf Pálma Agnarsson í síma 893-4697.**

Tilboðseyðublöð liggja frammi hjá ofangreindum aðila og hjá Ríkiskaupum ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði. Gögnin, ásamt viðbótarupplýsingum, eru aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7, Reykjavík fyrir kl. 10.00 þann 1. desember 2015 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

Lesendabás

# Öflugur landbúnaður er allra hagur

**Vinstrihreyfingin - grænt framboð samþykkti á landsfundi sínum nú í október metnaðarfulla landbúnaðarstefnu. Hún byggist á því að innlendur landbúnaður sé grunnþáttur í því að byggja sjálfbært samfélag á Íslandi, að þjóðin verði sjálfri sér næg um matvæli eins og aðstæður leyfa og að Íslendingar verði áfram í fararbroddi þegar kemur að matvælaframleiðslu.**



Katrín Jakbosdóttir.

Innlendur landbúnaður snýst um að auka lífsgæði allra landsmanna og tryggja fjölbreytt búsetuskilyrði fyrir alla enda myndu fæstir vilja vera án íslenskra landbúnaðarafurða. Besta leiðin til að efla byggðahlutverk landbúnaðarins er að styrkja nýsköpun og skapa ný verðmæti og fjölbreytt störf um land allt.

Mikilvægt er að landbúnaðurinn og önnur landnýting þróist í sátt við umhverfið á grundvelli sjálfbærrar þróunar í búskaparháttum og góður aðbúnaður búfjár verði ávallt í öndvegi.

### *Menntun og rannsóknir undirstaða framþróunar landbúnaðar*

Blikur hafa verið á lofti hvað varðar menntun á sviði landbúnaðar, bæði á framhalds- og háskólastigi. Ekki má gleyma að menntun og rannsóknir eru undirstaða framþróunar og nýsköpunar í öllum atvinnuvegum. Þar er landbúnaður ekki undanskilinn. Íslendingar búa vel að því að eiga öfluga háskóla og rannsóknarstofnanir sem hafa sinnt þessu fagsviði. Full ástæða er til að styrkja starf þeirra enn frekar. Tryggja og efla þarf fjölbreytt framboð á starfsmenntun í búfræði, garðyrkju sem og öfluga háskólamenntun á sviði landbúnaðar. Efla þarf samstarf landbúnaðarháskólana við aðrar háskólastofnanir.

Þá þarf að tryggja öflugar grunn- og þróunarrannsóknir í landbúnaði. Landbúnaðarrannsóknir standa nú þegar framarlega í flokki í íslensku fræðasamfélagi. Mikilvægt er að skoða hvort sameina eigi sjóði sem sinnt hafa einstökum atvinnugreinum og setja atvinnuvegarannsóknir undir einn hatt. Um leið myndu möguleikar aukast á þverfaglegum rannsóknum.

Land og jarðvegur eru auðlindir sem Íslendingar eiga í ríkum mæli. Það er samfélagsleg skylda að landnýting sé með sjálfbærum hætti. Skipuleg skráning ræktaðs og ræktanlegs lands þarf að fara fram í verndarskyni. Hefja þarf vinnu við rammaáætlun um landnýtingu auk þess sem virk beitarstjórnun, sjálfbærni og náttúruvernd verði þar lykilþættir.

Koma verður í veg fyrir óeðlilega samþjöppun í landbúnaði, t.d. með því að setja ákveðnar hömlur á eignarhald stórra lögaðila á mörgum jörðum, en um leið varast þá þróun að landinu sé skipt upp í smáskammta í tengslum við frístundabyggð og áhugabúskap. Ríkið hætti við sölu á ríkisjörðum í fullum rekstri en leigi þær frekar til þeirra sem hafa áhuga á að starfa við landbúnað. Þá þarf að setja viðmið um hámarkshlut einstakra aðila af heildarframleiðslurétti eða -magni innan búgreina sem njóta ríkisstuðnings. Jafnframt verði réttur til framleiðslustuðnings bundinn við búsetu á lögbýlum en ekki aðeins eignarhald.

### *Stuðningur við landbúnaðinn og markaðssetning landbúnaðarvöru*

Mikilvægt er að stuðningskerfi landbúnaðarins sé til stöðugrar umræðu og endurskoðunar. Markmið ríkisstuðnings er að tryggja neytendum góð matvæli á hagstæðu verði og að viðhalda byggð um landið allt. Eðlilegt er að viðhalda framleiðslustyrkjum til að uppfylla neysluþörf á innanlandsmarkaði en breyta þarf hluta þeirra í fjárfestingastyrki svo bændur geti byggt upp og þróað framleiðslu sína. Styrkir þurfa að renna til þeirra sem standast gæðakröfur.

Tryggja þarf að garðyrkjubændur sem nýta raforku fái orkuna á sambærilegu verði og aðrir stórkaupendur. Þeim verði þannig auðveldað að auka markaðshlutdeild sína á innlendum markaði og eftir atvikum flytja út afurðir sínar. Tímabært er að auka hlut innlendrar endurnýjanlegrar orku í landbúnaði.

Landbúnaðurinn gegnir lykilhlutverki í því grundvallarverkefni að tryggja líffræðilegan fjölbreytileika í heiminum og í því skyni þarf að standa vörð um íslenska búfjárstofna og flóru. Íslensk fána og flóra njóti alltaf vafans þegar taka á afstöðu til innflutnings. Takmarka þarf notkun eiturefna í landbúnaði eins og kostur er og allur íslenskur landbúnaður þarf að standast strangar gæðakröfur. Uppfylla þarf óskir og þarfir neytenda lífrænna landbúnaðarafurða og efla þarf stuðning við framleiðslu þeirra.

Upprunamerking er mikilvæg í markaðssetningu íslenskra landbúnaðarafurða og í öflugri neytendavernd. Því er mikilvægt að setja skýr lög um upprunamerkingu landbúnaðarvara. Regluverkið þarf að eiga bæði við framleiðendur, vinnslustöðvar og smásölu. Tryggja þarf fullnægjandi merkingar á afurðum og aðföngum, innlendum jafnt sem innfluttum, m.t.t. notkunar erfðabreyttra lífvera við framleiðsluna.

Íslensk matvæli hafa afar mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að markaðssetningu Íslands og ímynd þjóðar. Ferðamálastefnu þarf að tengja innlendri matvælaframleiðslu með styrkari hætti og sérstaklega við svæðisbundna matvælaframleiðslu. Þar hefur þegar verið unnið gott starf með bændamörkuðum um land allt og margs konar nýsköpun. Þar kemur bændastéttin sterk inn með reynslu sína, þekkingu og framsýni.

***Katrín Jakobsdóttir***
*Formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs*


Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



# Bændafundir um gerð búvörusamninga

Bændasamtök Íslands boða til fjögurra funda þar sem umræðuefnið er gerð búvörusamninga. Viðræður bænda við ríkisvaldið hafa staðið yfir frá því í haust en mörg útfærsluatriði nýrra samninga eru enn í vinnslu. Á bændafundunum fara forystumenn yfir stöðu mála og í kjölfarið verða umræður.

| Staður | Dags. | | Fundarstaður | Fundartími |
|---|---|---|---|---|
| Hella | 24. nóv. | þriðjudagur | Árhús | kl. 20:30 |
| Eyjafjörður | 25. nóv. | miðvikudagur | Hlíðarbær | kl. 11:00 |
| Borgarnes | 25. nóv. | miðvikudagur | Hótel Borgarnes | kl. 20:30 |
| Egilsstaðir | 26. nóv. | fimmtudagur | Valaskjálf | kl. 11:00 |

*Bændur – fjölmennum á fundina og skiptumst á skoðunum um samningamálin.*

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Tímarit Bændablaðsins í sjónmáli

# Tryggðu þér auglýsingapláss í tíma




28.febrúar kemur Tímarit Bændablaðsins út. Er þitt fyrirtæki búið að tryggja sér auglýsingapláss?

Auglýsingasíminn er **563-0300** og netfangið **augl@bondi.is**

Boðið er upp á hefðbundnar auglýsingar í ritinu en í seinni hluta þess verður pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

Nánari upplýsingar veittar í síma **563-0300** og netfangið **augl@bondi.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

*Hægt er að skoða* ***Tímarit Bændablaðsins*** *2015 á* ***bbl.is***

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Notagildi upplýsinga um áburðargjöf og uppskeru



Borgar Páll Bragason
fagstjóri hjá RML
bpb@rml.is

**Þessa dagana eru bændur að standa skil á lögbundnum skráningum heyforða vetrarins en síðasti dagur til að skila haustskýrslu til Matvælastofnunar er 20. nóvember.**

Margir bændur hafa skráð uppskeru sumarsins inn í Jörð.is og geta þá með einföldum rafrænum hætti yfirfært uppskerugögnin yfir á haustskýrsluna í bustofn.is. Margir aðrir hafa undanfarna daga verið að leita uppi þessar skráningar í minnisbókum og blöðum.

Ein af skyldum framleiðenda í gæðastýrðri sauðfjárrækt er að halda gæðahandbók þar sem meðal annars er haldið utan um upplýsingar um áburðargjöf og uppskeru fyrir hverja spildu. Þeir bændur sem skrá þessar upplýsingar í forritið Jörð.is eru í raun að uppfylla þær kvaðir og gerir lögbundin skil á upplýsingum um heyforðann mjög einföld.

Markmið gæðahandbókar í gæðastýrðri sauðfjárrækt frá því að hún kom til sögunnar árið 2003 var að hún væri hjálpartæki til að ná betri árangri í búrekstrinum. Fóðuröflunin er þar einn stærsti kostnaðarliðurinn. Eflaust hafa margir nýtt þessar jarðræktarupplýsingar með fyrirhuguðum hætti en víða eru vannýtt tækifæri í þeim efnum. Vandi bænda felst einkum í því að það er yfirleitt tímafrek og flókin vinna að bera saman upplýsingar um áburðargjöf og uppskeru með það að markmiði að greina tækifæri í endurræktun eða í breyttri áburðarnotkun.

Nafn
Sveitarfélag
Búsnúmer

**Áburðarnotkun / Uppskera - 2015**

Hér má sjá hversu miklu er kostað til í N áburði (búfjár og tilbúinn áburður) fyrir hvert kg/þe og FEm. Spildunum er raðað frá þeirri uppskeruminnstu til þeirrar mestu. Í samanburði á spildum þarf að hafa í huga að ekki er tekið tillit til tímasetningar áburðargjafar og sláttar eða til þess hvort spildan hafi verið nýtt til beitar.




Meðal áburðar kostnaður 18,4 kr/FEm 14,6 kr/kg þe

Við undirbúning áburðarkaupa og vinnslu áburðaráætlunar er mikilvægt að gera greinarmun á milli túna eftir því hvort þau nýta áburð vel eða illa. Það er því eitt af verkefnum RML þessa dagana að aðstoða bændur við lesa úr upplýsingum um áburðargjöf og uppskeru og hjálpa þannig bændum við að ná bættum árangri í búrekstrinum. Hægt er að vinna svona samanburð langt aftur í tímann svo framarlega sem upplýsingarnar séu skráðar í Jörð.is.

Það sem einkum er gert í þessari úrvinnslu er að skoða áburðarkostnaðinn á bak við hvert kíló uppskerunnar og skoða hvort þar sé mikill munur á milli túna. Þar er búið að leggja að jöfnu, verðmæti áburðarefna í tilbúnum áburði og í búfjáráburði. Með því að bera tún saman með þessum hætti má oft á tíðum sjá hlutina sem betur mega fara.

Hefðbundin úrvinnsla á samanburði á áburðargjöf og uppskeru innifelur skýrslu með þremur súluritum þar sem hver súla táknar eina spildu. Eitt súluritið ber saman áborið N og uppskeru. Á öðru er sýndur áburðarkostnaður á hverja spildu og hið þriðja sýnir síðan áburðarkostnaðinn á bak við hvert kg þurrefnis og fóðureiningu. Að lokum eru reiknaðar út nokkrar lykiltölur. Þess má geta að þátttakendur í Sprota, jarðræktarráðgjöf hjá RML fá svona skýrslu.

Þeir sem hafa áhuga á svona samantekt sem byggir á skráningum á áburðargjöf og uppskeru í Jörð.is geta haft samband við Borgar Pál Bragason hjá RML í síma 516 5000 eða með tölvupósti á bpb@rml.is.

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# „Hrútafundir"



Eyþór Einarsson
Ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is

**Nú styttist óðfluga í að ný hrútaskrá líti dagsins ljós. Að vanda munu búnaðarsamböndin standa fyrir fundum um allt land í kjölfar útgáfu hennar.**




Þar er hrútaskránni dreift og sauðfjárræktarráðunautar RML mæta til að kynna hrútakostinn og ræða um ræktunarstarfið. Þá eru sum búnaðarsambönd með annað efni að auki á sínum fundum. Gert er ráð fyrir að skráin komi úr prentsmiðju í síðasta lagi mánudaginn 23. nóvember og fyrsti fundurinn verði þá um kvöldið á Hvanneyri.

Mikið er af nýjum og spennandi hrútum í boði, þar sem talsverð endurnýjun hefur átt sér stað í hrútastofninum. Samanlagt eru á sauðfjársæðingastöðvunum í Þorleifskoti og Borgarnesi 30 hyrndir hrútar og þar af 12 nýir. Kollóttir hrútar eru 12 og þar af 5 nýir. Þá verður kynntur nýr feldfjárhrútur og nýr forystuhrútur.

Síðasta vetur voru sæddar rétt um 25 þúsund ær, samkvæmt skráningum í Fjárvís.is og var hlutfall þeirra sem festu fang 67% sé miðað við ósamstilltar ær sæddar með fersku sæði. Þetta voru aðeins minni sæðingar en áður og átti tíðarfarið sinn þátt í því. Fanghlutfallið var hins vegar óbreytt frá árinu áður.

Ástæða er til að hvetja bændur til að nýta sér sæðingarnar af krafti og að vanda til verka, því þónokkur breytileiki er milli búa þegar kemur að fanghlutfalli. Í væntanlegri hrútaskrá verður fjallað um árangur sæðinga ásamt fleiru af áhugaverðu efni.

Hrútafundirnir hafa ávallt verið fjölsóttir og vonast er til að engin breyting verði á því nú, því þetta er góður vettvangur til að ræða um allt sem á mönnum brennur varðandi ræktunarstarfið í sauðfjárræktinni.

## Hrútafundir og kynnig á hrútaskrá 2015 - 2016

| Búnaðarsambandssvæði | Dagur | Staður og tími |
|---|---|---|
| Búnaðarsamtök Vesturlands | mán. 23. nóv. | **Hvanneyri** kl. 20:30 |
| Búnaðarsamtök Vesturlands | þri. 24. nóv. | **Grunnskólinn Reykhólum** kl. 16:00 |
| Búnaðarsamtök Vesturlands | þri. 24. nóv. | **Laugar, Sælingsdal** kl. 20:30 |
| Búnaðarsamtök Vesturlands | fim. 26. nóv. | **Breiðabliki, Snæfellsnesi** kl. 20:30 |
| Búnaðarsamtök Vesturlands | mán. 30. nóv. | **Holt, Önundarfirði** kl. 20:30 |
| Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda | þri. 24. nóv. | **Sævangur, Ströndum** kl. 13:30 |
| Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda | mið. 25. nóv. | **Ásbyrgi, Miðfirði** Kl. 13:30 |
| Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda | mið. 25. nóv. | **Sal BHS Húnabr. 13, Blönduósi** kl. 20:00 |
| Búnaðarsamband Skagafjarðar | þri. 24. nóv. | **Tjarnarbær** kl. 20:00 |
| Búnaðarsamband Eyjafjarðar | fim. 26. nóv. | **Hótel KEA** kl. 20:00 |
| Búnaðarsamband S-Þingeyinga | mið. 25. nóv. | **Breiðamýri** kl. 13:00 |
| Búnaðarsamband N-Þingeyinga | mið. 25. nóv. | **Svalbarði** kl. 20:00 |
| Búnaðarsamband Austurlands | fim. 26. nóv. | **Hótel Valaskjálf, Egilsstöðum** kl. 16:00 |
| Búnaðarsamband Suðurlands | mið. 25. nóv. | **Smyrlabjörg** kl. 13:00 |
| Búnaðarsamband Suðurlands | mið. 25. nóv. | **Hótel Klaustur** kl. 20:00 |
| Búnaðarsamband Suðurlands | fim. 26. nóv. | **Þingborg** kl. 14:00 |
| Búnaðarsamband Suðurlands | fim. 26. nóv. | **Heimaland** kl. 20:00 |




## Frá Bændasamtökum Íslands:

# Umsóknir um styrki úr Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins

**Fagráð í hrossarækt starfar samkvæmt 15 gr. búnaðarlaga nr. 70/1998.**

Fagráð fer, meðal annarra verkefna, með stjórn Stofnverndarsjóðs sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum í sömu lögum og reglugerð nr. 470/1999 um sama efni. Verkefni sjóðsins eru:

- Að veita fé til þróunarverkefna í hrossarækt sem nýtast til styrktar íslenska hrossastofninum.
- Að veita lán og styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbótagripum ef sannað þykir að þeir verði fluttir úr landi að öðrum kosti. Hér væri um að ræða gripi sem gætu haft úrslitaáhrif á erfðabreytileika í stofninum s.s. litafjölbreytni, eða byggju yfir einstæðu kynbótagildi í þeim eiginleikum sem prýða íslenskan hest.

Fagráð tekur ákvörðun um styrkveitingar í desember 2015. Nánari upplýsingar fást hjá Bændasamtökunum.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 5. desember 2015 og skal umsóknum skilað til:

**Fagráð í hrossarækt,**
**Bændahöllinni v/Hagatorg,**
**107 Reykjavík.**

*Fagráð í hrossarækt.*

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



# Vinnuslys og forvarnir

**Í þessum pistli í síðasta Bændablaði vitnaði ég til samantektar vefmiðilsins Star Tribune (www.startribune.com) um slys og forvarnir á bandarískum bændabýlum.**

Samantektin er löng og mikil, en það sem rætt var um í síðasta blaði var bara smá hluti af greinargerðinni sem er í fjórum hlutum upp á u.þ.b. 20 blaðsíður. Fyrirsögnin var samkvæmt minni þýðingu eftirfarandi: Vinnuslysum í Ameríku fækkar alls staðar síðustu 10 ár nema á litlum fjölskyldubýlum. Landbúnaðarstörf eru að verða hættulegasta starf í USA.



Guðmundur Hallgrímsson í eftirlitsferð í Eyjafirði. Mynd /MÞÞ

### *Munurinn mikill á milli ríkja í USA*

Munurinn á þeim 47 ríkjum í USA sem stunda landbúnað er mikill, en afgerandi er minnsta slysatíðnin í þeim þrem ríkjum þar sem stundaðar eru heimsóknir á öll býli, sama hversu fáir vinna á býlunum.

Lögin frá Vinnueftirliti Bandaríkjanna er að öll býli með 11 eða fleiri störf eiga að fá heimsókn, en í ríkjunum þrem sem vitnað var til í síðasta blaði, þar sem dauðsföll síðustu 10 ára eru miðað við 100.000 vinnandi í Washington = 15, Kaliforníu = 34 og Oregon =27, en þar eru öll býli heimsótt, sama hversu margir vinna þar. Árangurinn er ótvíræður og skilar mun færri slysum.

Í samantektinni er einnig bent á að í Montana eru rúm 28.000 smábýli sem skapa um 95.000 störf, en þar er dánartíðnin af hverjum 100.000 vinnandi 146 síðustu 10 ár. Þrátt fyrir háa dánartíðni í Montana er örlítil fækkun banaslysa þar síðustu 10 árin, en mest er fækkun slysa á stærri býlum, en þar fækkar slysum á móti fjölgun slysa á smæstu býlunum.

Mest var fjölgunin á banaslysum síðustu 10 árin í Minnesota þar sem þau jukust um 32% síðustu 10 ár og alls staðar þar sem fer fjölgun slysa er það nánast undantekningarlaust sem fjölgunin er mest á smæstu býlunum.

### *Sláandi tölur um slys íslenskra lögreglumanna, hvar eru forvarnir?*

Í síðustu viku birti fréttavefmiðillinn visir.is ljóta samantekt vinnuslysa íslenskra lögreglumanna frá árunum 2011–2014 þar sem sagt er frá því að 398 lögreglumenn hafi slasast við störf sín á þessu tímabili. Í sömu samantekt kemur fram að í febrúar hafi verið 640 lögreglumenn við störf sem mun vera um 220 of fáir miðað við starfsskyldur þær sem lögreglan þarf að sinna. Við lestur á samantektinni segir bara eitt: Að 100 lögreglumenn séu að slasa sig árlega er á milli 15 og 20% starfandi lögreglumanna, það hljóta allir að sjá að þetta er allt of mikið vinnuálag sem leiðir til slysa sem kostar allt of mikið.

Margsinnis hefur verið vitnað til skoðanakönnunar sem læknarnir Gunnar Guðmundsson og Kristinn Tómasson unnu þar sem bændum var sendur spurningalisti árið 2004 og fram kom í svörum bænda að 18,3% hefðu verið frá vinnu vegna slyss árið á undan skoðanakönnuninni. Þetta voru ekki nema um 1.100 sem svöruðu, en 18,3% af 1.100 er nálægt 370. Sé þetta niðurstaðan eru þessi tvö störf, landbúnaðar- og lögreglustörf, þau hættulegustu á Íslandi. Á sama tímabili er stórlega að fækka slysum til sjós sem í áraraðir hefur verið mannskæðasta og hættulegasta starf landsins.

### *Blásið til sóknar hjá Bændasamtökum Íslands*

Eins og í flestum löndum þar sem landbúnaður er mikill eru vinnustaðaheimsóknir á bóndabæi að fækka slysum stórlega, en í Noregi, Írlandi og Englandi eru heimsóknir að skila virkilega góðum árangri rétt eins og í ríkjunum þrem í USA sem nefnd eru hér að ofan.

Margoft hefur verið bent á að hver króna sem sett er í forvarnir skili sér allt að tífalt. Undanfarið hefur Guðmundur Hallgrímsson verið að heimsækja bændur og benda á úrbætur þar sem töluverð vakning er hjá bændum að bæta ásýnd sína, heilsu og koma í veg fyrir slys. Í stuttu símaspjalli við Guðmund sagði hann verkefnið lofa góðu, en það er ýmislegt að. Aðspurður hvað væri helst að var svarið, eins og við mátti búast, drifsköftin, en í öðru sæti væri oftast loftræsting útihúsa.

**Íbúð og sumarhús til sölu**

Til sölu **2ja herb. 62 fm** íbúð með bílskúr á besta stað í Grafarvogi í Rvík. með sjávarútsýni, og **55 fm sumarhús í Biskupstungum**. Báðum þessum eignum fylgir allur húsbúnaður. "góð lán áhvílandi" (mögulegar leigutekjur)

**Ásett verð kr. 44 miljónir**

Uppl. veitir Kristján í síma **611-8997** og á **kristjan53@gmail.com**



**Viðgerðarþjónusta**

**á Nilfisk Alto háþrýstidælum**

Gerum við allar gerðir af Nilfisk Alto háþrýstidælum.
Vara- og fylgihlutir á lager. Hröð og vönduð þjónusta.

20 ára reynsla

SG ÞJÓNUSTAN viðgerðir - varahlutir

Krókhálsi 5c - Járnhálsmegin - 110 Reykjavík
Sími: 588 3500 - sgt@simnet.is

## KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

## Bærinn okkar

# Garður



**Foreldrar Soffíu keyptu jörðina 1973 og byggðu hana upp, en hún hafði þá verið í eyði í nokkur ár.**

Árið 1997 fluttum við frá Reyðarfirði og tókum við búi af Björgvini og Margréti. Haustið 2014 tókum við í notkun 320 fm fjárhús, lögðum af gamalt hús í staðinn og fjölguðum við fénu aðeins með tilkomu þess.

**Býli:** Garður.

**Staðsett í sveit:** Þistilfjörður í Norður-Þingeyjarsýslu.

**Ábúendur:** Soffía Björgvinsdóttir og Jónas Pétur Bóasson.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum þrjú börn, Björgvin Búa, 26 ára, í sambúð með Kristrúnu Sif Kristinsdóttur og eiga þau dóttur. Bóas Inga, 25 ára, í sambúð með Evu Björk Björnsdóttur og Margréti Brá, 17 ára, framhaldsskólanema. Páfagaukar eru tveir; Dissa og Konráð.

**Stærð jarðar?** 2.500 ha auk 4.000 ha sem óbyggðanefnd stal fyrir hönd íslenska ríkisins.

**Gerð bús?** Sauðfjárbú.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 540 kindur, 4 hross.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Verkefnin eru árstíðabundin, gegningar á vetrum tvisvar á dag, sauðburður á vorin, heyskapur á sumrin, göngur og réttir að hausti. Girðingar og viðhald húsa þegar viðrar til verka.





**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Sauðburður og heyskapur í góðu veðri er alltaf skemmtilegur, öll verk verða óskemmtileg þegar illa gengur, t.d. vegna veðurs og bilana.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Með svipuðu sniði og í dag.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Pass. Vonandi tekst mönnum vel upp í komandi samningaviðræðum, fyrir hönd bænda, við gerð nýs búvörusamnings.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Vonandi vel.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Selja íslenskar landbúnaðarvörur sem lúxusvöru.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, smjör, skyr og álegg (lambakjötið geymt í frysti).

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Kryddaðar bógsteikur frá Fjallalambi.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Það varð þann 5.desember 2014, þegar fyrstu kindurnar voru hýstar í nýja fjárhúsinu.



## Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Nautakjöt eldað á steini og pönnukökur á franska vísu

**Það er alltaf gaman að gera eitthvað nýstárlegt í eldhúsinu og ekki verra þegar matargestirnir geta eldað sjálfir á funheitu grjóti. Það er hægt að fá tilbúna steina en skemmtilegra er að finna flottan íslenskan stein, þrífa og sjóða vel. Hann er síðan settur á grill eða yfir gasloga og settur á matarborðið yfir kertaloga.**

Þá elda gestirnir sínar kjötsneiðar sjálfir. Þetta er japanska aðferðin við að elda kjöt á sjóðandi heitum steinum á borði, ásamt heitu soði í potti fyrir núðlur og þunnt skorið nautakjötið. Á bbl.is má sjá myndband þar sem nautakjöt er grillað á heitum steini.

Það hugsa margir til Frakklands þessa dagana og það er vel við hæfi að útbúa ekta franska rétti. Franskar pönnukökur, eða crêpe, er hægt að elda á fjölbreytta vísu en hér er sæt, fersk útgáfa með hnetum, súkkulaði og bönunum.



### Nautakjötsþynnur og asískur hotpot

- 1 askja góðir sveppir
- 100 g nautakjöt, t.d. sirloin eða fituhreinsað ribeye
- 1 tsk. wasabi
- 4 msk. flögusalt til að framreiða með kjötinu
- 2 msk. olía eða kókósfita til að pensla steininn

### Kryddsoð

- 2,5 cm engiferrót, skorin í fínar ræmur (hægt er að kaupa asískt súpu-mix fyrir þá sem vilja stytta sér leið)
- 1 lítil handfylli kóríander
- Bragðefni að eigin vali: sojasósa, fiskisósa eða kjötkraftur
- 500 ml vatn
- ½ bakki núðlur

### Fyrir dipp-sósu

- 1 msk. sojasósa
- 1 msk. olía
- 1 msk. rauður chili, fínt saxað
- 1 msk. hakkaður kóríander
- ¼ greipaldin (eða sítróna), safinn kreistur í sósuna

Til eru góðar tilbúnar sósur eins og sæt chilisósa eða sushi-sojasósa. Þessi aðferð er þekkt sem ishiyaki, „ishi" þýðir steinn og „yaki" þýðir grill.

**Aðferð**

1. Fyrir nautakjötið. Hitið hreina steina yfir gasloga þar til þeir eru sjóðandi heitir. Þetta ætti að taka góðar 10–15 mínútur. Einnig er hægt setja steininn inn í ofn eða grill á hæstu stillingu.
2. Á meðan steinninn er að hitna, skerið nautakjöt í þunnar sneiðar með beittum hníf.
3. Smyrjið hvert stykki af nautakjöti með smá wasabi, setjið í pottinn engifersneiðar, kóríander og sveppi og þá er hægt að sjóða smá núðlur í kryddsoðinu og framreiða með kjötinu sem meðlæti.
4. Raðið nautakjöti á fat og setjið til hliðar.
5. Fyrir dipp-sósu. Sameinið öll innihaldsefni í skál.
6. Þegar steinarnir eru mjög heitir, steikið kjötið og kryddið með salti. Einnig hægt að sjóða í kryddsoðinu ásamt núðlum.
7. Dýfið kjötinu í smá dipp-sósu og borðið strax.



### Crêpes með heimalöguðu súkkulaði-hnetusmjöri, bönunum og rjóma

### Pönnukökudeig

- ½ bolli (100 g) hveiti
- 1 egg
- klípa salt
- 1 ⅓ bolli (300 ml) mjólk
- 1 msk. (15 g) brætt smjör

### Súkkulaðismjör með salthnetum

- 1 bolli (150 g) heslihnetur (en gaman að breyta og nota t.d. saltaðar kasjúhnetur)
- 100 g mjólkursúkkulaði, brætt og kælt
- 2 msk. kakóduft
- ½ bolli / 65 g flórsykur
- ½ tsk. vanilludropar
- 1 msk. jurtaolía eða kókosfita

**Aðferð**

Setjið hveiti og salt í stóra skál og gerið holu í miðjuna. Brjótið eggið og setjið í miðjuna.

Hellið mjólkinni í og byrjið að hræra frá miðju, smám saman hrærið hveitið þar til það er slétt. Þá bætið í bræddu smjöri. Látið deigið hvíla í ísskáp í 30 mínútur. Þetta gefur betri pönnukökur.

Hitið pönnu yfir miðlungshita, penslið með smjöri. Setjið deigið á pönnu og hallið pönnunni til að færa blönduna í kring. Pönnukakan ætti að vera gullinbrún eftir um 45 sekúndur.

Þá snúið á hina hliðina í lágmark 30 sek. áður en fært er upp á disk. Haldið áfram að klára deigið. Hægt er að hita pönnukökurnar upp í ofni ef þarf.

Ristið hnetur í 200 °C í 10–15 mín. þangað til þær verða ilmandi og vel ristaðar. Það er líka hægt að kaupa ristaðar hnetur. Fjarlægja eins mikið af skinnum og mögulegt er (ef heslihnetur eru notaðar, þarf ekki með salthnetur eða kasjúhnetur). Setjið hnetur í matvinnsluvél og blandið þar til áferðin er eins og hnetusmjör. Þetta tekur um 2 mínútur.

Næst bætið í kakódufti, flórsykri, bræddu súkkulaði, vanilluþykkni og jurtaolíu. Haldið áfram að blanda öllum þessum efnum saman í um 90 sekúndur eða svo. Þegar kremið er slétt og glansandi þá er það tilbúið. Geymið heimalagaða súkkulaðismjörið í loftþéttum krukkum.

Framreiðið með bönunum og vel af íslenskum þeyttum rjóma.

## HANNYRÐAHORNIÐ

garn@garn.is

# Heklað jólatré

**Þú finnur ekki einfaldari uppskrift að jólatré en þessa! Þú ræður í hvaða stærð jólatréð þitt er því þegar þú ert búin að fá nóg þá bara hættirðu að hekla!**

Þessi uppskrift er í boði Handverkskúnstar. Fleiri uppskriftir og fullt af flottu garni á www.garn.is.



**Garn:**

Frapan, 1 dokka

Whistler, 1 dokka

Tyra, 1 dokka

Garnið er á sérstöku tilboðsverði í nóvember, aðeins 99 kr. dokkan!

**Heklunál:**

3,5-4 mm

**Annað efni:**

Frauðkeila

Sykurvatn, blandað 50/50, eða annað stífelsi.

Títuprjónar.

**Lesist áður en byrjað er að hekla:** Þetta tré er heklað í spíral, sem þýðir að umferðum er ekki lokað heldur bara haldið áfram að hekla og hekla, hring eftir hring. Það er **nauðsynlegt** að hafa prjónamerki til þess að merkja hvaða lykkja er fyrsta lykkja umferðarinnar, annars fer allt í rugl.

Skammstafanir:

LL – loftlykkja, L – lykkja, FP – fastapinni, KL - keðjulykkja

**1. umf:** Heklið 2 LL, 4 FP í fyrstu LL. (4 FP)

**2. umf:** Heklið 2 FP í fyrstu L, 1 FP í næstu L, 2 FP í næstu L, 1 FP í næstu L. (6 FP).

**3. umf:** Heklið 1 FP í hverja L. (6 FP)

**4. umf:** Heklið 2 FP í fyrstu L, 1 FP í næstu 2 L, 2 FP í næstu L, 1 FP í næstu 2 L. (8 FP)

**5. umf:** Heklið 1 FP í hverja L. (8 FP)

**6. umf:** Heklið 2 FP í fyrstu L, 1 FP í næstu 3 L, 2 FP í næstu L, 1 FP í næstu 3 L. (10 FP)

**7. umf:** Heklið 1 FP í hverja L. (10 FP)

**8. umf:** Heklið 2 FP í fyrstu L, 1 FP í næstu 4 L, 2 FP í næstu L, 1 FP í næstu 4 L. (12 FP)

**9. umf:** Heklið 1 FP í hverja L. (12 FP)

**10. umf:** Heklið 2 FP í fyrstu L, 1 FP í næstu 5 L, 2 FP í næstu L, 1 FP í næstu 5 L. (14 FP)

**11. umf:** Heklið 1 FP í hverja L. (14 FP)

Og svona heldur þetta áfram þar til jólatréð er í þeirri stærð sem þú vilt hafa það. Í lok þessarar síðustu umferðar heklaði ég 3 keðjulykkjur í síðustu lykkjurnar til þess að samskeytin sæust ekki.

Til viðmiðunar þá var síðasta umferðin í jólatrénu sem ég gerði 50 fastapinnar og það er ca 25 cm á hæð.

Gangi ykkur vel og góða skemmtun.

*Elín Guðrúnardóttir*







Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 8 | | | 4 | 2 | 6 |
| | 8 | 7 | | 1 | | | | |
| | | | | | | | | |
| | | | 4 | | | 3 | | |
| | 4 | 3 | 1 | 7 | | | | |
| 5 | | | | 9 | 2 | | | |
| | 9 | 4 | | | | 5 | | |
| 7 | 2 | | | | | | | 1 |
| | | | | 6 | | | 9 | |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | | 9 | | | | | |
| 8 | | 4 | | 3 | | | 1 | |
| | 9 | 3 | | | | | | |
| 4 | 8 | | 1 | | | | | |
| | | | | 8 | 6 | | 7 | |
| | | | 4 | | | | 2 | 5 |
| 1 | 3 | | 7 | | | | | |
| | | | | 4 | 2 | 9 | | |
| | | | | | | 2 | | |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 6 | 2 | | 9 | 8 | 4 | |
| | | | | 8 | | | | |
| | 5 | | | | | | 1 | |
| 5 | | | | | | | | 6 |
| | | | 6 | 2 | 5 | | | |
| 7 | | | | | | | | 2 |
| | 1 | | | | | | 3 | |
| | | | | 9 | | | | |
| | 2 | 8 | 3 | | 6 | 7 | 5 | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | | | 7 | |
| 3 | | 9 | | 8 | 7 | | | |
| | | | | | | | 3 | |
| | 5 | | 8 | | | 2 | | |
| 8 | 9 | | | | | | 5 | 3 |
| | | | 5 | | 1 | | 8 | |
| | 1 | | | | | | | |
| | | | 3 | 5 | | 6 | | 4 |
| | 8 | | | 6 | | | | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

## FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Fatahönnuður eða söngvari

**Katrín er tíu ára Reykjavíkurmær sem hefur dálæti á hestum og dverghömstrum. Það skemmtilegasta sem hún gerir í skólanum er að vinna með textíl enda stefnir hún á að verða fatahönnuður. Ef ekki þá söngvari.**



**Nafn:** Katrín Ármannsdóttir.

**Aldur:** 10 ára.

**Stjörnumerki:** Naut.

**Búseta:** Vesturbærinn í Reykjavík.

**Skóli:** Melaskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Textíl.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hestar og dverghamstrar.

**Uppáhaldsmatur:** Rifjasteik.

**Uppáhaldshljómsveit:** Taylor Swift er uppáhaldssöngkonan.

**Uppáhaldskvikmynd:** Back to the future.

**Fyrsta minning þín?** Kindurnar hjá afa.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi borðtennis.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Fatahönnuður eða söngvari.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Borða heila matskeið af kanil.

**Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert?** Lenda í rifrildi.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Fór í heimsókn til Ósló í Noregi með fjölskyldunni.



liklegur@internet.is

# Nýr Subaru Levorg, kraftmikill og rúmgóður

**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Þyngd | 1.551 kg |
| Hæð | 1.485 mm |
| Breidd | 1.780 mm |
| Lengd | 4.690 mm |




Fjölskyldubíllinn Subaru Levorg. *Myndir / HLJ*

**Það hefur ekki farið fram hjá neinum sem lesið hefur prófanir mínar að ég er mikill aðdáandi Subaru og í hvert sinn sem kemur nýr Subaru prófa ég gripinn.**

Fyrir skömmu prófaði ég nýjasta bílinn í „Subaru-fjölskyldunni“, Subaru Levorg. Ekki hefur þó verið skemmtilegasta veður til prófana á bílum að undanförnu.

### *Í slæmu veðri reynir á getu*

Með blautar götur og slæmt útsýni nær maður því besta út úr vel útbúnum bílum og í þessum prufuakstri var ausandi rigning, götur kaldar og grip á vegi ekkert sérstakt. Þegar keyrður er 170 hestafla bíll í svona aðstæðum er eins gott að skriðvörn og spólvörn virki rétt.

Í nokkur skipti sá ég spólvörnina koma inn og í a.m.k. tveim beygjum tók skriðvörnin við aksturslagi mínu, enda setti ég traust mitt á bæði spólvörn og skriðvörn við prófunina sem ég gef toppeinkunn. Krafturinn er svo mikill að ef ekki væri fyrir þennan varnarbúnað myndi bíllinn renna til í beygjum og spóla niður gúmmíinu á dekkjunum sem voru ný og gripmikil.

### *Lítil eyðsla miðað við mikinn kraft*

Ég keyrði bílinn frekar lítið miðað við oft áður með aðra Subaru-bíla sem ég hef prófað, en það litla sem ég keyrði bílinn var aksturinn ánægjulegur, sérstaklega hvað kraft varðar. Ég byrjaði á um 30 km borgarakstri og þrátt fyrir að ég hafi verið frekar grófur á gjöfinni í hvert sinn sem ég tók af stað var eyðslan hjá mér í innanbæjarakstrinum rétt innan við 10 lítrar af bensíni á hundraðið.

Næst var það að núllstilla aksturstölvuna og skreppa stutt út fyrir bæinn. Eftir um 30 km akstur eftir Reykjanesbrautinni sagði aksturstölvan mér að eyðslan væri 6,4 lítrar á hundraðið. Þegar ég skilaði bílnum til BL hafði ég ekið honum um 120 km. Í blönduðum akstri var meðaleyðsla mín 8,7 lítrar á hundraðið sem ég tel mjög gott þar sem mér leiddist ekki að finna fyrir kraftinum í hvert sinn sem tækifæri gafst, (má lesast að trampa niður hægri fæti).

Rými er gott inni í bílnum fyrir fætur, bæði í fram- og aftursætum, en ég hef aldrei verið hrifinn af leðursætum. Þau eru svo svakalega köld þegar maður sest inn í kaldan bílinn og sætisupphitarinn er vel á aðra mínútu að hita sig í gegnum leðrið.

### *Vel útbúinn bíll þegar kemur að öryggi*

Eitt af aðalsmerkjum Subaru er stöðugleiki á vegi sökum hversu þyngdarpunkturinn er neðarlega. Boxervélin í Subaru er uppbyggð lág og flöt og þyngd vélarinnar mun neðar en í bílum almennt sem gerir Subaru stöðugri á vegi. 1,6 lítra boxer-bensínvélin með túrbínu sem á að skila 170 hestöflum er snörp og góð og ekki skemmir að í stýrinu eru takkar merktir I og S, að öllu jöfnu á að keyra bílinn á I stillingunni, en ef maður stillir á S kemur aukakraftur og snerpa, takki sem gerir bílinn að skemmtilegum sportbíl.

Sjálfskiptingin er sú sama og í Outback-bílnum sem ég skrifaði um í prófun 20. nóvember 2014. Einhver skemmtilegasta og snarpasta sjálfskipting í bíl sem völ er á. Skriðvörn og spólvörn virka vel, en hrifnastur var ég af blindhornsvörninni sem gefur ljósmerki í hliðarspegla þegar bíll er á blindhorninu. Einnig heillaði mig bakk hreyfivörnin, en það er búnaður sem varar við hreyfingu fyrir aftan bíl þegar bakkað er úr stæði. Hins vegar var ég ekki ánægður þegar ég leitaði eftir varadekkinu, en það vantar. Varadekkslaus bíll fær falleinkunn hjá mér, það á enginn bíll á slæmum íslenskum vegum að vera varadekkslaus. Vissulega neyðarlegt að varadekk gefi falleinkunn, en að öllu öðru leyti er bíllinn frábær, en ég hef ákveðnar óhagganlegar skoðanir þegar kemur að ljósabúnaði og varadekki.



Mikið pláss í farangursrýminu og afturgaflinn opnast það hátt að lítil hætta er á að nema fyrir mjög stóra að reka sig í opinn gaflinn.



Blindhornsvarinn kveikir ljós á speglinum á áberandi hátt þegar bíll er á blinda punktinum.




Levorg býður upp á að hafa ljósin kveikt alltaf án þess að ljós logi þegar bíllinn er yfirgefinn.



Eini mínusinn er, ekkert varadekk, og fyrir vikið gef ég bílnum falleinkunn.

### *Verð og helstu mál*

Í boði eru tvenns konar Levorg, Premium sem kostar frá 5.290.000 og Lux (eins og bíllinn sem ég prófaði) sem kostar 5.690.000. Báðir bílarnir eru með sömu vél sem er 1600cc. bensínvél, 170 hestöfl og á að eyða 6,9 lítrum af bensíni í blönduðum akstri samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda. Nánar er hægt að fræðast um Subaru Levorg á vefsíðunni www.bl.is.

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki

Amerísk gæðavara
12 kg Þvottavél
· Tekur heitt vatn > sparneytin
· Stórt op > auðvelt að hlaða
· Þvotta og orkuklassi A
· Engin kol í mótor
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS


Eigum til á lager nýjar beltagröfur
25 tonn, 35 tonn og 50 tonn.

Eigum til á lager nýja fleyga og klemmu frá FRD

Getum útvegað Bomag jarðvegsþjöppur frá 70 – 750kg

Getum útvegað undirvagns hluti á allar vélar, bæði á stál og gúmmíbeltum frá Linser.


Meiren snjótennur og plógar á vörubíla og vinnuvélar.
Einnig snjóskóflur á vinnuvélar
VÉLAFL
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is

# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
Verð: Textaauglýsing kr. 1.900 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 12:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.


Óska eftir 1,8 beinskipti vél í Ford Mondeo. Uppl. hjá Jóni Halldóri í síma 788-4769.


Vantar frambúnað á M.F 4355 fyrir t.d. snjótönn eins og sýnd er á meðfylgjandi mynd. Uppl. í síma 893-4144 Jóhannes.


Notaður 2004 Toyota 1.8t rafmagnslyftari. L.h 4300 mm 770.000+VSK. Uppl. gefa sölumenn Vélaborgar 414-8600.


Til sölu heimasmíðaður 12.000 lítra skítatankur. Verð 350 þús. Uppl. í síma 894-3367.


Til sölu Samasz snjóblásari árg. '13, getur verið bæði að framan og aftan. Verð 1.300 þús. Uppl. í síma 894-3367.


Toyota LC 100 árg. '00, skoðaður '16, heilsárdekk, ek 297.000 km. Verð kr. 2.250.000.- eingöngu bein sala. Uppl. í síma 618-0069. Gott eintak.



Fjórði diskurinn um dráttarvélar á Íslandi er kominn út. Rætt er við áhugamenn um vélarnar þeirra og skyggnst í skúra og skemmur. Uppl. hjá framleiðanda; tokataekni@gmail.com og í síma 471-3898. HS Tókatækni



Dagatal 2016 með myndum af gömlum dráttarvélum og ýmsum búnaði. Frábær gjöf á 1.500 kr. Sendum hvert sem er, busaga@simnet.is, sími 894-9330.


Til sölu 13.638 lítra haugsuga frá Belmac. (mynd af minni haugsugu). Dekkjastærð 800R65/32 BKT agrimax (32 skóflur). 12.000 lítra dæla. 4 áfyllingarstútar. Verð 3.501.639 kr án/vsk með sjálfvirkum áfyllibúnaði. Vallarnaut uppl. í síma 841-1200.



Keðjudreifarar frá Belmac, tvær stærðir til á lager. 4,5 m3. Verð 980.000 kr. án vsk 7,5 m3. Verð 1.580.000 kr. án vsk. Uppl. í síma 841-1200, Vallarnaut.


Galooper jeppi til sölu árg. '00, 7 manna, ekinn um 224.000 km. skoðaður 2016. Upphækkaður á 33 tommu góðum dekkjum, dráttarkrókur. Einn eigandi. Verð 295.000. Nánari uppl. í síma 892-5051.


Chervolet Van ferðabíll, árg. '02, ekinn 155 þús. km. Svefnaðstaða, kælir, gasmiðstöð, stórt fortjald o.fl. Uppl. gefur Páll í síma 892-9672.


Húsbíll Fíat M100 Clipper 20 ár 2004 ek 63 þús. Verð 3500 þús. eða tilboð. Möguleg skipti á lítið eknum 4x4 bíl fólksbíl-jeppling má vera 3.5 plús. Uppl. gefur Páll í síma 895-6337. skrudsv@simnet.is. Staður Fáskrúðsfjörður.



Trilla til sölu - saumaður upp með rústfríu - ný vél 58hp, allur búnaður nýlegur. Ný skjólborð, stýrishús og vélakassi, 4 rúllur (2012) vagn fylgir. verð 2-2.4 m. Uppl. í síma 777-0611.


Danskur herragarðsskápur, smíðaár ca 1910. Breidd 190 cm, hæð 200 cm, dýpt 55 cm. Tilboð óskast. Uppl. í síma 845-5263.


Frábærir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. Léttir og skemmtilegir. Sjá myndband á www.brimco.is . Verð kr. 9.885 m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mosf. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111 www. brimco.is Opið frá kl.13.00-16.30.



Cemtec, sænskar skeifur og fjaðrir. Frábærar vörur framleiddar skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá kl.13.00-16.30. www.brimco.is


Til sölu Subaru Legacy 4x4, árg. 2005, ekinn 215 þús. km. Skipti möguleg á ódýrari. Uppl. í síma 862-8551.

KRAFTVÉLAR
Bjóðum uppá fjölbreytt úrval aukahluta frá Ålö, baggagreipar, skóflur, gafflar og margt fleira.
ålö



Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

LOK FYRIR HEITAPOTTA OG HITAVEITUSKELJAR


Eigum margar stærðir af lokum til á lager. t.d.
217x187 • 200x200
210x210 • 220x220
235x235 8 hyrnd lok.
Lokið eru þau sterkustu á markaðinum.
Þola t.d. 1000 kg snjóþunga.
Heitirpottar.is
S. 777 2000

BRIGGS & STRATTON
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

Næsta Bændablað kemur út 3. desember

Bændablaðið



**Hamm HD10 VV valtari**
2014 árg. 88 vst
Verð 2,95 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Weber jarðvegsþjöppur og hoppara til á lager**
Upplýsingar í síma 660-6051



**Tsurumi dælur í miklu úrvali**
Upplýsigar í síma 660-6050



**Allu flokkurnarskóflur**
Upplýsingar í síma 660-6051

INDECO
YOUR PARTNERS IN DEMOLITION

**Indeco vökvafleygar og aukahlutir á gröfur**
Upplýsingar í síma 660-6051

**Uppl. í síma 660-6051.**
MERKÚR
merkur.is




VW Transporter. Nýskráning 10/2004 Beinskiptur. Ekinn 171.000 km. Vsk bíll. Verð kr. 1.490.000,- Uppl. í síma 664-1207.



Burstabæir í garða, vitar og skipalíkön til sölu. Uppl. í síma 694-4429.



Burstabæir í garða, vitar og skipalíkön til sölu. Uppl. í síma 694-4429.



Burstabæir í garða, vitar og skipalíkön til sölu. Uppl. í síma 694-4429.



LED útiljós 8000 og 1000 LM. Búvís ehf. sími 465-1332.



Til sölu greiðslumark í sauðfé, u.þ.b. 270 ærgildi áskildur réttur til að hafna öllu eða taka hvaða tilboði sem er, tilboð sendist á netfangið hruturinnsikati@gmail.com



Avant 635 með götuljósabúnaði, notuð aðeins 250 vinnust. Vélinni fylgir: Skófla, lyftaragafflar, fjölplógur, sand/saltdreifari, snjóblásari, og sópur. Ath, selst aðeins í einu lagi. Verð kr. 6.760.000 + vsk. Upp. í síma 414-0000.



300 lítra hitakútur til sölu. Keyptur nýr 2012, Fagor, lítið notaður síðan. Tilboð óskast sent á vala@lax-a.is



Völker rúm frá Fastus/A.Karlsson. 2 stk. var breytt lítillega til að nota sem hjónarúm, falla alveg saman. Seljast saman á 500 þús, - sitt í hvoru lagi 280 þús. stk. Dýnur fylgja. Rúmin eru í einkaeigu og vélbúnaður lítið notaður. Uppl. í síma 842-0775.



Ford F250 sd sup cab srw 4x4. Árg. '08, ekinn 180 Þ.KM, dísel, ssk. Verð 3.000.000. Rnr.190289. Bíllinn er í mjög góðu ástandi, einn eigandi. Nánari uppl. í síma 893-4468, Maggi.



Framleiðum krókheysisgrindur með eða án gámalása. Grunnaðar og/eða málaðar. Gott verð. Vagnasmidjan.is - Eldshöfða 21 Rvk. Uppl.í símum 898-4500 og 894-6000.



Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Lemigo stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Kr. 8.485.- með vsk. Verslunin Skógar Egilsstöðum og G. Kvaran í Reykjavík, sími 824-7610. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Ljósakrossar á leiði. Hæð krossanna frá jörðu er 65 cm. Verð kr. 6.000. Krossinn er með díóðu perum sem ganga fyrir AA batteríum og er ending þeirra ca. 2 mánuðir. Batteríin í krossinn kosta 400-500 kr. Ég sendi krossana með pósti hvert á land sem er og viðtakandi greiðir vöruna er hann hefur fengið krossana afhenta. Uppl. og pantanir á jonsteinthorsson@visir.is og í síma 822-7124,



Traktorsdrifnar rafstöðvar ( Agro-Watt ) www.sogaenergyteam.com - Stærðir : 10,8 KW – 72 KW. Stöðvarnar eru með eða án, AVR ( spennujafnara ). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði, td. Mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum ofl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum, fyrir magndælingu á, vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar : rafmagn, bensín / diesel, glussaknúnar ( mjög háþrýstar ). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur.Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak



Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsogandi traktorsdrifnar dælur. Bensínknúnar dælur með Honda mótorum, allt að 4" díseldrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vökvaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og dráttarvélar. Sjálfsogandi dælur sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælur með mikinn þrýsting, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - Aflgjafar; rafmagn, Hondabensín, Yanmardísel, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenrörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háþrýstilöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8" , ½" , 5/8" , ¾" . Bensín / diesel, vatnsflæði allt að:132 L / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háþrýstiþvott. Vandaður og hentugur búnaður, fyrir sveitafélög og verktaka. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Max þrýstingur : 200 Bar, 250 Bar, 500 Bar. Vatnsflæði: 15 L / min, 25 L / min. Max hiti á vatni : 140°. Hákonarson ehf., Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Taðklær. Breidd 150 cm kr. 239.900.- án vsk. Breidd 180 cm kr 269.000.- án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



Deutz Fahr MP 130, Árg: 2003, Notkun: 12000, Verð án vsk: 2.990.000 kr.



Gerð: Krone 1500, Árg: 2003, Notkun:15000. Verð án vsk: 2.990.000 kr.



Gerð: Vicon 235. Árg: 2006. Notkun:10500. Verð án vsk: 4.590.000 kr.



Wermer 504. Verð án vsk: 390.000 kr.



Krone Round Pack 1250. Árg: 2000. Verð án vsk: 990.000 kr.



John Deere 678. Árg: 2006. Notkun: 33000.Verð án vsk: 2.490.000 kr.Tilboð

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Tveggja öxla kerrur, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Verð frá kr. 489.000 m.vsk. Gæðakerrur – Góð reynsla. Íslensk smíði. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið 13.00-16.30. www.brimco.is



**Yanmar VIO38**
2012 árg, 420 vst, 4 tonn
Vökvahraðtengi, 3 skóflu þar af ein tilt. Vel með farin vél.
Verð 4,9 mkr + vsk.
Upplýsingar í síma 660-6051



**Yanmar SV18 smágrafa**
2015 árg. 1,9 tonn
Upplýsingar í síma 660-6051



**Bomag BW80 AD Valtari**
1998 árg. 2,200 vst. 1,55 tonn
Verð 880.000 + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Kaeser M64 loftpressa**
2011 árg. 5 rúmmetra, 10 bör. 8,5 kvA rafall.
Upplýsingar í síma 660-6050



**Liebherr 40K**
1983 árg. 37,5 m bóma
Fjarstýring, á keyrsluspori, tengistykki fyrir öxla og fl.
Mjög gott ástand.
Verð 3,6 mkr + vsk.
Upplýsingar í síma 660-6050



**Liebherr 34K**
2015 árg.
33 m bóma
Til afgreiðslu strax
Upplýsingar í síma 660-6051



**Bobcat 323 smágrafa**
2007 árg.
3 skóflur þar af ein tilt, vökvahraðtengi
Upplýsingar í síma 660-6051

**Uppl. í síma 660-6051.**
MERKÚR
merkur.is



Getum útvegað þessi tæki í mörgum útfærslum og stærðum. Ryðfrítt stál eða ál, þola 120° hita. Fjölnota tæki sem eru hraðvirk og skila 100% vinnu. Sumar útfærslurnar gætu hentað vel í þrif á gólfum í gripahúsum. Hákonarson ehf. netfang: hak@hak.is. Uppl. í síma 892-4163, www.hak.is



Háþrýstibúnaður fyrir heitt vatn. Þrýsingur allt að 500 Bar @ 30 L / min. Hákonarson ehf , netfang : hak@hak.is, sími 892-4163, www.hak.is



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4.27 m, hæð 1.10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 auk vsk. Verð 2-4 stk 22.900 auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



G. Hippe norskar gæðakerrur. Búvís ehf uppl í síma 465-1332.



Innihrærur fyrir gripahús. Rafdrifnar: 7,5 KW, 9,2 KW, 11 KW Glussadrifnar: 8 KW, 60 L / min, 120 Bar.Vinnudýpt: 130 cm Skrúfa: 200 mm. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is,www.hak.is



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m/vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið frá 13:00-16.30



Til sölu Fordson Dexta, gangfær. Uppl. í síma 893-9767.



Til sölu Benz sprinter, árg. 1998, lítið ekinn. Þarfnast smá lagfæringar á lakki. Frekari uppl. í síma 893-1255.



Til sölu vörubílspallur með sturtubúnaði. Frekari uppl. í síma 893-1255.



Girðingarnet til sölu, nýtt, 2 metrar á hæð. 350 metrar. Frekari uppl. í síma 893-1255.



Toyota LC 90 VX, ´99. Lakk mjög gott, leður, ryðl, topp viðh. Þj.b. frá upph, nýtt í bremsum. Akstur 281 þús. Disel. Fallegur bíll. Verð 1.250þ. Uppl. veitir Baldur í síma 843-7627.



Járnhringstigi til sölu með beyki þrepum, hæð frá gólfi í gólf er 273 cm. Þvermál er um 130 cm. Frekari uppl. eru í síma 892-8766.



Hyundai 55-3 5 tonna grafa á gúmmíbeltum. Árg. 2000. Öll í góðu ástandi. Notuð 3580 vst. nýleg belti. Verð 2.9+vsk. Uppl. í síma 894-7313.



Scania SBAT 111, árg. 1976. Ekinn aðeins 17 þús. km frá upph. Drif á öllum hjólum, krani og spil. Þarfnast skoðunar á rafmagni en annars í lagi. V. 1.8+vsk. Uppl. í síma 894-7313.



Til sölu 270 lítra loftpressa með góðum lofthreinsibúnaði, eins fasa 2 stimpla. Uppl. í síma 892-0038, Magnús



Hyundai 130LC3 beltagrafa. árg. 1997. Virkar öll og gerir. Notuð ca. 8000 vst. Verð 3.5+vsk. Allar nánari uppl. í síma 894-7313.



Til sölu Mercedes Benz sprinter, árg. 1999. Ekinn 244 þús. km. Lyfta 750 kg. Endurnýjuð burðargeta 1600 kg. Vel með farinn. 1100 þús með vsk. Uppl. í síma 893-2012.




Til afgreiðslu strax með 15% afsl: Reck mykjuhrærur með 60cm. turbo skrúfuspaða fyrir 100-200 hö. traktor. Maschio hnífatætarar 260-285cm. Einnig pinnatætarar 300cm. Uppl. í síma 587-6065-892-0016.



Á hagstæðu verði á lager: Bílalyftur eins pósta 3,5T færanlegar, Bílalyftur tveggja pósta í gólf 3,2T og 4,5T. Skæralyftur 3T færanlegar, með vinnuplássi undir miðju milli palla. Uppl. í síma 587-6065-892-0016.




Nýtt í sölu á hagstæðu verði: Rafdrifnar Reck Orka haughrærur til uppsetningar í haugkjöllurum og tönkum 180° vinnusvið, allt að 500 m², skrúfa 48-65 cm, 7,5 – 22 kw, tímastilltur rofi. Uppl. í síma 587-6065-892-0016.



Til sölu 7 manna Suzuki Grand Vitara, XL7, 2006, ekinn 170 þús,dráttarkúla, nýjar tímakeðjur, legur, bremsuklossar, nagladekk. Tilboð í síma 898-2128.



**Belarus 1221.3,**
árgerð 2006,
notkun 80 klst,
verð án vsk. kr. 3.900.000
*Staðsetning: Gylfaflöt*

VÉLFANG
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík
Sími 580 8200 • www.velfang.is
Óseyri 2 • 600 Akureyri

**Atvinnutæki auglýsir vélar til leigu:**



**Hitachi ZX 250LC-3**



**Hitachi ZX 470LCH-5B**



**Hitachi ZX 350LC-5B**



**Hyundai R 380LC-9A**



**Bomag BW 213 DH-4**

ATVINNUTÆKI
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is



Notaður 1,6t Jungheinrich rafmagnslyftari. Ný uppg. batt. vinnuljós, hliðarfærsla. 1.600.000+VSK. Uppl. gefa sölumenn Vélaborgar 414-8600.



**M.Benz 4144**
Árg 2007, ekinn 150,000km
m/snjómokstursbúnaði
Góð dekk.
Verð 7,500,000 + vsk



**Hitachi ZX 25**
Árg 2004, 5,200 vst
hraðtengi og 2 skóflur
Verð 2,500,000 + vsk



**Hyundai R80-7**
Árg 2007, 3,000 vst
hraðtengi og 3 skóflur
Verð 4,800,000 + vsk



**Bobcat 430 AG**
Árg 2007, notkun 1,800t
Ný belti, hraðtengi, fleyglagnir
3 skóflur.
Verð 4,200,000 + vsk



**Volvo BL 71**
Árg 2006, notkun 5,800t
servo, gafflar, 2 afturskóflur
Verð 4,600,000 + vsk



**JCB JS 145W**
Árg 2006, notkun 6,300t
Tvískipt bóma, hraðtengi,
3 skóflur.
Verð 5,200,000 + vsk



**Bomag BW 213DH-4**
Árg 2009, 2,900 vst
BCM tölva og prentari



**Furukawa HB20 fleygur**
Árg ca 1997
Verð 700,000 +vsk

VÉLAFL
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl.is
og á 694-3700 / gk@velafl.is



Notaður 2t Jungheinrich rafmagnslyftari. Ný uppg. batt. vinnuljós, 2 auka glussatengi 2.000.000+VSK. Uppl. gefa sölumenn Vélaborgar 414-8600.



Land Rover Discovery, 3 dísel ekinn 70 þús. km. Verð 5.490.000 kr m/leðri, 5 manna og krókur. Nánari uppl. í síma 895-1796, Agnes.



Komatsu PC 16 R-3 minigrafa til sölu, hraðtengi, 30 og 100 cm skóflur. Flott og vel með farin vél. Verð aðeins 2,9 +vsk. Uppl. í s, 773-5901.



**CLAAS Uniwrap 375**, árgerð 2012, notkun 11.850, verð án vsk. 6.700.000 kr.



**Fiat-Agri**, árgerð 1994, notkun 5.400, verð án vsk. 2.300.000 kr.



**John Deere 5515V** , árgerð 2006, notkun 2.200, verð án vsk. 4.200.000 kr.



**CLAAS ARION 630,** árgerð 2012, notkun 3.500, verð án vsk. 10.900.000 .Fjaðrandi hús, fjaðrandi framhásing, 4 t framlyftubúnaður og aflúttak, 4ra hraða aflúttak aftan, 0,11 km super skriðgír, 650/65 R38 aftan, 480/70 R28, vökvayfirtengi, rafstýrt vökvakerfi með 100 l dælu, sæti með loftkælingu og hita, hiti í aftrúð og speglum (rafstýrðir), Xenon vinnuljós framan og aftan, ofl. ofl. TRIMA 6.1 ámoksturstæki.

VÉLFANG
Vélfang – Gylfaflöt 31 – Reykjavík
Sími 580-8200 – velfang.is





Til sölu þykktarhefill, afréttari og pússband. Gömul en vel farin tæki í góðu ástandi. Tilboð óskast. Uppl. Hreinn í síma 861-8634 og Kjartan í síma 858-0874.



Til sölu Framar bandsög 3 fasa frá Hegas tilvalinn til að saga skrokka 150.000, í góðu ásigkomulagi. Uppl. í síma 659-9489.




Spónn
Sengur til framtíðar

Tilboð – Tilboð - Tilboð Spónn – Spónakögglar – Spónn í legubása. Gæða spónn og sá þurrasti sem völ er á. Við afgreiðum bæði í stórsekkjum og böllum (20 stk. Á bretti). Hentar vel í allar gerðir af stíum og legubása fyrir kýr. Nú erum við komin í jólaskap og verðum með sétilboð á öllum vörum fram að áramótum. Gerum tilboð í flutninga hvert á land sem er. Pöntunarsími og allar nánari upplýsingar um tilboðin okkar í síma 483-5100 (milli klukkan 09:00 – 13:00) alla virka daga og á póstfanginu sponn@sponn.is Brakandi þurr - Íslensk framleiðsla – Endurnýtanlegar umbúðir www.sponn.is



IBC Tengi er fyrir IBC tankana, með 3/4 krana IBC tankur er þessi hvítu 1.000 lítra tankar. Meira og fleiri tengi á heimasíðunni http://www.alltfalt.is Undir IBC Tengi.



Til sölu lítið sem ekkert notuð snjósleðakerra. Uppl. í síma 869-9962.



Mitsubishi Pajero árg. '08. Akstur 140 þús km 7 manna, vel með farinn eðal jeppi. Áhugasamir hringi í síma 822-8832 fyrir frekari uppl.



Subaru Legacy Outback Lux árg. '13. Akstur 104 þús. km. Ljósbrúnn. leður, bakkmyndavél. Ssk, sídrif. Skoða skipti á ódýrari. Verð 3.990 stgr. Ásett í skiptum 4.350 kr. Uppl í síma 895-9505.

NORTH AURORA GUESTHOUSE

Við styðjum fyrsta flokks náttúru. North Aurora Guesthouse er fyrsta flokks gistiheimili á Laugum í Reykjadal. Við notum að mestum hluta lífrænan kost á morgunverðarborðið, lín í herbergjum frá Scintilla og snyrtivöurur sem eru frá Sóley Organics. Einnig verslum við, við bændur í sveitinni, beint frá býli. Opin allt árið. auroraguesthouse.is Tilboð á mat og gistingu fyrir minni hópa.

## Til sölu

Ursus C360, góð dekk, þarfnast lagfæringar. Rafmagnsheyskeri, lítið notaður. Dodge Caravan árg. '88 heillegur bíll. Grundig radíófónn mjög gamall, í lagi. Uppl. í síma 867-6752.

Kjötvinnsluvél (farsvél) í skiptum fyrir kjöt, kartöflur, rófur eða hvað annað gott. Uppl. í síma 895-7506.

Stór Makita höggborvél, HR4000c, Makita brotvél, HM1202c, Makita steinsög, mótordrifin DPC-7311. Lítið notaðar og vel með farnar. Uppl. í síma 893-3087

Til sölu greiðslumark í sauðfé, 172 ærgildi, eða hluti þess. Áskilið að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð berist fyrir 15.12. 2015 til ee@rml.is.

Hilux d-cab '93 ek 210 þús. bensín. er á góðum míkróskornum 33" breyttur f. 36. grænn og þokkalegur. Verð 480 þús. Uppl í síma 777-0611.

Notuð eldhústæki frá Elba; gashelluborð 4.h., bökunarofn og eyjuháfur, tilb. Vantar Sekúra öryggisgrind á MF 135. Uppl. í síma 849-4937.

Sexhjól til sölu. Polaris Sportsman 800, árg. 2011, ekið 3.900 km. Vskhjól. Uppl. í síma 893-3360.

Til sölu göngugrind, mjög lítið notuð, hægt að sitja á henni. Einnig til sölu 12 lítra stálpottur. Uppl. í síma 899-6982.

Ódýr góð dekk. Sendum. Kíkið á www.dekkverk.is til að sjá verð á dekkjum eða hringið í okkur í síma 578-7474. Kveðja Dekkverkdrengir.

Nokkrar kelfdar kýr til sölu, af íslenskum og Angus-stofni. Burðartími næsta vor. Uppl. í síma 478-1830.

Skyrtu- og jakkagína, buxnatoppur og gufustrauborð, buxnapressa og blettaborð og rúlla sem brýtur saman sængurver. Uppl. í síma 435-1388.

Greiðslumark í sauðfé til sölu! Til sölu er allt að 200 ærgildi af greiðslumarki í sauðfé. Áhugasamir vinsamlegast sendið tilboð á smalarnir@gmail.com fyrir 1. desember nk.

Fordson super major árg. '61, þarfnast viðgerða. Kjötvinnsluborð, ryðfrítt. Nokkrir rafhitablásarar 2-5 kw. Uppl. í síma 898-3845.

Varmaskiptir. Til sölu gamall Alfa-Laval varmask. afköst meira en 200 kW, get sent myndir á netinu. Uppl. í síma 847-1726, jonsig@bhs.is

Snyrtilegur klaufskurðarbás fyrir sauðfé er falur í Skagafirði. Hann fæst fyrir 100 þúsund. Frekari uppl. í síma 857-6696.

Til sölu AEG þvottavél, lítið notuð. Einnig nokkrir eins manns svefnbekkir og tvö til þrjú sófasett, 3ja-4ra sæta. Dýna 1,80x2m. Einnig ljósaskilti 6 m langt. Einnig nokkrir sporöskjulagaðir speglar. Lítil frystikista og ca eins metra langur ísskápur. Uppl. í síma 693-3730.

L-200 Mitzubishi pallbíll, ekki með húsi, ekinn 376.000. Ný tímareim. Nánari uppl. í síma 868-6706.

## Óska eftir

Óska eftir Volvo 240 station, má vera bilaður. Skoða allt, ef einhver veit um eitthvert svoleiðis djásn hafið samband í síma 845-9752 Ívar Helgi.

Kaupi og safna gömlum peningaseðlum, umslögum og frímerkjum. Kaupi líka mynt og minnispeninga o.fl. Ásamt póstkortum og umslögum, orðum og merkjum, íslenskum skjaldarmerkjum, frímerkjum o.fl. Kem og staðgreiði allt á staðnum. Steinar Smári Guðbergsson meindýraeyðir :) Uppl.í síma 897-5255 og á shogun@simnet.is

Baggagreip. Vantar notaða baggagreip fyrir 80x160 cm bagga, þarf að geta tekið langsum. Fer framan á Trima 1510 gálga. Uppl. í síma 863-3110.

Óska eftir þvottavél fyrir rótargrænmeti. Uppl. í síma 849-1995.

Óska eftir Mmc Galant árg. '92-'98 bæði 4x4 eða framdrifs, í hvaða ástandi sem er. Skoða allt. Uppl. í síma 867-4990 Trausti.

Til sölu Z bita stálgrind frá Joris fyrir 16x40m hús með 4,8 m vegghæð á álagssvæði 1. Engar einingar, hurðir eða gluggar, bara grindin. Til afhendingar strax, verð samkomulag. Uppl. í síma 844-0665.

Kaupi allar tegundir af vínylplötum. Borga toppverð. Sérstaklega íslenskar. Vantar 45 snúninga íslenskar. Staðgreiði líka vínylplötusöfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 og á olisigur@gmail.com.

Óska eftir tveimur skástoðum á Massey Ferguson 165. Nánari uppl. hjá Friðrik í síma 846-6763.

## Atvinna

Starfsmaður óskast sem fyrst á bújörð í Suður-Noregi, skammt frá Kristianssand. Fæði og húsnæði á staðnum. Búið er með kýr, svín, sauðfé og íslenska hesta. Íslenskur starfsmaður er þegar á búinu. Uppl.í síma 0047-90 16 42 46 eða á alvvinjerui@gmail.com

56 ára kona óskar eftir ráðskonustarfi. Áhugasamir vinsamlegast sendið uppl. um nafn og staðsetningu á eddapeta@gmail.com

## Jarðir

Land/jörð óskast, kostur ef hús er til staðar. Ekki meira en 40 mín. í akstri frá Reykjavík. Skoðum allt. Nánar á bondiogfru@gmail.com

## Sumarhús

Ný kamína til sölu. Þýsk Haas & Sohn, 7 Kw og brennir timbri. Er bogalaga að ofan, falleg fyrir augað. H.125 B.65 D.50. Verð 180 þús. Uppl. í síma 691-2900.

## Þjónusta

Getum bætt við okkur uppsláttar- og uppsteypuverkefnum. Erum með nýleg mót og undirsláttarkerfi. Röskir menn, vönduð vinna. Uppl. gefur Birgir í síma 646-2356.

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission Akureyri, email einar.g9@gmail.com, Einar G.

**Eldri blöð má finna hér á PDF:**

Bændablaðið

# Heimsókn Omnom til kakóplöntunnar á Reykjum

**Á dögunum kom starfsfólk súkkulaðigerðarinnar Omnom í heimsókn í Garðyrkjuskólann á Reykjum. Tilgangur heimsóknarinnar var margþættur en hápunktur heimsóknarinnar var þegar hópurinn stillti sér upp við myndarlegustu kakóplöntuna á Reykjum.**

Á vef Landbúnaðarháskóla Íslands er greint frá heimsókninni. Omnom er tveggja ára gamalt fyrirtæki en hefur vegur þess risið hratt á þessum stutta tíma. Meðal annars fengu vörur þeirra þrenn silfurverðlaun á alþjóðlegu súkkulaðikeppninni ICA í London nú í haust.


Mynd / Lbhí

### *Leiðsögn staðarhaldara um hverasvæðið og gróðurhús skólans*

Hópurinn fékk leiðsögn um hverasvæði og gróðurhús skólans. Guðríður Helgadóttir, staðarhaldari á Reykjum, segir að nú séu einungis 3–4 ár þar til plantan getur farið að bera aldin og þá verður hægt að búa til súkkulaði úr heimaræktuðum kakóbaunum.

Starfsmenn Omnom komu færandi hendi með úrval af gæðasúkkulaði fyrirtækisins og er óhætt að segja að starfsmenn á Reykjum hafi notið kaffitímanna sérlega vel undanfarna daga.

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

SPARAÐU MEÐ VARMADÆLU
Allt að 80% sparnaður á hitunarkostnaði
LG Life's Good
VERÐLAUN fyrir hæsta sparnaðarhlutfall í flokki loft í loft*
COP 5,6 A++
BOSCH Verðlaun fyrir hæsta sparnaðarhlutfall í flokki loft í vatn**
** DTI Danish Technological Institute
* SP Technical Institute of Sweden
• LG og Bosch eru leiðandi framleiðendur á varmadælum með áratuga reynslu.
• Búnaður framleiddur og prófaður fyrir norðlægar slóðir.
• Hátt sparnaðarhlutfall, allt að 80% sparnaður.
• LG loft í loft, Bosch loft í vatn og jarðvarmadælur.
• Mjög hljóðlátar.
COP 5,1 A++
BOSCH
LOFTTÆKNI STOFNAÐ 1994
S: 546 9500 • www.lofttaekni.is
Sölu uppsetninga og þjónustuaðilar
Kópavogur - Hólmavíkur: Rafhöld ehf.
Ölver Ragnarsson rafvirki • S: 893 3543
Stykkishólmur: Raflagnaþjónusta Hilmars • S: 894 1988
Patreksfjörður: Vélsmiðjan Logi • S: 456 1245
Þingeyri: Viktor Pálsson pípulagningam. • S: 456 2378
Hvammstangi: Tengill ehf. • S: 451 2818
Blönduós: Tengill ehf. • S: 452 4720
Sauðárkrókur: Tengill ehf. • S: 455 9200
Akureyri: Ljósgjafinn ehf. • S: 460 7799
Vopnafjörður: Rafþjónn ehf. • S: 824 4081 / 848 9770
Eskifjörður: Rafkul ehf. • S: 822 8567
Djúpivogur: Rafstöð Djúpavogs ehf. • S: 478 2325
Vík: Rafsuð ehf. • S: 894 3979
Hvolsvöllur: Rafverkstæði Ragnars ehf. • S: 487 8022
Vestmannaeyjar: Geisli Raftækjavinnustofa • S: 481 3333

Smáauglýsingasíminn er:
563 0300


Vélavit útvegar varahluti í flestar gerðir traktora, sérhæfum okkur í JCB, Hydrema, Iveco, New Holland og Case
Erum einnig með alla varahluti í JCB vinnuvélar
Eigum allar síur í New Holland og JCB á lager
Útvegum olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja
Hafið samband og látið okkur aðstoða við að útvega réttu varahlutina
Oftast ódýrastir!
Vélavit
Varahlutir - Viðgerðir
Skeiðarás 3 •Garðabær •Sími 5272600 • velavit@velavit.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar skila árangri
Smáauglýsingar Bændablaðsins hafa fyrir löngu sannað gildi sitt. Þær birtast bæði á vefnum **bbl.is** og í Bændablaðinu.
**Verð:**
Smáauglýsing (innan við 140 slög) með mynd, **kr. 4.900 m. vsk.**
Textaauglýsing (innan við 140 slög), **kr. 1.900 m. vsk.**
Það er auðvelt að skrá smáauglýsingu á vefnum bbl.is og ganga þar frá greiðslu. Einnig er hægt að hringja í síma 563-0300 og ganga frá auglýsingu símleiðis. Einfaldara getur það ekki verið!


Bændablaðið | Útg. Bændasamtök Íslands | www.bbl.is | augl@bondi.is |Sími 563-0300




# 15% AFMÆLIS-AFSLÁTTUR AF JOSERA VÖRUM

**Tryggðu þér Josilac íblöndunarefni á 15% afmælisafslætti til áramóta**

Lífrænt Josilac íblöndunarefni fyrir betri verkun í rúllum og heystæðum. Hentar öllum heygerðum og grænfóðri.

- Eykur stöðugleika mjólkursýrugerla og ensíma
- Hraðar gerjunarferlinu sem lágmarkar næringartap
- Styður mjólkursýrugerjun og forðar smjörsýrugerjun
- Eykur lystugleika og fóðurgildi
- Bætir meltanleika og mjólkurgæði

Verð áður: 10.622 kr,- m/vsk.
**Forútsöluverð: 9.028 kr,- m/vsk.**






**Saltsteinn Leckstein Natur**

Hreint salt sem uppfyllir saltþörf alls búfjár.

Verð áður:1.122 kr,- m/vsk.
**Verð nú: 954 kr,- m/vsk.**



**Saltsteinn Leckstein Plus**

Saltsteinn með viðbættu seleni, joði, magnesium og fleiru.

Verð áður: 1.450 kr,- m/vsk.
**Verð nú: 1.234 kr,- m/vsk.**



**Steinefni Uniblock**

Steinefna- og bætiefnasteinn með háu selen innihaldi.
Hentar nautgripum, hrossum og sauðfé.

Verð áður: 2.410 kr,- m/vsk.
**Verð nú: 2.048 kr,- m/vsk.**



**Steinefni Vitablock**

Vitablock er bætiefnastein fyrir nautgripi og hesta. Vitablock steinninn tryggir allt sem skepnan þarfnast fyrir eðlilegan vöxt. Hann er hægt að nota hvar sem er en ákjósanlegt er að vera með hann ef gefið er inni í fjósi eða hesthúsi vegna þess að þar er mikilvægt að skepnurnar fái nóg af vitamínum.

Verð áður: 2.410 kr,- m/vsk.
**Verð nú: 2.048 kr,- m/vsk.**



**Steinefni Mineraleimer Plus**

Steinefna- og bætiefna fata með háu selen innihaldi sem hentar fyrir nautgripi og hross. Mineraleimer Plus inniheldur kopar og hentar því EKKI fyrir sauðfé.

Verð áður: 5.781 kr,- m/vsk.
**Verð nú: 4.919 kr,- m/vsk.**



**Steinefnablanda Phosphoreimer**

Steinefna- og bætiefnafata sem hentar sérlega vel fyrir kýr í geldstöðu. Hátt innihald á magnesium og D3 vitamíni eykur kalkupptöku við burð. Phosphoreimer inniheldur kopar og hentar því EKKI fyrir sauðfé.

Verð áður: 6.611 kr,- m/vsk.
**Verð nú: 5.619 kr,- m/vsk.**



**Steinefni Universal-Schale**

Steinefna- og bætiefnafata með háu selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir sauðfé en einnig fyrir nautgripi og hross.

Verð áður: 3.805 kr,- m/vsk.
**Verð nú: 3.235 kr,- m/vsk.**




**Somi mg steinefni 25 kg.**

Magnesium og kalkrík steinefnablanda sem hentar einstaklega vel sem íblöndun með fóðri/heilfóðri.

Verð áður: 5.450 kr,- m/vsk.
**Verð nú: 4.633 kr,- m/vsk.**

Gunnbjarnarholti 801 Selfoss s. 480 5600
Kaupvangi 10 700 Egilsstöðum s. 471 1901

landstolpi@landstolpi.is www.landstolpi.is

LANDSTÓLPI

- þjónusta í 15 ár